



Tillaga 20. apríl 2020



Unnið fyrir: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

E R
UR

R U V U
V U U R R
R
R U
R R U R
U R R

R E UR

R R R
VE UR R
R UR R
R R V
U R
R V
RUVER
R E R
E R R E U V
U U
R RE

RE E

E R
U

RVER R
RU- U
V R

U U

VER R V
V R V

- 4.2.1. NÚVERANDI ÁNINGARSTAÐIR OG -SVÆÐI 29
- 4.2.2. NÝ ÁNINGASVÆÐI OG -STAÐIR 30
- 4.2.3. NÝIR ÚTSÝNISSTAÐIR 30

R U R V
R V
UR

- 4.5.1. VEGIR 33
- 4.5.2. STÍGAR..... 33
- 4.5.3. REIÐSLÓÐAR..... 34
- 4.5.4. GÖNGUSKÍDALEIÐ 34
- 4.5.5. FJALLAHJÓLALEIÐIR..... 35
- 4.5.6. HUNDASVÆÐI..... 35
- 4.5.7. FRISBÍGOLF..... 36
- 4.5.8. BÍLASTÆÐI OG REIÐHJÓLASTÆÐI 36

VE UR

U VER R

E R

V U UR

U R R

Mynd 1. Jarðfræðikort af skipulagssvæðinu. Heimild jarðfræðivefsjá ÍSOR.....	9
Mynd 2. Vindatlas frá skipulagssvæðinu. Heimild: Veðurstofa Íslands.....	11
Mynd 3. Skóglendi og möguleg skógæktarsvæði skv. úttekt Skógræktarfélagi Reykjavíkur.	12
Mynd 4. Mynd af skilti sem stendur við Reynisvatn.	14
Mynd 5. Verndarsvæði innan Reykjavíkur.....	15
Mynd 6. Atlaskort af skipulagssvæðinu sem sýnir gömul býli og kóngsveginn...	16
Mynd 7. Afmörkun skipulagssvæðis og lóðamörk lóða innan rammaskipulagssvæðisins.....	16
Mynd 8. Landnotkun skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2030.	17
Mynd 9. Skýringarmynd úr Aðalskipulagi Reykjavíkur sem sýnir á skematískan hátt græna trefilinn.....	18
Mynd 3-1. Umhverfispættir ásamt undirþáttum og umhverfisvísum.....	26
Mynd 2. Skógræktarsvæði og möguleg skógræktarsvæði á heiðum í borgarlandinu. Heimild: Skógrækt Reykjavíkur.....	32
Mynd 4-3. Dæmi um aðgreiningu göngu- og reiðleiðar með grænu belt.	34
Mynd 4. Morgunblaðshringurinn. Heimild: Hjólreiðasamband Íslands	35
Mynd 5. Svæði þar sem lausaganga hunda er heimil skv. samþykkt um hundahald í Reykjavík 478/2012.....	35
Mynd 6. Mögulegt stækkunarsvæði fyrir núverandi frísbíggjövöll.....	36

1. INNGANGUR

1.1. Aðdragandi skipulagsvinnu

Fleiri og fleiri nýta Austurheiðarnar til útivistar og er vaxandi þörf fyrir stefnumörkun um uppbyggingu tengdri henni fyrir svæðið. Við skipulagsgerðina þarf að hafa í huga þá fjölbreyttu hópa fólks sem stunda útivist s.s. hestafólk, gönguskíði, fjallahjól, torfæruhjól, göngufólk, skokkara, - og fisflug svo eitthvað sé nefnt.

1.2. Vinnulag og uppdrættir

Vinnuferlinu sem fylgt var við gerð þessa skipulags er lýst í meðfylgjandi yfirliti. Í grófum dráttum má skipta því í eftirtalin sjö þrep:

- A. Grunnupplýsingar. Skipulagsforsögn. Söfnun grunnupplýsinga og vettvangsathugun.
- B. Forsendur. Vinnsla úr fyrirliggjandi gögnum um jarðfræði, gróðurfar, dýralíf og lífríki Heiðmerkur. Öflun upplýsinga sem tengjast fornleifum, landnýtingu og mannvirkjum.
- C. Landgreining. Einsleit landsvæði, flokkuð í landslagsheildir út frá sameiginlegum einkennum á náttúrufari, landslagi og landnotkun.
- D. Samantekt. Á grundvelli greiningarinnar er landslagsheildunum gefið gildi út frá fjölbreytileika og sérkennum fyrir mismunandi þætti í náttúrufari, landslagi, landnotkun og fornleifum. Kynning fyrir nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar.
- E. Hugmyndir. Á grundvelli mats á umhverfisáhrifum áætlunarinnar og landgreiningar eru settar fram hugmyndir sem mismunandi kostir og í framhaldi af því er valin sú lausn sem samræmist best markmiðum skipulagsvinnunnar.
- F. Stefnumörkun er sett fram í formi uppdráttar og greinargerðar.

- G. Almenn kynning og auglýsing á rammaskipulagi.

1.3. Markmið

Markmið með gerð rammaskipulags fyrir Austurheiðar er margþætt og er að að tryggja samræmingu landnotkunar innan svæðisins til að forðast hagsmunaárekstra milli núverandi og framtíðar landnotkunar á svæðinu. Helstu markmið eru:

- Afmarka og skilgreina svæði eftir nýtingu þeirra.
- Skapa fjölbreytt og aðgengilegt útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa og ólíka notendahópa s.s. hestafólk, gönguskíði, fjallahjól, torfæruhjól, göngu, skokk, sveppatínslu, berjamó, ferðaþjónustu og fisflug.
- Ákvarða og skilgreina legu helstu vegtenginga og göngu-, hjóla og reiðleiða um svæðið.
- Styrkja tengingu byggðar við útivistarsvæði.
- Styrkja samspil og tengingu Austurheiða við aðliggjandi útivistarsvæði.

1.4. Afmörkun

Afmörkun rammaskipulagssvæðisins, sem er um 930 ha. Svæðið nær yfir Austurheiðarnar að mestu, Hólmsheiði, Grafarheiði og Reynisvatnsheiði. Innan svæðisins eru Rauðavatn og Reynisvatn ásamt þeim hluta Langavatns sem er innan sveitarfélagsmarka Reykjavíkur.

Mörk svæðisins miða að mestu við vaxtarmörk þéttbýlis höfuðborgarsvæðisins í vestur, við mörk deiliskipulags útivistarsvæðisins í Úlfarsárdal til norðurs, og við sveitarfélagsmörk milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar í austur. Til suðurs er miðað við vaxtarmörk höfuðborgarsvæðisins sem dregin eru um athafnasvæðið á Hólmsheiði, deiliskipulagsmörk fyrir hesthúsasvæði í Almannadal og að Suðurlandsvegi.

1.5. Fyrirliggjandi skipulag og áætlanir

SVÆÐISSKIPULAG HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS, „HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ 2040“

Rammaskipulag útivistarsvæðis á Austurheiðum er í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins um greiðan aðgang að útivistarsvæðum umhverfis borgina. Þar er það lagt í hendurnar á sveitarfélögunum að þau móti sér „frekari stefnu og mögulegar aðgerðir til verndunar umhverfis og reksturs útivistaraðstöðu í Græna treflinum“ og að þau tryggi samræmt „net göngu-, hjóla- og reiðstíga sem tengja sveitarfélögin saman.“ Í svæðisskipulaginu er gert ráð fyrir græna þráðinum sem er gönguleið sveitarfélaga á milli í græna treflinum. Í samræmi við tilmæli svæðisskipulagsins verður græni stígurinn, samfelldur göngu- og hjólastígur sem tengir öll sveitarfélögin saman, skilgreindur um svæðið og leitað samráðs við gerð rammaskipulags við skógræktar-, náttúruverndar- og útivistarsfélög.

AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

Gerð rammaskipulags fyrir Austurheiðarnar er í samræmi við stefnu aðalskipulags Reykjavíkur um grænu borgina sem er ætlað að stuðla að bættri lýðheilsu borgarbúa og tryggja góð tengsl íbúðarbyggðar við fjölbreytt útivistarsvæði. Litið er á opin svæði í borgarumhverfinu sem auðlind sem nauðsynlegt er að hlúa að. Í aðalskipulaginu er sett fram stefna um heildarskipulag opinna svæða þar sem markmiðið er að mæta þörfum samfélagsins til útivistar og afþreyingar samhliða því að vernda náttúru- og mannvistarminjar innan borgarmarkanna. Þar eru stefnumið sem falla vel að markmiðum um rammaskipulags útivistarsvæðis á austurheiðum með hjólreiðaleiðum og göngustígum sem

„þræða útivistarsvæðin ... stuðla að aukinni útivist og bættri lýðheilsu. Útivist er af margþættum toga og þurfa opnu svæðin að þjóna íbúum á fjölbreyttan hátt. Leggja þarf áherslu á sérstöðu og fjölbreytta notkunar- og útivistarmöguleika einstakra svæða.“ Við útfærslu skipulagsins verður hugað að tengingum við önnur útivistarsvæði sem æskilegt er að myndi „samfelldan vef eða grænt net um borgarlandið. Hann tengi saman hverfi, heimili, þjónustu og atvinnusvæði og tryggi tengsl íbúðarbyggðar við fjölbreytt náttúru- og útivistarsvæði.“ Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur er ekki gert ráð fyrir byggð innan Græna trefilsins en þó má gera ráð fyrir mannvirkjum sem tengjast almennri frístundaiðju og

útivistarnotkun ásamt gatnatengingum. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun sumarhúsa. Í jaðri græna trefilsins er heimilt að byggja upp þjónustu við ferðafólk, s.s. veitinga og gistiþjónustu, en slík þjónusta má ekki kalla á nýlagningu vega. Einnig er heimilt að reisa mannvirki og byggingar sem tengjast skógrækt og öðrum ræktunarframkvæmdum. Hestúshverfi skulu samtengd með reiðstígum milli sveitarfélaga.

Innan svæðisins eru tvö hverfisvernduð svæði við Reynisvatn (OP18) og við Rauðavatn (OP17). Í aðalskipulagi Reykjavíkur er fjallað um hverfisvernduð svæði en þar segir m.a. að ekki sé heimilt að hindra leið fótgangandi meðfram ám og vötnum. Endanleg fjarlægð byggðar frá vötnum og ám verði skilgreind á grunni náttúrufarsúttekta og á grunni rammaskipulags fyrir viðkomandi svæði og afmörkun hverfisverndarsvæðis. Gera má ráð fyrir mannvirkjum innan helgunarsvæðis áa og vatna sem tengjast notkun svæðanna til útivistar s.s. stíga, dvalar- og áningarstaða.

Gert er ráð fyrir fjölbreyttri nýtingu svæðisins við Reynisvatn til útivistar og að þungamiðja þjónustu við útivistarsvæði Úlfarsárdals og Austurheiða verði í tengslum við þá uppbyggingu sem þegar hefur átt sér stað á svæðinu. Við Rauðavatn er fjölsótt útivistarsvæði allan ársins hring enda býður svæðið upp á mikla möguleika til vetraríþróttar og leikja. Vatnið og nánasta umhverfi þess er skilgreint sem hverfisverndarsvæði vegna gróðurfars og fuglalífs. Stefnt er að því að þungamiðja þjónustu fyrir svæðið verði norðvestan við vatnið.

DEILISKIPULÖGÐ SVÆÐI

Fjórar deiliskipulagsáætlanir eru í gildi á svæðinu. Samkvæmt Skipulagsskjá Reykjavíkurborgar eru eftirtalin deiliskipulög í gildi á svæðinu:

- Deiliskipulag Reynisvatnsheiðar, vatnsgeymar
- Deiliskipulag fisfélagsins á Hólmsheiði m.s.br.
- Deiliskipulag á Hólmsheiði, athafnasvæði Landsnets
- Trippadalur, Aðveitustöð 12

Nálæg deiliskipulagssvæði:

- Deiliskipulag hesthúsabyggðar á Hólmsheiði, Almannadalur, m.s.br.
- Deiliskipulag Úlfarsárdals, útivistarsvæði
- Deiliskipulag Hádegismóa.

1.6. Uppdrættir

Kortagrunnur er frá LUKR með uppréttri loftmynd.

Afmörkun skipulagssvæðis. Svæðið er u.þ.b. 930 ha að stærð og afmarkast af Suðurlandsvegi til norðurs, ánni Bugðu, Elliðavatni og sveitarfélagamörkum Kópavogs til vesturs, gömlu Heiðmerkur girðingunni til austurs og sveitarfélagamörkum Garðabæjar til suðurs.

Kortaskrá:

- Kort 1.1 Afstöðumynd
 - Kort 1.2 Landhalli
 - Kort 1.3 Hæðarkort
 - Kort 1.4 Fornminjar
 - Kort 1.5 Núverandi stígar
 - Kort 1.6 Eignarhald
 - Kort 1.7 Veitur
 - Kort 1.8 Verndarsvæði
 - Kort 1.9 Reiðleiðir
 - Kort 1.10 Núverandi vegakerfi
-
- Kort 2.1 Landslagsheildir
 - Kort 2.2 Gildi söguminja
 - Kort 2.3 Gróðurgildi
 - Kort 2.4 Gildi jarðmyndana

- Kort 2.5 Landslagsgildi
- Kort 2.6 Gildi fuglalífs
- Kort 2.7 Náttúru- og sögugildi
- Kort 2.8 Útivistargildi
- Kort 2.9 Reiðleiðir tillaga
- Kort 2.10 Gönguleiðir
- Kort 2.11 Hjóla- og gönguskiðaleiðir
- Kort 2.12 Áningarstaðir
- Kort 2.13 Vernd
- Kort 2.14 Byggingarsvæði
- Kort 2.15 Vegakerfi

2. FORSENDUR

Almennt einkennist landslagið á Austurheiðum á jarðgrunnum og grýttum holtum og melum. Víða má sjá merki um jarðvegsrof og inni á milli eru mosa og lyngi vaxnar lægðir. Þar hefur verið gróðursett mikið af trjáplöntum og ber mest á stafafuru, birki og víði, en einnig má finna blágreini, lerki og fleiri tegundir. Furan er mest áberandi enda hefur hún víða náð 3-4 m hæð. Á opnum svæðum má víða sjá stóra fláka af lúpínu. Austurheiðarnar eru hluti af upplandi Reykjavíkur.

2.1. Landslag og staðhættir

Hólmsheiði er víða allblásinn og þar eru melar, holt og bersvæðisgróður. Í suðri er Suðurlandsvegur og Hólmsá og borgarmörk Reykjavíkur í austri. Að norðan nær svæðið að spennivirki Landsnets og að vestan að hesthúsasvæði Fjárborga.

Svæðið er í nokkrum halla, sem nær frá Suðurlandsvegi í um 85 m.y.s. til norðurs upp í allt að 140 m.y.s. Austan- og suðaustanáttir eru ríkjandi á svæðinu. Útsýni er til suðurs yfir Rauðhóla, Heiðmörk, Elliðavatn og til Bláfjalla. Hengill sést í austri og frá efsta hluta svæðisins sést til Esju í norðri.

Nokkuð er um mannvirki á svæðinu og eru heitavatnstankar Orkuveitunnar áberandi kennileiti þar sem Hólmsheiði og Grafarheiði mætast. Þangað kemur heitt vatn frá Nesjavallavirkjun og er leitt áfram í heitavatnstanka í Grafarholti í

þípu sem liggur að hluta ofanjarðar. Þarna er tengivirki Landsnets og frá því liggur háspennulína þvert í gegnum svæðið. Fangelsið á Hólmsheiði var tekið í notkun í júní 2016 og einnig má finna fisflugvöll með flugskýli og litlum grasflugbrautum.

Allmikið er um vegslóða og stíga, sem sumir eru frá stríðsárunum, þegar hluti svæðisins var bækistöð setuliðsins. Sumir þessara slóða eru akfærir. Slóðarnir hafa verið mikið notaðir af hestamönnum.

Grafarheiðin er betur gróin en Hólmsheiði og þar hefur síðan 1990 verið unnið töluvert ræktunarstarf. Þar hefur verið plantað trjám, rofabörð stungin, dreift áburði, alaskalúpínu plantað eða sáð. Í kjölfar þessa hefur gróðurfar og ásynd breyst mjög mikið. Nokkur sumarhúsabyggð hefur verið á svæðinu í gegn um tíðina og einhverjir bústaðir standa enn á meðan aðrir eru horfnir. Sumarhúsareitirnir eru margir hverjir mjög vel grónir.

Grafarheiðin liggur að golfvöllinum við Grafarholt og byggð athafnasvæðisins í Hádegismóum. Næst Suðurlandsvegi er Rauðavatn, sem er talið draga nafn sitt af rauðum lit vatnablöntu sem lifir í vatninu. Þar er einn elsti ræktaði skógur Íslands. Í hann var fyrst gróðursett árið 1901 þegar Rauðavatsstöðin var starfandi á vegum Skógræktarfélag Reykjavíkur. Víða er fallett útsýni ef gengið er frá Rauðavatni upp á heiðarbrúnina til norðurs.


Reynisvatnsheiði liggur upp af Reynisvatni í átt að Langavatni. Um er að ræða land sem er í u.þ.b. 70 –150 m.y.s Hluti svæðisins við Reynisvatn er vel gróið en á Reynisvatnsheiði er nokkuð um lítt gróna eða ógróna mela.

Á hluta heiðarinnar hefur verið plantað trjám og þá mest af stafafuru og ilmbjörk og hafa lundir víða náði yfir 2 metra hæð. Stærsta mýrlendið á Austurheiðum er Starmýri, milli Reynisvatns og Langvatns.

Nafn Reynisvatns er dregið af þjóðsögunni um Reyni bónda og dóttur hans, sem drukkuðu bæði í vatninu og silungsveiði lagðist af. Fiski hefur verið sleppt í vatnið um árabíl og er því bæði villtur stofn og ræktaður í vatninu. Vatnið er mjög grunnt og ekki sjáanlegt afrennsli af því en hlaðið hefur verið fyrir náttúrulegt afrennsli þess.

2.2. Jarðfræði

Á Austurheiðum eru a.m.k. þrjú aðskilin grágrýtishraun. Öll hraunin eru vafalítið aðrunnin og upptaka þeirra að leita á Bláfjalla- og/eða Hengilssvæðinu. Aldur þeirra er líklega nokkur hundruð þúsund ár. Nágrenni byggðarinnar í Reykjavík einkennist af jökulsorfnum grágrýtisholtum þar sem stöðuvötn eins og Reynisvatn og Rauðavatn hafa myndast í dældum. Á austurheiðum er mjög mikið af misgengjum og sprungum. Sprungurnar eru flestar fornar að sjá og virðast ekki hafa hreyfst í þúsundir ára. Fjórar smærri sprungur virðast nýlegar því þær eru opnar að hluta. Upp úr bólstra- og móbergshrauninu rísa jarðvegssnaud og grýtt klapparholt sem eru einkennandi fyrir svæðið.



Mynd 1. Jarðfræðikort af skipulagssvæðinu. Heimild jarðfræðivefsjá ISOR.

Skýringar / Legend

Hraun / Postglacial lavas

Sjá lista yfir merkingar, heiti hrauna og aldur við hægri jaðar korts
See lava symbols, name and age on list to the right

-  Sögulegt hraun frá 9.-13. öld
Historical lava, 9th-13th century
-  Hraun frá 8.-9. öld
Lava, 8th-9th century
-  Forsögulegt hraun, 1900-2400 ára
Prehistoric lava, 1900-2400 years old
-  Forsögulegt hraun > 2400 ára
Prehistoric lava > 2400 years old
-  Pikríthraun
Picrite basalt lavas
-  Dyngja < 7000 ára
Lava shield < 7000 years old
-  Dyngja > 7000 ára
Lava shield > 7000 years old




























Berggrunnur / Bedrock

-  Móberg frá seinni hluta síðasta jökulskeiðs
Hyaloclastite, late Weichselian
-  Móberg frá fyrri hluta síðasta jökulskeiðs
Hyaloclastite, early Weichselian
-  Móberg frá eldri jökulskeiðum Bruhnes
Hyaloclastite, early to late Bruhnes
-  Móberg eldra en Bruhnes
Hyaloclastite, older than Bruhnes
-  Grágrýtishettur á móbergi
Lava cap on hyaloclastite
-  Grágrýtisflékar
Interglacial shield lava
-  Þóleit basalt
Tholeiite lava
-  Ólívínþóleit í stöfla
Olivine tholeiite
-  Andesit
Andesite
-  Líparít (ríólit)
Rhyolite
-  Innskot (dólerít, gabbró)
Intrusion (dolerite, gabbro)
-  Setberg
Sedimentary horizons

Laus jarölög / Superficial deposits

-  Berghlaup
Rock slide
-  Óskilgreind sethula
Undefined surface deposits
-  a. Gjóska, b. Óskugigur
a. Tephra, b. Tephra Crater
-  Gjóska frá ísöld
Pleistocene tephra


Tákn / Symbols

-  a. Gjall eða klepragigur, b. Gigaróð
a. Scoria or spatter cone, b. Crater row
-  Dyngjubóla
Roofless shield
-  Gervigigur
Roofless cone
-  a. Gigur frá ísöld b. Dyngjugigur frá nútíma
a. Pleistocene crater b. Postglacial shield crater
-  Sprengliggur af völdum jarðhita og kviku
Hydrovolcanic, hydrothermal explosion crater
-  Hraunrás
Lava tube
-  Hrauntröð
Lava channel
-  Halli jarólaga
Dip and strike
-  Niðurfall
Collapse pit
-  Óskjurmí
Caldera rim
-  a. Hraunjaðar, b. Öviss hraunjaðar
a. Lava margin, b. Inferred lava margin
-  a. Misgengi, b. Gjá
a. Fault, b. Open fissure
-  Mörk jarólaga, óljós
Contact approximate
-  Fornskeljar
Fossil shells
-  Gufu- eða leirhver
Solfatara, fumarole
-  a. Laug, b. Horfin laug
a. Warm spring, b. Dried up hot spring
-  Ölkelda
Mineral spring
-  Lind a. 10-100 l/s, b. >100 l/s
Spring a. 10-100 l/s, b. >100 l/s
-  Lindasvæði >100 l/s
Spring area >100 l/s
-  Hraunhellir
Cave
-  Surtarbrandur
Lignite
-  Berghlaupsskál
Rock slide scar
-  Berghlaupsjaðar í sjó
Rock slide margin in sea
-  Mörk milli tertíer og kvartar 2.58 M ár /
Tertiary and Quaternary boundary 2.58 Ma
-  Mislæggi, eyða ~ 0.5 -2 milljónir ára /
Unconformity, hiatus ~ 0.5 - 2 Ma
-  Jökulgarður
End moraine
-  Jökulrákir. Stefna að athugunarstað
Glacial striae, Direction towards observation point

2.3. Veðurfar

Sjálfvirk veðurstöð var sett upp á Hólmsheiði í febrúar 2006 vegna skoðunar á hugsanlegu flugvallarstæði. Hún hefur frá upphafi mælt hita, raka, vindhraða, vindátt og vindhviðu. Í febrúar 2008 voru settir upp sjálfvirkir skyggis- og skýjahæðamælar og stóðu skyggismælingarnar fram í maí 2010 en skýjahæðamælingarnar til febrúar 2012, en þá voru báðir mælar teknir niður. Úrkomumælir hefur verið á Hólmsheiði síðan í september 2008. Nokkrar veðurathugunarstöðvar hafa verið reknar tímabundið í nágrenni Hólmsheiðar. Á árunum 2001–2011 var rekin sjálfvirk veðurstöð á Miðdalsheiði norðan Sandskeiðs vegna hugsanlegs flutnings æfingarflugs. Á Hólmi var mönnuð veðurstöð 1961–1983 og sjálfvirkar veðurstöðvar í um sex mánuði við Kolviðarhól, við Hellisskarð. Í lok sjöunda áratugar síðustu aldar voru vindhraða og vindátta mælingar gerðar í Grafarholti og Breiðholtshvarfi.¹

¹ Veðurathuganir og mat á veðurfari á höfuðborgarsvæðinu með tilliti til flugvallarkosta, Veðurstofa Íslands 2014.



Mynd 2. Vindatlas frá skipulagssvæðinu. Heimild: Veðurstofa Íslands.

Hitafar á veðurmælingastöðinni á Hólmi sýna að köldustu mánuðirnir eru desember og janúar með um -2°C meðalhita en heitast er í júlímánuði um 10°C að meðallagi (Úrkomumælingar sýna að ársúrcoma er 1210 mm en á haustin og yfir vetrarmánuðina er mánaðarúrcoma gjarnan á bilinu 60 til 150 mm. Á vorin og sumrin er úrcoman minni eða á bilinu 50 til 100 mm. Snjöhula var að jafnaði

meiri en 50% yfir vetrarmánuðina, og snjódýpt var að meðaltali 5 - 20 cm². Tölur yfir snjöhulu hefur vafalaust breyst sl. áratug þar sem vetur hafa verið frekar snjóléttir.

Þó svo að veðurfarsmælingar á Hólmi og Sandskeiði gefi almennar upplýsingar um veðurfar á svæðinu þá er veðurfar innan svæðisins mjög staðbundið enda skógur myndarlegur á sumum stöðum með sitt eigið „mikróklíma“. Veðurfar í skógum er margbrotið þar sem oft getur verið munur á veðurfari á milli skógarbotns og krónurýmis. Einnig er munur á milli barrskóga eða laufskóga, ræktunaraðferða og aldur trjáa.

Munur er á lofthita í krónurými skóga og skógarbotni og eru hitasveiflur í skógi minni. Svalara er í skógum að degi til á sumrin en hlýrra er að næturlagi en á opnum svæðum vegna meiri uppstreymis lofts frá opnum svæðum. Skógar eru því ekki mikil uppspretta loftendurnýjunar sem á sér stað að næturlagi en draga úr áhrifum eða jafna út svokallaða kuldapolla. Í skógum er ennfremur skjólsælla og vindhraði nær mjög skammt inn í skóginn. Skógarveður er loftslag sem er mjög þægilegt fyrir heilsu fólks vegna takmarkaðra hitasveiflna, skjóls, og einnig vegna lyktar og ljósafars. Þetta eru eiginleikar sem stuðla að bættri heilsu fólks. Einnig sýar skógur óhreinindi úr lofti og er því andrúmsloft hreinna í skógum.

2.4. Gróðurfar

Austurheiði er viðáttumikið heiðaland og gróðurfar hefur tekið talsverðum breytingum síðan skýrsla Náttúrfræðistofnunar um náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur var gefin út árið 1996. Heiðin sem var fyrrum víða all blásin er mikið til orðin skógi vaxin og lúpínubreiður þekja stóra hluta svæðisins.

Fáeinir tegundir plantna sem hafa fundist á svæðinu hafa nokkra sérstöðu eins og fram kemur í greinargerð um náttúrufar á svæðinu frá 1996.³

² Veðurstofa Íslands 2004, Veðurfar á fyrirhuguðum byggingareit fangelsis á Hólmsheiði.

³ Kristbjörn Egilsson, Haukur Jóhannesson, Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 1996. Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur og Skógræktarfélag Reykjavíkur, 2013.


Gullkollur vex hér og þar en hann er frekar sjaldséður hér á landi. Aðalútbreiðsla hans er á Reykjaneskaga. Fuglaertur hafa fundist á tveimur stöðum en þó þær vaxi í öllum landshlutum þá eru þær fremur sjaldgæfar. Báðar þessar tegundir bæta jarðveginn og gera þannig sama gagn og alaskalúpínan en hafa að auki þann kost að vera smávaxnar þannig að þær dafna vel í sambýli við aðrar jurtir. Við Rauðavatn hafa fundist þrjár tegundir sem teljast sjaldgæfar; rauðberjalýng, skógarsmári og engjamura. Skollafingur fannst við Nónhæð eða Nónás.

2.5. Skógræktarsvæði

Trjám hefur verið plantað við Rauðavatn frá 1901 og á tímabili var þar skógræktarmiðstöð á vegum Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Við Rauðvatn, Reynisvatn, Langavatn og í Almannadal eru gömul sumarbústaðalönd og á lóðum við þá hefur víða verið plantað trjám og settur niður annar gróður. Sumir lundirnir eru orðnir mjög gamlir (Kristbjörn Egilsson, Haukur Jóhannesson, Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 1996. Náttúruferir í austurlandi Reykjavíkur).

Á loftmynd frá 1990 (Landmælingar Íslands) má sjá að á þeim tíma eru trjáreitir sjáanlegir við Rauðavatn á svæði milli vatnsins og Suðurlandsvegur. Að auki eru ræktunarblettir við sumarbústaði. Að öðru leyti var lítil trjárækt á austurheiðum en eftir 1990 var farið að planta trjám skipulega. Þar hefur verið plantað um 20 milljónum trjáplantna en síðustu ár en verulega hefur dregið úr því magni sem plantað er árlega síðustu ár. Árið 2014 var plantað um 20.000 plöntum. Í hlíðum Úlfarsfells var sett niður verulegt magn af trjáplöntum árin 2007-2008. Þá var um tíma unnið í rofabörðum og sett niður lúpína á Austurheiðum, elri, selja, álmur, blæösp, þöll, hvítþinur, fjallapínur, broddfura, bergfura, fjallafura, hvítgreni, svartgreni kínagreni og broddgreni. Vegna þessarar ræktunar hefur ásýnd svæðisins breyst mjög mikið síðustu ár.

Víða eru komnir þéttir lundir á austurheiðum, mest fura og nokkur svæði þarfnast grisjunar. Lundir við Reynisvatn eru orðnir mjög háir og eins eru lundir í Leirdal mjög þéttir.



Mynd 3. Skóglendi og möguleg skógræktarsvæði skv. úttekt Skógræktarfélagi Reykjavíkur.

2.6. Fuglalíf og annað dýralíf

Á Austurheiðum er mólendi og skógrækt ríkjandi og einkennist fuglalíf af því. Algengar tegundir eru mófuglar eins og heiðlóa, spói, hrossagaukur og þúfutittlingur sem finnast um allt svæðið. Stelkar verpa við votlendisbletti, í grösugustu hvömmunum og í lúpínustóði.

Fjölbreytileiki mófugla á Austurheiðum er frekar lítil og hefur dregist saman frá athugunum fyrir rúmlega 20 árum síðan. Svæðið hefur breyst mjög í gegnum árin með aukinni skógrækt og aukinni útbreiðslu lúpínu. Hin upprunalegu gróðurlendi eins og mólendi og moslendi eru að hörfa.


Í mófuglaúttekt sem fram fór árið 2018⁴ fundust í hverju sniði allt frá 2 tegundum upp í 7 tegundir. Hrossagaukur (*G. gallinago*), skógarpröstur (*T. iliacus*) og þúfutittlingur (*A. pratensis*) voru langalgengustu tegundirnar. Allar þessar tegundir kunna vel við sig í lúpínubreiðum, og skógarprösturinn einnig í skóglendi. Lítið sást af spóa (*N. phaeopus*) og heiðlóu (*P. apricaria*) og eins og áður sagði er líklegt að þær tegundir séu að hörfa vegna aukinnar útbreiðslu skóga og lúpínu á svæðinu.

Þegar horft er á einstök svæði á Austurheiðum þá sker votlendið í Starmýri sig frá öðrum svæðum, en þar er meira um mó- og vaðfugla. Stærstu samfleyttu þurrlendisbersvæðissvæðin er að finna á Grafarheiði en þar ógnar lúpína víða upprunalegum gróðurlendum. Á Hádegishæð og Nónási og Reynisvatnsheiði eru einnig að finna mikilvæg bersvæðissvæði. Hrossagaukur (*G. gallinago*) og þúfutittlingur (*A. pratensis*) eru algengir á svæðinu og kunna ágætlega við sig í blönduðum skógi og mólendi. Hrossagaukur (*G. gallinago*) er einnig algengur í lúpínubreiðum. Skógarpröstur er síðan langalgengastur en með vaxandi skógrækt má reikna með enn meiri fjölgun hans á svæðinu sem og líklegri fjölgun annarra skógarfugla eins og auðnutittlings og sjaldgæfari tegunda eins og krossnef og glókkoll (sem ekki sást í talningunum núna en hafa sést á þessum slóðum).

Talsvert fuglalíf er við Rauðavatn þann tíma sem vatnið er autt en það er venjulega frá lokum apríl og fram eftir október. Andfuglar og máfar eru mest

áberandi en síðsumars sækja einnig að vatninu hópar vaðfugla, t.d. lóur, spóar og lóuprælar. Nokkrar tegundir fugla verpa við vatnið eða leita þangað með unga sína og til fæðuöflunar. Stokkendur, skúfendur, duggendur og toppendur sjást oftast nær á vatninu á sumrin. Duggendur verpa a.m.k. öðru hverju og hafa gert í áratugi. Flórgoði hefur nýlega hafið varp þar að nýju. Sérstaklega mikilvæg fuglasvæði eru við austur- og suðurströnd vatnsins.

Frá náttúrunnar hendi er Reynisvatn lífríkt vatn en umhverfi þess hefur tekið stakkaskiptum á síðustu árum. Áður var þar stunduð fiskrækt og mikil sportveiði með tilheyrandi truflunum fyrir fugla. Vegna þessa helst fátt fugla við vatnið og er fuglalíf þar nú einungis svipur hjá sjón miðað við það sem áður var. Endur sjást nú afar sjaldan og fuglavarp á bökkum vatnsins þrífst ekki vegna stöðugs ágangs. Það er helst að kriur sjáist þar í ætisleit.



⁴ Mófuglatalning á Austurheiðum, 2018.

Fuglalíf á Langavatni er lítið og fábrotið. Endur sjást þar stöku sinnum (stökkönd, toppönd og jafnvel æðarfugl) en virðast ekki verpa þar, a.m.k. ekki að staðaldri. Stöku kríur sjást í ætisleit og einstöku mófuglar meðfram bökkum. Miðsumars koma nokkur grágæsapör að vatninu ofan úr heiðinni og halda þar til með unga sína. Í Starmýri og á því svæði er talsvert fuglalíf. Áltarpar varp t.d. sumarið 1984 og sumarið 1995 áúst þar urtendur, toppendur og jaðrakan.

Reynisvatn

Fuglalíf og umhverfi

Á margan hátt er lífríkið hér við Reynisvatn sérstakt. Áhrif mannsins á umhverfið hér eru mikil, þar sem voru áður lyngheiðar og melar, er í dag ört vaxandi skógur sem innan tíðar mun verða hávaxinn og skjólsæll fyrir ýmsar fuglategundir sem ekki þrífust hér áður og eru okkur mönnum til gleði og yndisauka.

Vatnið er vinsælt af stangveiðimönnum og hafa margir veitt sinn fyrsta fisk í Reynisvatni og þar með verið kveiktur veiðihugi sem mörgum endist alla ævi.

Hér hafa numið land ýmsar fuglategundir sem voru næsta fáséðar á þessum slóðum áður en skóginum var plantað en á meðan aðrar tegundir sem áttu sér hér kjörlandi áður hafa þurft að hörfa fyrir breyttu gróðurfari. Jafnframt hefur fuglalíf á vatninu breyst. Áður urpu þar nokkrar æðarkollur en þær eru nú hornar, einnig tjaldur, spói og kría. Toppendur sækja nú í fiskinn og jafnvel himbrimar. Hér er mikið fuglalíf og staðurinn því tilvalinn til að njóta nærveru við þessa fjöruðu vini okkar.

Reynisvatn is a natural lake whose surroundings have been heavily influenced by people. The dominant habitats in the area used to be moorland and gravel flats but today tree plantations are spreading over the hills and small valleys around the lake. Species such as Redwing, Common Redpoll and Goldencrest are new colonists in these woodlands, while birds which prefer open country are becoming scarcer. The lake is a popular site for fishing and contains introduced rainbow trout which attract birds like Red-breasted Merganser and even Great Northern Diver. The birdlife on the lake has also changed as a result of increased traffic in the area. Former breeders such as Common Eider, European Oystercatcher, Whimbrel and Arctic Tern have now disappeared.

The birds and the environment are sensitive, so please take care not to disturb the wildlife when walking around the lake or in the woods.

Grágæs

Anser anser



Grágæs er stærst þeirra gæsa sem verpa eða hafa viðdýð á Íslandi. Nokkur pör verpa í grend við Reynisvatn og leita þangað til að baða og hvílast, en þita grasbala í grendinni.

– A few pairs of Greylag Geese breed close to Lake Reynisvatn and use it as a roost.

Heiðlóa

Pluvialis aprincaria



Heiðlóa er meðalstór vaðfugl, gullbrunnflítrött að ofan en hvít og svart að neðan. Hún er algeng í opnu landi kringum Reynisvatn, velur þurr mólendi til varps og er hreiðrið opið. Hún forðast skóglendi.

– The European Golden Plover is a common upland bird, breeding in open nests in moorland around the lake.

Hrossgákur

Gallinago silvago



Hrossgákur er algengur meðalstór vaðfugl, sem sést oftast þegar hann flýgur hringflug yfir óðali sínu og „hressgjafi“ með stelfjóðunum. Hann er algengur varpfugl í myrlandi og þurrlandi kringum Reynisvatn.

– The Common Snipe is a wide-spread breeder in wet and dry habitat around the lake.

Skógarþröstur

Turdus iliacus



Skógarþröstur er brútleitur að ofan, ljós og ríkköttur að neðan, með áberandi brúna rök og rauðbrúna síður og undirvængi. Hann er einkennistugl íslenskra skóga og algengur varpfugl á skógræktarsvæðum kringum Reynisvatn og í húsaörðum í Grafarholti. Sést allt árið.

– The Redwing is a common breeder in all kinds of woodland, including the woods around Lake Reynisvatn.

Mynd 4. Mynd af skilti sem stendur við Reynisvatn.

2.7. Ár og vötn

Innan skipulagssvæðisins eru þrjú vötn, Rauðavatn, Reynisvatn og Langavatn. Þessi vötn hafa hvorki aðfall né útfall ofanjarðar.

Rauðavatn er ekki stórt vatn, aðeins 0,32 ferkílómetrar og víðast aðeins um einn metri á dýpt; um einn og hálfur metri þar sem það er dýpst. Hvergi rennur úr Rauðavatni og vatnasvið þess er afar lítið. Það er því að mestu leyti háð sveiflum í veðurfari hvað varðar stærð og vöxt. Líklegast tekur vatnið nafn sitt af vatnablöntunni síkjarnara en stöngull plöntunnar er rauðleitur og blóm þess á yfirborðinu eru einnig rauð. Vel má sjá þetta þegar lítið er í vatninu en þegar glittir í heilu breiðurnar af plöntunni. Gott stígakerfi liggur um skóginn og hringinn í kringum vatnið. Svæðið er mikið nýtt allan ársins hring til göngu og útreiða og á veturnar má oft sjá fólk á skautum og í skíðagöngu.

Reynisvatn er talsvert minna en Rauðavatn eða 0,08 km², með vatnasvið sem er 1,7 km². Reynisvatn er staðsett í dæld milli jökulsorfinna grágrýtisholta. Útfall hefur verið úr vatninu til norðurs en hlaðið hefur verið í það og vatnsborðið þannig hækkað.

Langavatn er 0,42 ferkílómetrar að stærð og er á mörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar. Náttúrfræðistofnun Íslands skilgerinir vatnið sem kransþörungavatn. Vatnsborð vatnsins sveiflast mjög og stafar það e.t.v. að hluta til af miklum sveiflum í vatnsborði.

2.8. Náttúruvernd

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er Rauðavatn hverfisverndað og nánasta umhverfi Reynisvatns. Eftirfarandi umfjöllun um svæðin er að finna í Aðalskipulagi Reykjavíkur:

- **Reynisvatn, Starmýri (h13)**, : Berggrunnur er nokkur hundruð þúsund ára gömul hraun og setja gömul misgengi og sprungur mikinn svip á svæðið. Fjölbreytt landslag er víða utan í holtunum, þurrlandi með lyngmóm, graslendi og mosapembu er ríkjandi. Starmýri á milli

Reynisvatns og Langavatns er heillegt og gróskumikið votlendi. Fuglalífið einkennist af mófuglum og verpa sumar tegundir, eins og spói, óvenjulega þétt á svæðinu.

- **Rauðavatn (h14)** Nánasta umhverfi, gróðurfar og fuglalíf.



Mynd 5. Verndarsvæði innan Reykjavíkur.

2.9. Fornleifar

Lítið er um skráðar fornminjar á svæðinu en þéttleiki þeirra er mestur við Rauðavatn og Reynisvatn. Nokkrar eru skráðar í landi Grafar við Rauðavatn. Innan athugunarsvæðisins er þéttleiki þeirra mestur við suð-austur enda Rauðavatns í landi Grafar.

Grafarheiði dregur nafn sitt af bænum Gröf en bærinn Gröf stóð fyrir botni Grafarvogs. Grafarkot, sem var kotbýli frá Gröf, stóð þar sem golfvöllurinn er í dag. Ber völlum heitið Grafarkotsvöllur. Grafarsel var friðlýst árið 1987 en það stendur á fallegum stað undir Selbrekkum, norðaustan við austurenda Rauðvatns. Grónar og greinilegar tóftir og grasvænar brekkur umhverfis. Staðsetning selsins er sérstök þar sem selið er nánast komið inn í byggðina á höfuðborgarsvæðinu. Selið er á fallegum stað en trjám hefur verið plantað of nálægt selinu.⁵

Á móhól sunnan við Rauðavatn er fjárborg og sést vel móta fyrir henni á hólnum. Fjárborgin er 9x9 m og veggir hennar eru um hálf metra háir og um 2 metra breiðir. Í gólfi fjárborgarinnar er steinn með krossmarki yfir ártalinu 1818 og þar undir fangamarkið SG.⁶ Fleiri fornminjar eru í landi Grafar í nágrenni Rauðvatns. Ekki er æskilegt að planta trjám í næsta nágrenni þeirra og gott væri að grisja þar sem tré eru komin of nálægt í dag, svo ekki skyggi á minjarnar. Æskilegt er að í kring um minjar sé 15m verndarsvæði.

Á herforingjaráðskorti frá 1909⁷ eru ma. merktir inn bæirnir Grafarholt, Kálfakot (Úlfarsá) og Úlfarsfell. Skógræktarstöðin við Rauðavatn er einnig merkt inn og þar hjá nýbýlið Baldurshagi sem er þar sem bensínstöð er í dag⁸.


Á herforingjaráðskortinu er líka merkt inn forn leið sem er líklega elsti forveri Suðurlandsvegur og lá gatan til Þingvalla. Leiðin var reiðgata og vagnvegur.

⁵ Sjá <http://www.ferlir.is/?id=4420>

⁶ Sjá <http://gudjonfr.is/alfraedi-reykjavikur/>

⁷ Sjá kortablöðin 27NA Reykjavík og 37 NV Hengill Mosfellsheiði.


⁸ Sjá frásögn á vefsíðunni <http://www.ferlir.is/?id=14016> sem unnin er upp úr heimildum.



Mynd 6. Atlaskort af skipulagssvæðinu sem sýnir gömul býli og kóngsveginn.

2.10. Eignarhald, lagnir og efnistökusvæði

Nokkrar sumarbústaðarlóðir eru á svæðinu en ástand lóða og húsa er misjafnt. Sumarhúsabyggð er víkjandi samkvæmt aðalskipulagi. Allflestar lóðirnar eru í einkaeigu. Lóðir eru afmarkaðar í kring um tengivirki Landsnets á Geithálsi, nýtt fangelsi á Hólmsheiði, athafnasvæði fisflugfélagsins og tankana á heiðinni. En einnig er lóð í eigu Orkuveitunnar fyrir dælustöð.



Mynd 7. Afmörkun skipulagssvæðis og lóðamörk lóða innan rammaskipulagssvæðisins.

2.11. Landnotkun í aðalskipulagi

Eftirfarandi landnotkun er skilgreind á svæðinu í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Opið svæði. Stærsti hluti svæðisins er skilgreindur sem opið svæði í aðalskipulagi og er því skipt í nokkra hluta: Úlfarsárdalur austan Vesturlandsveggar (OP10),

Úlfarsfell (OP14), Austurheiðar (OP15) og Reykjavatn (OP18). Reiknað er með að þungamiðja þjónustu við útivistarsvæði Úlfarsárdals og Austurheiða verði í tengslum við uppbyggingu við Reykjavatn.

Íþróttasvæði. Athafnasvæði hestamanna er í Almannadal (Íþ5), sem áður hét Fjárborg og þjónar það hestamönnum í Hestamannafélaginu Fákí og Félagi hesthúsaeigenda í Almannadal. Starfsemi á svæðinu hófst 1965. Þar eru hesthús, félagsheimili, reiðskemma og dýraspítali og tilheyrandi mannvirki.

Efnistöku- og efnislosunarsvæði. Takmörkuð efnislosun er heimiluð á Hólmsheiði (E7) sbr. ákvæði aðalskipulags. Áætlanir ganga þó út frá því að svæðið verði þróað sem útivistarsvæði. Áætlað er að svæðið megi nota til 2020 og þá nái fyllingarsvæðið yfir 32 ha. Það er eingöngu leyfileg efnislosun ómengaðs jarðvegs á Hólmsheiði.


Iðnaðarsvæði. Á Geithálsi er afmarkað iðnaðarsvæði (I1a) fyrir tengivirki Landsnets. Ekki er gert ráð fyrir annarri starfsemi á svæðinu.

Veitur. Afmarkað er svæði utan um stofnkerfi veita á Hólmsheiði (VH) og þar eru heitavatnstankar Orkuveitunnar. Vatn er leitt þangað í pípum frá Nesjavallavirkjun og áfram í heitavatnstanka í Grafarholti. Hluti pípanna liggja ofanjarðar.

Flugvallarsvæði. Á Hólmsheiði er afmarkað flugvallarsvæði (FV) fyrir lendarstað fyrir fisflugvélar.

Samfélagsþjónusta. Á Hólmsheiði (S11) er afmarkað svæði fyrir samfélagsþjónustu og þar er unnið að uppbyggingu fangelsis.

Athafnasvæði. Á Hólmsheiði við Suðurlandsveg (AT14) er afmarkað athafnasvæði. Þar er einkum gert ráð fyrir landfrekri starfsemi með óverulega mengunarhættu s.s. léttan iðnað, gagnaver, vörugeymslu og þess háttar.




Mynd 8. Landnotkun skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

2.12. Græni trefillinn

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040, er umfjöllun um græna trefillinn. Trefillinn er samfelld skógræktar- og útivistarsvæði sem myndar umgjörð um þéttbýlið og skilgreinir mörk útmerkur og þéttbýlis. Ekki er gert ráð fyrir byggð innan græna trefilsins en þó má gera ráð fyrir mannvirkjum sem tengjast almennri frístundaiðju og útivistarnotkun ásamt gatnatengingum. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun sumarhúsa. Í jaðri græna trefilsins er heimilt að byggja upp þjónustu við ferðafólk, s.s. veitinga og gistiþjónustu, en slík þjónusta má ekki kalla á nýlagningu vega. Einnig er heimilt að reisa mannvirkri og byggingar sem tengjast skógrækt og öðrum ræktunarframkvæmdum. Hesthúsahverfi skulu samtengd með reiðstígum milli sveitarfélaga.

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir að grænn stígur, samfelldur göngu- og hjólastígur, liggja eftir treflinum endilöngum og áfram til norðurs og suðurs. Nákvæm lega hans hefur ekki verið ákvrðuð en ákvarðast í aðalskipulögum sveitarfélaganna.

Á meðfylgjandi korti er græni trefillinn og græni stígurinn sýndur eins og hann er er í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.



Mynd 9. Skýringarmynd úr Aðalskipulagi Reykjavíkur sem sýnir á skematískan hátt græna trefillinn.

3. Landgreining og samantekt

3.1. Landslagsheildir

Á grundvelli ítarlegra gagna um náttúrufar og söguminjar, var landið flokkað í mismunandi landslagsheildir og deilisvæði þeirra. Hér er átt við greiningu lands á þann hátt að einsleit landsvæði eru afmörkuð út frá sameiginlegum einkennum í landslagi, jarðfræði, gróðurfari, skógrækt, fuglalíf, búsetuminjum og landnotkun. Hvert deilisvæði var síðan metið í þrjú gildisflokkka m.t.t. mikilvægis og gildis á mismunandi sviðum, s.s. hvað varðar jarðfræði, gróðurfar, fuglalíf, landslag o.s.fv. Með þessu móti er lagður grundvöllur að ákveðnum skipulagseiningum sem auðvelda afmörkun svæða og ákvörðun um landnotkun.

Svæðinu er skipt upp í 5 landslagsheildir sem allar hafa sín séreinkenni (sjá kort xxx):

1. Svæði A: Vötnin og nærumhverfi.
2. Svæði B: Hlíðarnar.
3. Svæði C: Grafarheiði.
4. Svæði D: Hólmsheiði.
5. Svæði E: Reynisvatnsheiði.

SVÆÐI A-VÖTNIN OG NÆRUMHVERFI

LYKILEINKENNI:

Svæðin einkennast af vötnunum þremur, Rauðavatni, Reynisvatni og Langavatni. Rauðavatn og Reynisvatn eru hverfisvernduð í aðalskipulagi.

AFSTAÐA OG AFMÖRKUN:

Um er að ræða þrjú svæði sem nær yfir vötnin þrjú innan skipulagssvæðisins og nær umhverfi þeirra, þ.e. strandsvæðin. Afmörkun Langavatns nær einungis yfir þann hluta sem er Reykavíkurmegin, þ.e. vesturhluta vatnsins.

LANDLAGSLÝSING:

Rauðavatn er 32 ha og liggur í 74 m hæð yfir sjávarmáli. Reynisvatn 8 ha og liggur í 82 m yfir sjávarmáli og Langavatn samtals 42 að stærð og liggur í 100 m hæð yfir sjávarmáli en hafa öll svipuð landlagseinkenni en þessi vötn hafa hvorki aðfall né útfall ofanjarðar. Áberandi er hve vatnsborð í Rauðavatni og Langavatni hefur lækkað á undanförunum árum og tengist það sveiflukendri grunnvatnsstöðu á þessu svæði. Fjöruborð Rauðavatns og Langavatns er lágt og stendur frekar grýttar og lítt grónar. Vatnsbakki Reynisvatns er aftur á móti vel gróinn.

NÁTTÚRUFAR:

Vötnin liggja öll í dældum á milli grágrýtisholta sem eru a.m.k. þrjú aðskilin grágrýtishraun og aldur þeirra líklega um nokkur hundruð þúsund ára.

Gróðurfar vatnanna og nærumhverfis þeirra er nokkuð mismunandi eftir vötnum en hafa vötnin tiltölulega mismunandi yfirbragð. Fjöruborð Rauðavatns er lágt og ströndin grýtt og lítt gróin. Í vatninu vex síkjamari og síðsumars myndar hann sumstaðar samfellda þekju í vatnsborðinu. Leirflög eru víða. Af tegundum sem skráðar voru í flögum má nefna skriðlíngresi, naflagras, skurfu, mýrasef, klóelftingu, flagasóley, blómsef, skriðdeplu, mýradúnurt, flagahnoðra og síðast en ekki síst kattarjurt.⁹ Rauði liturinn á Rauðavatni sem er misáberandi, stafar af vatnablöntunni síkjamara (*Myriophyllum alterniflorum*) sem vex upp af botni í miklum og þéttum breiðum og þekur vatnið að miklu leyti. Plantan blómstrar á yfirborði rauðleitum smáblómum og blómstönglarnir eru einnig rauðleitir. Austan við Rauðavatn undir Úlfhildarholti er gamall trjáræktarreitir sem stofnað var til árið 1901. Fjallafurur frá þeim tíma hafa flestar lokið hlutverki sínu og aðrar tegundir tekið við. Á þessu svæði er gróskumikill lyngmói ríkjandi þar sem opnur eru milli þéttra trjáreita.¹⁰

⁹ Náttúrufar, Austurland Reykjavíkur.

¹⁰ <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=11776>

Minni upplýsingar eru um gróðurfar Reynisvatns eða Langavatns. Vatnsbakki Reynisvatns er vel gróinn en á honum vaxa t.d. mýrastör, hálmgresi, engjarós, tágamura, grasvíðir, kornsúra, blávingull, skarífífill, hrafnaklukka, mýrfjóla, brennisóley, krossmaðra, loðvíðir, klóffía, krækilyng, kattartunga og mýrasef. Í vatninu sjálfu fundust þrjár tegundir vatnsnál, sýkjamari og álfतालaukur. Við Langavatn hefur talsvert verið gróðursett af trjám, þar má helst nefna stafafuru, greni, birki og víði en einnig er þar að finna aðrar tegundir. Lúpínu hefur verið sáð á svæðinu.

Talsvert fuglalíf er við Rauðavatn þann tíma sem vatnið er autt en það er venjulega frá lokum apríl og fram eftir október. Andfuglar og máfar eru mest áberandi en síðsumars sækja einnig að vatninu hópar vaðfugla, t.d. lóur, spóar og lóuprælar og sandlóur. Nokkrar tegundir fugla verpa við vatnið eða leita þangað með unga sína og til fæðuöflunar. Aðrir fuglar sem hafa sést undanfarna áratugi og sumir jafnvel orpið eru grágæsir, stokkendur, skúfendur, duggendur og toppendur sjást oftast nær á vatninu á sumrin. Stokkendur og toppendur eru líkast til árvissir varpfuglar. Duggendur verpa a.m.k. öðru hverju og hafa gert í áratugi. Flórgoðar sjást öðru hverju á Rauðavatni og hafa orpið þar að nýju. Máfar og kríur nota Rauðavatn mikið til baða og hvíldar. Kríur veiða þar einnig mikið enda verpa þær skammt frá. Sílamáfar sjást yfirleitt í tugatali við Rauðavatn frá því í maí og fram í byrjun september en þeir verpa einnig lítils háttar í holtunum í grennd. Aðrir máfar sem sést hafa við vatnið eru svartbakur og silfur máfur.

Umhverfi Reynisvatns hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum. Þar var stunduð fiskirækt og mikil sportveiði með tilheyrandi truflunum fyrir fugla. Vegna þessa helst fátt fugla við vatnið og er fuglalíf þar nú einungis svipur hjá sjón miðað við það sem áður var. Endur sjást nú afar sjaldan og fuglavarp á bökkum vatnsins þrífst ekki vegna stöðugs ágangs. Það er helst að kríur sjáist þar í ætisleit. Áður fyrr og fram undir 1985 voru æðarfuglar árvissir á Reynisvatni og þar urpu að jafnaði nokkur pör. Duggendur sáust einnig, svo og toppendur. Þessara fugla varð ekki vart sumarið 1995. Aðrir fuglar sem sést hafa reglulega við vatnið eru grágæs, hrossagaukur, heiðlóa, skógarþröstur, toppönd og stelkur.

Langavatn virðist vera eitt lífsnauðasta vatnið í grennd við Reykjavík og stafar það e.t.v. að hluta til af miklum sveiflum í vatnsborði. Jafnframt er vatnið líkast til næst því að vera í upprunalegu ástandi samanborið við önnur stöðuvötn í landi Reykjavíkur og nágrannasveitarfélaganna. Athuganir á fyrri árum, svo og sumarið 1995, benda til þess að fuglalíf á Langavatni sé lítið og fábrotið. Endur sjást þar stöku sinnum (stökkönd, toppönd og jafnvel æðarfugl) en virðast ekki verpa þar, a.m.k. ekki að staðaldri. Stöku kríur sjást í ætisleit og einstöku mófuglar meðfram bökkum. Miðsumars koma nokkur grágæsapör að vatninu ofan úr heiðinni og halda þar til með unga sína.

LANDNOTKUN:

Rauðavatn er fjölsótt útivistarsvæði allan ársins hring enda býður svæðið upp á mikla möguleika til vetraríþróttar og leikja. Göngu- og reiðstígar liggja umhverfis og meðfram vatninu og þegar vatnið leggur er oft skautað á vatninu. Vatnið og nánasta umhverfi þess er skilgreint sem hverfisverndarsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur.

Umhverfis Reynisvatn liggur falletgur og greiðfær stígur sem eru um 1,3 km langur. Umhverfi og landslag vatnsins er margbrotið og er skilgreint sem hverfisverndarsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur.

Enginn stígur liggur meðfram Langavatni og landnotkun mestmegnis í tengslum við sumarbústaðalönd.

Vötnin og umhverfi þeirra eru vinsæl útiivistarsvæði og þá sér í lagi Rauðvatn og Reynisvatn. Langavatn er undantekning þar sem aðgengi að því er erfið vegna sumarbústaðalanda og sumastaðar hindranir eins og girðingar og hlið sem hindra aðgengi að vatninu. Svæðið er að stærstum hluta friðað sem fólkvangur þar sem óheimilt er að gera mannvirki né gera jarðrask, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til. Ennfremur er skógrækt og veiði innan svæðisins.

UPPLIFUN:

Svæðin við Reynisvatn og Rauðavatn eru svipuð að því leitinu til að um þau eru með nokkuð brattar hliðar að baki, hliðar sem vísa til suðurs frá Rauðavatni og svo hliðar sem vísa til norðurs og vesturs frá Reynisvatni og norðurs frá

Langavatni. Suðurlandsvegur og umferðarniður frá honum setur sitt mark á upplifun við Rauðavatn.

DEILISVÆÐI

Deilissvæði	stærð í ha	Lýsing
A1	47	Rauðavatn og nærumhverfi þess, bakkar og strandsvæði. Skógrækt, lúpínubreiður.
A2	33	Skógurinn við Rauðavatn, sem gengur undir nafninu Rauðavatnsstöðin. Hann er í grunninn einn elsti ræktaði skógur Íslands og fyrsti skógurinn sem gerður er sem útivistarskógur. Gróðursett var í hann fyrst árið 1901. Talverður fjöldi af minjum er á svæðinu.
A3	15	Reynisvatn og nærumhverfi þess, bakkar og strandsvæði. Grösugir bakkar og skógrækt. Minjar frá Reynisvatnsbæ.
A4	16	Langavatn og nærumhverfi þess, bakkar og strandsvæði. Lúpínubreiður og misgrýtt strandsvæði.

SVÆÐI B-HLÍÐARNAR

LYKILEINKENNI:

Svæðin einkennast af hlíðum heiðanna, Grafar-, Reynis- og Hólmsheiði sem og Skálinni. Einkenni er brattlendi og skógrækt.

AFSTAÐA OG AFMÖRKUN:

Um er að ræða sex svæði sem ná yfir suðurhlíðar Grafarheiðar að Suðurlandsvegi og Rauðavatni. Hádegisbrekkur, brekkur upp af Leirdal og Reynisvatni og hlíðar eða brekkur Reynisvatnsás sem vísa að Úlfarsárdal og í vestur að nýju íbúðarhverfi undir Reynisvatnsási. Afmörkun svæðanna að heiðalöndunum afmarkast við 100 metra hæðarínuna.

LANDLAGSLÝSING:

Á svæðunum eru landslagseinkenni áþekktanleg, þ.e. bröttum skógi vöxnum hlíðum þar sem við taka meira og minna berangursleg klapparholt með lúpínubreiðum.

NÁTTÚRUFAR:

Gróðurfar í hlíðunum er blanda af skógrækt þar sem plantað hefur verið barrtrjám (furu, lerki og greni), og lauftrjám, birki, ösp og reyni, sumstaðar með blöndun og líka hreinir barrskógar. Þar sem ekki hefur verið plantað í brekkurnar þá einkennist gróður af graslendi eða mólendi.

Fuglalíf er nokkurt en sumarið 2018 fór fram athugun á vegum Reykjavíkurborgar¹¹ á mófuglum á Austurheiðum. Fjölbreytileiki er frekar lítill og hefur dregist saman síðan við síðustu athugun sem gerð var árið 1996. Í athuginni sem gerð var 2018 fundust á Austurheiðum alls 13 tegundir mófugla og vaðfugla. Þar sem skógur er þéttur þá er tíðni fugla talsverð en fjölbreytileiki minni og skógarþrösturinn algengastur í skóglendinu en hrossagaukur og þúfutittlingur í lúpínubreiðum. Fjölbreytileiki á opnum svæðum þar sem mólendi og graslendi tók við af skógi er talsvert meiri og sáust þá fleiri tegundir.

LANDNOTKUN:

Landnotkun í hlíðunum tengist mestmegnis útivist. Hlíðarnar eru nokkuð brattar þannig að mikið hefur verið plantað í gegnum tíðina en stígar liggja víða í jaðrinum eða í brekkunum.

UPPLIFUN:

Skógi vaxnar hlíðar með blönduðum skógi eða hreinum barrskógi. Stígar liggja um skóginn og jaðarinn sem býður upp á mismunandi upplifanir. Útsýni oft gott yfir byggð og opin svæði s.s. Úlfarsárdal.

¹¹ Ólafur Arason, Snorri Sigurðsson, 2018, Mófuglar á Austurheiðum.

DEILISVÆÐI

Deilisvæði	stærð í ha	Lýsing
B1	12	Hlíðarnar austan Rauðavatns, Reiðleið og gönguleið liggur um svæðið. Um er að ræða að mestu leyti ræktaðan skóg, blandaðan af barr- og lauftrjám.
B2	17	Hlíðin ofan Rauðavatns. Stígar sem liggja frá Rauðavatni upp á heiðarnar, bílastæði rétt austan við Hádegismóa. Ræktaður skógur, blandaður. Minjar en ofan Rauðavatns en þar eru tóftir í hlíðinni sem kenndar eru við Grafarsel. Grafarsel var friðlýst árið 1987. Leifar af kartöflugórðum.
B3	26	Hlíðarnar á Hádegishæð. Blandaður skógur og mó- og graslendi. Um svæðið liggur vegur að bústað við Rauðavatn 29. Stofnstígur liggur meðfram svæðinu og golfvallarins.
B4	2	Skálin. Lægðardrag sem myndar nokkurs konar skál umlukin brekkum. Skjólríkt svæði. Áningarstaður er í Skálinn þar sem fyrir er borð og steipt grill sem ekki hefur verið notað lengi.
B5	33	Hlíðarnar ofan byggðar í Grafarholti og vísa þær til norðurs. Skógrækt með mestmegnis barrskógi en einnig blönduðum skógi. Stofnstígur sem liggur gegnum Leirdal upp að Völlum.
B6	41	Hlíðarnar í Reynisvatnsási ofan sem vísa að Úlfarsárdal. Ræktaður blandaður skógur ásamt mó- og moslendi. Stígar liggja um hluta svæðisins.

SVÆÐI C-GRAFARHEIÐI

LYKILEINKENNI:

Svæði C nær yfir Grafarheiðina og einkennist af klapparkollum og hlíðum og lægðardrögum þar sem skógrækt og lúpínubreiður eru einkennandi. Útsýni víða mjög gott af efstu hæðum.

AFSTAÐA OG AFMÖRKUN:

Um er að ræða 9 svæði sem ná yfir Grafarheiðina en Grafarheiðin nær frá Rauðvatni í suðri, Grafarholtsvelli í vestri, svokölluðum Völlum í norðri og svo

Almannadal í austri. Grafarheiði dregur nafn sitt af bænum Gröf, sem er vestan við Grafarholt og var afar landmikil jörð.

LANDLAGSLÝSING:

Á Grafarheiði skiptast á ávalir ásar með berum klapparholtum með lægðum á milli þar sem eru annað hvort skógi vaxnir eða með mó- eða graslendi. Skiptingin á milli hlíðanna og heiðanna miðast við 100 m línuna og ná hæstu kollarnir upp í um 140 m hæð yfir sjávarmál. Grafarheiðin er betur gróin en Hólmsheiði og þar hefur síðan 1990 verið unnið töluvert ræktunarstarf. Þar hefur verið plantað trjám, rofabörð stungin, dreift áburði, alaskalúpínu plantað eða sáð. Í kjölfar þessa hefur gróðurfar og ásynd breyst mjög mikið. Nokkur sumarhúsabyggð hefur verið á svæðinu í gegn um tíðina og einhverjir bústaðir standa enn á meðan aðrir eru horfnir. Sumarhúsareitirnir eru margir hverjir mjög vel gróinir.

NÁTTÚRUFAR:

Gróðurfar á Grafarheiði er fjölbreytt en hefur breyst mikið á síðustu árum vegna aukinnar skógræktar. Mest ber á stafafuru, birki og víði en einnig má finna blágreni, lerki og fleiri tegundir. Furan er mest áberandi, þar sem hún hefur náð 3–4 m hæð, þar sem best lætur. Helstu skógarsvæðin eru í lautum og bollum. Á opnum svæðum er víða að finna stóra fláka af lúpínu. Inn á milli eru síðan blanda af moslendi og mólendi.

Fuglalíf er nokkurt en sumarið 2018 fór fram athugun á vegum Reykjavíkurborgar¹² á mófuglum á Austurheiðum. Fjölbreytileiki er frekar lítill og hefur dregist saman síðan við síðustu athugun sem gerð var árið 1996. Í athuguninni sem gerð var 2018 fundust á Austurheiðum alls 13 tegundir mófugla og vaðfugla. Þar sem skógur er þéttur þá er tíðni fugla talsverð en fjölbreytileiki minni og skógarþrósturinn algengastur í skóglendinu en hrossgaukur og þúfuttlingur í lúpínubreiðum. Fjölbreytileiki á opnum svæðum þar sem mólendi og graslendi tók við af skógi er talsvert meiri og sáust þá fleiri tegundir.

LANDNOTKUN:

¹² Ólafur Arason, Snorri Sigurðsson, 2018, Mófuglar á Austurheiðum.

Stígakerfi á Grafarheiðinni er nokkuð gisið og miðast við lægðardrög sem liggja upp á heiðina, í lægðum á milli ása og svo tenging á milli austurs og vesturs frá Byrgisholti, undir Selhól og Álaskyggni að Lyngdal. Nýr reiðstígur liggur einnig um svæðið frá Rauðavatni að Mjóadalsvegi og tengist þar reiðstíg sem liggur í áttina að Langavatni.

UPPLIFUN:

Skógi vaxnar lægðir eða dældir, lúpínubreiður og klapparholt gera það að verkum að upplifun á heiðalandinu er mjög fjölbreytt og útsýni af hæstu hæðum eins og Hádegishæð, Skálahæð og Há múum mjög gott og þá sérstaklega frá Hádegis- og Skálahæðinni en þar er mjög gott útsýni yfir byggðina.

DEILISVÆÐI

Deilisvæði	stærð í ha	Lýsing
C1	93	Svæðið frá Almannadal sem fer hæst í 140 metra hæð á Mýrarskyggni. Blandaður skógur í lægðum og dældum ásamt graslendi, mólendi og moslendi. Melar og klapparholt víða og sumstaðar nokkurt rof í landi. Lúpínubreiður mjög víða. Göngu- og reiðstígur liggur um svæðið og heitavatnsleiðsla liggur í gegnum svæðið.
C2	20	Lægðardrögin á milli ásanna. Þar eru stígatengingar upp á háheiðina og skógrækt talsvert mikil en einnig nokkur grasi vaxin dalverpi. Heitavatnsleiðsla liggur um norðanvert svæðið.
C3	20	Hlíð neðan Álaskyggis. Svæðið er að mestu þakið lúpínubreiðum en einnig skógrækt og moslendi. Stígur liggur um mitt svæðið.
C4	2	Efri hluti Lyngdals þar sem stígar mætast með leiðum upp að Álaskyggni, niður í Skálina og yfir í Hádegismóa og Hádegishæð. Skógrækt ríkjandi.
C5	4	Hlíðar Lyndals og Hádegishæðar. Gróðurfar einkennist mest af lúpínubreiðum, skógrækt og moslendi. Áframhald af stígum í svæði C4.
C6	8	Hádegishæð. Útsýnisstaður með mjög gott útsýni yfir byggðina. Gróðurfar mestmegnis moslendi og klapparholt og melar.

C7	32	Skálahæð og Há múar. Að miklum hluta mó-eða moslendi og melar. Skógrækt í jöðrum. Stígur sem liggur frá Skálinni fer um svæðið. Heitavatnslögn liggur um svæði að norðanverðu og samliggjandi vinnuvegur.
C8	45	Álíka svæði og C7 en landinu hallar talsvert meira til norðurs og mynda hlíðar að Völlunum. Efstu punktar eru mos- eða mólendi og melar. Í lægðum skógrækt. Lítið um stíga. Lokuhús, vatnsbró og yfirfallsbrunnur Orkuveitunnar eru innan svæðisins. Misgengissprunga mjög greinileg á sem liggur frá norðri til suðurs.
C9	13	Svokölluð Tvísteinahæð og nærumhverfi sen nær hæst í 138 metra hæð. Melar ríkjandi ásamt mó- og moslendi. Skógrækt í jöðrum.

SVÆÐI D-HÓLMSHEIÐI

LYKILEINKENNI:

Svæði D nær yfir Grafarheiðina og einkennist af klapparkollum og hlíðum og lægðardrögum þar sem skógrækt og lúpínubreiður eru einkennandi. Útsýni víða mjög gott af efstu hæðum. Þarna er tengivirki Landsnets og frá því liggur háspennulína þvert í gegnum svæðið. Þarna má finna fisflugvöll með flugskýli og litlum grasflugbrautum. Allmikið er um vegslóða og stíga, sem sumir eru frá stríðsárunum, þegar hluti svæðisins var bækistöð setuliðsins. Sumir þessara slóða eru akfærir. Slóðarnir hafa verið mikið notaðir af hestamönnum.

AFSTAÐA OG AFMÖRKUN:

Um er að ræða 9 svæði sem ná yfir Hólmsheiðina. Heiðin er víða allblásinn og þar eru melar, holt og bersvæðisgróður. Í suðri er Suðurlandsvegur og Hólmsá og borgarmörk Reykjavíkur í austri. Að norðan nær svæðið að spennivirki Landsnets og að vestan að hesthúsasvæði Fjáborga.

LANDLAGSLÝSING:

Svæðið er í nokkrum halla, sem nær frá Suðurlandsvegi í um 85 m.y.s. til norðurs upp í allt að 155 m.y.s. Austan- og suðaustanáttir eru ríkjandi á svæðinu. Útsýni er til suðurs yfir Rauðhóla, Heiðmörk, Elliðavatn og til Bláfjalla. Hengill sést í austri og frá efsta hluta svæðisins sést til Esju í norðri. Á Hólmsheiði er landslagið meira aflíðandi en á Grafarheiðinni og hæst fer hún í 155 m þar sem lengi var

jarðvegstíppur sem ekki er lengur losað efni. Víða eru melir en einnig skógrækt eða mó- eða graslendi.

NÁTTÚRUFAR:

Á háheiðinni og vesturhluta hennar eru stórir melar með bersvæðisgróðri sem virðast vera að gróa upp. Annars staðar eru lyngmóar með rofabörðum sem víða eru að lokast. Í heild er heiðin einsleg hvað gróðurfar varðar. Skógrækt er talsverð og þá annað hvort blandaður skógur eða hreinn barrskógur. Lúpinubreiður eru víða.

Á Hólmsheiði er lítið um stór samfleytt óröskuð búsvæði fugla. Vegir og byggingar brjóta svæðin upp í fleiri minni svæði. Lúpína og ræktaður skógur eru mjög útbreidd á Hólmsheiði. Tíðni fugla var hæst á Hólmsheiði en tegundafjölbreytni lítil.

LANDNOTKUN:

Nokkuð er um mannvirki á svæðinu og eru heitavatnstankar Orkuveitunnar áberandi kennileiti þar sem Hólmsheiði og Grafarheiði mætast. Þangað kemur heitt vatn frá Nesjavallavirkjun og er leitt áfram í heitavatnstanka í Grafarholti í pípu sem liggur að hluta ofanjarðar. Tengivirki Landsnets er rétt utan skipulagsmarkanna en hefur talsverð áhrif á landnotkun þar sem háspennulína liggur um svæðið. Innan svæðisins er einnig fisflugvöllur með sinni aðstöðu og því talsverð umferð þar um en einnig um Hólmsheiðarveg sem liggur frá Suðurlandsvegi að Úlfarsárdal. Rétt við jaðar skipulagsmarkanna er líka hesthúsabyggð í Almannadal.

UPPLIFUN:

Þar sem svæðið er talsvert skorið af vegum er umferð um svæðið talsvert meiri en á öðrum svæðum innan rammaskipulagssvæðisins. Þarna eru líka mannvirki Orkuveitunnar, fisflugvöllur og tengivirki Landsnet í næsta nágrenni þá er upplifun á þessu svæði talsvert önnur.

DEILISVÆÐI

Deilisvæði	stærð í ha	Lýsing
D1	128	Mjóadalshæð og Hestabrekkuhæð og brekkurnar að hesthúsahverfinu við Almannadal. Stór svæði eru þakin lúpínu en einnig talsverð skógrækt. Efst á svæðinu er talsvert af melum. Reiðleiðir frá hesthúsabyggðinni liggja um svæðið.
D2	40	Svæðið ofan tengivirkis Landsnets og svæði fisflugvallarins. Einsleitt svæði með ógrónum melum, moslendi og skógrækt á köflum. Reiðstígur liggur um svæðið. Svæðið einkennist af lúpinubreiðum og blönduðum skógi.
D3	13	Lægðardrag á milli svæðis D4 og D2. Reiðleið liggur í gegnum svæðið og Hólmsheiðarvegur. Skógrækt og lúpinubreiður ríkjandi.
D4	37	Mólendi, uppgrætt land með tjágróðri. Um er að ræða svæði þar sem hitaveitutankar OR eru staðsettir sem og fyrrum efnislosunarsvæði. Á þessu svæði rís svæðið hæst á Hólmsheiðinni en tippsvæðið fer í 155 metra hæð. Búið er að græða það land og er það graslendi í dag. Heitavatnspípa og vegir liggja á svæðinu.
D5	25	Svæðið þar sem Fisfélag Reykjavíkur er með aðstöðu. Tiltölulega flatt land. Ein malbikuð braut en annars grassbrautir. Flugskýli og aðstöðuhús. Svæðið einkennist af graslendi, lúpinubreiðum og skógrækt.
D6	3	Suðausturendi Miðmundardals. Dalverpi með graslendi ríkjandi. Reiðleið liggur í gegn.
D7	60	Skógi vaxnir ásar og lægðir og klapparkollar með ríkjandi mólendi. Svæðið liggur að vesturenda Langavatns og hlíðum þess. Hólmsheiðarvegur fer í gegnum svæðið og sumarbústaðalönd við Langavatn.
D8	1	Suðurendi dalverpis, graslendi ríkjandi.
D9	26	Mýrarver. Norður-, suður- og vesturendi Langavatns. Sumarbústaðalóðir með skógrækt umhverfis bústaði annars moslendi og lúpinubreiður sem þekja stóran hluta svæðisins.

SVÆÐI E-REYNISVATNSHEIÐI

LYKILEINKENNI:

Svæði E nær yfir Reynisvatnsheiðina en ofan Reynisvatns einkennist það af ásum og lægðum, stóru votlendissvæði, og að norðanverðu er Reynisvatnsás sem liggur að Úlfarsárdal. Svæðið er skorið í tvennt af Hólmsheiðarvegi sem liggur þarna í gegn. Talsvert af skógrækt en stór svæði gróðurlítill.

AFSTAÐA OG AFMÖRKUN:

Um er að ræða 10 svæði sem ná yfir Reynisvatnsheiðina. Heiðin er víða allblásinn, sér í lagi Reynisvatnsásinn, melar, holt og bersvæðisgróður í talsverðum mæli. Í suðri eru Vellir, í vestri hlíðar Reynisvatns og byggðin í Grafarholti og Reynisvatnsási, í norðri Úlfarsárdalur og í austri Hólmsheiðin.

LANDLAGSLÝSING:

Reynisvatnsheiði liggur upp af Reynisvatni í átt að Langavatni. Um er að ræða land sem er í u.þ.b. 70 –150 m.y.s. Heiðin einkennist af ávölum ásum og stærri lægðum s.s. Miðmundardal en einnig nokkrum klapparkollum þar sem útsýni er ágætt s.s. Nónás og Hádegishæð. Við Reynisvatn er útilífsmiðstöð og þar voru seld veiðileyfi í talsverðan tíma. Nafn vatnsins er dregið af þjóðsögunni um Reyni bónda og dóttur hans, sem drukknuðu bæði í vatninu og silungsveiði lagðist af. Fiski hefur verið sleppt í vatnið um árabíl og er því bæði villtur stofn og ræktaður í vatninu. Vatnið er mjög grunnt og ekki sjáanlegt afrennsli af því en hlaðið hefur verið fyrir náttúrulegt afrennsli þess.

NÁTTÚRUFAR:

Hluti svæðisins við Reynisvatn er vel gróið en á Reynisvatnsheiði er nokkuð um lítt gróna eða ógróna mela. Á hluta heiðarinnar hefur verið plantað trjám og þá mest af stafafuru og ilmbjörk og hafa lundir víða náði yfir 2 metra hæð. Stærsta mýrlendið á Austurheiðum er Starmýri en hún liggur í kvos eða dalverpi milli Langavatns og Reynisvatns. Á Reynisvatnsási eru stórir melar með bersvæðisgróðri en þarna er að finna stærstu samfelldu ógrónu svæðis innan skipulagssvæðisins, þar sem melar eru ríkjandi. Annars staðar eru lyngmóar með rofabörðum sem víða eru að lokast. Skógrækt er talsverð og þá annað hvort

blandaður skógur eða hreinn barrskógur. Lúpinubreiður eru víða. Nónás og Hádegishæð einkennast af berum klapparholtum og þar eru víða stórar jökulsorfnar klappir. Vatnsborð Langavatns er lágt og fjaran stórgrýtt og ógróin. Þetta svæði virðist vera einhver harðbýlasti hluti Austurheiðar.

Fuglalíf á þessu svæði er einna fjölbreyttast þá bæði hvað varðar fjölbreytni og tíðni. Mikil fjölbreytni við Starmýri.

LANDNOTKUN:

Ekki er mikið um mannvirki á svæðinu. Háspennulína liggur um svæðið, sumarhús í austasta hluta svæðisins, Hólmsheiðarvegur sem liggur frá Suðurlandsvegi að Úlfarsárdal og reið- og gönguleiðir.

UPPLIFUN:

Svæðið er fjölbreytt og býður upp á margar upplifarnir. Miðmundardalur er nokkuð stórt dalverpi þar sem finna má áningarstað við tóft eina. Áður var þar skotæfingasvæði. Talsvert af stígum og fjölbreytt svæði vegna gróðurfars og fuglalífs. Útsýnisstaðir nokkrir og hvalbök með greinilegum jökulrákum sumstaðar greinileg.

DEILISVÆÐI

Deilissvæði	stærð í ha	Lýsing
E1	13	Vellir og Miðmundardalur og nálægar hlíðar. Um er að ræða dalverpi sem liggur upp af Leirdal. Dalverpið sjálft er að megninu til graslendi og var áður fyrr notað sem skotæfingasvæði. Í hlíðum Hádegishæðar og Nónáss er skógrækt að hluta. Melar og moslendi einnig algengt. Slóði liggur um svæði sem nær niður í Leirdal og í Grafarholtið. Tóft og áningarstaður
E2	7	Nónás, klapparás með miklu útsýni yfir Reynisvatn og byggðina í Grafarholti. Hæst liggur hæðin í rúmlega 120 m hæð. Melar og moseldni ríkjandi en skógrækt í jöðrum. Sums staðar eru greinileg hvalbök.
E3	3	Lægð á milli Nónáss og Hádegishæðar. Mestmegnis skógrækt.


E4	18	Hádegishæð og lægðardrög. Klapparásar eða hæðir sem fara hæst í 138 m en af hæðinni er gríðargott útsýni og einn besti útsýnisstaður Reykjavíkur. Svæðið einkennist af mest af mos- eða mólendi, melar einnig á stöku stað og skógrækt í jöðrum og lægðum. Lúpínubreiður einnig hér og þar. Raflína liggur um þvert svæðið sem og stígatenging frá Völlum yfir að Reynisvatni.
E5	30	Norðurhlíðar Hádegishæðar og svæðið umhverfis Starmýri. Talsverð skógrækt með blönduðum skógi. Moslendi, skógrækt og lúpínubreiður næst Hólmsheiðarvegi. Raflína liggur um svæðið og stígar sem liggja framhjá Starmýriog meðfram Hólmsheiðarvegi. Einkalóð við Starmýri.
E6	50	Reynisvatnsás. Ás á milli Hólmsheiðarvegur og Úlfarsárdals. Hæst fer hann í ríflega 130 m hæð. Stór melasvæði og moslendi. Lúpínubreiður. Raflína og vegir liggja þarna í gegn. Gönguleið niður í Úlfarsárdal og einkalóðir.
E7	11	Mýrarver. Gamalt tún, mólendi og skógrækt, einkalóð.
E8	10	Starmýri og nánasta umhverfi. Hverfisverndað svæði ásamt Reynisvatni. Votlendi með miklu fuglalífi. Tjörn er í vesturenda svæðisins. Slóði liggur um votlendi að austan- norðanverðu.
E9	4	Graslendis- eða mólendisblettur sunnan við Starmýri. Hólmsheiðarvegur liggur í jaðri svæðisins og gönguleið frá Miðmundardal að Starmýri.
E10	11	Ás á milli tveggja dalverpa. Að mestu skógrækt með blönduðum skógi en einnig lúpínubreiður og moslendi. Raflína stígar og reiðstígar liggja um svæðið.

3.2. Gildismat

Til að auðvelda mat á landslagsheildum skipulagstillögunnar hafa verið skilgreindir umhverfisþættir sem eru lýsandi og eiga við skipulag á svæðinu Austurheiðum. Undir þeim koma undirþættir og að síðustu eru settir fram umhverfisvísar fyrir hvern af undirþáttunum. Á grundvelli umhverfisþátta var lagt mat á náttúrfarseiginleika og sögulegt gildi svæðisins. Matið var síðan sett fram í töflum þar sem gefnar voru einkunnir fyrir hverja landslagsheild fyrir sig. Í greiningunni var horft til eftirfarandi umhverfisþátta:

- Náttúra og landslag, með undirþáttunum landslag, jarðmyndanir, vatnafar, yfirborðsvatn og grunnvatn.

- Líffræðilegur fjölbreytileiki, með undirþáttunum gróðurfar, fuglalíf, lífríki vatna og áa.
- Land, með undirþáttunum ósnortið og snortið land, núverandi landnotkun.
- Minjar, með undirþáttunum sögu- og búsetuminjar.



Mynd 3-1. Umhverfisþættir ásamt undirþáttum og umhverfisvísam.

Til þess að geta metið vægi einstakra landslagsheilda og þeirra deilivæða þá var umhverfisþáttunum gefið vægi eftir mikilvægi þeirra. Í viðauka í lok greinargerðar eru töflur sem sýna niðurstöður einkunnagjafar. Gefin voru I-III stig eftir því sem við átti og niðurröðun var í flokka A-C eftir stigafjölda.

3.3. Gildi söguminja

Helstu svæði þar sem samfelldar sögulegar minjar eru að finna eru við Rauðavatn en þéttleiki þeirra mestur við suð-austur enda Rauðavatns í landi Grafar.

Á herfingjaráðskorti frá 1909 eru ma. merktir inn bæirnir Grafarholt, Kálfakot (Úlfarsá) og Úlfarsfell. Skógræktarstöðin við Rauðavatn er einnig merkt inn og þar hjá nýbýlið Baldurshagi sem er þar sem bensínstöð er í dag.

Á herforingjaráðskortinu er líka merkt inn forn leið sem er líklega elsti forveri Suðurlandsvegur og lá gatan til Þingvalla. Leiðin var reiðgata og vagnvegur, Hólm og Þinganes. Aðrar minjar eru fjárborgir, Hólmsborg og Vatnsendaborg sem eru friðlýstar samkvæmt þjóðminjalögum ásamt Þingnesi. Steinhúsið á Elliðavatni hefur sérstakt byggingarsögulegt gildi. Nesið sem bærinn stendur á er ræktað tún sem að stórum hluta er slegið og nytjað enn í dag. Bærinn og næsta umhverfi hans er dæmi um fágætt menningarlandslag sem ber að vernda og varðveita. Við ármót Hólmsár og Suðurár er gömul þjóðleið þar sem eru hrauntraðir meitluð af hesthófum í gegnum aldirnar (sjá kort 2.2).

3.4. Náttúrverndargildi

Mikilvægustu gróðursvæðin á Austurheiðum samkvæmt landslagsgreiningu sem gerð var og byggir á gróðurfræðistofnun, vistgerðarkorti og lýsingu Skógræktarfélags Íslands er þar sem gróður er fjölbreyttastur í tegundasamsetningu en einnig þar sem fyrir má finna samfelldar breiður af mólendi. Með því er ekki verið að segja að önnur gróðursamfélög séu síður mikilvæg heldur er horft til fjölbreytileika í gróðurfari. Þau svæði sem fá hæst gildi eru votlendi meðfram vötnum og tjörnum í nágrenni Rauðavatns og Reynisvatns sem og við Starmýri. Skógræktarsvæðin þar sem finna má blandaðan skóg en þar er tegundasamsetning mjög fjölbreytt sem og botngróður.

Miðlungsgildi fá svæði þar sem skógræktarsvæðin eru einsleitari sem og einsleit graslendissvæði. Lítið gildi fá þau svæði sem einkennast af melum, einsleitu gróðurfari. (Sjá kort 2.3)

Mikilvægustu svæðin vegna fuglalífs eru svæðin við Rauðavatn, Reynisvatn, Starmýri. Á þessum svæðum eru fuglalíf fjölbreyttast og mikið af votlendisfuglum. Næst mikilvægustu svæðin eru skógræktarsvæðin og mólendisvæðin en þar er tegundafjölbreytni ekki eins mikil en ber að huga að þar sem þessi svæði eru á undanhaldi og það fuglalíf sem einkennir þessi svæði. Melar og klapparholt fá lægstu gildin þegar kemur að fuglalífi. (Sjá kort 2.6)

Mikilvægustu svæðin vegna jarðmyndana eru klapparholtin og sprungusvæðin. (Sjá kort 2.4)

3.5. Náttúru- og sögugildi

Til þess að draga saman upplýsingar voru mismunandi gildi náttúrufarsþátta og söguminja vegin saman. Svæðin sem fá hæstu gildin varðandi náttúru og sögu eru svæðin umhverfis vötnin en þar fer saman mikið af minjum ásamt fjölbreyttu gróðurfari og fuglalífi. Miðlungsgildi fá svæði þar sem gróðurfar og fuglalíf er mjög fjölbreytt. Svæðin sem fá lægstu gildin eru svæði þar sem einsleit skógræktarsvæði og melar er einkennandi. (Sjá kort 2.7)

3.6. Útivistargildi

Þegar kemur að útivistargildum landslagsheildanna þá fá þau svæði hæstu gildin þar sem fer saman gott aðgengi, aðstaða til útivistar, stígakerfi, fræðslugildi og verndargildi. Vötnin og nánasta umhverfi fá hæstu gildin en þar er aðgengi gott, fjölbreytt gróður- og dýralíf og núverandi aðstaða ágæt með mismunandi dvalarsvæðum. Miðlungsgildin fá þau svæði þar sem núverandi stígakerfi er sem þéttast og skógur ríkjandi. Skógræktarsvæðin gefa svæðinu mikið útivistargildi, þar kemur til skjól, fjölbreyttur trjágróður, lykt og ljós og öðruvísi búsvæði fugla en t.a.m. við vötnin. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu á þessum svæðum. Lægstu gildin eru svæðin þar sem stígakerfi er gisið og á hæstu hæðum svæðisins. Lágt gildi útskýrist einnig að verra aðgengi vegna eignarhalds, s.s. við Langavatn en einnig á Reynisvatnsheiðinni. (Sjá kort 2.8).


4. SKIPULAGSHUGMYND

Vegna nálægðar við borgarmörkin er rammaskipulagssvæðið mjög vinsælt útivistarsvæði. Skógrækt sl. áratuga hafa gert það að verkum að svæðið er orðið mjög fjölbreytt hvað varðar gróður- og dýralíf og skjólgott. Hinir ýmsu útivistarhópar sækja svæðið í talsverðum mæli s.s. gangandi, hjólandi, hundaeigendur, gönguskíðafólk, hestamenn og svo eru fisflugfélag Reykjavíkur með aðstöðu austast á svæðinu. Nokkrar eignarlóðir eru líka innan svæðinis s.s. sumarbústaðir og Orkuveitan með nokkrar byggingar. Hugmyndin er að bæta aðstöðu og aðgengi að svæðinu og auka fjölbreytni með nýjum stígum og áningarstöðum/svæðum. Ennfremur að auka útivistargildi austast á svæðinu sem er tiltölulega vannýtt í dag.

Ýmsir áhugaverðir staðir og leiðir eru innan svæðisins sem má gera hærra undir höfði og nýta betur undir útivist.

Í grófum dráttum er svæðinu skipt í þrjú mismunandi svæði eftir notkun.

- A. Svæðið er aðal útivistarsvæði fyrir gangandi, hlaupandi, hundaeigendur, gönguskíði, hópa sem fara rólega yfir. Áhersla á útsýni og fjölbreytileika í náttúrufari.
- B. Svæði, leið hestamanna, þeir fara aðeins hraðar yfir og umferð þeirra á ekki vel heima með öllum öðrum vegfarendahópum
- C. Svæðið, umferð þeirra sem fara hraðar yfir – hjól, jafnvel mótórhjól, í bland við landnotkun tengivirki, athafnasvæði, fangelsi o.s.v.fr. Gera mætti hjólabrautir. Skógur gæti skermað og rammað inn leiðir og mannvirki.



Mynd 2. Svæði á Austurheiðum er skipt niður eftir notkun.

4.1. Verndarsvæði

Innan skipulagssvæðisins eru einar friðlýstar fornminjar.

Gröf. Grafarsel, seljarústir frá jörðinni Gröf (Grafarholti), í svonefndun Selbrekkum, um 450 m norðaustur frá austurenda Rauðavatns. Skjal undirritað af ÞM 30.05.1987. Þinglýst 26.06.1987.

HVERFISVERNDARSVÆÐI

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er Rauðavatn hverfisverndað og nánasta umhverfi Reynisvatns. Eftirfarandi umfjöllun um svæðin er að finna í Aðalskipulagi Reykjavíkur:

- **Reynisvatn, Starmýri (h13)**, : Berggrunnur er nokkur hundruð þúsund ára gömul hraun og setja gömul misgengi og sprungur mikinn svip á svæðið. Fjölbreytt landslag er víða utan í holtunum, þurrlandi með lyngmóum, graslandi og mosabembu er ríkjandi. Starmýri á milli Reynisvatns og Langavatns er heillegt og gróskumikið votlendi. Fuglalífið einkennist af mófuglum og verpa sumar tegundir, eins og spói, óvenjulega þétt á svæðinu.
- **Rauðavatn (h14)** Nánasta umhverfi, gróðurfar og fuglalíf.

Til viðbótar er gerð tillaga um þrjú hverfisverndarsvæði vegna náttúru- og söguminja.

Tillaga um hverfisvernd vegna náttúruminja:

- Hádegishæð: Hverfisvernd vegna greinilegra hvalbaka og útsýnis.
- Nónás: Hverfisvernd vegna greinilegra hvalbaka og útsýnis.

Um þessi svæði gilda eftirfarandi ákvæði:

- öll mannvirkjagerð skal takmörkuð
- fyrst og fremst skal hugað að vernd náttúrufarslegra og sögulegra þátta sem m.a. nýtast til umhverfisfræðslu.
- Stígar sem liggja um verndarsvæðin verði með lágmarksuppbyggingu með malarefni eða trjákurli og henta því göngufólki til að njóta náttúrulegra svæða á aðgengilegan hátt.
- Ekki verði gróðursett innan svæðanna.

Einnig eru skilgreind tvö hverfisverndarsvæði sem mikilvæg mófuglabúsvæði. vegna mikilvægs mófuglalífs en ástæða þykir að vernda og viðhalda óbreyttu ástandi vegna mikilvægis þeirra fyrir fuglalíf.

- Opin mó- og moslendi á Grafarheiði.
- Opin mólendi norðan við Reynisvatnsás sunnan við Úlfarsá.

Um þessi svæði gilda eftirfarandi ákvæði:

- Fyrst og fremst skal hugað að vernd náttúrufarslegra þátta.
- Ekki verði farið í skógrækt á svæðinu til þess að vernda núverandi gróðurfar.

Sett er hverfisvernd á stakt Einitré sem er skv. Skógrækt Reykjavíkur stærsti Einir landsins.

4.2. Útivistarsvæði

Útivistarsvæði skiptast niður í áningarstaði, áningarsvæði og útsýnisstaði og fer skilgreiningin eftir stærð og umfangi útivistarsvæðanna.

4.2.1. Núverandi áningarstaðir og -svæði

Núverandi áningastaðir eru innan Austurheiða erum með mismiklu þjónustustigi en þeir eru:

Núverandi áningastaðir innan Austurheiða eru litlir og innihalda yfirleitt útiborð og ruslastamp en þeir eru:

1. **Áningarsvæði við Rauðavatn.** Við vatnið eru bekkir staðsettir á tveimur stöðum norðan við vatnið og ruslastampur og bílastæði við Lyngdal. Einnig við útilistarverk (Torfhlaðið laufabrauð eftir Málfríði Aðalsteinsdóttur). Skjólgt svæði með góðu útsýni yfir Rauðavatn. Einnig áningarstaður með æfingatækjum og borði við suðausturenda Rauðavatns.

2. **Áningarstaður við Reynisvatn.** Núverandi aðstaða við Rauðavatn eru bílastæði, bekkir, ruslastampur og upplýsingaskilti.
3. **Áningarstaður í Miðmundardal/Vellir.** Í dag er þar útileguborð.
4. **Almannadalur efri.** Í dag er þar útileguborð.
5. **Áningarstaður í Skálinni** en þar er bekkur og ruslastampur.

4.2.2. Ný áningasvæði og -staðir

Gert er ráð fyrir nýjum áningarstöðum á nokkrum stöðum innan Austurheiðar og hafa þeir mismunandi vægi eftir uppbyggingu en einnig gert ráð fyrir uppbyggingu á núverandi áningarstöðum.

UPPBÝGGING Á NÚVERANDI ÁNINGARSTÖÐUM

- **Skálin.** Í Skálinni eða Paradísardal er gert ráð fyrir uppbyggingu. Svæðið er mikið notað af hundaeigendum og svæðið talsvert stórt þannig að innan svæðisins er leyfilegt að koma upp hundafimsvæði, þar sem hægt væri að nota efni sem fellur til af staðnum við grisjun. Komið verði upp fleiri borðum, bekkjum og upplýsingaskiltum um göngleiðir og almenna umgengisreglur.
- **Rauðavatn.** Eitt af þremur hliðum að svæðinu með bílastæðum verði við Rauðavatn bæði í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu bandalags íslenskra skáta og í Lyngdal. Við Lyngdal verði komið fyrir upplýsingaskilti við aðkomu með korti þar sem fram koma helstu upplýsingar. Uppbygging gerir ráð fyrir borðum, bekkjum, grillaðstöðu, leiktækjum, fleiri og bættum bílastæðum og salerni. Við **norðvesturendi Rauðavatns** verði komið upp skipulagðri útivistaraðstöðu við norðurenda vatnsins í samnýtingu með uppbyggingu fyrirhugað skátasvæðis. Komið verði upp fræðsluskiltum um lífríki og sögu svæðisins og kortum af svæðinu. Þarna verði meginaðkoma að svæðinu á bíl. Gerð yrði bryggja eða pallur út í vatnið sem m.a. nýttist fyrir

skautaiðkun á veturna. Æskilegt væri að gera lága hljóðmön meðfram Suðurlandsvegnum á mótis við útivistarsvæðið.

- **Áningarstaður við Reynisvatn.** Við Reynisvatn verði hin aðalaðkoman að Austurheiðum. Þar verði komið fyrir fleiri borðum og bekkjum, aðstöðu fyrir fuglaskoðun, útigripli o.s.frv.

NÝ ÁNINGASVÆÐI

Uppbygging gerir ráð fyrir t.d. borðum, bekkjum, grillaðstöðu, leiktækjum, bílastæðum, salerni o.s.frv.

Ný áningasvæði verða á eftirtöldum svæðum:

- **Almannadalur.** Þar verði komið fyrir fleiri borðum og bekkjum, útigripli, leiktækjum o.s.frv.
- **Vellir/Miðmundardalur.** Þar verði komið fyrir fleiri borðum og bekkjum, útigripli, leiktækjum, strandblaki o.s.frv.

NÝIR ÁNINGASTAÐIR

Nýir áningastaðir verða á eftirtöldum stöðum þar sem komið verði upp minni aðstöðu eins og allt að 10 bílastæði, borð og bekkir og upplýsingaskilti:

1. **Við norðvesturenda Langa-vatns.** Býður upp á útsýni yfir Langavatn.
2. Við **fisflugvöll.**
3. Á þremur stöðum við **Mjóadalsveg** og **Pípuveg.**

4.2.3. Nýir útsýnisstaðir

Komið verði upp útsýnisskífum á völdum stöðum sem bjóða upp á mjög gott útsýni.

- **Hádegishæð**
- **Steinaklöpp**

- Skálahæð
- Nónhæð
- Álaskyggir

4.3. Ræktunarsvæði

Á Hólmsheiði hefur verið gróðursett talsvert af trjáplöntum. Mest ber á stafafuru, birki og víði en einnig má finna blágreni, lerki og fleiri tegundir. Furan er mest áberandi, þar sem hún hefur náð 3–4 m hæð, þar sem best lætur. Helstu skógarsvæðin eru í lautum og bollum í miðju svæðisins. á opnum svæðum er víða að finna stóra fláka af lúpínu.

Hluti svæðisins svæðisins við Reynisvatn og heiðin upp af vatninu eru vel gróinn en talsvert er líka um lítt eða ógróna mela á Reynisvatnsheiði. Á hluta af svæðinu hefur trjám verið plantað. Þar ber einna mest á stafafuru og ilmbjörk, trjám og lundum sem víða hafa nú þegar vaxið yfir 2 metra hæð. Þar er einnig skógurinn við Rauðavatn, sem gengur undir nafninu rauðavatnsstöðin. Hann er í grunninn einn elsti ræktaði skógur Íslands og fyrsti skógurinn sem gerður er sem útivistarskógur. Gróðursett var í hann fyrst árið 1901¹³.

NÝ RÆKTUNARSVÆÐI

Samkvæmt skýrslu sem Skógræktarfélag Reykjavíkur gerði í tengslum við vinnu við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 um borgarskógrækt þá er lagt til áframhaldandi skógrækt innan rammaskipulagssvæðisins (sjá mynd 11). Í rammaskipulaginu eru þó afmörkuð stærri mólendissvæði og klapparholt þar sem ekki þykir æskilegt að gróðursetja meira til þess að varðveita mófuglalíf á svæðinu. Enn eru þó nokkuð stór svæði sem hægt er að halda áfram með skógrækt.

¹³ Borgarskógrækt

Hólmsheiði

Svæðið er í dag uppvaxandi skógur að stórum hluta. Ef skógurinn verður látinn halda sér, mun hann smám saman verða ráðandi og ásýnd og náttúrufar verða svipað og í Heiðmörk. Gróðurinn mun binda koldíoxíð og draga úr svifryki. Úrkomuvatn mun halda áfram að finna sér náttúrulega leið niður í grunnvatn. Stríðsminjar munu standa óhreyfðar. Vistkerfið mun eflast með tilkomu stækkandi skógar. Skógur sem þessi er mikið nýttur af borgarbúum til útivistar. Verðmæti hans eykst eftir því sem umhirðan er markvissari. Því er mikilvægt að hefja grisjun á skóginum sem fyrst og halda áfram gróðursetningu, bæði innan svæða sem nú þegar hafa verið gróðursett sem og skóglausra svæða.


Reynisvatn og heiðin

Þörf er á áframhaldandi gróðursetningu og umhirðu á þeim skógi sem fyrir er. Þar eru ýmsir skógarlundir sem þarfnast umhirðu t.a.m. með því að grisja þá og gróðursetja fleiri tegundir trjáplantna sem myndi auka útivistargildi svæðisins.

Ennfremur er þörf á því að bæta aðgengi útivistargesta með viðhaldi og stækkun göngustíga á svæðinu auk uppsetningar áningarstaða.

GRISJUN

Grisjun og umhirða skógarins á Austurheiðum eru, ásamt aðstöðusköpun fyrir gesti og gangandi, eru ein brýnustu viðfangsefni innan ræktunarsvæðanna næstu áratugina. Að lokinni gerð nýrrar skógræktaráætlunar ætti að vera búið að framkvæma alla nauðsynlega grisjun fyrir uppfærslu áætlunarinnar 10 árum síðar.



Mynd 3. Skógkræktarsvæði og möguleg skógræktarsvæði á heiðum í borgarlandinu. Heimild: Skógrækt Reykjavíkur.

4.4. Byggingarsvæði

Innan rammaskipulagsins eru nokkur svæði þar sem deiliskipulag er í gildi eða þar sem nauðsyn vegna mögulegrar uppbyggingar þarf að deiliskipuleggja. Þessi

svæði eru sýnd á skýringaruppdrætti. Ekki eru sýndir byggingarreitir umhverfis minni mannvirki eins og almenningsalerni eða minni þjónustuhús þar sem leyfilegt er að reisa þess konar mannvirki á útivistarsvæðum þar sem þau tengjast almennri útivist.

ALMENNINGSALERNI

Byggingareitir allt að 20 m² við núverandi og ný áningarsvæði eru sýndir með tákni á skýringaruppdráttum. Frágangur þeirra á að vera skv. reglugerðar nr.798/1999 um losun skólps, leyfisveitingar og fráveitur.

ROTÞRÆR

Rotþrær eru við öll stærri mannvirki á svæðinu og á frágangur þeirra að vera skv. reglugerð nr.798/1999 um losun skólps, leyfisveitingar og fráveitur. Gert er ráð fyrir að rotþrær verði settar niður innan byggingarreita þeirra skála sem fyrirhugaðir eru á svæðinu. Skulu þær vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar fyrir náðhúsum, salernum, fráveitum og rotþróum. Í leyfi nefndarinnar skal kveðið á um gerð, viðhald, hreinsun og eftirlit með búnaðinum. Þar sem rotþró með viðeigandi siturlögn er ekki nægjanleg mengunarvörn að dómi heilbrigðisnefndar skal koma fyrir safntanki á fráveitulögn eða hafa þurrsalerni. Förgun á seyru og úrgangi úr þurrsalernum eða náðhúsum er óheimil á svæðinu.

FYRIRKOMULAG SORPHIRÐU

Umsjónaraðili Austurheiða skal í samráði við heilbrigðisnefnd setja upp ruslastampar á ferðamannastöðum og öðrum stöðum þar sem reikna má með mannsöfnuði og sjá um viðhald og tæmingu þeirra sé það ekki falið öðrum rekstraraðila. Ruslálátum verður komið fyrir við öll áningarsvæði og minni ílát við áningarstaði. Að öðrum kosti er gerð krafa um að meðferð og frágangur sorpílata sé í samræmi við þær kröfur sem settar eru í reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og 738/2003 um urðun úrgangs.

SUMARHÚS-ÍBÚÐARHÚS

Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 þá eru engin frístundasvæði né íbúðabyggð innan Austurheiða. Núverandi íbúðar- og frístundahús eru inn á svæðum sem eru skilgreind sem opin svæði því ekki gert ráð fyrir íbúðarsvæðum eða frístundabyggð þar.

Á rammaskipulagsupprætti er sumarhúsareitir eða eignalönd afmarkað með punktalínu.

BYGGINGAR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Auk lagnamannvirkja þá eru mörg stærri og minni mannvirki á vegum Orkuveitu Reykjavíkur við Mjóadalsveg eru staðsettir tankar Orkuveitunnar, dælustöð og tengihús.

Í gildi eru deiliskipsáætlanir fyrir vatnsgeymi á Reynisvatnsheiði T4 og deiliskipulag hitaveitugeyma á Reynisvatnsheiði.

Svæði Fisfélags Reykjavíkur

Á sérlóð eru staðsett mannvirki á vegum Fisfélags Reykjavíkur. Um er að ræða Vélageymslu og aðstöðuhús. Svæðið er ætlað fyrir íþrótt þá sem Fisfélag Reykjavíkur stundar nú við rætur Úlfarsfells.

Ferðapjónustusvæði við Langavatn

Í landi Langavatnsvegar 3 (Lnr. 113423) eru uppi hugmyndir um uppbyggingu ferðapjónustu s.s. þjónustu- og kaffihús en einnig svokallaðar náttúrukúlur til gistingar. Áform sem þessi kalla á sérstakt deiliskipulag.

Við Langavatnsveg á lóð nr. 2 (Lnr. 113417) eru uppi hugmyndir um að útfæra aðstöðu til að geta boðið útivistarfólki og almenningi aðgengi að aðstöðu þar sem hægt er að leggja bílum, njóta náttúrunnar og útsýnis í m.a. heitum potti ásamt því að geta fengið sér léttar veitingar fyrir eða eftir gönguferðir, hjólaferðir, gönguskiði o.fl. Til þess þarf þá m.a. gott svæði fyrir bílastæði, húsnæði fyrir

salerni, skiptiklefa og sturtuadstöðu, afgreiðslu veitinga, heitir og kaldir pottar með náttúrulegu útliti ásamt gufubaði eða sauna o.fl. Öll aðstaðan sem yrði innandyra væri undir sama þaki, eitt hús. Áform sem þessi kalla á sérstakt deiliskipulag.

4.5. Samgöngur

4.5.1. Vegir

Nokkrir akvegir liggja um svæðið. Meginleið og aðalvegur liggur um Hólmsheiðarveg sem liggur frá Úlfarsárdal suður að Suðurlandsvegi. Nauðsynlegt er að halda þeim vegi vel við og byggja hann frekar upp og jafnvel leggja á hann bundið slitlag til þess að minnka rykmengun á svæðinu. Nauðsynlegt er líka að byggja upp Pípuveginn og Mjóadalsveg og verða þessar leiðir helstu vegir um svæðið og uppbygging áningasvæða, -staða og bílastæða mun fara fram að mestu meðfram þessum vegum þar sem aðgengið er sem best.

Gerð er tillaga um lagfæringar á gatnamótum Mjóadalsvegar og Hólmsheiðarvegar við Fisflugvallarsvæðið. Gatnamót einfölduð.

Nokkrir minni vegir eru innan svæðisins sem liggja að einkalóðum við Mýrarskyggni sem og Langavatnsvegi og eru ekki ætlaðir fyrir almenna bílaumferð.

4.5.2. Stígar

Rammaskipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu stígakerfis sem munu tengja stígakerfi betur við jaðarsvæði, önnur útivistarsvæði sem liggja að Austurheiðum. Horft er til þess að skapa fjölbreyttar hringleiðir. Stofnstígar eða aðalstígar eru þeir sömu og í gildandi aðalskipulagi og liggja frá aðliggjandi útivistarsvæðum og byggð sem tengja Austurheiðar við aðliggjandi svæði. Byggð. Gert er ráð fyrir að stofnstígar séu einnig reiðhjólástígar.

Stofnstígar eru sýndir með bláum lit en aðrir stígar eru sýndir með gulum lit á skipulagsupprætti.

Græni stígurinn

Græni stígurinn er samfelldur göngu- og hjólastígur sem tengir öll sveitarfélögin saman og á að liggja um græna trefilinn. Gert er ráð fyrir 3 metra breiðum malbikuðum stíg með aðgengi fyrir alla. Gert er ráð fyrir að hægt sé að nýta stíginn sem þjónustuveg ef á þarf að halda t.d. fyrir slökkvilið og fyrir Skógræktarfélagið fyrir viðhald og rekstur á svæðinu. Gert er ráð fyrir að stígurinn liggji um svæðið frá Rauðavatni og að mestu leyti í vesturjaðri svæðisins, sem leið liggur að Reynisvatni en þaðan mun hann taka lykkju um Reynisvatnsásinn í áttina að Mosfellsbæ.

Stofnstígar

Eru skilgreindir með heillri blárrí línu á uppdrætti. Gert er ráð fyrir 3 metra breiðum malarstíg sem hægt væri að nýta sem þjónustuveg ef á þarf að halda t.d. fyrir slökkvilið og Skógræktarfélag Reykjavíkur. Sjá staðsetningu aðalstíga á uppdrætti.

Útivistarstígar

Útivistarstígar eru skilgreindi með gulri línu á uppdrætti. Útivistarstígar eru 1-2 metra breiðir, ýmist malar- eða kurl- eða stíkaðir slóðar allt að 1 metri á breidd. Sjá staðsetningu útivistarstíga á uppdrætti.

4.5.3. Reiðslóðar

Þar sem reiðslóðar og gönguleiðir liggja saman er gert ráð fyrir aðgreiningu leiða þar sem því verður við komið þá annað hvort með grasbelti, runnum eða trjám(mynd 4-4). Reiðslóðar eru sýndir með brúnum lit á uppdrætti. Hestagerði er austan við Rauðavatn og á tveimur öðrum stöðum sem eru sýndir á uppdrætti. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu við gerðin.




Mynd 4-4. Dæmi um aðgreiningu göngu- og reiðleiðar með grænu beltí.

4.5.4. Gönguskíðaleið

Gönguskíðaleiðir eru skilgreindar með bláum línunum á uppdrætti og eru sýndar leiðir frá Leirdal um Leirdalsklauf um Velli og hringleið um það svæði. Einnig er sýnd tenging frá Völlum niður að Rauðavatni þar sem hægt er að útbúa sömuleiðis hringleið um Rauðavatn.

4.5.5. Fjallahjólaleiðir

Morgunblaðshringurinn, fjallahjólaleið Reynisvatnsás. Gert er ráð fyrir sérstakri fjallahjólabraut í Reynisvatnsási sem er um 2,2 km langur. Einnig er leyfilegt að vera með keppni einu sinni á ári á svokölluðum Morgunblaðshring. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir sérstökum hjólastígum þar sem stígakerfið er almennt fyrir bæði gangandi og hjólandi.




Mynd 5. Morgunblaðshringurinn. Heimild: Hjólreiðasamband Íslands

4.5.6. Hundasvæði

Samkvæmt hundasamþykkt Reykjavíkurborgar er lausaganga hunda leyfileg á svæði sem sést á mynd 14. Lausaganga er heimil á aðalstígum og útivistarstígum en ekki skipulögðum, aksturs-, reiðleiðum og á græna stígnum. Gert er ráð fyrir

að í Paradísarlaut megi koma fyrir þrautabraut fyrir hunda en nýta má það efni sem fellur til við grisjun s.s. trjádrumba og fleira.



Mynd 6. Svæði þar sem lausaganga hunda er heimil skv. samþykkt um hundahald í Reykjavík 478/2012.

4.5.7. Frisbígolf

Afmarkað er svæði inn af Leirdal. Í dag er að finna 9 holu völl í jaðri deiliskipulagssvæðisins. Heimilt er að stækka svæðið þannig að úr verði 18 holur völlur. Völlurinn verði stækkaður inn í skóginn með grisjun.



Mynd 7. Mögulegt stækkunarsvæði fyrir núverandi frisbígolfvöll.

4.5.8. Bílastæði og reiðhjólstæði

Bílastæði verða á nokkrum stöðum en um er að ræða stærri bílastæði við helstu áningasvæði með 10 stæðum eða fleirum. Þar skal jafnfram gert ráð fyrir hjólstæðum. Minni bílastæði fyrir færri en 10 bíla eru dreifð um svæðið við upphaf mismunandi gönguleiða.

4.6. Veitur

Afmarkað er svæði utan um stofnkerfi veita á Hólmsheiði (VH) og þar eru heitavatnstankar Orkuveitunnar. Vatn er leitt þangað í pípum frá Nesjavallavirkjun og áfram í heitavatnstanka í Grafarholti. Hluti pípanna liggja ofanjarðar.

Hitaveita

Núverandi lagnir

Flutningslagnir Veitna liggja frá Nesjavöllum (800 mm) og Hellisheiðarvirkjun (900 mm) að svæði á Reynisvatnsheiði þar sem Veitur reka 3 hitaveitutanka, stýri- og lokahús, auk ca. 10 þús. m² geymslusvæðis. Þaðan liggja flutningslagnir að Grafarholti, að Suðursvæðum (Árbæ, Breiðholti, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði) frá dælustöð á Reynisvatnsheiði. Auk þessa liggur dreifilögn þaðan sem skiptist annars vegar að hesthúsabyggðinni í Almannadal og hins vegar að spennivirki LN, ásamt áætlaðu athafnasvæði á Hólmsheiði.

Áform hitaveitu Veitna nær í tíma

- Byggja nýjan hitaveitugeymi nr. 4, á Reynisvatnsheiði innan mjög fárra ára.
- Reisa geymsluskemmu í tegnslum við geymslusvæðið.
- Leggja dreifilagnir að nýrri byggð á Hólmsheiði.

Áform hitaveitu Veitna fjær í tíma

- Tvöfalda Suðuræð (DN900 pípa), frá dælustöð á Reynisvatnsheiði að lokahúsi við Rauðavatn.
- Reisa uppblöndunarstöð f. bakvatn.
- Reisa nýja hitaveitugeyma nr. 5 og nr. 6.
- Möguleg tvöföldun Hellisheiðaræðar (e. 2030)

Kalt vatn

Núverandi lagnir

900 mm stofnlögn liggur frá Gvendarbrunnum að Grafarholti yfir Austurheiðar auk þess er vatnsveitutankur staðsettur við Reynisvatnsheiði.

Áform Veitna

Austurheiðar eru nálægt vatnsverndarsvæðum Veitna og leggja Veitur áherslu á að tryggt sé að uppbygging á svæðinu hafi ekki áhrif á vatnsverndarsvæðin

Veitur hafa engin áform eru um nýtt eða útaukið vatnstökusvæði á svæðinu

Rafmagn

Núverandi háspennulagnir og dreifistöðvar

Háspennulínur og háspennustrengir Landsnets og Veitna (132 kV og 11 kV) liggja í vestur, norðvestur og í austurátt út frá tengivirkjum sem staðsett eru á skipulagssvæðinu (tengivirki LN á Geithálsi og aðveitustöð Veitna við Rauðavatn – A12). Fjöldi 11 kV háspennustrengja liggja út frá aðveitustöð A12 við Rauðavatn annars vegar í vestur- og hins vegar í austurátt. Nokkur fjöldi dreifistöðva er á skipulagssvæðinu.

Áform Veitna

Áformað er að leggja núverandi 132 kV og 11 kV háspennuloftlínur Landsnets og Veitna í jörðu. Nýir háspennustrengir verða lagðir norðan Rauðavatns í átt að Hádegismóum og einnig í austur út frá A12.

5. UMHVERFISÁHRIF

Rammaskipulag Austurheiða fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Aftur á móti er gerð grein fyrir áhrifum þess á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010. Í rammaskipulaginu er lögð áhersla á að varðveita og vernda náttúrufar skapa betri aðstæður til fjölbreyttrar útivistar og auka fjölbreytileika í útivist og áningarstöðum. Í rammaskipulagi er einnig horft og lögð áhersla á verndun sögulegra minja á svæðinu og þá arfleifð sem þær

geyma. Helstu framkvæmdir eru viðbætur við núverandi stígakerfi, fjölgun áningarstaða eða -svæða og samgöngubætur á ákveðnum leiðum til að tryggja skynsamlegt flæði umferðar um svæðið.

Umhverfisáhrif Rammaskipulagsins eru talin hafa jákvæð áhrif á umhverfi skipulagssvæðisins. Auknir útivistarmöguleikar og aukin fjölbreytni í útivist hefur jákvæð áhrif á lýðheilsu og dreifir álaginu betur um svæðið.

Bættir vegir og aðgengi með vel skilgreindum bílastæðum munu auka öryggi á vegum og aukin upplýsingagjöf og fræðsla um svæðið eykur einnig útivistar- og verndargildi svæðisins.

Skógrækt og grisjun getur haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á gróður- og dýralíf en hefur einnig jákvæð áhrif á skjólmyndun og á loftslag. Ekki er gert ráð fyrir neinum framkvæmdum í næsta nágrenni við fornminjar en fara þarf varlega við alla uppbyggingu við Reynisvatn þar sem þéttleiki minja er talsverður. Gert er ráð fyrir að komið verði upp upplýsingaskiltum til fróðleiks um þær minjar sem eru á svæðinu og eru því áhrifin á fornminjar talin vera jákvæð.

6. HEIMILDIR

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Byggingarreglugerð nr. 112/2012

Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið, 2014. Ritstjórn: Björn Axelsson og fleiri. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Reykjavík: Crymogeia. Reykjavíkurborg, 2016.

Reykjavíkurborg, Skipulags- og byggingarsvið 2002/2008. Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024.

Reykjavíkurborg, Umhverfissvið 2005. Viðhorfskönnun. IMG Gallup.

Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar. Stj.tíð. B nr. 555/2015

Skipulagslög nr. 123/2010

Skógræktarfélag Reykjavíkur 2020. Heimasíða.

Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2030.

Ólafur Arason, Snorri Sigurðsson, 2018, Mófuglar á Austurheiðum.

Náttúrufar , Austurland Reykjavíkur.

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=11776>

Sjá <http://www.ferlir.is/?id=4420>

Sjá <http://gudjonfr.is/alfraedi-reykjavikur/>

Sjá kortablöðin 27NA Reykjavík og 37 NV Hengill Mosfellsheiði.

Sjá frásögn á vefsíðunni <http://www.ferlir.is/?id=14016> sem unnin er upp úr heimildum.

Veðurstofa Íslands 2004, Veðurfar á fyrirhuguðum byggingareit fangelsis á Hólmsheiði.

Kristbjörn Egilsson, Haukur Jóhannesson, Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn

Haukur Skarphéðinsson, 1996. Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur og Skógræktarfélag

Reykjavíkur, 2013.

Veðurathuganir og mat á veðurfari á höfuðborgarsvæðinu með tilliti til flugvallarkosta, Veðurstofa Íslands 2014.

Austurheiðar og Úlfarsárdalur, Alta 2016

Borgarskógrækt, skógrækt í Reykjavík, SAMANTEKT STARFSHÓPS Á VEGUM SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR FYRIR GREINARGERÐ MEÐ AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2013.

Tillögur um uppbyggingu útivistaraðstöðu við Rauðavatn Skýrsla starfshóps Desember 2016

7. VIÐAUKI GILDISTÖFLUR

at n tt ru og s gugil um

UMHVERFISÞÁTTUR	NÁTTÚRU- OG GRÓÐURFARSEINKENNI, SÖGU- OG BÚSETUMINJAR	FLOKKUR III	FLOKKUR II	FLOKKUR I
LANDSLAG	LANDSLAG	<ul style="list-style-type: none"> Mjög fjölbreytt landslag 	<ul style="list-style-type: none"> Frekar fjölbreytt landslag 	<ul style="list-style-type: none"> Einsleitt landslag
	JARÐMYNDANIR	<ul style="list-style-type: none"> Mikil fjölbreytni í jarðmyndunum Mikill jarðhiti 	<ul style="list-style-type: none"> Nokkur fjölbreytni í jarðmyndunum Lítill jarðhiti 	<ul style="list-style-type: none"> Fábreytni í jarðmyndunum Enginn jarðhiti
	ÁR OG VÖTN	<ul style="list-style-type: none"> Fjölbreytt vatnafar 	<ul style="list-style-type: none"> Nokkuð fjölbreytt vatnafar 	<ul style="list-style-type: none"> Fábreytt vatnafar
LÍFFRÆÐILEGUR FJÖLBREYTILEIKI	GRÓÐURFAR	<ul style="list-style-type: none"> Mjög fjölbreytt gróðurfar Stór votlendissvæði Plöntur á válista 	<ul style="list-style-type: none"> Nokkur fjölbreytni í gróðurfari Fá votlendissvæði 	<ul style="list-style-type: none"> Einsleitt gróðurfar Engin votlendissvæði
	FUGLALÍF	<ul style="list-style-type: none"> Mikil fjölbreytni í fuglalíf Margir varpfluglar 	<ul style="list-style-type: none"> Lítill fjölbreytni í fuglalífi Fáir varpfluglar 	<ul style="list-style-type: none"> Ekkert fuglalíf Engir varpfluglar
	LÍFRÍKI VATNA OG ÁA	<ul style="list-style-type: none"> Mikil fiskigegnd Fjölbreytt botndýralíf og mikill botngróður 	<ul style="list-style-type: none"> Nokkur fiskigegnd Nokkuð botndýralíf og botngróður 	<ul style="list-style-type: none"> Lítill eða engin fiskigegnd Lítið botndýralíf og -gróður
LAND	LAND	<ul style="list-style-type: none"> Lítill sem engin röskun Lítið eða ekkert notað undir byggð og samgöngumannvirki 	<ul style="list-style-type: none"> Nokkur röskun Nokkuð mikið notað undir byggð og samgöngumannvirki 	<ul style="list-style-type: none"> Mikil röskun Mikið undir byggð og samgöngumannvirki
SÖGU- OG BÚSETUMINJAR	SÖGUMINJAR	<ul style="list-style-type: none"> Mikið af fornleifum 	<ul style="list-style-type: none"> Nokkuð af fornleifum 	<ul style="list-style-type: none"> Lítið eða ekkert af fornleifum
	MENNINGARLANDSLAG	<ul style="list-style-type: none"> Samfellt óraskað menningarlandslag 	<ul style="list-style-type: none"> Slitrótt menningarlandslag 	<ul style="list-style-type: none"> Ekkert menningarlandslag

ÚTIVISTARÞÁTTUR	FLOKKUR III	FLOKKUR II	FLOKKUR I
VERNDARGILDI	Mikið verndargildi	Nokkuð verndargildi	Lítið verndargildi
NÚVERANDI AÐSTAÐA	<ul style="list-style-type: none"> Aðstaða góð 	<ul style="list-style-type: none"> Aðstaða nokkuð góð 	<ul style="list-style-type: none"> Fábreytt aðstaða
FRÆDSLUGILDI	<ul style="list-style-type: none"> Svæði býður upp á mikið fræðslugildi 	<ul style="list-style-type: none"> Svæði býður upp á nokkuð fræðslugildi 	<ul style="list-style-type: none"> Svæði býður upp á lítið fræðslugildi
AÐGENGI	<ul style="list-style-type: none"> Mjög gott aðgengi 	<ul style="list-style-type: none"> Nokkuð gott aðgengi 	<ul style="list-style-type: none"> Slæmt aðgengi

U VER V R: E U

: - stig

: - stig

: - stig

8. UPPDRÆTTIR

USK Skipulag

Frá: Guðný Gerður Gunnarsdóttir <gudnygerdur@minjastofnun.is>
Sent: miðvikudagur, 8. júlí 2020 14:40
Til: USK Skipulag
Efni: Austurheiðar - rammaskipulag
Viðhengi: GGG.files/image001.jpg

Góðan dag.

Minjastofnun hefur borist til umsagnar – rammaskipulag Austurheiðar.

Vegna mikilla anna og sumarleyfa er ekki unnt að skila umsögn innan frests sem gefinn er til dagsins í dag.

Óskað er eftir auknum fresti.

Með kveðju / Kind regards / Venlig hilsen

Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis / Cultural Heritage Manager for Reykjavik

Minjastofnun Íslands / The Cultural Heritage Agency of Iceland / Íslands kulturarvstyreldse

Suðurgata 39 | 101 Reykjavík | Sími/Tel. 5701300 | Fax: 5701301

gudnygerdur@minjastofnun.is / www.minjastofnun.is



Minjastofnun
Íslands

Reykjavíkurborg

Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 19. júní 2020
erindi nr. 202006203/- KP

Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar

Á 517. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 19.6.2020, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

Austurheiði í Reykjavík - rammaskipulag


Borist hefur erindi frá Reykjavíkurborg, dags. 10.06.2020, með ósk um umsagnir við kynntri tillögu að rammaskipulagi fyrir Austurheiðar í Reykjavík. Athugasemdafrestur er til 28.07.2020.


Frestað vegna tímaskorts.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og verður yður gert viðvart ef afgreiðsla erindisins verður á annan veg í bæjarstjórn en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar


Kristinn Pálsson
Skipulagsfulltrúi

 Skipulagsfulltrúi
Mosfellsbæjar

Athygli er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með ofangreindri samþykkt er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52.gr. laga nr. 123/2010 og lög nr. 130/2011.

Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.



USK Skipulag

Frá: Dagný Bjarnadóttir <dagny@dld.is>
Sent: fimmtudagur, 25. júní 2020 16:59
Til: USK Skipulag
Afrit: Finnur Kristinsson; Brynjar Kvaran; hjalmur@vhe.is; Sveinbjörn Guðjohnsen; Hjörtur Bergstað; einar@fakur.is
Efni: Kynningafundur Austurheiða

Sæl

Í fyrsta lagi erum við í reiðveganefnd Fáks mjög óánægð með ferlið í þessari vinnu. Við vorum boðuð á einn fund áður vinnan hófst og tilkynnt að haft yrði samráð við okkur, síðan höfum við ekki verið boðuð á einn einasta fund til að kynna okkur tillögur í vinnslu. Í öðru lagi er fullkominn dónaskapur að boða þennan streymis fund með dags fyrirvara. Það ætti líka alveg að vera óhætt að hafa fund þar sem fólk getur mætt og tjáð sig, það koma alveg örugglega ekki 500 manns.

Tillagan sem hér er kynnt er meingölluð, það vantar reiðleiðir og ég kem ekki auga á eina einustu nýja reiðleið í þessum tillögum, eða nýja ánigastaði fyrir hestamenn. Á tillögukortinu er varla hægt að sjá reiðleiðirnar, þar sem grafíkin hverfur ofan í grunnlitinn. Leiksvæði eru staðsett nánast ofan í reiðleiðir.

Það virðist ítrekað gleymast að hestamenn á höfuðborgarsvæðinu eru 6000 og þá er ég bara að tala um þá sem eru skráðir í hestamannafélög. Það má líka benda á að hestaleigur og fjölsóttir reiðskólar fyrir börn eru í nágrenninu og kjörið tækifæri til að bæta aðstöðu fyrir þann hóp líka.

Við förum fram á að þessi tillaga verði tekin til gagn Gerrar endurskoðunar í samráði við hestamenn eins og var lofað í upphafi.

Það má gjarnan lesa þessa punkta upp á þessum streymisfundi á eftir.

Reiðveganefnd Fáks

Sækja [Outlook fyrir iOS](#)



Reykjavík, 25. 6. 2020
Tilvísun: 2020010033/EBH

Þuríður Guðmundsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur
Borgartúni 12- 14
105 Reykjavík
skipulag@reykjavik.is

Efni: Austurheiðar. Tillaga að rammaskipulagi.

Vegagerðin bendir á yfirstandandi vinnu vegna mats á umhverfisáhrifum breytinga á samgönguinnviðum á og við Hringveg (1) milli Bæjarháls og Hólmsár. Í tengslum við þá vinnu hefur Reykjavíkurborg og Vegagerðin áformað að hefja vinnu við gerð deiliskipulags vegsvæðisins og umhverfi þess í haust. Mikilvægt er að samræmi sé í skipulagsgerð Austurheiða við það skipulag sem og við skipulag Hólmheiðar, Rauðhóla og annara aðliggjandi skipulagsuppráttu. Sérstaklega er bent á afmörkun skipulagsreita og reiðleiðir.

Sé þess óskað er mögulegt að gera nú þegar drög að fyrirhugðum skipulagsreits vegna breytinga samgönguinnviðum. Tengiliðir verkefnisins hjá Reykjavíkurborg eru Björn Ingi Edvardsson og Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir.

Virðingarfyllst,

Erna Bára Hreinsdóttir,
forstöðumaður Skipulagsdeildar

Afrit sent Skipulagsstofnun.

Reykjavíkurborg
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 22. júní 2020
UST202006-139/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Rammaskipulag- Austurheiði - Reykjavík

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkur er barst 10. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að rammaskipulagi fyrir Austurheiði í Reykjavík.

Í greinargerð kemur fram að í rammaskipulaginu er lögð áhersla á að varðveita og vernda náttúrufar, skapa betri aðstæður til fjölbreyttrar útivistar og auka fjölbreytileika í útivist og áningarstöðum og gerð verður grein fyrir áhrifum þess á umhverfið í samræmi við 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og er hún ítarleg og greinargóð.

Stöðuvötn og tjarnar

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins eru stöðuvötnin Rauðavatn, Reynisvatn og Langavatn og falla þau undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um ákvæði laganna í tillögunni.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Vegir í náttúru Íslands

Í tillögunni er markmið verkefnisins að ákvarða og skilgreina legu helstu vegtenginga um svæðið þar sem gert er ráð fyrir umferð vélknúinna ökutækja eins og bíla og torfæruhjóla. Í greinargerð kemur einnig fram að allmikið er um vegslóða á svæðinu og sumir þessara slóða eru akfærir.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.

Í 3. mgr ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögur þegar vinna við aðalskipulag fer fram.

Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

Girðingar

Í greinargerð kemur fram að aðgengi að Langavatni er erfið vegna sumarbústaðalanda og sums staðar hindranir eins og girðingar og hlið sem hindra aðgengi að vatninu.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjóltreida- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.“

Hverfisvernd

Í tillögunni kemur fram að svæði E8 hefur mikið gildi vegna fuglalífs og gróðurfars. Einnig kemur fram að Starmýri sker sig frá öðrum svæðum en þar er meira um mó- og vaðfugla. Auk þess kemur fram að milli Reynisvatns og Langavatns er heillegt og gróskumikið votlendi þar sem fuglalífið einkennist af mófuglum og verpa sumar tegundir, eins og spói, óvenjulega þétt á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan svæðisins E8 m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóuþræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóuþræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að svæðið (E8) sé tilnefnt sem hverfisverndarsvæði, en það þykir ástæða til að vernda svæðið vegna mikilvægs mófuglalífs og mikilvægt að viðhalda óbreyttu ástandi svæðisins. Auk þess kemur fram að á svæðinu skal fyrst og fremst hugað að vernd náttúruvarslegra þátta og ekki verði farið í skógrækt á svæðinu til þess að vernda núverandi gróðurfar.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur

Reykjavík 6.júlí 2020

Umsögn Félags ábyrggra hundaeigenda varðandi deiliskipulag Austurheiða

Félag ábyrggra hundaeigenda sendi inn umsögn varðandi nýtt deiliskipulag á árinu 2019. Núna í framhaldi af nýrri tillögu að rammaskipulagi fyrir Austurheiðar, vilum við ítreka okkar umsögn, en einnig bæta við hana. Allar breytingar frá fyrri umsögn verða merktar með gulu, fyrir þá sem höfðu kynnt sér fyrri umsögn okkar og vilja bara lesa það sem við höfum nýtt fram að færa.

FÁH vill minna á að þetta svæði er mikið notað til útivistar af hundaeigendum til að leyfa hundum að ganga lausum og njóta sín.

Núverandi hundasvæði eru eftirfarandi:

Hundagerði: **fimm** lítil gerði sem henta hvorki hundum né eigendum til hreyfingar og leiks.

Geirsnef: lausagöngusvæði sem er mikið notað. Hentar hins vegar ekki til langra göngutúra/útivistar. Þar að auki er gert ráð fyrir að útrýma þessu hundasvæði í nýju deiliskipulagi fyrir Geirsnef.

Geldinganes: Eitthvað notað, en vegurinn lokast oft í flóði. Margir hundaeigendur líta ekki á þetta sem spennandi útivistarsvæði með hunda.

Hólmsheiði/Austurheiðar: Langvinsælasta svæðið til lausagöngu hunda, bæði vegna stærðar og fjölbreytileika gönguleiða. Hundaeigendum, eins og göngu-, reiðhjóla- og hestafólki finnst gaman að breyta til og fara ekki alltaf nákvæmlega sama hringinn. Þar eru mjög góðir stígar sem gefa mikla möguleika á að stækka eða minnka göngutúrinn.

Félag ábyrggra hundaeigenda vill koma eftirfarandi á framfæri varðandi þetta nýja deiliskipulag:

- Við viljum að Reykjavík verði hundavæn borg og geri ráð fyrir hundaeigendum sem útivistarfólki og íþróttaiðkendum jafnt við göngufólk.
- Að það sé bætt úr skiltum og merkingum svo ekki fari á milli mála að hundar eru leyfðir á svæðinu og séu þar velkomnir.
- Að hafa hundasvæði sem gerir ráð fyrir atferli hunda og bjóði þeim afþreyingu mun bæta hundamenningu í borginni og hreyfingu hundaeigenda.
- Við óskum því eftir að fá að vera í samstarfi við borgina þegar kemur að útfærslum á svæðinu sem varða hundaeigendur sérstaklega eins og skerðing á göngustígum.

Upplýsingamiðlun og merkingar

Mikilvægt er að merkingar séu í lagi og séu við allar helstu gönguleiðir inn á svæðið. Það er mjög algengur misskilningur að lausaganga á svæðinu sé ekki leyfð og hundaeigendur jafnvel lent í aðkasti.

Upplýsingamiðlun er mjög mikilvæg og viljum við benda á að inná Borgarvefsjá stendur *“Lausaganga leyfð. Tekur ekki til: 1) Göngu-, reið- og akstursvega/slóða. 2) Einkalóða á svæðinu”*. Mega hundar vera lausir en ekki á göngustígum hundasvæðisins? Þetta stangast á við það sem stendur í Hundasamþykkt Reykjavíkur:

“15. grein Heimilt er að sleppa hundum lausum á eftirtöldum stöðum og svæðum: 3) Við Rauðavatn, utan göngustígs við vatnið. 5) Auðum svæðum fjarri íbúðabyggð. Hólmsheiðin hlýtur

að vera skilgreind sem autt svæði fjarri íbúabyggð.

Göngustígurinn kringum Rauðavatn er eini stígurinn á þessu svæði þar sem lausaganga hunda er bönnuð. Svona misræmi í upplýsingum Reykjavíkurborgar verður að leiðrétta til að koma í veg fyrir misskilning.



Samkvæmt nýju rammaskipulagi, verður lausaganga hunda ekki heimil á “græna stígnum” svokallaða, sem er steypur göngu og hjólastígur. Þar sem lausaganga er leyfð á svæðinu umhverfis græna stíginn, er afar mikilvægt að merkingar verði augljósar kringum stíginn og merkt áður en að hundaeigandi nálgast stíginn, svo nægur tími gefist til að kalla á hundinn og setja hann tímanlega í taum. Ef það verður ekki vel staðið að þessu, er það ávísun á slys, þar sem gera má ráð fyrir að græni stígurinn verði nokkurs konar hraðbraut hjóla í gegnum svæðið.

Einnig þyrfti að merkja reiðvegi sérstaklega þar sem það eru margar gönguleiðir sem reiðfólk virðist nota og verður reitt ef það mætir lausum hundum á göngustígnum. Það orkar tvímælis að við stíga inn á svæðið sé merkt að hestar séu bannaðir en nýlagður reiðvegur liggur nú í gegnum svæðið. Reiðhjólafólk getur einnig stofnað bæði hundum og fólki í hættu ef það er á miklum hraða á göngustígnum og þá er hættu á að hundarnir verði undir eða elti hjólin. Það er því mikilvægt fyrir öryggi allra, göngufólks, hunda reiðhjólafólks og reiðfólks hvar má fara yfir eðlilegan gönguhraða á svæðinu. Vera má að það að blanda saman hundum í lausagöngu, hestum og hjólum sé e.t.v. ekki besta uppskriftin að farsælu útivistarsvæði. En ef gripið verður til þess ráðs að skipta svæðinu eitthvað upp, er mjög mikilvægt að það sé í samráði við hagsmunaaðila, og að skipting svæðisins halli ekki á hundaeigendur.

Innviðir

Við hönnun á nýju deiliskipulagi þarf að hafa eftirfarandi innviði í huga:

- Gönguleiðir
- Bílastæði
- Ruslatunnur
- Vatnssvæði fyrir hunda
- Pikknikksvæði
- Hundafimisvæði

Gönguleiðir

Algengustu gönguleiðir hundaeigenda eru við Geitháls og Paradísardal. Malarstígar eru alveg nóg fyrir hunda og eigendur þeirra, óþarfi að steypa fína göngustíga.



Bílastæði

Eins og staðan er í dag, eru einkum 3 bílastæði þar sem hundaeigendur leggja áður en þeir leggja af stað í gönguferð, sjá kort. Mögulega þarf að skilgreina þessi bílastæði betur, stækka þau og/eða laga undirlag.

Pikknikksvæði

Fleiri bekkir og aðstæður fyrir lautarferðir þar sem hundar eru leyfðir, yrðu kærkomin viðbót fyrir hundafjölskyldur í Reykjavík.

Ruslatunnur

Fjölgun á ruslatunnum er æskileg, ef ekki nauðsynleg.



Athygli vekur að Landmótun hefur teiknað upp kort þar sem merkt er inn gönguskíðaleiðir, reiðstígar, fjallahjólaleiðir, áningarstaðir, leiksvæði, grillsvæði, salernisaðstöður og fleira. En hvergi eru teiknuð inn hundasvæði, hundaleikvöllur eða hundagerði. Það mætti skilja sem svo að þarfir hundaeigenda hafi ekki verið Landmótun ofarlega í huga við kortagerð. Það þarf snarlega að bæta úr þessu áður en deiliskipulagið verður endanlegt.

Vatnssvæði fyrir hunda

Í dag er hundum bannað að synda í Rauðavatni.

Margir hundar hafa eðlislæga þörf fyrir að synda, en því miður eru aðstæður fyrir slíkt afar sjaldgæfar fyrir hunda höfuðborgarsvæðisins. Manngerð tjörn fyrir hunda yrði vinsæl og skemmtileg viðbót við hundasvæðið á Austurheiðum. Athygli vekur að það er minnst á uppsetningu hundafimisvæðis í nýja rammaskipulaginu, en **ekki vatnssvæðis fyrir hunda!**



Hundafimisvæði

Það þekkist í mörgum almenningsgörðum erlendis að sérstök hundasvæði inni í garðinum og ákveðnir göngustígar þar í kring leyfi lausagöngu. Slík hundasvæði eru oft með leiktækjum fyrir hunda (t.d. hundafimitæki) þar sem hundar geta leikið sér, klifrað og þefað. Þannig myndi svæðið nýtast hundaeigendum enn betur og Reykjavíkurborg sýnir fordæmi í að gera ráð fyrir hundaeigendum í deiliskipulagi. Leiktækin þyrftu ekki endilega að vera skilgreind hundafimitæki, einnig væri hægt að notast við náttúrulegan og fallegan efnivið sem bæði er skemmtileg örvun fyrir hunda, og gleður auga okkar manna.



Heilbrigður lífstíll

Samhliða því að hvetja til heilbrigðs lífstíls þarf að vera skýrt að göngufólk (hvort sem það er með hunda eða ekki) njóti forgangs á göngusvæðum og séu ekki í óþarfa hættu frá hjólandi eða reiðfólki. Hundar eru á 24% heimila samkvæmt könnun MMR í október 2018, sem er 4% hækkun á þremur árum. Það er því mikilvægt að gera ráð fyrir þessum stækkandi hópi útivistarfólks og bjóða þeim upp á fjölbreyttar gönguleiðir sem leyfa lausagöngu. Innanbæjar gildir eðlilega taumskylda en það er mikilvægt að gera hundaeigendum auðveldara fyrir að hreyfa sig með hundana sína því vel hreyfðir og andlega örvaðir hundar eru ólíklegri til að valda ónæði t.d. í fjölbýli og samlagast því betur borgarumhverfinu.

Í lýðheilsustefnu Velferðarráðuneytisins stendur:

“Íslendingar ættu að vera fyrirmynd annarra þjóða við að stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum landsmanna frá vöggju til grafar. Ákvarðanir stjórnvalda skipta verulegu máli til þess að svo geti orðið.”

Margar rannsóknir hafa sýnt að hundaeign stuðli að betri andlegri og líkamlegri heilsu hundaeigenda. Varðandi líkamlegu heilsuna er skýringin líklega sú að hundar draga fólk út í göngutúra, sem er lífsnauðsynlegt fyrir okkur borgarbúa sem erum orðin kyrrsetufólk upp til hópa. Sem dæmi um rannsókn sem hefur sýnt fram á heilsuþætandi áhrif hundaeignar, má skoða eina sem framkvæmd var í Háskólanum í Uppsala, og má nálgast hana hér: <https://www.nature.com/articles/s41598-017-16118-6>

Að lokum

Félag ábyrggra hundaeigenda þakkar fyrir haft var samband við félagið og leitað þeirra áhlits en nokkur vonbrigði voru með það hversu lítið var minnst á hunda og hundaeigendur í nýja skipulaginu. Í 44 bls. tillögu fengu hundaeigendur nokkrar línur og ekkert á hunda minnst í þeim kortum sem fylgdu með. Það er í engu samræmi við fjölda þeirra hunda og hundaeigenda sem nýta svæðið á hverju einasta degi. Vonumst við hjá stjórn FÁH að þetta hafi verið yfirsjón og úr þessu verði bætt í endanlegu skipulagi.

Reykjavíkurborg

Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Mosfellsbær, 6. júlí 2020
erindi nr. 202006203/- KP

Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar

Á 519. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 3.7.2020, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

Austurheiði í Reykjavík - rammaskipulag

Borist hefur erindi frá Reykjavíkurborg, dags. 10.06.2020, með ósk um umsagnir við kynntri tillögu að rammaskipulagi fyrir Austurheiðar í Reykjavík. Athugasemdafrestur er til 28.07.2020.

Málinu var frestað vegna tímaskorts á fundi 517.

Lagt fram og kynnt. Skipulagsnefnd óskar eftir því að haft verði samráð um frekari áform um uppbyggingu við sveitarfélagamörk Mosfellsbæjar og Reykjavíkur þegar þau liggja fyrir, t.a.m. við Langavatn.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og verður yður gert viðvart ef afgreiðsla erindisins verður á annan veg í bæjarstjórn en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar


Kristinn Pálsson,
Skipulagsfulltrúi

 Skipulagsfulltrúi
Mosfellsbæjar

Málsaðili ber sjálf/ur ábyrgð á því að kynna sér hugsanlegan kostnað afgreiðslu erindis á heimasíðu sveitarfélagsins: <https://www.mos.is/stjornkerfi/fjarmal/gjaldskrar>

Athygli er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með ofangreindri samþykkt er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52.gr. laga nr. 123/2010 og lög nr. 130/2011.

Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kærja á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.



Reykjavík 6.7.2020

Skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Berist til

Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur

Björns Axelsonar og

Björns Inga Edvardsson

Félagið Græðir sem er elsta félagið á Austurheiðum gerir eftir farandi athugasemdir við Skipulag Austurheiða. Félagið áskilur sér en fremur rétt til þess að gera frekari athugasemdir á því fyrir sig og félagsmenn sína.

1. Græðir félag landeigenda gerir athugasemdir við það að skipulagssvið hafi ekki nýtt sér þá þekkingu sem til er innan raða félagsmanna þess á svæðinu. Sumar lóðir hafa verið í eigu sömum fjölskyldna í sjötíu ár og þekking þeirra því mikil á aðstæðum. Innan raða félagsmanna hafa verið vísindamenn á borð við Björn Johnsen sem tók þátt í að gera rannsóknir á gróðri um allt land á vegum atvinnudeildar Háskólans Íslands og gróður töku í Surtsey. Sú rannsóknarvinna sem hann og fleiri gerðu á svæðinu lagði grunnin að því að stór hluti Austurheiða er sú gróðurvin sem hún er í dag, sem er grundvöllurinn að því að gera þetta svæði að útivistarsvæði. Okkur þykir því skjóta skökku við að Græði skyldi vera síðasta félagið á svæðinu sem var tilkynnt um þessa skipulags vinnu og hafi ekki fengið að tala við skipulagsaðila fyrr en eftir að vinnu við það lauk.
2. Græðir gerir athugasemd við að sumarhúsabyggð á eignarlóðum sé víkjandi í skipulaginu. Það er á skjön við eignarrétt og landnotkun þar sem ekki er verið að deiluskipuleggja fyrir íbúðarbyggð eða atvinnusvæði. Skv. Skipulagslögum ætti því ekkert því til fyrirstöðu að félagsmenn Græðis geti nýtt land sitt með eðilegum hætti. Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 eru engin frístundasvæði né íbúðabyggð innan Austurheiða, þó svo að þau sumarbústaðarlönd sem eru þarna séu búinn að vera þarna í meira en hálföld. Af þeim sökum ætti núverandi íbúðar- og frístundahús sem eru inn á svæðum að skilgreinast sem frístundabyggð en ekki sem útivistarsvæði. Þó svo að þú séu skilgreind í dag sem opin svæði er ekki gert ráð fyrir íbúðarsvæðum eða frístundabyggð þar. Á rammaskipulagsupprætti er sumarhúsareitir eða eignarlönd afmarkað með punktalínu." Sem þýðir hvað? Er ekki skilgreind frístundabyggð á opna svæðinu innan Græna trefilsins? Þá væri það einnig brot á jafnræðisreglu ef einstaka frístundalóðir eru deiliskipulagðar sérstaklega og þeim landeigendum veitt aukin réttindi til nýtingar á sínum eignarlóðum og fasteignum, sbr. tillaga um nýtt og sérstakt deiliskipulag tveggja svæða nálægt Langavatni skv. Skipulaginu. Borginn verður að taka tillit til þess í skipulaginu að umrætt svæði Austurheiðar er í eigu hennar og fjölda einstaklinga sem voru komnir áður borgin keypti sinn hluta svæðisins. Þeir eiga líka réttindi sem verður að taka tillit til. Því ýtrekum við þá sangjörnu ósk okkar um að eignarlönd á svæðinu fái stöðu frístundabyggðar eins og þau hafa fengið Mosfelssveitar megin. Frístundlönd geta alveg farið hönd í hönd með útivistarsvæði. Enda hefur það sýnt sig ítrekað, að þegar snögg veðra brigði verða, þá er þeir sem búa á heiðunum mjög oft kallaðir til hjálpar þegar útivistarfólk lendir í vandræðum.
3. Græðir gerir einnig athugasemdir við það að í skipulaginu er ekki tekið á dæmdum óleyfisframkvæmdum jarðvegstíps og vegar að honum frá Reynisvatni sjá útskurð frá

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmálanr Nr. 167 2007 Hómsheiði. Óskar félagið eftir því upplýsingum hvernig borginn ætlar að taka þeim dómi.

4. Græðir óska eftir að nýjum áningarstöðum sé ekki komið fyrir það nálægt lóðarmörkum eignarlóða vegna þess að ónæði skapist af þeim fyrir landeigendur. Þar sem stærð Austurheiða ætti auðveldlega að leyfa slíkt. Þá er einnig lögð áhersla á að tryggð verði reglubundin sorphirða og viðhald áningarstaða. Ef sett eru upp útigrill þá þarf að tryggja að ekki skapist eldhætta þar sem mikið skóglendi er á svæðinu og gæti eldur hæglega borist í gróin eignarlönd. Tryggja þarf að aðgengi sé að vatni við útigrill.
5. Græðir gerir athugasemdir við það að í skipulaginu er gert ráð fyrir að ekki verið fjölgað vegum á svæðinu og þeir vegir sem eru á svæðinu verði notaðir, en flestir þeirra hafa verið gerðir af félagi landeigenda Græði samkvæmt vegalögum og eru því raun eign Græðis. Það að Græði hafi á sínum tíma heimilað Reykjavíkurborg afnot af vegum félagsins til gróðursetningar á svæðinu, þýðir það ekki að borginn geti ráðstafað vegunum til annara aðila til notkunar. Þrátt fyrir að Græðir hafi veit þessi af not að vegum sínum hefur borgin ávalt hafnað framlagi til veganna vegna þess að þetta séu einkavegir. Með sama hætti veitt félagið Landsvirkjun afnot af vegunum, vegna línuframkvæmda á sínum tíma og gegn greiðslu. Þegar mótshalar á rallí sem átti að fara fram á Austurheiðum óskuðu eftir því að fá halda keppni þar þá benti Reykjavíkurborg þeim á að þeir yrðu að semja við Græði þar sem Græðir væri eigandi veganna. Áform um áningarsvæði með stóru bílastæði og verulega uppbyggingu útivistaraðstöðu í Almannadal virðist byggja á aðkomu um Mjóadalsveg sem er einkavegur skv. þinglýstu afsali eignarlóða úr Reynisvatnslandi líkt og við Langavatn. Ekkert samráð hefur verið haft við lóðareigendur á svæðinu um þessi áform. Áður en þetta skipulag getur farið fram þá þarf að fá samkomulagi við Græði varðandi notkun vegana. Til að það geti orðið þurfa menn að setjast niður og semja. Græðir hefur ítrekað óskað eftir viðræðum við borgina og það tilboð stendur en.
6. Græðir gerir athugasemdir við að tímabundinn aðstaða fisflugvöllar sé fest í sessi. Reynsla félagsmanna í Græðis er erfið af þessum rekstri þar sem litlar sem engar reglur gilda um flug fisvéla, það er véla sem eru upp að 650 kílóum. Umtalsvert ónæði er af flugi ákveðinna flugmanna sem fara ekki eftir reglum um flughæð, auk þess að töluverð brögð hafa verið á því að einhverjir kúrekar séu að stunda steypiflug yfir sumarhúsum félagsmanna, eða eru í því að smala gæsurnar á Langavatni á haustin. Höfum við áhyggjur af því að þetta lá flug á mjög háværum smá vélum geti fælt hesta og hunda og orðið til að spilla útivistar ánægju gangandi vegfaranda í kyrrð heiðarinnar. Einnig er það um hugsunar efni að flug umferð er að aukast mikið á fisvöllinn enda eru komnar 7 flugskemur og hann er einungis steinsnar frá stærsta háspenumannvirki borgarinnar og ef stærstu fisvélunum hlekkist á, þá eru þær það þungar að þær geta tekið út rafmagnið af borginni.
7. Græðir gerir athugasemdir vegna þess að reiðleiðir eru teiknaðar eftir akvegum félagsins. Einnig óskar félagið eftir því haft verið samráð við félagið þar sem reiðvegir hafa verið lagðir í óleyfi um lönd félagsmanna. Ekki hefur verið haft samráð við landeigendur á svæðinu um legu stíga og reiðslóða, sbr. nýr reiðvegur frá tengivirki í Almannadal og norður fyrir Mýrarskyggni. Tryggja verður að stígalagning sé í sátt við landeigendur og skapi þeim ekki ónæði. Þá þarf að tryggja að vélknúin ökutæki nýti ekki göngustíga eða reiðslóða. Reiðleiðir: ekki verður betur séð en það sem merkt er „ný reiðleið“ (græn) efst í Almannadal hafi verið lögð á síðasta ári! Einnig er setur reiðvegur um akveg félagsins við langavatn. Voru þeir reiðslóðar á samþykktu skipulagi?

Græðir hefur um árabíl óskað eftir samráði um skipulag svæðisins við litlar undirtektir Reykjavíkurborgar. Hafa félagsmenn Græðis þurft að þola að eignaréttur þeirra hafi verið

takmarkaður með vatnsvernd, banni við þinglýsingum, landi til framtíðar nota og ýmsum öðrum tæknilegum hindrunum. Er þess vænst að með þessu nýja skipulagi verði gerð bragarbót á því. Félagsmenn Græðis vilja fá að nýta sínar eignarlóðir og fá aðgengi að heitu og köldu vatni og rafveitu á jafnræðisgrundvelli og til jafns við aðra aðila á svæðinu s.s. Fisfélagið, sem veitt var tímabundið leyfi fyrir athafnasvæði. Hesthúsabyggð í Almannadal þar sem deiliskipulagi var breytt til þess að hesthúsaeigendur gætu nýtt efri hæð til búsetu. Félagsmenn græðis óska einungis eftir að fá að nýta lönd sýn með eðlilegum hætti eins og aðrir borgara Reykjavíkur ganga að sem sjálfsgöðum hlut. Þetta er allt hægt að leysa með samningum og óskum við því við Borgaryfirvöld að sest verði niður með okkur málinn verði leyst á Austurheiðum með samtali og samningum, í stað þeirra málaferla og kærumála, sem hafa kostað báða aðila stór fé hingað til.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd stjórnar Græðis,

Guðmundur S. Johnsen



Rammaskipulag Austurheiða

Umsögn reiðveganefndar Fáks

Reiðveganefnd Fáks er mjög óánægð með ferlið í þessari vinnu, við vorum full tilhlökkunar að sjá uppbyggingu nýrra reiðleiða á svæðinu.

Við vorum boðuð á einn fund áður en vinnan hófst og tilkynnt að haft yrði samráð við okkur, síðan vorum við ekki boðuð á einn einasta fund til að kynna okkur tillögur í vinnslu og aldrei kallað eftir okkar óskum, þó við hefðum óskað sérstaklega eftir því að leggja inn okkar tillögur í vinnuna. Við vissum aldrei hvar málið var statt í ferlinu fyrr en auglýsingin kemur fram með fullmótuðum tillögum.

Það er einkennilegt að teiknistofa sem ráðin er til verksins skuli ekki að eigin frumkvæði leggja til reiðleiðir í nýju skipulagi vitandi af svo stórum notendahópi á svæðinu.

Streymiskynningarfundur er boðaður með dags fyrirvara og ekki opnað á neitt samtal við einn stærsta notendahóp þessa svæðis.

Tillagan sem hér er kynnt er meingölluð og illa unnin, ein helsta reiðleið okkar um Almannadal að undirgöngum undir Suðurlandsveg er sýnd sem gönguleið með leiksvæðum og bílastæðum beggja megin sem dæmi. Þessi reiðleið er auk þess aðal samgönguleiðin á milli hesthúsasvæða frá Hafnarfirði/ Reykjanesi að Mofellsbæ og áfram að reiðleiðatengingum á landsvísu.

Það vantar margar reiðleiðir og reiðslóðar eru sýndir sem gönguleiðir og í tillögunni er ekki ein einasta ný tillaga að reiðleiðum eða áningasvæðum hestamanna.

Í heildartillögu svæðisins er varla hægt að greina reiðleiðir, þar sem þær fáu sem sýndar eru hverfa í grunnlit teikningarinnar.

Það eru mikil vonbrigði að ekki hafi verið vandað betur til verka og skoðað betur hvað er á svæðinu og viljinn til að vinna jafnt fyrir alla notendahópa hafi ekki verið meiri.

Það virðist ítrekað gleymast að hestamenn á höfuðborgarsvæðinu eru skráðir um 6000 og þá eru bara taldir þeir sem eru skráðir í hestamannafélög.

Það má líka benda á að hestaleigur og fjölsóttir reiðskólar fyrir börn eru í nágrenninu og kjörið tækifæri til að bæta aðstöðu fyrir þann hóp líka.



Á fundi sem við óskuðum eftir og var haldinn þann 26. Júní með skipulagshöfundum, Óskari Erni Gunnarssyni frá Landmótun (í streymi) og forráðamönnum borgarinnar þeim Birni Inga Eðvarðssyni og Þórólfi Jónssyni, var okkur þó lofað því að augljós mistök verði lagfærð og tillagan unnin frekar í samráði við reiðveganefnd Fáks, sem dæmi:

1. Göngleið á aðal reiðleið í Almannadal og staðsetning leiksvæða
2. Unnið verði með nýjar reiðleiðir í skipulaginu í samráði við Fák
3. Áningastöðum hestamanna verði fjölgað og a.m.k gert ráð fyrir einu fyrir lengra stöpp, þar sem hægt er að spretta af hestum og setja í hólf, sambærilegt og í Gjármótum í Heiðmörk (Garðabæjarmegin)

Við treystum því á þetta ferli og að rammaskipulagið verði lagfært í samstarfi við reiðveganefnd Fáks. Það er mikilvægt að þessi stefnumörkun um notkun svæðisins nái inn í tillöguna, þó svo að deiliskipulag verði síðar unnið og jafnvel í áföngum.

Reykjavík 07.07.2020

Fyrir hönd hestamannafélagsins Fáks

formaður reiðveganefndar

Dagný Bjarnadóttir

USK Skipulag

Frá: Begga Rist <begga@islenskihesturinn.is>
Sent: 7. júlí 2020 18:38
Til: USK Skipulag
Efni: Athugasemdir varðandi deiliskipulag í kynningu - Austurheiðar

Athugasemdir varðandi deiliskipulag í kynningu- Austurheiðar

Þar sem við hestafólk notum og höfum notað þetta svæði til útivistar í mörg ár og gjörþekkjum bæði þarfir og umgengni ólíkra hópa vil ég koma eftirfarandi á framfæri.

Ég sé strax á kortinu að það vantar innsýn og þekkingu í hestamennsku, en hestamennskan er sú útivist sem er nú þegar á staðnum og hefur verið allt frá landnámi. Þegar hesturinn var þarfasti þjónninn þá þekktu allir Íslendingar til hesta og viðbragða þeirra en það hefur breyst á seinni árum þar sem hlutverk hestsins í dag tengist íþróttum, æskulýðsstarfi, ferðamennsku og útivist.

Við áttum okkur á að nú hafa fleiri útivistarhópar áhuga á að nota svæðið en það er um leið brýnt að sá hópur sem nú þegar notar svæðið verði ekki settur í stór hættu. Það er ákaflega brýnt að það verði tekið upp samtali þar sem við hestafólk getum veitt upplýsingar um hvað hafa ber í huga við hönnun þar sem ríðandi umferð fer um.

Ég vil nálgast þetta í sátt og samlyndi og hafa ánæju og öryggi að leiðarljósi. Í gegnum fjölda ára hef ég farið með hópa allt frá byrjendum í þau vana knapa, börn, ungmenni, miðaldra og gamalt fólk. Hestamennskan brúar kynslóðabilið. Ég þekki vel viðbrögð hesta og einnig viðbrögð þeirra sem mæta okkur - sem oft meina vel en vita ekki hvernig á að mæta hesti. Það hefur mjög mikið að segja fyrir okkur hvernig reiðstígar eru hannaðir. Bæði hvað varðar upplifun og öryggi. Við erum eini útivistarhópurinn sem er á sjálfstætt hugsandi farartæki. Tökum sem dæmi að reiðhjól getur ekki undir nokkrum kringumstæðum hræðst hest.

Vegna mikillar reynslu minnar af að fara með fólk á öllum aldri í útreiðartúra um þetta svæði þá bíð ég fram krafta mína til að útskýra hvað ber að hafa í huga þegar hannaðir eru vegir/stígir er varða eða koma nálægt hestum/reiðstígum og hesthúsabyggð. Ég geri þetta með það fyrir augum að koma í veg fyrir slys og óþægindi sem skapast ef ekki er betur að gáð við gerð þessa verkefnis.

Einnig vil ég benda á að Dagný Bjarnadóttir landslagsarkitekt og Formaður reiðveganefndar Fáks þekkir og skilur hvað er brýnt í þessu. Það er því alveg upplagt að hafa hana með í ráðum.

Ég óska hér með eftir fundi með þeim sem málið varðar því þetta er svo mikilvægt fyrir okkur en ekki síður komandi kynslóðir. Þetta varðar ekki einungis hestafólk því það er ákaflega óþægilegt fyrir þann einstakling sem væri valdur af slysi eða óþægindum - það er ekkert skemmtilegt upplifun fyrir neinn.

Á kortunum eru núverandi reiðvegir ekki endilega merktir sem reiðvegir heldur gönguleiðir. Ég kom ekki auga á neinn nýjan reiðstíg en sá því miður að einhverjir reiðstígar sem við notum í dag og höfum gert í mörg ár er eru sumir hverjir ekki merktir sem slíkir heldur eru á kortinu merktir sem t.d. gönguleiðir. Hesthúsabyggðin á svæðinu er að stækka og því öfug þróun að fækka reiðstígum. Þarna gætir einhvers misskilnings sem þarf að laga. Framtíðarsvæði Fáks er þarna á svæðinu og því þarf nú þegar að huga að fjölgun reiðvega á svæðinu og öryggi hestafólks.

Ég harma það mjög að það eigi að þrengja svo mjög að þessum hóp útivistarfólks. Elliðaárdalurinn var malbikaður fyrir ekki svo löngu og er því að mestum hluta óreiðfær. Það getur ekki verið stefna Reykjavíkur borgar að þrengja svo mjög að þessum mikilvæga hóp útivistarfólks. Hestamennskan gerir borgina okkar miklu meira spennandi, fyrir okkur sem hér búum en einnig líka á heimsmælikvarða.

Mikilvægt er að átta sig á að hestamennskan á höfuðborgarsvæðinu er mjög staðbundin. Fólk verður að geta farið í reiðtúr frá hesthúsinu og svo reiðleiða á milli svæðanna. Það er hesthúsahverfi bæði í Fjárborg og í Almannadal. Um er að ræða framtíðar svæði Hestamannafélagsins Fáks. Á svæðinu er mikil uppbygging og mikilvægt fyrir alla sem koma að hönnun á eða í kringum svæðið að glöggva sig á að hestafólk verður að geta farið í útreiðartúr frá hesthverfunum. Öll hin umferðin (gangandi, keyrandi og

hjólandi) geta farið einn daginn niður í miðbæ og næsta dag að Perlunni, útá Gróttu.....osfrv. . Því er svo brýnt að leggja á það höfuð áherslu að þessi stóri útivistarhópur fái notið sín og þurfi ekki að vera í lífshættu sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir með skipulagi, skilningi og samtali.

Á kortinu má finna spennandi grill og áningastaði víða sem er skemmtileg hugmynd. Hvergi er gert ráð fyrir þessu í tengslum við hestamennsku. Endilega ekki gleyma þessum útivistarhóp. Það er upplagt að hafa gerði þar sem hestarnir geta velt sér meðan hestafólkið grillar og spjallar saman.

Talað eru um aðgreiningu ríðandi og gangandi umferðar með grænu belti og trjám. Annarsstaðar er talað um að göngustígar séu líka fyrir hjólandi umferð. Parna verður að fara varlega því þetta getur skapað mikla hættu. Myndin sem fylgir er frá stíg við Elliðavatn og þar er ekkert grín fyrir hvern sem er að fara ríðandi eftir þeim stíg. Svæðið sem hér um ræðir (Austurheiði) er svo stórt að það er á flestum stöðum upplagt að láta þetta ekki skarast á þennan máta. Þetta þarf að skoða betur.

Það á að fjölga bílastæðum og hjólreiðastæðum og er það alveg ljómandi en um leið er talað er um að hestagerði séu til staðar og ekkert áformað um að bæta þau eða bæta við. Þessi hestagerði sem nefnd eru eru í raun ekki hesta gerði því það er ekki hægt að sleppa hesti þar inn og loka. Heldur eru þetta tré stólpar þar sem hestamenn geta áð í skamman tíma. Ekkert raunverulegt hestagerði er á staðnum. Það væri hins vegar alveg upplagt að búa til alvöru hestagerði og bæta áningaraðstöðu fyrir hestafólk.

Á korti númer 215 er mynd af bílastæði og salerninsaðstöðu öðru megin við reiðveg og hinu megin reiðvegur er gert ráð fyrir ærslabelg, strandblaki og fleira. Ég veit varla hvernig ég á að koma orðum að þvíen þetta er alveg galið! Þetta er grafalvarlegt! Þetta sýnir mjög skýrt að það þarf samtali til að auka skilning. Enn og aftur bíð ég fram krafta mína því ég átta mig líka á því að það er ekki mikil gleði sem fylgir því að nota gleði garð, hoppa og skoppa og um leið valda öðrum fjörtjóni. Garðurinn á svo sannarlega rétt á sér og er skemmtileg hugmynd - bara alls ekki á þessum stað. Kannski væri sniðugt að færa þá hugmynd nær Hádegismóum? Það var í fréttum um daginn að Skátarnir ættu jafnvel að fara í Hádegismóa og svona ærslagarður gæti aldeilis dansað skemmtilega við þá starfsemi. Þannig að allir fái að njóta sín.

Ég geri því alvarlegar athugasemdir varðandi öryggi og ánægju ríðandi umferðar á þessu skipulagi. Ég harma það að þrengt sé svo mjög að hestafólki og óska þess að Reykjavíkurborg sjái að það er lyftistöng fyrir borgina að við eigum svo spennandi útivist sem hestamennskan er. Það eru ekki allar höfuðborgir sem geta státað af þessu og við eigum að vera stolt af þessu og gera hestinum miklu hærra til höfuðs.

Endilega ekki gleyma þessum skemmtilega útivistarhóp - og munum alltaf að:

- hesturinn er flóttadýr í eðli sínu
- hesturinn nær til allra aldurshópa og brúar kynslóðabilið.
- um þetta svæði fara reiðmenn á öllum aldri á ólíkum tímum
- um svæðið fara reiðskólar
- um svæðið fara hestaleigur
- hesturinn er eina sjálfstætt hugsandi farartækið sem fólk á Íslandi ferðast á
- hestafólk hefur notað þetta svæði í alda raðir, löngu áður en nokkrum datt í hug að hjóla eða skokka
- fólk stundar hestamennsku m.a. til að finna frelsi og vera nálægt óspilltri náttúru og hressandi útiveru.
- hestamennskan gerir Reykjavík fjölbreyttari og meira spennandi borg
- fjöldi útlendinga kemur á ári hverju og dáist að og upplifir hestinn (þau koma auga á hestinn og frelsið)
- fjöldi útlendinga bendir okkur einnig á að við verðum að passa þessar reiðleiðir sem eru í Reykjavík svo þetta verði ekki eins og í öllum hinum borgunum. (Einhverjir bæir í Danmörku eru þó farnir að taka við sér og reyna að búa til hestasvæði - því það er spennandi, skemmtilegt og í takt við hugsanagang komandi kynslóða)
- Samkvæmt félagatali Landssambands Hestamannafélaga eru tæplega 5000 manns á Höfuðborgarsvæðinu skráðir í hestamannafélög. (þar fyrir utan er mjög stór hópur sem ekki eru skráðir félagar).
- Landsmót hestamanna er einn strærsti viðburður hérlendis - árið 2018 var mótið haldið í Reykjavík og í skýrslu framkvæmdastjóra kemur fram að veðrið hafi ekki verið skemmtilegt og því færri gestir er ella en í skýrslunni segir enn fremur: "Heildarfjöldi gesta þegar mest var í brekkunni á laugardagskvöldi var á bilinu 8.500- 9.000 sem er nokkuð undir fyrstu markmiðum sem aðstandendur mótsins settu sér".
- Hesturinn er geysilega vinsæll og því mikilvægt að þessi útivistarhópur verði ekki útundan.
- Íslenski hesturn er geysilega vinsæll. Hér á landi eru um 80.000 hestar.

- Íslenski hesturinn er vinsæll um allan heim. Gaman að geta þess að bara í Þýskalandi eru u.þ.b. 50.000 íslenskir hestar og í Svíþjóð 48.000 og Danmörku 45.000.
- Íslenski hesturinn er því margt í senn, t.d. vinur, útivistarfélagi, íþróttafélagi, þjálfari (t.d. fyrir fatlaða, fólk með kvíða og krabbameinssjúklinga svo eitthvað sé nefnt), skemmtun fyrir börn og fullorðna, farartæki sem flytur fólk - líka milli landshluta.
- Íslenski hesturinn er glæsilegur og traustur fulltrúi þess sem íslenskt er bæði hér heima og erlendis.

Ég vona innilega að hlustað verði eftir því sem ég hef farið yfir í þessu og að ég verði boðuð til fundar í framhaldinu þannig að skilningur ríki og samtalið náist. Ég hef einlægán áhuga á að finna þessu fallegan farveg og koma í veg fyrir slys og önnur óþægindi.

Bestu kveðjur,
Bergljót Rist
ÍSLENSKI HESTURINN - THE ICELANDIC HORSE
www.theicelandichorse.is





LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

STOFNAÐ 1949

Íþrótt, menning, lífsstíll

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
skipulag@reykjavik.is

Reykjavík 7. júlí 2020

Efni:

Austurheiðar, rammaskipulag.

Landssamband hestamannafélaga (LH) gerir eftirfarandi athugasemdir við rammaskipulag Austurheiða:
Fyrirhuguð reiðleið af Austurheiðum um Úlfarsárdal með tengingu við reiðveg meðfram Vesturlandsvegi við Úlfarsá er ekki sýndur (er á aðalskipulagi Reykjavíkur).

Athugasemd er gerð við að ekki er sýnd reiðvegatenging frá hesthúsasvæði í Almannadal að og með Hellisheiðaræð að sveitarfélagamörkum. Er á skipulagi Mosfellsbæjar sem reiðvegur um Sólheimakot og áfram austur um Mosfellsheiði.

Athugasemdir eru gerðar við staðsetningu bílastæða og leiksvæða við eina fjölmennustu reiðleið höfuðborgarsvæðisins þ.e. reiðleið frá undirgöngum undir Suðurlandsveg upp Almannadal og og áfram upp á heiðar.

Athugasemd er gerð við þá breytingu reiðleiðar þar sem hún þverar Hólmsheiðarveg og er sett á akveg (Langavatnsveg) að sveitarfélagamörkum við Óskot.

LH bendir á að mikill fjöldi hestamanna stundar hestamennsku á því svæði sem í einu nafni kallast Austurheiðar. Stofnleiðir reiðleiða liggja um þetta svæði, reiðleiðir milli hesthúsahverfa höfuðborgarsvæðisins og milli landshluta.

5600 manns eru skráðir í hestamannafélög á höfuðborgarsvæðinu, reglan er sú að 2-3 fylgja hverjum skráðum félaga, því má gera ráð fyrir að 12 ó 15.000 manns stundi hestamennsku á höfuðborgarsvæðinu.


LH hefur á liðnum árum lagt til umtalsverða fjármuni til uppbygginga og viðhalds reiðvega á ofangreindu svæði í góðu samstarfi við hestamannafélagið Fák.

Virðingarfyllst

Halldór H. Halldórsson
form. Ferða- og samgöngunefndar LH.

Fylgigögn:
Kort af reiðleiðum frá Austurheiðum og nágr.

Rauðar línur á korti eru núverandi reiðleiðir
Grænar línur eru samkvæmt aðalskipulagi, en ekki orðnar að veruleika.



1km

©Loftmyndir 2020 | Myndir frá: 2019, 2017

USK Skipulag

Frá: Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir <soley@skipulag.is>
Sent: föstudagur, 10. júlí 2020 15:50
Til: USK Skipulag; Björn Ingi Edvardsson
Efni: Rammaskipulag Austurheiða

Góðan daginn,

Skipulagsstofnun hefur borist með tölvupósti þann 10. júní 2020, erindi þar sem óskað er eftir umsagnar vegna rammaskipulags Austurheiða.

Það er ekki lögbundið hlutverk stofnunarinnar að yfirfara tillögur rammaskipulags, þar sem þær hafa ekki lögformlegt gildi, nema um sé að ræða rammahluti aðalskipulags sbr. gr. 4.9 í skipulagsreglugerð. Stofnunin veitti umsögn vegna deiliskipulagslýsingar fyrir sama svæði, dags. 21. mars 2018.

Með kveðju,
Sóley

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

Sérfræðingur, svið deiliskipulags / Specialist, Neighbourhood and Site Planning
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165

soley@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun



Reykjavík, 10. júlí 2020

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

Athugasemdir Veitna við tillögu að rammaskipulagi fyrir Austurheiðar.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 13. maí 2020 og borgarráðs 28. maí 2020 var lögð fram tillaga að rammaskipulagi fyrir Austurheiðar. Markmið skipulagsins er að tryggja samræmingu landnotkunar innan svæðisins, m.a. afmörkun og skilgreining svæða eftir nýtingu þeirra, skapa fjölbreytt og aðgengilegt útivistarsvæði, auk þess að ákvarða og skilgreina legu helstu vegtenginga og göngu-, hjóla og reiðleiða um svæðið.

Hagsmunir Veitna á svæðinu

Samráð átti sér stað við Veitur við undirbúning skipulagsins og í minnisblaði dags. 13. júní 2019 þar sem gerð er grein fyrir hagsmunum Veitna sem óskað var að gerð yrði grein fyrir í greinargerð og uppdrætti rammaskipulagsins.

Veitur hafa rýnt greinargerð og uppdrátt rammaskipulagsins og óska eftir að texti verði uppfærður í samræmi við eftirfarandi athugasemdir:

Rafmagn

Háspennulagnir Landsnets liggja einnig yfir skipulagssvæðið, og væri æskilegt að fjallað yrði um þær í greinargerð og á uppdrætti.

Bæta við undir umfjöllun um áform Veitna (á bls. 37): „...í austur út frá A12. *Settar verða niður smádreifistöðvar á svæðinu, sem koma í stað núverandi loflínudreifistöðva. Staðsetning dreifistöðva ræðst af legur fyrirhugaðrar háspennustengja, sem verða lagðir í stað háspennuloflína.*“

Hitaveita

Veitur benda á að umrætt svæði er eitt af mikilvægustu svæðum hitaveitu fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Allt vatn frá bæði Nesjavallavirkjun og Hellisheiðarvirkjun fer yfir svæðið áður en því er dreift til notenda. Mikilvægt er að skerða ekki möguleika hitaveitu á að reisa nauðsynleg mannvirki til að anna íbúafjölgun komandi áratuga.

- Tvöföldun 900mm suðuræðar frá tönkum að Rauðavatni er í undirbúningi. Það krefst veglagninga yfir óraskað svæði og mögulega þarf að viðhalda slóðum til framtíðar vegna þjónustu við þessar lagnir.

- Hönnun dælustöðvar á tankasvæði er á undirbúningsstigi og mögulega þarf að stækka núverandi deiliskipulagsreit til suður vegna þess.

Vatnsveita


Umfjöllun í greinargerð er fullnægjandi.



Fráveita

Engin fráveita er á skipulagssvæðinu, en á uppdrætti eru sýnd nokkur almenningssalerni. Engar safnlagir fráveitu Veitna eru innan svæðisins við Austurheiðar og því þarf að leysa frárennismál við almenningssalernin með staðbundnum lausnum eins og t.d. rotpróm. Enn fremur er athugi er vakin á eftirfarandi mannvirkjum Veitna í nágrenni skipulagssvæðisins (sjá einnig kort).

- Selás er með neyðaryfirfall sem endar í læk sem fer í Rauðavatn. Erum búin að vera að auka rekstraröryggi á þessari stöð samhliða framkvæmdum hitaveitunnar við Suðuræð. Regnvatn frá upplandi Selás er leitt út í Rauðavatn.
- Almannaadalur er lítil dælustöð sem þjónar hesthúsahverfinu, ekkert eiginlegt neyðaryfirfall er á stöðinni, en ef hún bilar þá fer skólpi út í móa. Erum að skoða tengingar við varaafli til að minnka áhættu af skólpi á yfirborði. Í hesthúsahverfinu er tvöfalt fráveitukerfi, regnvatn fer út í móann neðan við dælustöðina við Almannaadal.
- Ef uppbygging verður á Hólmsheiði munu stofnlagnir fráveitu þaðan tengjast núverandi fráveitukerfi við Almannaadalinn.



Athugasemdir við greinargerð

Veitur gera athugasemdir við texta á bls. 17 og 33 í greinargerð þar sem fjallað er um Veitur, en þar er vísað til mannvirkja Orkuveitunnar þar sem standa ætti mannvirkja Veitna. Enn fremur er einungis fjallað um mannvirki hitaveitu. Æskilegt væri að uppfæra þennan texta varðandi hitaveitu og rafmagn í samræmi við athugasemdir hér að ofan.

f.h. Veitna

Umhverfis- og skipulagsstjóri Veitna

USK Skipulag

Frá: Guðný Gerður Gunnarsdóttir <gudnygerdur@minjastofnun.is>
Sent: 23. júlí 2020 16:48
Til: USK Skipulag
Afrit: Minjavarsla
Efni: Austurheiðar Reykjavík - rammaskipulag
Viðhengi: GGG.files/image001.jpg

Góðan dag.

Með tölvupósti dags. 10. júní óskar Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar umsagnar Minjastofnunar Íslands um rammaskipulag Austurheiða í Reykjavík.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi, sbr. 3. grein regla um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019. Ákvæði um skráningu vegna aðalskipulags eiga við rammaskipulag, sbr. 17. lið, 2. greinar skipulagssлага nr. 123/2010, um rammahluta aðalskipulags.

Minjastofnun Íslands hefur kannað stöðu skráningar hjá Borgarsögusafni og fengið staðfest að skráningu menningarminja innan skipulagssvæðis er í vinnslu en er ekki lokið.

Minjastofnun mun meta hvort og þá hver áhrif rammaskipulag hefur á menningarminjar þegar skráning hefur borist stofnuninni til staðfestingar sbr. 4. mgr., 15. greinar laga um menningarminjar nr. 80/2012

Með kveðju / Kind regards / Venlig hilsen

Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis / Cultural Heritage Manager for Reykjavík
Minjastofnun Íslands / The Cultural Heritage Agency of Iceland / Íslands kulturarvsstyrelse
Suðurgata 39 | 101 Reykjavík | Sími/Tel. 5701300 | Fax: 5701301

gudnygerdur@minjastofnun.is / www.minjastofnun.is



Minjastofnun
Íslands

Reykjavíkurborg
B/t umhverfis- og skipulagssviðs
Björns Inga Edvardssonar

Reykjaví, 24. ágúst 2020.

Efni: Skipulag Austurheiðar. Krafa Græðis félags landeigenda við Langavatn, Almannadal og Vegafélagsins um breytingu á aðalskipulagi fyrir Hólmsheiði, fyrir frístundabyggð við Langavatn og Almannadal.

Undirrituðum lögmanni Þórði Heimi Sveinssyni, hefur verið falið fyrir hönd Græðis félags landeigenda við Langavatn, Almannadal og Vegafélagsins á sama stað, að koma á framfæri kröfum þeirra um breytingu á aðalskipulagi Hólmsheiðar (Austurheiða) en markmið breytingatillögu er:

1. Að landeigendur í félaginu fái að byggja hæfileg sumarhús á eignarlöndum sínum.
2. Að landeigendur í félaginu sem eiga fyrir 50 fermetra sumarhús á eignarlöndum sínum fái að stækka þau í hæfileg sumarhús.
3. Að landeigendum í félaginu sem eiga hús á svæðinu eða fá að byggja hús á svæðinu fái afnot af vatni, hita og rafmagni.

Félagið Græðir, félag landeigenda í Óskots og Reynisvatnslandi við Langavatn, Almannadal og Vegafélagið eru langelstu félögin á Austurheiðum. Hafa fulltrúar þeirra átt í nokkrum samskiptum við Reykjavíkurborg í gegnum tíðina út af ýmsum málum. Skipulagsyfirvöldum ætti því að vera fullkunnugt um tilvist þeirra en Græðir er um 100 manna félag þar sem félagsmenn eiga um 30 eignarlönd við Langavatn og Almannadal, þ.e. að margir eigendur eru um sama land sem sumir hafa fengið í arf en aðrir keypt. Nokkrir af þessum landeigendum eru þegar með sumarhús og hafa haft í tugi ára en aðrir hafa ekki fengið að byggja sumarhús þrátt fyrir að hafa erfð eða keypt þar eignarlönd. Tilgangurinn með því að eiga land á þessum stað er sá að geta verið þar og notið útivistar auk þess að hafa þar sumarhús en þau sem fyrir eru rúma ekki eða illa fjölskyldur nútímans vegna smæðar sinnar. Þá eru aðrar landeigendur afar óhressir með að fá ekki að byggja á rúmgóðum löndum sínum sumarhús.

Í kröfum landeigenda er einungis farið fram á mega stækka og /eða byggja sumarhús sem eru í hlutfalli við nýtingarhlutfall lóðar og/eða hæfilega stór með þeim þægindum og rými sem krafa er um í dag. Í þessu sambandi hafa landeigendur hug á að viðkomandi sumarhús falli vel að umhverfinu og séu lágreist jafnvel í skjóli trjáa og hæða þannig að ekki sjáist mikið til þeirra frá vegum á svæðinu. Ættu sumarhúsin því að vera til ánægju en engum til ama og ekki að sjá að útivistarfólk beri skarðann hlut frá borði nema síður sé eins og nánar verður komið að. Í þessu sambandi verður að líta til þess að þegar eru fyrir á svæðinu sumarhús og því um nokkurs konar frístundahús að ræða en einmitt slík byggð er steinsnar frá í landi Mosfellsbæjar sem heimilað hefur frístundabyggð og því í raun ekki um mikla breytingu á umhverfinu að ræða.

Framangreindar kröfur byggjast að öðru leyti á eftirfarandi röksemdum:

1. Uppgræðsla á stórum svæðum Hólmsheiðar á vegum landeigenda:

Sum löndin/lóðirnar hafa verið í eigu sömu fjölskyldna í um sjötíu ár og þekking þeirra því mikil á aðstæðum á heiðinni. Þá hafa verið innan raða félagsmanna vísindamenn á borð við Björn Johnsen sem tók þátt í að gera rannsóknir á gróðri m.a. annars á Hólmsheiði í samráði við Ólaf á Reynisvatni fyrrum eiganda landsins. Sú rannsóknarvinna sem hann og fleiri gerðu á svæðinu lagði grunninn að því að stór hlut Austurheiða er nú sú gróðurvin sem hún er í dag og útivistarsvæði. Skýtur því nokkuð skökku við að afkomendur þessara aðila og aðrir landeigendur í Græði sem hafa einnig ræktað sín lönd mega ekki stækka bústaði sína til að koma fjölskyldum sínum þar saman og/eða fá ekki að byggja hæfilega bústaði til að njóta þeirrar útivistar sem foreldrar þeirra lögðu grunninn að. Það væri því ekki verið að tala um þetta svæði sem útivistarsvæði nema fyrir mikið og óeigingjarnt starf forfeðra margra þeirra sem eiga þarna lóðir í dag.

2. Frístundabyggð á Hólmsheiði:

Ljóst er, að til að breytingartillaga að aðalskipulagi Austurheiða ná fram að ganga þarf Reykjavíkurborg að samþykkja frístundabyggð eins og Mosfellsbær gerði á löndum við Langavatn sbr. meðfylgjandi auglýsingu 2019.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Reykavíkur 2010-2030 eru engin frístundasvæði né íbúðabyggð innan Austurheiða, þó svo að á sumum sumarbústaðalöndum séu þegar fyrir sumarhús sem hafa verið þarna í tugir ára og því þegar vísir að frístundabyggð á svæðinu. Af þeim sökum ættu núverandi sumarbústaðir sem eru inn á svæðinu að skilgreinast sem frístundabyggð en ekki eingöngu sem útivistarsvæði. Græðir gerir athugasemd við að sumarhúsabyggð á eignarlóðum sé víkjandi í skipulaginu. Það er á skjön við eignarrétt og landnotkun þar sem ekki er verið að deiliskipuleggja fyrir íbúðarbyggð eða atvinnusvæði. Samkvæmt skipulagslögum ætti því ekkert að vera því til fyrirstöðu að félagsmenn Græðis geti nýtt land sitt með eðlilegum hætti.

Þá telja umbjóðendur mínir það brot á jafnræðisreglu að á sumum lóðum eru sumarhús en á öðrum lóðum jafnvel við hliðina má ekki byggja en í dag eru engin verndarsjónarmið til staðar m.a. um vatnsvernd á svæðinu. Þá er í landi Mosfellsbæjar frístundabyggð eins og áður er getið við hliðina á lóðum við borgarmörkin m.a. við Langavatn. Einnig væri það brot á jafnræðisreglu ef einstaka frístundalóðir eru deiliskipulagðar sérstaklega og þeim landeigendum veitt aukin réttindi til nýtingar á sínum eignarlóðum og fasteignum, sbr. tillaga um nýtt og sérstakt deiliskipulag tveggja svæða nálægt Langavatni sbr. rammaskipulagsupprátt.

Umrætt svæði Austurheiðar er bæði í eigu Reykjavíkurborgar og fjölda einstaklinga sem voru komnir á svæðið áður en borgin keypti sinn hluta svæðisins. Þeir einstaklingar verða því að geta átt réttindi um byggð sem verður að taka tillit til því grundvöllur allra kaupa á lóðum og landi á svæðinu var og er að geta byggt þar sumarhús. Flestir þeir sem byggja sér sumarhús gróðursetja plöntur og tré til að fá skjól og fela hús sín og því ber minna á slíkum húsum en ella fyrir útivistarfólki sem um svæði gengur. Af þessum sökum er sett fram sú sanngjarna krafa að eignarlönd á svæðinu fái stöðu frístundabyggðar eins og aðilar Mosfellsbæjarmegin hafa fengið

en nokkuð sérstakt er að lóðir hlið við hlið er liggja m.a. að Langavatni séu þannig að önnur er með heitið frístundabyggð en hin ekki þótt um nákvæmlega sama landssvæði sé að ræða til útivistar.

Þá er ljóst að mati umbjóðenda minna að fámenn sumarhúsabyggð styrkir útivistarsvæðið með fallegum lóðum og sérstaklega fyrir öryggi þeirra sem þar fara um því á Hólmsheiði er allra veðra von og veður breytast þar skyndilega.

Í dag eru engir byggingarhagsmunir Reykjavíkurborgar undir heldur eingöngu litið á svæðið sem útivistarsvæði og ættu því bæði sumarhúsaeigendur og útivistarfólk að hafa hag af hvor öðrum m.a. vegna öryggissjónarmiða. Þá eru sumarhúsaeigendur einungis á tveimur svæðum á Hólmsheiði þ.e. við Langavatn og í Almannadal og eru því ekki dreifðir en fyrstu frumbyggjarnir á svæðinu fengu þó stærra svæði lánað til ræktar- og gróðursetningar og ræktuðu því meira en þeirra eigin eignarlönd enda ber svæðið þess merki eins og áður er getið.

Eins og áður er getið var sú rannsókn á svæðinu á því hvaða gróður gæti þrífist á svæðinu gerð með Ólafi heitnum á Reynisvatni sem átti þarna löndin og Birni Johnsen en sonur hans Guðmundur Johnsen er í stjórn Græðis. Ræktun landsins tóks vel hjá þeim og öðrum sem höfðu áhuga fyrir svæðinu og fengu þeirra að byggja lítil sumarhús og/eða geymslur á löndum sínum en eftir að landið varð svona fallett til útivistar þökk sé þeim þá mátti ekki byggja eða stækka sem er ákveðin þversögn. Ræktun landsins var ekki í ósamræmi við svæðið og hið sama á að gilda um sumarhúsin sem falli að umhverfinu, en það er öllum í hag, landeigendum, sumarbústaðaeigendum og útivistarfólki að þarna sé útivistarsvæði.

Voru því melar og gróðurlaus svæði ræktuð upp af fyrstu áhugamönnum um Hólmsheiði þar sem lítill sem engin gróður var og fundið út hvaða gróður gæti þar þrífist og er gróðursetningu þessara frumkvöðla undirstaða þess að Reykjavíkurborg horfir til þessa svæðis sem útivistarparadísar í sínu framtíðarskipulagi. Þessi gróðursetning/skógrækt var niðursett um allt svæðið. Hafa því hinir fyrstu frumbyggjar svæðisins og afkomendur þeirra og aðrir landeigendur gert það að því útivistarsvæði með gróðursetningu sem er í dag hluti af Græna Treflinum svokallaða, samfelld skógræktar- og útivistarsvæði. Og nú eiga afkomendur þessara manna og aðrir sem eiga lönd á svæðinu ekki kost á að fá að njóta þeirrar vinnu sem lögð var í svæðið, og telja verður það meira en lítið ósanngjarnt af hálfu borgaryfirvalda.

Félagsmenn Græðis bera hag svæðisins fyrir brjósti og vilja hann sem mestan og að ekkert sé gert sem væri þess valdandi að spilla svæðinu á einhvern hátt enda svæðið þeim mjög hugleikið. Að byggja eða stækka sumarhús á svæðinu verður varla talið spilla svæðinu nema síður sé. Ekki stendur annað til en að hönnun og frágangur slíkra mannvirkja falli vel að umhverfinu og valdi ekki neikvæðum umhverfisáhrifum og sé í hvarfi eins og kostur er frá gönguleiðum en um leið veitir öryggi þess útivistarfólks sem kemur á svæði bæði þar sem svæðið er torvelt yfirferðar og gegn vályndum veðrum sem komið skyndilega á heiðinni. Enga nýlagninu vege þarf til þar sem þeir eru þegar fyrir hendi en landeigendur sem óska eftir að byggja sumarhús og þeir sem vilja stækka við sín sumarhús, óska þó eftir að fá rafmagn, heitt og kalt vatni eins og áður sagði og fram kemur í kröfum þeirra.

Þá verði útivistarfólki áfram heimilt að ganga yfir eignarlönd og þau verði ekki girt af. Skal slík uppbygging sumarhús taka mið af nýtingu svæðisins sem útivistar- og skógræktarsvæðis en nokkur sumarhús á svæðinu tengdust einmitt slíkri uppbyggingu á sínum tíma.

Lögð er áhersla á að með þessari uppbyggingu sumarbústaða, eflist svæðið enn frekar með fallegum sumarhúsum og snyrtilegum lóðum þar í kring. Slík uppbygging er frekar nær útivistarsvæði heldur en ýmiskonar atvinnustarfsemi eða önnur starfsemi sem þegar hefur verið leyfð á svæðinu eða er í bígerð.

Í þessu sambandi er einungis verið að fara fram á að félagar í Græði sem eiga eignarlönd á framangreindum svæðum fái að stækka og/eða byggja sér sumarhús á svæðinu og snýr breytingartillaga aðalskipulagsins því að þeim eingöngu enda á Reykjavíkurborg að talið er önnur lönd á svæðinu.

3. Byggingar og starfsemi á Hólmsheiði:

Á Hólmsheiði er stórt raforkuver, fangelsi og Fis-flugvöllur svo eitthvað sé nefnt, auk þeirra sumarhúsa sem fyrir eru. Allir þessir fyrirtöldu aðilar hafa fengið þjónustu frá Reykjavíkurborg varðandi uppbyggingu m.a. í formi, vatns, hita, raforku og aðgengi. Slíkt hið sama ætti raunar að eiga við um þá sem óska eftir því að fá að stækka bústaði og byggja bústaði á sínum eignarlöndum við Langavatn og í Almannadal.

Vatnsverndunarsjónarmið, ásamt því að á Hólmsheiðinni var fyrirhuguð byggð og innanlands flugvöllur sem hefur verið hætt við, virtust vera ástæða þess að ekki var heimiluð stækkun bústaða og bygging nýrra bústaða. Í dag er búið að aflétta formlegri vatnsvernd af svæðinu sem gert var með nýrri vatnsverndarsamþykkt (verndarsvæði vatnsbóla) allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem tók gildi með samþykkt í B-deild Stjórnartíðinda 25. júní 2015. Ætti því ekkert að vera því til fyrirstöðu að samþykkja breytingatillögu aðalskipulagsins á svæðinu.

Reykjavíkurborg úthlutaði Fisfélagi Reykjavíkur aðstöðu á Hólmsheiði, jafnframt sem reist hafa verið ein sjö flugskýli og aðstaða fyrir félagið. Þar er hiti, vatn og rafmagn. Græðir hefur þegar gert athugasemdir við að tímabundin aðstaða Fis-flugvallarins sé fest í sessi. Mikið ónæði hefur verið af flugi Fis-flugvéla á svæðinu og ljóst það getur fælt hesta og hunda og orðið til að spilla útivistaránægju gangandi vegfarenda í kyrrð heiðarinnar. Þá er Fis-flugvöllurinn nálægt fyrrum vatnsverndunarsvæði og því er slík verndun varla fyrirstaða í dag fyrir breytingu á aðalskipulagi. Þá er stærsta háspennumannvirki borgarinnar þar rétt hjá með allri þeirri þjónusta sem þörf er á.

Þar sem Reykjavíkurborg leyfði þennan flugvöll og margar byggingar við hann auk þess ama sem þessi starfsemi veldur landeigendum og örugglega útivistarfólki, verður ekki séð af hverju breyting á aðalskipulagi geti ekki orðið að veruleika eins og krafist er. Leyfið fyrir þennan Fis-flugvöll er raunar miklu verra fyrir svæðið en bygging og stækkun nokkurra sumarhúsa á viðkomandi eignarlöndum.

4. Losun ómengaðs jarðvegs og óleyfisframkvæmd sbr. meðfylgjandi úrskurð 167/2007.

Efnislosun á óvirkum úrgangi hefur farið fram á Reynisvatnsheiði (Hólmsheiði). Einnig hefur ýmsum öðrum úrgangi, spilliefnum verið komið þar fyrir meðal annars þúsundum tonna af olíumenguðum jarðvegi og má leiða líkum að því að mengun hafi smogið í jarðveginn og spilt grunnvatni landeigenda. Þá má benda á að þann 24. júlí 2008 felldi Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sjá meðfylgjandi úrskurð nr. 167/2007, úr gildi ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 15. nóvember 2007, um að samþykkja deiliskipulag fyrir hluta Hólmsheiðar vegna stækkunar á losunarsvæði fyrir jarðveg, ásamt framlengingu á Reynisvatnsvegi. Þrátt fyrir þennan úrskurð var áfram losað efni á heiðinni þrátt fyrir ítrekuð mótmæli þar um og nýi vegurinn óbreyttur í gegnum eignarlönd, án allra bóta hvað þá að hann yrði fjarlægður.

Óleyfisframkvæmdin skv. meðfylgjandi úrskurði hefur aldrei verið kláruð eða gerð upp gagnvart þeim landeigendum sem hlut áttu að máli. Græðir hefur aldrei farið fram á bætur frá Reykjavíkurborg vegna þeirra óleyfisframkvæmda jarðvegstíps og vegar að honum frá Reynisvatni sbr. framangreindan úrskurð. Viðkomandi landeigendur hafa ekki viljað gera kröfur á hendur Reykjavíkurborg því að þeir hafa viljað halda friðinn og eiga gott samkomulag/samstarf við borgina um svæðið. Af því leiðir að nú er tækifæri fyrir alla aðila að loka öllum málum með því að sanngjarnt sé í ljósi fyrri tíma að fallast á kröfur landeigenda sem nú eru settar fram á sanngjarnan og eðlilegan hátt af þeim sömu aðilum sem þurftu að þola óleyfisframkvæmdir borgarinnar á sínum tíma.

5. Vegamál á svæðinu.

Samkvæmt samningi félagsmanna Vegafélagsins við Ólaf bónda á Reynisvatni, þá fékk Vegafélagið land úr landi Reynisvatns til eignar til að byggja vegi á. Þegar borgin keypti síðar Reynisvatns-býlið þá var umrætt land og vegir ekki hluti af þeim kaupum. Reykjavíkurborg ber því að semja við Vegafélagið sem er hluti af Græði félagi landeigenda á svæðinu um þau not sem hún óskar eftir að fá af vegum í eigu Vegafélagsins. Það gerði borgin einmitt á sínum tíma þegar skógræktin plantaði út trjám í heiðina en skv. þeim tillögum að drögum af skipulagi Austurheiða í september 2019 ætlar borgin að nýta umrædda vegi án samráðs við Vegafélagið.

Þá má benda á, að í skipulagi Austurheiðar á að nota þá vegi sem fyrir eru á svæðinu en flestir þeirra hafa verið gerðir af félagi landeigenda Græði (Vegafélaginu) samkvæmt vegalögum og eru því eign Græðis (Vegafélagsins). Það að Græðir (Vegafélagið) hafi á sínum tíma heimilað Reykjavíkurborg afnot af vegum félagsins til gróðursetningar á svæðinu, þýðir það ekki að borgin geti ráðstafað vegunum til annarra skv. skipulagi. Þrátt fyrir þetta hefur borgin ávallt hafnað framlagi til veganna vegna þess að þeir séu einkavegir. Með sama hætti veitti Græðir (Vegafélagið) Landsvirkjun afnot af vegunum vegna línuframkvæmda á sínum tíma gegn greiðslu. Þá er þess að geta að þegar mótshaldarar í rallykeppni sem fram átti að fara á Austurheiðum óskuðu eftir því að fá að halda keppni þar þá benti Reykjavíkurborg þeim á að þeir yrðu að semja við Græði (Vegafélagið) þar sem það væri eigandi veganna.

Áform um áningarsvæði í skipulagi útivistarsvæðis Austurheiðar með stóru bílastæði og verulegrar uppbyggingu útvistaraðstöðu í Almannadal virðast byggja á aðkomu um Mjóadalsveg sem er einkavegur Vegafélagsins skv. þinglýstu afsali eignarlóða úr Reynisvatnslandi líkt og við Langavatn. Ekkert samráð var haft við lóðareigendur á svæðinu um þau áform.

Til að áformað skipulag Reykjavíkurborgar getur orðið að veruleika þá þarf einnig að taka tillit til þarfa lóðareigenda á svæðinu sem í Græði eru þannig að sátt náist fyrir alla aðila.

Jafnframt er bent á að ekkert samráð hefur verið haft við Græði (Vegafélagið) um legu stíga- og reiðleiða sem teiknaðar eru eftir akvegum Græðis (Vegafélagsins) á svæðinu og því lagðir í óleyfi um lönd félagsmanna skv. skipulagi heiðarinna sbr. nýr reiðvegur frá tengivirki í Almannadal og norður fyrir Mýrarskyggni. Ljóst er að tryggja verður að stígalagning sé í sátt við landeigendur og skapi þeim ekki ónæði, sjá frekar í innsendum athugasemdum dags. 6. júlí 2020 sbr. meðfylgjandi.


6. Veðurfar á Hólmsheiði:

Það skal sérstaklega áréttað að veðurfar á svæðinu (Hólmsheiði) getur orðið slæmt, og skolið á fyrirvaralaust vitlaust veður. Uppbygging á svæðinu myndi styrkja og veita öryggi fyrir útivist og útivistarfólk. Veðurfarsrannsóknir hafa farið fram á svæðinu m.a. í tengslum við fyrirhugaðan innanlandsflugvöll en ekki þótti ákjósanlegur kostur m.a. í ljósi óhagstæðra veðurfarsskilyrða en veðurfarsmælingar sýna meiri úrkomu og lægri meðalhita á svæðinu. Þá sé þar oft súld og þoka vegna meiri raka í lofti og oft slæmt skyggni og því meiri þörf fyrir búsetu á svæðinu með öryggi fjölgun útivistarfólks í huga.

Að lokum telur Græðir að nú sé komið að því að haft verði samráð við félagið um skipulag svæðisins og þá einnig með þarfir félagsmanna þess að leiðarljósi. Alltof oft hafa verið litlar undirtektir frá Reykjavíkurborg um samráð varðandi skipulag svæðisins og hafa félagsmenn Græðis þurft að þola það að eignaréttur þeirra hafi verið takmarkaður með vatnsvernd, banni við þinglýsingum, óleyfisframkvæmdum, að um land til framtíðarbyggðar væri að ræða, og ýmsum öðrum tæknilegum hindrunum. Félagsmenn Græðis vilja fá að nýta sínar eignarlóðir eins og að framan getur og fá aðgengi að heitu og köldu vatni og rafveitu á jafnræðisgrundvelli til jafns á við aðra aðila á svæðinu sbr. Fisfélagið og hesthúsabyggð í Almannadal þar sem deiliskipulagi var breytt til þess að hesthúsaeigendur gætu nýtt efri hæð hesthúsa sinna til búsetu.

Félagsmenn græðis óska einungis eftir því að fá að nýta lönd sín með eðlilegum hætti eins og aðrir borgarar Reykjavíkurborgar ganga að sem sjálfsögðum hlut. Þetta telur Græðir að hægt sé að leysa með samningum og er þess óskað að málin verði frekar rædd á fundum og úr málum félagmanna Græðis leyst á farsælan hátt fyrir alla aðila.

Með vínsemd og virðingu



Þórður Heimir Sveinsson lögmaður

s. 866-3456, Nóatúni 17, 2. Hæð, 105 Reykjavík.

Meðfylgjandi:

Úrskurður umhverfis- og auðlindamál nr. 167/2007

Bréf dags. 6.7.2020

Bréf dags. 3.8.2020

Tillaga að deiliskipulagi um frístundalíðir frá Mosfellsbæ

167/2007 Hólmsheiði

Ár 2008, fimmtudaginn 24. júlí, kom úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Skúlagötu 21 í Reykjavík. Mættir voru Hjalti Steinþórsson forstöðumaður, Ásgeir Magnússon héraðsdómari og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur.

Fyrir var tekið máli nr. 167/2007, kæra á ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 15. nóvember 2007 um að samþykkja deiliskipulag fyrir hluta Hólmsheiðar vegna stækkunar á losunarsvæði fyrir jarðveg ásamt framlengingu á Reynisvatnsvegi.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, dags. 28. desember 2007, er barst nefndinni sama dag, kærir Guðbjarni Eggertsson hdl., f.h. Þ, eiganda landspíldu í landi Reynisvatns, þá ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 15. nóvember 2007 að samþykkja deiliskipulag á hluta Hólmsheiðar vegna stækkunar á losunarsvæði fyrir jarðveg ásamt framlengingu á Reynisvatnsvegi. Gerir kærandi þá kröfu að hin kærða deiliskipulagsákvörðun verði felld úr gildi.

Málavextir: Á árinu 2001 beiðni gatnamálastjóri erindi til skipulags- og byggingarnefndar Reykjavíkur um nýtingu jarðvegs, sem til félli í borgarlandinu, til landmótunar á Hólmsheiði, skammt austan og sunnan við heitavatnsgeyma Orkuveitu Reykjavíkur á svæðinu. Samþykkti borgarráð í kjölfar þessa deiliskipulag 20 ha landsvæðis á Hólmsheiði er heimilaði losun allt að 1,5 milljón m³ jarðvegs á fyrrgreindum stað. Á fundi umhverfis- og heilbrigðisnefndar 8. mars 2001 var fært til bókar að nefndin féllist á fyrirhugaða landmótun á Hólmsheiði með þeim skilyrðum m.a. að jarðvegsefni sem fyrirhugað væri að nota væri hreint og ómengað af mannavöldum og að uppgræðsla landmótunarsvæðisins hæfist eins fljótt og kostur væri. Var fundargerðin lögð fram á fundi borgarráðs 20. mars 2001.

Hinn 13. júní 2007 tók skipulagsráð fyrir tillögu að deiliskipulagi hluta Hólmsheiðar. Var um að ræða 12 ha stækkun til suðurs á svæði því er áður hafði verið deiliskipulagt vegna jarðvegsfyllingar og yrði heimilað að urða svæðinu 2,5 milljónir m³ jarðvegs til viðbótar. Var samþykkt að auglýsa tillöguna. Athugasemdir bárust, m.a. frá kæranda. Á fundi ráðsins hinn 7. nóvember 2007, að lokinni auglýsingu, var tillagan lögð fram að nýju ásamt m.a. uppdrætti svæðisins og svörum vegna athugasemda. Var eftirfarandi fært til bókar: „Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulags- og byggingarsviðs. Vísað til borgarráðs.“ Breytingar þær sem fram koma í bókun skipulagsráðs eru eftirfarandi: „Kröfur um uppruna efnis ofi. Unnar verða verklagsreglur sem taki til skráningar á uppruna þess efnis sem losað er á svæðið. Losun á svæðinu verði stýrt á fyrirfram ákveðna staði. Lögð verður áhersla á að rykbinda jarðveg og ganga frá svæðinu um leið og losun er lokið á einstökum svæðum innan losunarsvæðisins og koma í veg fyrir rykmyndun sem framast er kostur.“ Á uppdrætti deiliskipulagsins segir m.a. eftirfarandi: „Miðað við upphaflega áætlun fer að sjá fyrir endann á nýtingu svæðisins og því hefur verið kannað með aðra staði. Niðurstaðan er hins vegar að álitlegasti kosturinn er að stækka svæðið og forma landið þannig að hann nýst til næstu 10 ára.“

Afgreiðsla skipulagsráðs var staðfest á fundi borgarráðs hinn 15. nóvember 2007. Skipulagsstofnun tilkynnti með bréfi, dags. 22. nóvember 2007, að stofnunin gerði ekki athugasemdir við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þegar uppdráttur yrði leiðréttur. Birtist auglýsing um gildistöku hennar hinn 29. nóvember 2007.

Hefur kærandi skotið framangreindri samþykkt til úrskurðarnefndarinnar svo sem að framan greinir.

Málsvörðun kæranda: Af hálfu kæranda er vísað til þess að losun jarðvegsefna á svæði því er um ræði sé ólögleg og yfirgengileg svo nælegt löðarmörkum hans sem raunin sé. Jarðvegi og úrgangi hafi verið mokað og ýtt í margra metra hæð rétt við löðarmörkin þannig að útsýni sé skert og landslagi spillt, langt úr fyrir þau mörk sem losunarstaðnum hafi verið sett á sínum tíma.

Ljóst sé að stækkun losunarsvæðisins valdi umferðarónæði og umhverfisspjöllum langt umfram það sem landeigendur í nágrenninu þurfi að setta sig við. Aðleiðingin sé sú að mörg sumarhúsná svæðinu séu ill- og/eða ónothæf. Þá hafi skilyrði um losunina verið þverbrotin og ekkert eftirlit með urðunarstaðnum, m.a. hvað varði umferð, magn og eftirlit með úrgangi. Hafi kærandi m.a. orðið vitni að urðun plastlátá, rafmagnsvíra og olíubrúsa þvert á samþykki borgarráðs frá árinu 2001. Þá sé vothey urðað á svæðinu og leggi fnyk yfir svæðið af þessum sökum.

Aldrei hafi verið gefið út framkvæmdaleyfi, sbr. m.a. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, og hafi Skipulagsstofnun ekki komið að feril málsins. Engin gögn hafi verið lögð fyrir stofnunina og þar af leiðandi ekkert mat verið gert samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Komi þó skýrt fram í lögunum að þess þurfi. Þá sé það álit kæranda að brotið sé gegn ákvæðum laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs en þar séu settar reglur um urðunarstaði, leyfi og eftirlit og hvernig staðið skuli að urðun úrgangs.

Hvergi í gögnum er málið varði komi fram hve mikið magn sé áætlað að urða á svæðinu eða stærð þess. Skipulagsskilmálum hinnar kærðu deiliskipulagsákvörðunar, þess efnis að samþykki liggja fyrir um losun á jarðvegi fyrir 1,5 milljón m² á 20 ha svæði, sé mótmælt enda slíkt samþykki ekki til staðar. Forsendur hins nýja deiliskipulags séu því beinlínis rangar og í raun verið að sækja um leyfi fyrst núna fyrir 4,0 milljón m² á 32 ha svæði en ekki 2,5 milljón m².

Skilyrði umhverfis- og heilbrigðisnefndar hafi ekki verið staðfest, enda hafi þau öll verið brotin. Til dæmis hafi verið urðaðir þúsundir rúmmetra af olíumenguðum jarðvegi af mannavöldum. Ruðst hafi verið yfir allan gróður og reiðleiðir hestamanna.

Í aðalskipulagi sé svæðið skilgreint sem útivistarsvæði til sérstakra nota, skógræktarsvæði og innan græna trefilsins svokallaða. Sé því haldið fram að hin kærða deiliskipulagsþykki sé í andstöðu við gildandi aðalskipulag Reykjavíkur hvað þetta varði.

Ljóst sé að það svæði sem hér er ræði hafi aldrei verið deiliskipulagt og kynnt líkt og lög geri ráð fyrir.

Málsrök Reykjavíkurborgar: Af hálfu Reykjavíkurborgar er vísað til þess að kröfur og málsástæður er varði upphaflega staðsetningu og framkvæmd losunarstaðarins séu of seint fram komnar og hafi ekki verið kærðar til úrskurðarnefndarinnar. Ákvörðun um losunarstað á Hólmsheiði hafi verið tekin á grundvelli landnotkunarheimilda í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 þar sem gert hafi verið ráð fyrir almennu útivistarsvæði á því svæði sem nýtt hafi verið til jarðvegslosunar. Hafi það verið afstaða Reykjavíkurborgar að framkvæmdirnar væru í samræmi við heimildir í þágildandi aðalskipulagi. Bent sé á að einungis sé verið að kæra ákvörðun skipulagsráðs frá 7. nóvember 2007, sem staðfest hafi í borgarráði hinn 15. nóvember 2007, um stækkun á losunarsvæði fyrir jarðveg ásamt framlengingu á Reynisvatnsvegi.

Vísað sé til þess að á fundi borgarráðs 3. apríl 2001 hafi verið samþykkt skilyrði fyrir losun á svæðinu er feli í sér útfærslu losunar auk þess sem mörk hennar hafi verið ákvörðuð. Þau skilyrði sem samþykkt hafi verið séu að jarðvegsefni sem fyrirhugað sé að nota séu hrein og ómenguð af mannavöldum og að tryggt verði að losun annarra efna eigi sér ekki stað. Dreifing efnanna verði þar sem enginn eða lítill groður sé fyrir og að áskilið sé að uppgræðsla landmótunarsvæðisins hefjist eins fljótt og kostur sé. Ef fyrirhugað sé að nota önnur efni til dreifingar á svæðinu, svo sem lífrænan landbúnaðarúrgang (svína- eða hæsnaskít), verði fyrst leitað eftir samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Það sé mat Reykjavíkurborgar að umrædda losun sé innan þeirra marka sem henni hafi verið sett.

Reykjavíkurborg telji að losun jarðefna eins hún fari fram á Hólmsheiði falli ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum, sbr. fylgiskjal, dags. 29. febrúar 2007, br. 29. maí 2007. Ekki sé um að ræða umtalsverð umhverfisáhrif eins og lögin kveði á um heldur eðlilega landmótun enda verði landið grætt upp að losun lokinni. Auk þess sé vakin athygli á því að Skipulagsstofnun hafi ekki gert athugasemdir við að Reykjavíkurborg birti auglýsingu um gildistöku deiliskipulagsins.

Á fundi skipulagsráðs hinn 16. apríl 2008 hafi verið lögð fram umsókn framkvæmdasviðs um framkvæmdaleyfi til jarðvegslosunar á Hólmsheiði á grundvelli deiliskipulagsins, sem samþykkt hafi verið í borgarráði hinn 15. nóvember 2007 og birt í B-deild Stjórnartíðinda hinn 29. nóvember 2007. Sú umsókn hafi verið samþykkt með vísan til c-liðar 12. gr. samþykktar um skipulagsráð og framkvæmdaleyfi gefið út í samræmi við áðurgreinda samþykkt.

Reykjavíkurborg vísi því á bug að ekki hafi verið farið eftir lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Umrædd losun feli í sér losun jarðefna en ekki úrgangs og falli losunin því ekki undir þau lög, sbr. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Að sama skapi sé ítrekað að ekki sé fjallað um meðhöndlun úrgangs á skipulagsstigi.

Þau jarðefni sem losuð séu á svæðinu séu hrein og ómenguð af mannavöldum, en það sé eitt af skilyrðunum sem samþykkt hafi verið auk þess að tryggt sé að losun annarra efna eigi sér ekki stað á svæðinu. Lífrænum landbúnaðarúrgangi hafi ekki verið dreift á svæðinu. Einungis hafi verið dreift grasi og trjákurli á yfirborði til að auðvelda uppgræðslu og hefta moldrok. Næst landspildu kæranda hafi verið fylgt þeim mörkum sem ákvörðuð hafi verið árið 2001. Á hluta svæðisins hafi ekki verið farið út í það þess og upphaflegum mörkum og skilmálum hlítt í hvívetna.

Í þinu kærða deiliskipulagi sé gert ráð fyrir því að komu að jarðvegslosunarsvæðinu norðan frá, eftir tengibraut sem liggja upp frá Reynisvatnsvegi í átt að Langavatni. Lega tengibrautarinnar sé í samræmi við heimildir í Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024. Í framhaldi af umræddri tengibraut sé gert ráð fyrir að komu að jarðvegsfyllingu eftir bráðabirgðavegi. Meðfram þeim vegi sé gert ráð fyrir jarðvegsmön/hljóðmön næst sumarhúsum við Langavatn til að draga úr því ónæði sem verði af aukinni umferð um svæðið. Sumarhúsin við Langavatn séu öll í meira en eins kílómetra fjarlægð frá umræddri jarðvegfsyllingu. Gagnvart þeim sumarhúsum sem standi næst jarðvegslosunarsvæðinu hafi þegar verið hafist handa við að rykbinda svæðið með því að sá grasfræjum á suðvesturhorn þess, þ.e. á það svæði er næst sé umræddum sumarhúsum. Framtíðarstækkun jarðvegslosunarsvæðisins sé í suðaustur og austur í átt frá sumarhúsunum. Einnig sé gert ráð fyrir því að vegir að og frá svæðinu verði rykbundnir. Þessar aðgerðir séu gagnert framkvæmdar til þess að takmarka ónæði sem stafir af svæðinu og koma til móts við grenndarhagsmunir sumarhúsaeygenda þar.

Ekki sé fallist á að kærð deiliskipulagstillaga feli í sér ólögætar framkvæmdir eða að grenndarhagsmunum kæranda sé svo raskað að ólögætt sé. Fasteign kæranda sé í nokkurri fjarlægð frá losunarstaðnum. Losun næst honum sé lokið og land tekið að jafna sig. Umrædd losun hafi gert það að verkum að meira skjól hafi myndast við fasteign kæranda og þar með aukin verðmæti hennar. Hagsmunir kæranda séu ekki umtalsverðir, bæði sé fasteign hans í nokkurri fjarlægð frá losunarstað og einungis sé um að ræða losun jarðefna sem ómenguð séu af mannavöldum. Vert sé að taka fram að kæranda hafi mátt vera ljóst frá upphafi að losun ætti sér stað nálægt fasteign hans.

Aðilar hafa fært fram frekari rök máli sínu til stuðnings sem ekki þykir þörf á að rekja nánar en úrskurðarnefndin hefur haft þau öll til hliðsjónar við úrlausn málsins.

Vettvangsskoðun: Úrskurðarnefndin kynnti sér aðstæður á vettvangi hinn 21. maí 2008 að viðstöddum kæranda ásamt lögmanni hans og fulltrúum Reykjavíkurborgar.

Niðurstaða: Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 skal gera deiliskipulag á grundvelli aðalskipulags fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Jafnframt segir í 7. mgr. 9. gr. sömu laga að svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir skuli vera í innbyrðis samræmi.

Í máli því sem hér er til meðferðar er kærð ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 15. nóvember 2007 um að samþykkja deiliskipulag fyrir hluta Hólmsheiðar vegna stækkunar á losunarsvæði fyrir jarðveg ásamt framfengingu á Reynisvatnsvegi. Er það megin úrlausnarefni málsins hvort hið kærða deiliskipulag samræmist ákvæðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og gildandi aðalskipulags Reykjavíkur um landnotkun.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er umrætt svæði skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og segir þar að á slíkum svæðum sé gert ráð fyrir útivistariðkun af ýmsum toga og mannvirkjagerð í tengslum við útivistarnotkun á svæðinu. Jafnframt er svæðið innan hins svonefnda græna trefils en í greinargerð með svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er græni trefillinn skilgreindur sem skipulagt útivistarsvæði þar sem skiptast á skógur og opin svæði. Segir þar að litið sé á græna trefillinn sem frístundasvæði þar sem lögð sé áhersla á gott aðgengi. Meginreglan sé að þar skuli ekki reisa frekari byggð nema í sérstökum tilgangi og á völdum stöðum.

Nánari grein er gerð fyrir landnotkun umrædds svæðis, bæði í greinargerð svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulags Reykjavíkur, og er áhersla þar lögð á að svæðið sé til skógræktar og útivistar og þröngar skorður reistar við annars konar landnotkun.

Jarðvegslosun sú sem heimiluð er með hinni kærðu ákvörðun felur í sér umfangsmikla starfsemi sem ætlað er að vara næstu tíu ár. Fylgir henni mikil umferð stórra flutningabifreiða, notkun vinnuvéla, breyting á ásynd lands, fok jarðefna og hætta á mengun, svo talin séu helstu áhrif starfseminnar á umhverfið. Hefur starfsemi þessi um margt lík umhverfisáhrif og efnisvinnsla og verður ekki fallist á að hún fái samrýmst ákvæðum svæðis- og aðalskipulags um landnotkun á umræddu svæði. Verður ekki heldur fallist á að heimila beri starfsemina á svæðinu með þeim rökum að jarðvegslosun sé ekki tilgreind sem sérstakur landnotkunarflokkur í skipulagsreglugerð, enda breytir sá annmarki engu um eðli og áhrif starfseminnar.

Samkvæmt framansögðu samrýmst hin kærða deiliskipulagsákvörðun ekki tilvitnuðum ákvæðum 2. mgr. 23. gr. og 7. mgr. 9. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og verður hún því felld úr gildi.

Uppkvæðning úrskurðar í máli þessu hefur dregist sökum mikils fjölda mála sem skotið hefur verið til úrskurðarnefndarinnar.

Úrskurðarorð:

Reykjavík 6.7.2020

Skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Berist til

Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur

Björns Axelsonar og

Björns Inga Edvardsson

Félagið Græðir sem er elsta félagið á Austurheiðum gerir eftir farandi athugasemdir við Skipulag Austurheiða. Félagið áskilur sér en fremur rétt til þess að gera frekari athugasemdir á því fyrir sig og félagsmenn sína.

1. Græðir félag landeigenda gerir athugasemdir við það að skipulagssvið hafi ekki nýtt sér þá þekkingu sem til er innan raða félagsmanna þess á svæðinu. Sumar lóðir hafa verið í eigu sömum fjölskyldna í sjöttu ár og þekking þeirra því mikil á aðstæðum. Innan raða félagsmanna hafa verið vísindamenn á borð við Björn Johnsen sem tók þátt í að gera rannsóknir á gróðri um allt land á vegum atvinnudeildar Háskólans Íslands og gróður töku í Surtsey. Sú rannsóknarvinna sem hann og fleiri gerðuð á svæðinu lagði grunnin að því að stór hluti Austurheiða er sú gróðurvin sem hún er í dag, sem er grundvöllurinn að því að gera þetta svæði að útivistarsvæði. Okkur þykir því skjóta skökku við að Græði skyldi vera síðasta félagið á svæðinu sem var tilkynnt um þessa skipulags vinnu og hafi ekki fengið að tala við skipulagsaðila fyrr en eftir að vinnu við það lauk.
2. Græðir gerir athugasemd við að sumarhúsabyggð á eignarlóðum sé víkjandi í skipulaginu. Það er á skjön við eignarrétt og landnotkun þar sem ekki er verið að deiliskipuleggja fyrir íbúðarbyggð eða atvinnusvæði. Skv. Skipulagslögum ætti því ekkert því til fyrirstöðu að félagsmenn Græðis geti nýtt land sitt með eðilegum hætti. Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 eru engin frístundasvæði né íbúðabyggð innan Austurheiða, þó svo að þau sumarbústaðarlönd sem eru þarna séu búinn að vera þarna í meira en hálfari öld. Af þeim sökum ætti núverandi íbúðar- og frístundahús sem eru inn á svæðum að skilgreinast sem frístundabyggð en ekki sem útivistarsvæði. Þó svo að þú séu skilgreind í dag sem opin svæði er ekki gert ráð fyrir íbúðarsvæðum eða frístundabyggð þar. Á rammaskipulagsupprætti er sumarhúsareitir eða eignarlönd afmarkað með punktalínu. ” Sem þýðir hvað? Er ekki skilgreind frístundabyggð á opna svæðinu innan Græna trefilsins? Þá væri það einnig brot á jafnræðisreglu ef einstaka frístundalóðir eru deiliskipulagðar sérstaklega og þeim landeigendum veitt aukin réttindi til nýtingar á sínum eignarlóðum og fasteignum, sbr. tillaga um nýtt og sérstakt deiliskipulag tveggja svæða nálægt Langavatni skv. Skipulaginu. Borginn verður að taka tillit til þess í skipulaginu að umrætt svæði Austurheiðar er í eigu hennar og fjölda einstaklinga sem voru komnir áður borgin keypti sinn hluta svæðisins. Þeir eiga líka réttindi sem verður að taka tillit til. Því ýtrekum við þá sangjörnu ósk okkar um að eignarlönd á svæðinu fái stöðu frístunabyggðar eins og þau hafa fengið Mosfellsveitar megin. Frístundlönd geta alveg farið hönd í hönd með útivistarsvæði. Enda hefur það sýnt sig ítrekað, að þegar snögg veðra brigði verða, þá er þeir sem búa á heiðunum mjög oft kallaðir til hjálpar þegar útivistar fólk lendir í vandræðum.
3. Græðir gerir einnig athugasemdir við það að í skipulaginu er ekki tekið á dæmdum óleyfisframkvæmdum jarðvegstíps og vegar að honum frá Reynisvatni sjá útskurð frá

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmálanr Nr. 167 2007 Hómsheiði. Óskar félagið eftir

því upplýsingum hvernig borginn ætlar að taka þeim dómi.

4. Græðir óska eftir að nýjum áningarstöðum sé ekki komið fyrir það nálægt lóðarmörkum eignarlóða vegna þess að ónæði skapist af þeim fyrir landeigendur. Þar sem stærð Austurheiða ætti auðveldlega að leyfa slíkt. Þá er einnig lögð áhersla á að tryggð verði reglubundin sorphirða og viðhald áningarstaða. Ef sett eru upp útigrill þá þarf að tryggja að ekki skapist eldhætta þar sem mikið skóglendi er á svæðinu og gæti eldur hæglega borist í gróin eignarlönd. Tryggja þarf að aðgengi sé að vatni við útigrill.
5. Græðir gerir athugasemdir við það að í skipulaginu er gert ráð fyrir að ekki verið fjölgað vegum á svæðinu og þeir vegir sem eru á svæðinu verði notaðir, en flestir þeirra hafa verið gerðir af félagi landeigenda Græði samkvæmt vegalögum og eru því raun eign Græðis. Það að Græði hafi á sínum tíma heimilað Reykjavíkurborg afnot af vegum félagsins til gróðursetningar á svæðinu, þýðir það ekki að borginn geti ráðstafað vegunum til annara aðila til notkunar. Þrátt fyrir að Græðir hafi veit þessi af not að vegum sínum hefur borgin ávalt hafnað framlagi til veganna vegna þess að þetta séu einkavegir. Með sama hætti veitt félagið Landsvirkjun afnot af vegunum, vegna línufarmkvæmda á sínum tíma og gegn greiðslu. Þegar mótshalar á rallí sem átti að fara fram á Austurheiðum óskuðu eftir því að fá halda keppni þar þá benti Reykjavíkurborg þeim á að þeir yrðu að semja við Græði þar sem Græðir væri eigandi veganna. Áform um áningarsvæði með stóru bílastæði og verulega uppbyggingu útivistaraðstöðu í Almannadal virðist byggja á aðkomu um Mjóadalsveg sem er einkavegur skv. þinglýstu afsali eignarlóða úr Reynisvatnslandi líkt og við Langavatn. Ekkert samráð hefur verið haft við lóðareigendur á svæðinu um þessi áform. Áður en þetta skipulag getur farið fram þá þarf að fá samkomulagi við Græði varðandi notkun vegana. Til að það geti orðið þurfa menn að setjast niður og semja. Græðir hefur ítrekað óskað eftir viðræðum við borgina og það tilboð stendur en.
6. Græðir gerir athugasemdir við að tímabundinn aðstaða fisflugvöllar sé fest í sessi. Reynsla félagsmanna í Græðis er erfið af þessum rekstri þar sem litlar sem engar reglur gilda um flug fisvéla, það er véla sem eru upp að 650 kílóum. Umtalsvert ónæði er af flugi ákveðinna flugmanna sem fara ekki eftir reglum um flughæð, auk þess að töluverð brögð hafa verið á því að einhverjir kúrekar séu að stunda steypiflug yfir sumarhúsum félagsmanna, eða eru í því að smala gæsum á Langavatni á haustin. Höfum við áhyggjur af því að þetta lá flug á mjög háværum smá vélum geti fælt hesta og hunda og orðið til að spilla útivistar ánægju gangandi vegfaranda í kyrrð heiðarinnar. Einnig er það um hugsunar efni að flug umferð er að aukast mikið á fisvöllinn enda eru komnar 7 flugskemur og hann er einungis steinsnar frá stærsta háspenumannvirki borgarinnar og ef stærstu fisvélunum hlekkist á, þá eru þær það þungar að þær geta tekið út rafmagnið af borginni.
7. Græðir gerir athugasemdir vegna þess að reiðleiðir eru teiknaðar eftir akvegum félagsins. Einnig óskar félagið eftir því haft verið samráð við félagið þar sem reiðvegir hafa verið lagðir í óleyfi um lönd félagsmanna. Ekki hefur verið haft samráð við landeigendur á svæðinu um legu stíga og reiðslóða, sbr. nýr reiðvegur frá tengivirki í Almannadal og norður fyrir Mýrarskyggni. Tryggja verður að stígalagning sé í sátt við landeigendur og skapi þeim ekki ónæði. Þá þarf að tryggja að vélknúin ökutæki nýti ekki göngustíga eða reiðslóða. Reiðleiðir: ekki verður betur séð en það sem merkt er „ný reiðleið“ (græn) efst í Almannadal hafi verið lögð á síðasta ári! Einnig er setur reiðvegur um akveg félagsins við langavatn. Voru þeir reiðslóðar á samþykktu skipulagi?

Græðir hefur um árabíl óskað eftir samráði um skipulag svæðisins við litlar undirtektir Reykjavíkurborgar. Hafa félagsmenn Græðis þurft að þola að eignaréttur þeirra hafi verið

Reykjavík 3. ágúst 2020

Reykjavíkurborg, skipulags- og samgönguráð, umhverfis- og skipulagssvið

Berist til;
Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur, Ólafar Örvarsdóttur,
Björns Axelssonar og Björns Inga Edvardssonar

Efni:
Austurheiðar-rammaskipulag útivistarsvæðis - í kynningu til 5. ágúst 2020

Undirritaður vill hér lýsa sérstökum stuðningi við innsendar athugasemdir Græðis, vega og landeigendafélags, (dags. 06.07. 2020) við tillöguna sem þær væru hans eigin orð.

- Gerð er athugasemd við að ekki var haldin venjubundin hugmyndasamkeppni um gerð rammaskipulags fyrir Austurheiðar. Þegar stórt svæði er lagt til skipulags er nauðsynlegt að sjá allt svæðið fyrir í heild og valkosti þess, áður en hafist er handa með deiliskipulag.
- Gerð er athugasemd við, að með þessu rammaskipulagi er verið að kortleggja um 930 ha svæði og það kallað deiliskipulagssvæði á hinum ýmsu skýringakortum sem brugðið er upp af svæðinu. Í annann stað er svo talað um þörfina á að deiliskipuleggja eitt og annað og “sérstaklega”, og annað sé nú þegar deiliskipulagt eða veitt framkvæmdarleyfi, þar með talið úrskurðaðar óleyfisframkvæmdir og tímabundnar framkvæmdir sbr. gögn þar að lútandi.

Eðli málsins samkvæmt er hér gerð krafa um að þetta svokallaða rammaskipulag/deiliskipulag kveði á um brottflutning á slíkum framkvæmdum og landið fært í upprunalegt horf. Á það við hvort sem heldur skipulagið verði samþykkt eða ekki af Reykjavíkurborg.

- Fyrir mér þá lítur þetta rammaskipulag eins og það er, helst út fyrir að vera leið viðkomandi að einskona syndaaflausn og afneitun á tilvist og réttindum landeigenda, og svo auðvitað án þess að segja það; gera svæðið enn aðgengilegra og friðhelgaðra fyrir hundaeigendur vítt og breytt til að sleppa fjórfætlingunum lausum, þar sem þrengja á að annarstaðar.

Með vísun í rammaskipulag fyrir Elliðavog og Ártúnshöfða í Reykjavík, en þar segir: „*Geirsnef verður þannig upphafið og endir á grænum geira sem í raun er opinn öllum borgarbúum liggur um Elliðaárdal að Heiðmörk. Núverandi hundaaðstöðu verði fundinn nýr staður, þó kæmi til greina að útfæra hundagerði innan garðsins.*”

Auk þessa má það alveg koma fram, að ef sést til göngufólks og eða einhverja sem hanga inni í eða við bíla Almannaðals megin, þá eru það nær eingöngu fólk með lausa hunda, og svæðið er sagt vinsælt meðal hundaeigenda í Kópavogi. Það eru margir sem þarna eru á ferð, frekar flóttalegir og/eða hræddir á svipinn – hvað sem veldur.

- Ofangreint (og athugasemdir Græðis o.fl) þarf að ræða, sem og leiðir til að útrýma og/eða minsta kosti hemja gríðarlega hraða útbreiðslu skógarkerfils, sem (nánast) sáð var fyrir á sínum tíma af Reykjavíkurborg, og lúpínuna sem hefur verið undanfari þess að allur heiða og holtagróður er að hverfa og þar með þessir fáu fuglar sem eftir eru. Okkur sem eigum þarna lönd og fleirum finnst þetta gríðarlega alvarleg sóun á verðmætum, og kostnaðarsamt að halda illgresinu í skefjum innan girðinga.

Það er mikil þörf á aðgerðum sem hafa raunverulega jákvæð áhrif á umhverfið og minnkar hættustig á vegum landeigenda.

Þegar og ef þetta svæði verður bundið í deiliskipulag, þá getur það svo sem verið ágætt og nauðsynlegt. Við landeigendur höfum lögvarða hagsmuna að gæta á stórum hluta svæðisins. Svæðis sem tilheyrir nokkrum landnotkunarflokkum samkvæmt skipulagsreglugerð. Já, eftirvill er kominn tími á að reyna á ýmis álitamál með deiliskipulagningu eignalanda og nærliggjandi svæða. Gangi okkur bara vel með það.

Nóg að sinni, en áskilinn er allur réttur til frekari athugasemda.

Virðingarfyllst,

Þórir J. Einarsson
eigandi Mjóadalsvegur 6



MOSFELLSBÆR

Tillaga að deiliskipulagi - endurauglýsing

Mosfellsbær auglýsir hér með skv. 41. gr. skipulagstaga nr. 123/2010, að nýju, eftirfarandi tillögu að deiliskipulagi:

Frístundalóðir við Langavatn, tillaga að deiliskipulagi

Um er að ræða deiliskipulag fyrir frístundalóðir norðan við Langavatn. Tillagan felur í sér að skilgreina byggingareiti og stærðir bygginga. Setja skilmála fyrir hús á svæðinu svo þau falli sem best að umhverfinu. Fjölga lóðum á svæðinu um tvær með því að skipta austustu tveimur lóðunum í fjórar 5000 m² lóðir.


Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2, frá 27. september 2019 til og með 10. nóvember 2019, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér hana og gert við hana athugasemdir.

Tillagan verður einnig birt á heimasíðu Mosfellsbæjar á síðinni: mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eða í tölvupósti til undirritaðs eigi síðar en 10. nóvember 2019.

27. september 2019
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
otafurmi@mos.is

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is



Hluti af aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR


- Deiliskipulagssvæði
- Byggingar
- Lóðir
- Deiliskipulag í gildi
- Fyrirhuguð uppbyggingarsvæði
- Hverfisvernd


SAMGÖNGUR

- Vegir
- Aðalstígar
- Útivistarstígar
- Stígur - Fjallahjól
- Græni stígurinn
- Reiðstígar
- Gönguskiðaleið
- Bílastæði

ÁNINGARSTADIR-/STADIR

- Áningarssvæði
- Áningarstaðir
- Útsýnisstaðir
- Hestagerði
- Fríðlýstar fornleifar






AUSTURHEIÐAR



AFSTÖÐUMYND

Dags: 24.02.2021 Mkv: 1:15.000 Teikn: MÖ/PMR
 Óskar Óm Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir

Teikn nr: 1.31	Breytt:
Verk nr: DU1803	
Hannað:	





- Skýringar
- Deiliskipulagssvæði
 - Sveitafélagsmörk
 - 0 - 10% halli
 - 10 - 20% halli
 - 20 - 30% halli
 - 30 - 40% halli
 - >40% halli

AUSTURHEIÐAR




Landhali		Teikn. nr: 1.2	Breytt:
Dags: 24.02.2021		Mkv: 1:15.000	Verk nr: DU1803
Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir		Teikn: MÓ/PMR	Hannað:



AUSTURHEIÐAR



Hæðarkort		Teikn. nr: 1.3	Breytt:
Dags: 20.11.2020		Mkv: 1:15.000	Verk nr: DU1803
Óskar Óm Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir		Teikn: MÓ/PMR	Hannað:




AUSTURHEIÐAR

- Skýringar
- Deiliskipulagssvæði
 - Sveitafélagsmörk
 - Fornminjar

AUSTURHEIÐAR Fornminjar		Telkn. nr: 1.4	Breytt:
		Verk nr: DU1803	
Dags: 20.11.2020		Mkv: 1:15.000	Telkn: MO/PMR
Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir			
LANDMÓTUN		Hamraborg 12, 200 Kópavogi - sími: 575 5300 - kt. 561204-2760 - netf: landmotun@landmotun.is	





- Skýringar
- Deiliskipulagssvæði
 - Sveitafélagsmörk
 - Stígar
 - Vegur




AUSTURHEIÐAR



Núverandi stígakerfi

Dags: 24.02.2021	Mkv: 1:15.000	Telkn: MÓ/BMR	Telkn. nr: 1.5	Breytt:
Óskar Óm Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir			Verk nr: DU1803	
			Hannað:	




- Skýringar**
- Deiliskipulagssvæði
 - Sveitafélagsmörk
 - Lóðir
 - Vegir

AUSTURHEIÐAR



Eignarhald		Telkn. nr: 1.6	Breytt:
Dags: 24.02.2021		Mkv: 1:15.000	Verk nr: DU1803
Óskar Óm Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir		Telkn: MÓ/BMR	Hannað:




- Skýringar**
- Deiliskipulagssvæði
 - Sveitafélagsmörk
 - Rafmagnsveita
 - Vatnsveita
 - Hitaveita
 - Ljósleiðari





AUSTURHEIÐAR



Núverandi lagirnir

Dags: 24.02.2021	Mkv: 1:15.000	Telkn: MÓ/PMR	Telkn. nr: 1.7	Breytt:
Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir			Verk nr: DU1803	
			Hannað:	



- Skýringar**
-  Deiliskipulagssvæði
 -  Sveitafélagsmörk
 -  Hverfisvernd skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur
 -  Friðlýstar fornleifar

X=364214.0623
Y=402276.1639

AUSTURHEIÐAR


Verndarsvæði - Tillaga

Dags: 24.02.2021 Mkv: 1:15.000 Telkn: MÓ/PMR

Óskar Öm Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir

Telkn. nr: 1.8	Breytt:
Verk nr: DU1803	
Hannað:	

LANDMÓTUN Hamraborg 12, 200 Kópavogi - sími: 575 5300 - kt. 561204-2760 - netf: landmotun@landmotun.is




- Skýringar
-  Deiliskipulagssvæði
 -  Sveitafélagsmörk
 -  Núverandi reiðleiðir
 -  Hestagerði

AUSTURHEIÐAR



Reiðleiðir		Teikn. nr: 1.9	Breytt:
Dags: 24.02.2021		Mkv: 1:15.000	Verk nr: DU1803
Óskar Óm Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir		Teikn: MÓ/PMR	Hannað:




- Skýringar
- Deiliskipulagssvæði
 - Sveitafélagsmörk
 - Aðalvegur
 - Aðrir vegir
 - Heimreiðar

AUSTURHEIÐAR



Vegakerfi

Dags: 24.02.2021	Mkv: 1:15.000	Teikn: MÓ/PMR	Teikn. nr: 1.11	Breytt:
Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir			Verk nr: DU1803	
			Hannað:	



- Deiliskipulagssvæði
- Sveitafélagsmörk
- Svæði
- Deilissvæði
- A Vötnin
- B Hlíðar
- C Grafarheiði
- D Hólmsheiði
- E Reynisvatnsheiði


AUSTURHEIÐAR



Landslagsheiðir

Dags: 24.02.2021 Mkv: 1: 15.000 Teikn: MÓ/PMR
 Öskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir

Teikn. nr: 2.1	Breytt:
Verk nr: DU1803	
Hannað:	



- Skýringar
- Deiliskipulagssvæði
 - Sveitafélagsmörk
 - Svæði
 - Deilisvæði
 - Mikið af minjum
 - Töluvert af minjum
 - Engar þekktar minjar
 - Fornminjar


AUSTURHEIÐAR



Gildi söguminja

Dags: 24.02.2021 Mkv: 1:15000 Teikn: MÓ/PMR
 Öskar Óm Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir

Teikn. nr: 2.2	Breytt:
Verk nr: DU1803	
Hannað:	




- Skýringar
- Deiliskipulagssvæði
 - Sveitafélagsmörk
 - Svæði
 - Deilissvæði
 - Mikið gildi
 - Miðlungs gildi
 - Lítið gildi

AUSTURHEIÐAR



Gróðurgildi		Teikn. nr: 2.3	Breytt:
Dags: 24.02.2021		Mkv: 1: 15.000	Verk nr: DU1803
Óskar Óm Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir		Teikn: MÓ/PMR	Hannað:



- Skýringar
- Deiliskipulagssvæði
 - Sveitafélagsmörk
 - Svæði
 - Deilisvæði
 - Merkar jarðmyndanir
 - Áberandi jarðmyndanir
 - Huldar jarðmyndanir


AUSTURHEIÐAR



Gildi jarðmyndana

Dags: 24.02.2021 Mkv: 1:15.000 Teikn: MÓ/PMR
 Öskar Óm Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir

Teikn. nr: 2.4	Breytt:
Verk nr: DU1803	
Hannað:	



- Skýringar
- Deiliskipulagssvæði
 - Sveitafélagsmörk
 - Svæði
 - Deilisvæði
 - Mikið gildi
 - Miðlungs gildi
 - Lítið gildi

AUSTURHEIÐAR




Landslagsgildi

Dags: 24.02.2021 Mkv: 1:15.000 Teikn: MÓ/PMR

Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir

Teikn. nr: 2.5	Breytt:
Verk nr: DU1803	
Hannað:	



- Skýringar
- Deiliskipulagssvæði
 - Sveitafélagsmörk
 - Svæði
 - Deilissvæði
 - Fjölbreytt fuglalíf
 - Töluvert fuglalíf
 - Fábreytt fuglalíf


AUSTURHEIÐAR



Gildi fuglalífs

Dags: 24.02.2021 Mkv: 1: 15.000 Teikn: MÓ/PMR
 Öskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir

Teikn. nr: 2.6	Breytt:
Verk nr: DU1803	
Hannað:	



- Skýringar
- Deiliskipulagssvæði
 - Sveitafélagsmörk
 - Svæði
 - Deilisvæði
 - Mikið gildi
 - Miðlungs gildi
 - Lítið gildi

AUSTURHEIÐAR



Náttúru- og sögugildi


Dags: 24.02.2021 Mkv: 1:15000 Teikn: MÓ/PMR

Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir

Teikn. nr: 2.7	Breytt:
Verk nr: DU1803	
Hannað:	

LANDMÓTUN

Hamraborg 12, 200 Kópavogi - sími: 575 5300 - kt. 561204-2760 - netf: landmotun@landmotun.is




- Skýringar
- Deiliskipulagssvæði
 - Sveitafélagsmörk
 - Svæði
 - Deilissvæði
 - Mikið gildi
 - Miðlungs gildi
 - Lítið gildi

AUSTURHEIÐAR



Útivistargildi		Teikn. nr: 2.8	Breytt:
Dags: 24.02.2021		Mkv: 1: 15000	Verk nr: DU1803
Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir		Teikn: MÓ/PMR	Hannað:




- Skýringar**
-  Deiliskipulagssvæði
 -  Sveitafélagsmörk
 -  Núverandi reiðleiðir
 -  Nýjar reiðleiðir
 -  Reiðleiðir felldar út
 -  Hestaáning

AUSTURHEIÐAR




Reiðleiðir		Teikn. nr: 2.9	Breytt:
Dags: 20.11.2020		Mkv: 1:15.000	Verk nr: DU1803
Óskar Óm Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir		Teikn: MÓ/PMR	Hannað:



- Skýringar
- Deiliskipulagssvæði
 - Sveitafélagsmörk
 - Græni stígurinn
 - Núverandi gönguleiðir
 - Gönguleiðir nýjar
 - Vegur

AUSTURHEIÐAR		Teikn. nr: 2.10	Breytt:
		Verk nr: DU1803	
Stígakerfi - gönguleiðir-núverandi og nýjar		Hannað:	
Dags: 24.02.2021	Mkv: 1:15.000	Teikn: MÓ/PMR	
Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir			
LANDMÓTUN		Hamraborg 12, 200 Kópavogi - sími: 575 5300 - kt. 561204-2760 - netf: landmotun@landmotun.is	





- Skýringar
-  Deiliskipulagssvæði
 -  Sveitafélagsmörk
 -  Fjallahjólaringur
 -  Gönguskíðaleiðir
 -  Vegur

AUSTURHEIÐAR


Stígakerfi - fjallahjól og gönguskíði

Dags: 24.02.2021 | Mkv: 1:15.000 | Teikn: MÓ/PMR

Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir

Teikn. nr: 2.11	Breytt:
Verk nr: DU1803	
Hannað:	

LANDMÓTUN • Hamraborg 12, 200 Kópavogi - sími: 575 5300 - kt. 561204-2760 - netf: landmotun@landmotun.is



- Skýringar
- Deiliskipulagssvæði
 - Sveitafélagsmörk
 - Núverandi áningastaðir
 - Nýr áningastaður
 - Útsýnisstaðir
 - P Bílastæði >10
 - P Bílastæði <10
 - Vegur




AUSTURHEIÐAR



Áningarstaðir - Útsýnisstaðir

Dags: 24.02.2021 Mkv: 1:15.000 Telkn: MÓ/PMR
 Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir

Telkn. nr: 2.11	Breytt:
Verk nr: DU1803	
Hannað:	




X=364214.0623
Y=402276.6139

AUSTURHEIÐAR



Vernd-tillaga

Dags: 24.02.2021	Mkv: 1:15.000	Telkn: MO/PBR	Telkn. nr: 2.13	Breytt:
Óskar Óm Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir			Verk nr: DU1803	
			Hannað:	



- Skýringar
- Deiliskipulagssvæði
 - Sveitafélagsmörk
 - Gildandi deiliskipulag og uppbyggingarsvæði




AUSTURHEIÐAR



Gildandi deiliskipulag og uppbyggingarsvæði

Dags: 24.02.2021 Mkv: 1:15.000 Telkn: MÓ/BMR
 Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir

Telkn. nr: 2.14	Breytt:
Verk nr: DU1803	
Hannað:	




- Skýringar
- Deiliskipulagssvæði
 - Sveitafélagsmörk
 - Aðalvegur
 - Aðrir vegir
 - Heimreiðar



AUSTURHEIÐAR



Vegakerfi		Telkn. nr: 2.15	Breytt:
Dags: 24.02.2021		Mkv: 1:15.000	Verk nr: DU1803
Óskar Öm Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir		Telkn: MO/PBR	Hannað:



- Skýringar
- Deiliskipulagssvæði
 - Sveitafélagsmörk
 - Miðlungshröð umferð
 - Hæg umferð
 - Hröð umferð


AUSTURHEIÐAR




Áningarstaðir - Útsýnisstaðir


Dags: 24.02.2021 Mkv: 1:15.000 Teikn: MÓ/BMR
 Öskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir

Teikn. nr: 2.11	Breytt:
Verk nr: DU1803	
Hannað:	



Austurheiðar rammaskipulag			Teikn. nr: 2.15	Breytt:
 Áningarsvæði Almannaðal			Verk nr: DU1803	
			Hannað:	
Dags: 24.02.2021	Mkv: 1:2.500 A3	Teikn: ÓÖG		
Óskar Örn Gunnarsson SFFÍ				
LANDMÓTUN			Hamraborg 12, 200 Kópavogi - sími: 575 5300 - kt. 561204-2760 - netf: landmotun@landmotun.is	



Austurheiðar rammaskipulag 			Teikn. nr: 2.16	Ereytt:
Áningarsvæði Rauðavatn			Verk nr:	
Dags: 24.02.2021	Mkv: 1:2.500 A3	Teikn: ÓÖG	Hannaó: ÓÖG	
Óskar Örn Gunnarsson SFFI				
LANDMÓTUN • Hamraborg 12, 200 Kópavogi - sími: 575 5300 - kt. 561204-2760 - netf: landmotun@landmotun.is				



Austurheiðar rammaskipulag 			Teikn. nr: 2.17	Breytt:
			Verk nr: DU1803	
Áningarsvæði Vellir/Miðmundardalur			Hannað: OÖG	
Dags: 24.02.2021	Mkv: 1:3.000 A3	Teikn: ÓÖG		
Óskar Örn Gunnarsson SFFI				
LANDMÓTUN			Hamraborg 12, 200 Kópavogi - sími: 575 5300 - kt. 561204-2760 - netf: landmotun@landmotun.is	



Austurheiðar rammaskipulag útivistarsvæðis

Forsendur, landgreining, hugmyndir og skilmálar

20. nóvember 2020

breytt 24.2. 2021



LANDMÓTUN

Unnið fyrir: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

E R
UR

R U V U
V U U R R
R
R U
R R U R
U R R

R E UR

R R R
VE UR R
R UR R
R R V
U R
R V
R UVER
R E R
E R R E U V
U U
R RE

RE E

E R
U

RVER R
RU- U
V R

U U

VER R V
V R V

- 4.2.1. NÚVERANDI ÁNINGARSTAÐIR OG -SVÆÐI 29
- 4.2.2. NÝ ÁNINGASVÆÐI OG -STAÐIR 30
- 4.2.3. NÝIR ÚTSÝNISSTAÐIR 30

R U R V
R V
UR

- 4.5.1. VEGIR 33
- 4.5.2. STÍGAR..... 33
- 4.5.3. REIÐSLÓÐAR..... 34
- 4.5.4. GÖNGUSKÍDALEIÐ 34
- 4.5.5. FJALLAHJÓLALEIÐIR..... 34
- 4.5.6. HUNDASVÆÐI 35
- 4.5.7. FRISBÍGOLF 36
- 4.5.8. BÍLASTÆÐI OG REIÐHJÓLASTÆÐI 36

VE UR

U VER R

RE E R U U

E R

V	U	UR
U	R	R

Mynd 1. Jarðfræðikort af skipulagssvæðinu. Heimild jarðfræðivefsjá ÍSOR.	9
Mynd 2. Skýringar við jarðfræðikort.	10
Mynd 3. Vindatlas frá skipulagssvæðinu. Heimild: Veðurstofa Íslands.	11
Mynd 4. Skóglendi og möguleg skógæktarsvæði skv. úttekt Skógræktarfélagi Reykjavíkur.	12
Mynd 5. Mófuglatalning á Austurheiðum.	13
Mynd 6. Mynd af skilti sem stendur við Reynisvatn.	14
Mynd 7. Verndarsvæði innan Reykjavíkur.	15
Mynd 8. Atlaskort af skipulagssvæðinu sem sýnir gömul býli og kóngsveginn... ..	16
Mynd 9. Afmörkun skipulagssvæðis og lóðamörk lóða innan rammaskipulagssvæðisins.	16
Mynd 10. Landnotkun skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.	17
Mynd 11. Skýringarmynd úr Aðalskipulagi Reykjavíkur sem sýnir á skematískan hátt græna trefilinn.	18
Mynd 12. Umhverfispættir ásamt undirþáttum og umhverfisvísunum.	26
Mynd 13. Svæði á Austurheiðum er skipt niður eftir notkun.	28
Mynd 14. Skógkræktarsvæði og möguleg skógæktarsvæði á heiðum í borgarlandinu. Heimild: Skógrækt Reykjavíkur.	32
Mynd 15. Dæmi um aðgreiningu göngu- og reiðleiðar með grænu belti.	34
Mynd 16. Morgunblaðshringurinn. Heimild: Hjólreiðasamband Íslands.	35
Mynd 17. Hugmyndir um uppbyggingu á hundafimismvæði.	35
Mynd 18. Svæði þar sem lausaganga hunda er heimil skv. samþykkt um hundahald í Reykjavík 478/2012.	36
Mynd 19. Mögulegt stækkunarsvæði fyrir núverandi frísbíggjvöll, núverandi svæði sýnt með gulri útlínu og stækkunarmöguleikar með blárri.	36

1. INNGANGUR

1.1. Aðdragandi skipulagsvinnu

Fleiri og fleiri nýta Austurheiðarnar til útivistar og er vaxandi þörf fyrir stefnumörkun um uppbyggingu tengdri henni fyrir svæðið. Við skipulagsgerðina þarf að hafa í huga þá fjölbreyttu hópa fólks sem stunda útivist s.s. hestafólk, gönguskíði, fjallahjól, torfæruhjól, göngufólk, skokkara, - og fisflug svo eitthvað sé nefnt.

1.2. Vinnulag og uppdrættir

Vinnuferlinu sem fylgt var við gerð þessa skipulags er lýst í meðfylgjandi yfirliti. Í grófum dráttum má skipta því í eftirtalin sjö þrep:

- A. Grunnupplýsingar. Skipulagsforsögn. Söfnun grunnupplýsinga og vettvangsathugun.
- B. Forsendur. Vinnsla úr fyrirliggjandi gögnum um jarðfræði, gróðurfar, dýralíf og lífríki Heiðmerkur. Öflun upplýsinga sem tengjast fornleifum, landnýtingu og mannvirkjum.
- C. Landgreining. Einsleit landsvæði, flokkuð í landslagsheildir út frá sameiginlegum einkennum á náttúrufari, landslagi og landnotkun.
- D. Samantekt. Á grundvelli greiningarinnar er landslagsheildunum gefið gildi út frá fjölbreytileika og sérkennum fyrir mismunandi þætti í náttúrufari, landslagi, landnotkun og fornleifum. Kynning fyrir nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar.
- E. Hugmyndir. Á grundvelli mats á umhverfisáhrifum áætlunarinnar og landgreiningar eru settar fram hugmyndir sem mismunandi kostir og í framhaldi af því er valin sú lausn sem samræmist best markmiðum skipulagsvinnunnar.
- F. Stefnumörkun er sett fram í formi uppdráttar og greinargerðar.

- G. Almenn kynning og auglýsing á rammaskipulagi.

1.3. Markmið

Markmið með gerð rammaskipulags fyrir Austurheiðar er margþætt og er að að tryggja samræmingu landnotkunar innan svæðisins til að forðast hagsmunaárekstra milli núverandi og framtíðar landnotkunar á svæðinu. Helstu markmið eru:

- Afmarka og skilgreina svæði eftir nýtingu þeirra.
- Skapa fjölbreytt og aðgengilegt útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa og ólíka notendahópa s.s. hestafólk, gönguskíði, fjallahjól, torfæruhjól, göngu, skokk, sveppatínslu, berjamó, ferðapjónustu og fisflug.
- Ákvarða og skilgreina legu helstu vegtenginga og göngu-, hjóla og reiðleiða um svæðið.
- Styrkja tengingu byggðar við útivistarsvæði.
- Styrkja samspil og tengingu Austurheiða við aðliggjandi útivistarsvæði.

1.4. Afmörkun

Afmörkun rammaskipulagssvæðisins, sem er um 930 ha. Svæðið nær yfir Austurheiðarnar að mestu, Hólmsheiði, Grafarheiði og Reynisvatnsheiði. Innan svæðisins eru Rauðavatn og Reynisvatn ásamt þeim hluta Langavatns sem er innan sveitarfélagsmarka Reykjavíkur.

Mörk svæðisins miða að mestu við vaxtarmörk þéttbýlis höfuðborgarsvæðisins í vestur, við mörk deiliskipulags útivistarsvæðisins í Úlfarsárdal til norðurs, og við sveitarfélagsmörk milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar í austur. Til suðurs er miðað við vaxtarmörk höfuðborgarsvæðisins sem dregin eru um athafnasvæðið á Hólmsheiði, deiliskipulagsmörk fyrir hesthúsasvæði í Almannadal og að Suðurlandsvegi.

1.5. Fyrirliggjandi skipulag og áætlanir

SVÆÐISSKIPULAG HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS, „HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ 2040“

Rammaskipulag útivistarsvæðis á Austurheiðum er í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins um greiðan aðgang að útivistarsvæðum umhverfis borgina. Þar er það lagt í hendurnar á sveitarfélögunum að þau móti sér „frekari stefnu og mögulegar aðgerðir til verndunar umhverfis og reksturs útivistaraðstöðu í Græna treflinum“ og að þau tryggi samræmt „net göngu-, hjóla- og reiðstíga sem tengja sveitarfélögin saman.“ Í svæðisskipulaginu er gert ráð fyrir græna þráðinum sem er gönguleið sveitarfélaga á milli í græna treflinum. Í samræmi við tilmæli svæðisskipulagsins verður græni stígurinn, samfelldur göngu- og hjólastígur sem tengir öll sveitarfélögin saman, skilgreindur um svæðið og leitað samráðs við gerð rammaskipulags við skógræktar-, náttúruverndar- og útivistarsfélög.

AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

Gerð rammaskipulags fyrir Austurheiðarnar er í samræmi við stefnu aðalskipulags Reykjavíkur um grænu borgina sem er ætlað að stuðla að bættri lýðheilsu borgarbúa og tryggja góð tengsl íbúðarbyggðar við fjölbreytt útivistarsvæði. Litið er á opin svæði í borgarumhverfinu sem auðlind sem nauðsynlegt er að hlúa að. Í aðalskipulaginu er sett fram stefna um heildarskipulag opinna svæða þar sem markmiðið er að mæta þörfum samfélagsins til útivistar og afþreyingar samhliða því að vernda náttúru- og mannvistarminjar innan borgarmarkanna. Þar eru stefnumið sem falla vel að markmiðum um rammaskipulag útivistarsvæðis á Austurheiðum með hjólreiðaleiðum og göngustígum sem

„þræða útivistarsvæðin ... stuðla að aukinni útivist og bættri lýðheilsu. Útivist er af margþættum toga og þurfa opnu svæðin að þjóna íbúum á fjölbreyttan hátt. Leggja þarf áherslu á sérstöðu og fjölbreytta notkunar- og útivistarmöguleika einstakra svæða.“ Við útfærslu skipulagsins verður hugað að tengingum við önnur útivistarsvæði sem æskilegt er að myndi „samfelldan vef eða grænt net um borgarlandið. Hann tengi saman hverfi, heimili, þjónustu og atvinnusvæði og tryggi tengsl íbúðarbyggðar við fjölbreytt náttúru- og útivistarsvæði.“ Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur er ekki gert ráð fyrir byggð innan Græna trefilsins en þó má gera ráð fyrir mannvirkjum sem tengjast almennri frístundaiðju og

útivistarnotkun ásamt gatnatengingum. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun sumarhúsa. Í jaðri græna trefilsins er heimilt að byggja upp þjónustu við ferðafólk, s.s. veitinga- og gistiþjónustu, en slík þjónusta má ekki kalla á nýlagningu vega. Einnig er heimilt að reisa mannvirki og byggingar sem tengjast skógrækt og öðrum ræktunarframkvæmdum. Hestúshverfi skulu samtengd með reiðstígum milli sveitarfélaga.

Innan svæðisins eru tvö hverfisvernduð svæði við Reynisvatn (OP18) og við Rauðavatn (OP17). Í aðalskipulagi Reykjavíkur er fjallað um hverfisvernduð svæði en þar segir m.a. að ekki sé heimilt að hindra leið fótgangandi meðfram ám og vötnum. Endanleg fjarlægð byggðar frá vötnum og ám verði skilgreind á grunni náttúruvafarsúttekta og á grunni rammaskipulags fyrir viðkomandi svæði og afmörkun hverfisverndarsvæðis. Gera má ráð fyrir mannvirkjum innan helgunarsvæðis áa og vatna sem tengjast notkun svæðanna til útivistar s.s. stíga, dvalar- og áningarstaða.

Gert er ráð fyrir fjölbreyttri nýtingu svæðisins við Reynisvatn til útivistar og að þungamiðja þjónustu við útivistarsvæði Úlfarsárdals og Austurheiða verði í tengslum við þá uppbyggingu sem þegar hefur átt sér stað á svæðinu. Við Rauðavatn er fjölsótt útivistarsvæði allan ársins hring enda býður svæðið upp á mikla möguleika til vetraríþróttar og leikja. Vatnið og nánasta umhverfi þess er skilgreint sem hverfisverndarsvæði vegna gróðurfars og fuglalífs. Stefnt er að því að þungamiðja þjónustu fyrir svæðið verði norðvestan við vatnið.

DEILISKIPULÖGÐ SVÆÐI

Fjórar deiliskipulagsáætlanir eru í gildi á svæðinu. Samkvæmt Skipulagsskjá Reykjavíkurborgar eru eftirtalin deiliskipulög í gildi á svæðinu:

- Deiliskipulag Reynisvatnsheiðar, vatnsgeymar
- Deiliskipulag fisfélagsins á Hólmsheiði m.s.br.
- Deiliskipulag á Hólmsheiði, athafnasvæði Landsnets
- Trippadalur, Aðveitustöð 12

Nálæg deiliskipulagssvæði:

- Deiliskipulag hesthúsabyggðar á Hólmsheiði, Almannadalur, m.s.br.
- Deiliskipulag Úlfarsárdals, útivistarsvæði
- Deiliskipulag Hádegismóa.

1.6. Uppdrættir

Kortagrunnur er frá LUKR með uppréttri loftmynd.

Kortaskrá:

- Kort 1.1 Afstöðumynd
 - Kort 1.2 Landhalli
 - Kort 1.3 Hæðarkort
 - Kort 1.4 Fornminjar
 - Kort 1.5 Núverandi stígar
 - Kort 1.6 Eignarhald
 - Kort 1.7 Veitur
 - Kort 1.8 Verndarsvæði
 - Kort 1.9 Reiðleiðir
 - Kort 1.10 Núverandi vegakerfi
-
- Kort 2.1 Landslagsheildir
 - Kort 2.2 Gildi söguminja
 - Kort 2.3 Gróðurgildi
 - Kort 2.4 Gildi jarðmyndana
 - Kort 2.5 Landslagsgildi
 - Kort 2.6 Gildi fuglalífs
 - Kort 2.7 Náttúru- og sögugildi
 - Kort 2.8 Útivistargildi
 - Kort 2.9 Reiðleiðir tillaga

- Kort 2.10 Gönguleiðir
- Kort 2.11 Hjóla- og gönguskíðaleiðir
- Kort 2.12 Áningarstaðir
- Kort 2.13 Vernd
- Kort 2.14 Byggingarsvæði
- Kort 2.15 Vegakerfi

2. FORSENDUR

Almennt einkennist landslagið á Austurheiðum á jarðgrunnum og grýttum holtum og melum. Víða má sjá merki um jarðvegsrof og inni á milli eru mosa og lyngi-vaxnar lægðir. Þar hefur verið gróðursett mikið af trjáplöntum og ber mest á stafafuru, birki og víði, en einnig má finna blágreni, lerki og fleiri tegundir. Furan er mest áberandi enda hefur hún víða náð 3-4 m hæð. Á opnum svæðum má víða sjá stóra fláka af lúpínu. Austurheiðarnar eru hluti af upplandi Reykjavíkur.

2.1. Landslag og staðhættir

Svæðið er u.þ.b. 930 ha að stærð og afmarkast af Suðurlandsvegi til norðurs, ánni Bugðu, Elliðavatni og sveitarfélagamörkum Kópavogs til vesturs, gömlu Heiðmerkur girðingunni til austurs og sveitarfélagamörkum Garðabæjar til suðurs.

Hólmsheiði er víða allblásin og þar eru melar, holt og bersvæðisgróður. Í suðri er Suðurlandsvegur og Hólmsá og borgarmörk Reykjavíkur í austri. Að norðan nær svæðið að spennivirki Landsnets og að vestan að hesthúsasvæði Fjárborga.

Svæðið er í nokkrum halla, sem nær frá Suðurlandsvegi í um 85 m.y.s. til norðurs upp í allt að 140 m.y.s. Austan- og suðaustanáttir eru ríkjandi á svæðinu. Útsýni er til suðurs yfir Rauðhóla, Heiðmörk, Elliðavatn og til Bláfjalla. Hengill sést í austri og frá efsta hluta svæðisins sést til Esju í norðri.

Nokkuð er um mannvirki á svæðinu og eru heitavatnstankar Orkuveitunnar áberandi kennileiti þar sem Hólmsheiði og Grafarheiði mætast. Þangað kemur heitt vatn frá Nesjavallavirkjun og er leitt áfram í heitavatnstanka í Grafarholti í pípu sem liggur að hluta ofanjarðar. Þarna er tengivirki Landsnets og frá því liggur

háspennulína þvert í gegnum svæðið. Fangelsið á Hólmsheiði var tekið í notkun í júní 2016 og einnig má finna fisflugvöll með flugskýli og litlum grasflugbrautum.

Allmikið er um vegslóða og stíga, sem sumir eru frá stríðsárunum, þegar hluti svæðisins var bækistöð setuliðsins. Sumir þessara slóða eru akfærir. Slóðarnir hafa verið mikið notaðir af hestamönnum.

Grafarheiðin er betur gróin en Hólmsheiði og þar hefur síðan 1990 verið unnið töluvert ræktunarstarf. Þar hefur verið plantað trjám, rofabörð stungin, dreift áburði, alaskalúpínu plantað eða sáð. Í kjölfar þessa hefur gróðurfar og ásýnd breyst mjög mikið. Nokkur sumarhúsabyggð hefur verið á svæðinu í gegn um tíðina og einhverjir bústaðir standa enn á meðan aðrir eru horfnir. Sumarhúsareitirnir eru margir hverjir mjög vel grónir.

Grafarheiðin liggur að golfvöllinum við Grafarholt og byggð athafnasvæðisins í Hádegismóum. Næst Suðurlandsvegi er Rauðavatn, sem er talið draga nafn sitt af rauðum lit vatnablöntu sem lifir í vatninu. Þar er einn elsti ræktaði skógur Íslands. Í hann var fyrst gróðursett árið 1901 þegar Rauðavatsstöðin var starfandi á vegum Skógræktarfélags Reykjavíkur. Víða er fallett útsýni ef gengið er frá Rauðavatni upp á heiðarbrúnina til norðurs.


Reynisvatnsheiði liggur upp af Reynisvatni í átt að Langavatni. Um er að ræða land sem er í u.þ.b. 70 –150 m.y.s Hluti svæðisins við Reynisvatn er vel gróið en á Reynisvatnsheiði er nokkuð um lítt gróna eða ógróna mela.

Á hluta heiðarinnar hefur verið plantað trjám og þá mest af stafafuru og ilmbjörk og hafa lundir víða náði yfir 2 metra hæð. Stærsta mýrlendið á Austurheiðum er Starmýri, milli Reynisvatns og Langavatns.

Nafn Reynisvatns er dregið af þjóðsögunni um Reyni bónda og dóttur hans, sem drukkuðu bæði í vatninu og silungsveiði lagðist af. Fiski hefur verið sleppt í vatnið um árabíl og er því bæði villtur stofn og ræktaður í vatninu. Vatnið er mjög grunnt og ekki sjáanlegt afrennsli af því en hlaðið hefur verið fyrir náttúrulegt afrennsli þess.

2.2. Jarðfræði

Á Austurheiðum eru a.m.k. þrjú aðskilin grágrýtishraun. Öll hraunin eru vafalítið aðrunnin og upptaka þeirra að leita á Bláfjalla- og/eða Hengilssvæðinu. Aldur þeirra er líklega nokkur hundruð þúsund ár. Nágrenni byggðarinnar í Reykjavík einkennist af jökulsorfnum grágrýtisholtum þar sem stöðuvötn eins og Reynisvatn og Rauðavatn hafa myndast í dældum. Á Austurheiðum er mjög mikið af misgengjum og sprungum. Sprungurnar eru flestar fornar að sjá og virðast ekki hafa hreyfst í þúsundir ára. Fjórar smærri sprungur virðast nýlegar því þær eru opnar að hluta. Upp úr bólstra- og móbergshrauninu rísa jarðvegssnaud og grýtt klapparholt sem eru einkennandi fyrir svæðið.



Mynd 1. Jarðfræðikort af skipulagssvæðinu. Heimild jarðfræðivefsjá ISOR.

Skýringar / Legend

Hraun / Postglacial lavas
Sjá lista yfir merkingar, heiti hrauna og aldur við hægri jaðar kortis
See lava symbols, name and age on list to the right

-  Sögulegt hraun frá 9.-13. öld
Historical lava, 9th-13th century
-  Hraun frá 8.-9. öld
Lava, 8th-9th century
-  Forsögulegt hraun, 1900-2400 ára
Prehistoric lava, 1900-2400 years old
-  Forsögulegt hraun > 2400 ára
Prehistoric lava > 2400 years old
-  Pikríthraun
Picrite basalt lavas
-  Dyngja < 7000 ára
Lava shield < 7000 years old
-  Dyngja > 7000 ára
Lava shield > 7000 years old




























Berggrunnur / Bedrock

-  Móberg frá seinni hluta síðasta jökulskeiðs
Hyaloclastite, late Weichselian
-  Móberg frá fyrri hluta síðasta jökulskeiðs
Hyaloclastite, early Weichselian
-  Móberg frá eldri jökulskeiðum Bruhnes
Hyaloclastite, early to late Bruhnes
-  Móberg eldra en Bruhnes
Hyaloclastite, older than Bruhnes
-  Grágrýnishettur á móbergi
Lava cap on hyaloclastite
-  Grágrýtisflákar
Interglacial shield lava
-  Þóleitt basalt
Tholeiite lava
-  Ólívínþóleitt í stafla
Olivine tholeiite
-  Andesit
Andesite
-  Líparit (ríólít)
Rhyolite
-  Innskot (dólerít, gabbró)
Intrusion (dolerite, gabbro)
-  Setberg
Sedimentary horizons

Laus jarðlög / Superficial deposits

-  Berghlaup
Rock slide
-  Óskilgreind sethula
Undefined surface deposits
-  a. Gjóska, b. Óskugígur
a. Tephra, b. Tephra Crater
-  Gjóska frá ísöld
Pleistocene tephra

Tákn / Symbols


-  a. Gjall eða klepragigur, b. Gígaróð
a. Scoria or spatter cone, b. Crater row
-  Dyngjubóla
Rootless shield
-  Cervígigur
Rootless cone
-  a. Gígur frá ísöld b. Dyngjugígur frá nútíma
a. Pleistocene crater b. Postglacial shield crater
-  Sprengígigur af völdum jarðhita og kviku
Hydrovolcanic, hydrothermal explosion crater
-  Hraunrás
Lava tube
-  Hrauntróð
Lava channel
-  Halli jarðlaga
Dip and strike
-  Niðurfall
Collapse pit
-  Óskjurnir
Caldera rim
-  a. Hraunjaðar, b. Öviss hraunjaðar
a. Lava margin, b. Inferred lava margin
-  a. Misgengi, b. Gjá
a. Fault, b. Open fissure
-  Mörk jarðlaga, óljós
Contact approximate
-  Fornskeljar
Fossil shells
-  Gufu- eða leirhver
Solfatara, fumarole
-  a. Laug, b. Horfin laug
a. Warm spring, b. Dried up hot spring
-  Ólkelda
Mineral spring
-  Lind a. 10-100 l/s, b. >100 l/s
Spring a. 10-100 l/s, b. >100 l/s
-  Lindasvæði >100 l/s
Spring area >100 l/s
-  Hraunhellir
Cave
-  Surtárbrandur
Lignite
-  Berghlaupsskál
Rock slide scar
-  Berghlaupsjaðar í sjó
Rock slide margin in sea
-  Mörk milli tertíer og kvarter 2.58 M ár /
Tertiary and Quaternary boundary 2.58 Ma
-  Mislæggi, eyða ~ 0.5 - 2 milljónir ára /
Unconformity, hiatus ~ 0.5 - 2 Ma
-  Jökulgarður
End moraine
-  Jökulrákir. Stefna að athugunarstað
Glacial striae. Direction towards observation point

2.3. Veðurfar

Sjálfvirk veðurstöð var sett upp á Hólmsheiði í febrúar 2006 vegna skoðunar á hugsanlegu flugvallarstæði. Hún hefur frá upphafi mælt hita, raka, vindhraða, vindátt og vindhviðu. Í febrúar 2008 voru settir upp sjálfvirkir skyggis- og skýjahæðamælar og stóðu skyggismælingarnar fram í maí 2010 en skýjahæðamælingarnar til febrúar 2012, en þá voru báðir mælar teknir niður. Úrkomumælir hefur verið á Hólmsheiði síðan í september 2008. Nokkrar veðurathugunarstöðvar hafa verið reknar tímabundið í nágrenni Hólmsheiðar. Á árunum 2001–2011 var rekin sjálfvirk veðurstöð á Miðdalsheiði norðan Sandskeiðs vegna hugsanlegs flutnings æfingarflugs. Á Hólmi var mönnuð veðurstöð 1961–1983 og sjálfvirkar veðurstöðvar í um sex mánuði við Kolviðarhól, við Hellisskarð. Í lok sjöunda áratugar síðustu aldar voru vindhraða og vindátta mælingar gerðar í Grafarholti og Breiðholtshvarfi.¹

Mynd 2. Skýringar við jarðfræðikort.

¹ Veðurathuganir og mat á veðurfari á höfuðborgarsvæðinu með tilliti til flugvallarkosta, Veðurstofa Íslands 2014.



Mynd 3. Vindatlas frá skipulagssvæðinu. Heimild: Veðurstofa Íslands.

Hitafar á veðurmælingastöðinni á Hólmi sýna að köldustu mánuðirnir eru desember og janúar með um -2°C meðalhita en heitast er í júlímánuði um 10°C að meðallagi (Úrkomumælingar sýna að ársúrkoma er 1210 mm en á haustin og yfir vetrarmánuðina er mánaðarúrkoma gjarnan á bilinu 60 til 150 mm. Á vorin og sumrin er úrkoman minni eða á bilinu 50 til 100 mm. Snjöhula var að jafnaði

meiri en 50% yfir vetrarmánuðina, og snjódýpt var að meðaltali 5 - 20 cm². Tölur yfir snjöhulu hefur vafalaust breyst sl. áratug þar sem vetur hafa verið frekar snjóléttir.

Þó svo að veðurfarsmælingar á Hólmi og Sandskeiði gefi almennar upplýsingar um veðurfar á svæðinu þá er veðurfar innan svæðisins mjög staðbundið enda skógur myndarlegur á sumum stöðum með sitt eigið „mikróklíma“. Veðurfar í skógum er margbrotið þar sem oft getur verið munur á veðurfari á milli skógarbotns og krónurýmis. Einnig er munur á milli barrskóga og laufskóga, ræktunaraðferða og aldur trjáa.

Munur er á lofthita í krónurými skóga og skógarbotni og eru hitasveiflur í skógi minni. Svalara er í skógum að degi til á sumrin en hlýrra er að næturlagi en á opnum svæðum vegna meiri uppstreymis lofts frá opnum svæðum. Skógar eru því ekki mikil uppspretta loftendurnýjunar sem á sér stað að næturlagi en draga úr áhrifum eða jafna út svokallaða kuldapolla. Í skógum er ennfremur skjólsælla og vindhraði nær mjög skammt inn í skóginn. Skógarveður er loftslag sem er mjög þægilegt fyrir heilsu fólks vegna takmarkaðra hitasveiflna, skjóls, og einnig vegna lyktar og ljósafars. Þetta eru eiginleikar sem stuðla að bættri heilsu fólks. Einnig síar skógur óhreinindi úr lofti og er því andrúmsloft hreinna í skógum.

2.4. Gróðurfar

Austurheiðar eru viðáttumikið heiðaland og gróðurfar hefur tekið talsverðum breytingum síðan skýrsla Náttúrfræðistofnunar um náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur var gefin út árið 1996. Heiðin sem var fyrrum víða all blásin er mikið til orðin skógi vaxin og lúpínubreiður þekja stóra hluta svæðisins.

Fáeinir tegundir plantna sem hafa fundist á svæðinu hafa nokkra sérstöðu eins og fram kemur í greinargerð um náttúrufar á svæðinu frá 1996.³

² Veðurstofa Íslands 2004, Veðurfar á fyrirhuguðum byggingareit fangelsis á Hólmsheiði.

³ Kristbjörn Egilsson, Haukur Jóhannesson, Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 1996. Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur og Skógræktarfélag Reykjavíkur, 2013.


Gullkollur vex hér og þar en hann er frekar sjaldséður hér á landi. Aðalútbreiðsla hans er á Reykjaneskaga. Fuglaertur hafa fundist á tveimur stöðum en þó þær vaxi í öllum landshlutum þá eru þær fremur sjaldgæfar. Báðar þessar tegundir bæta jarðveginn og gera þannig sama gagn og alaskalúpínan en hafa að auki þann kost að vera smávaxnar þannig að þær dafna vel í sambýli við aðrar jurtir. Við Rauðavatn hafa fundist þrjár tegundir sem teljast sjaldgæfar; rauðberjalýng, skógarsmári og engjamura. Skollafingur fannst við Nónhæð eða Nónás.

2.5. Skógræktarsvæði

Trjám hefur verið plantað við Rauðavatn frá 1901 og á tímabili var þar skógræktarmiðstöð á vegum Skógræktarfélags Reykjavíkur. Við Rauðvatn, Reynisvatn, Langavatn og í Almannadal eru gömul sumarbústaðalönd og á lóðum við þá hefur víða verið plantað trjám og settur niður annar gróður. Sumir lundirnir eru orðnir mjög gamlir (Kristbjörn Egilsson, Haukur Jóhannesson, Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 1996. Náttúrufer í austurlandi Reykjavíkur).

Á loftmynd frá 1990 (Landmælingar Íslands) má sjá að á þeim tíma eru trjáreitir sjáanlegir við Rauðavatn á svæði milli vatnsins og Suðurlandsvegur. Að auki eru ræktunarblettir við sumarbústaði. Að öðru leyti var lítil trjárækt á Austurheiðum en eftir 1990 var farið að planta trjám skipulega. Þar hefur verið plantað milljónum trjáplantna en síðustu ár en verulega hefur dregið úr því magni sem plantað er árlega síðustu ár. Árið 2014 var plantað um 20.000 plöntum. Þá var um tíma unnið í rofabörðum og sett niður lúpína á Austurheiðum, elri, selja, álmur, blæösp, þöll, hvítþinur, fjallapínur, broddfura, bergfura, fjallafura, hvítgreni, svartgreni kínagreni og broddgreni. Vegna þessarar ræktunar hefur ásynd svæðisins breyst mjög mikið síðustu ár.

Víða eru komnir þéttir lundir á Austurheiðum, mest fura og nokkur svæði þarfnast grisjunar. Lundir við Reynisvatn eru orðnir mjög háir og eins eru lundir í Leirdal mjög þéttir.



Mynd 4. Skóglendi og möguleg skógræktarsvæði skv. úttekt Skógræktarfélagi Reykjavíkur.

2.6. Fuglalíf og annað dýralíf

Á Austurheiðum er mólendi og skógrækt ríkjandi og einkennist fuglalíf af því. Algengar tegundir eru mófuglar eins og heiðlóa, spói, hrossagaukur og þúfutittlingur sem finnast um allt svæðið. Stelkar verpa við votlendisbletti, í grösugustu hvömmunum og í lúpínustóði. Fjölbreytileiki mófugla á Austurheiðum er frekar lítill og hefur dregist saman frá athugunum fyrir rúmlega 20 árum síðan. Svæðið hefur breyst mjög í gegnum árin með aukinni skógrækt og aukinni útbreiðslu lúpínu. Hin upprunalegu gróðurlendi eins og mólendi og moslendi eru að hörfa.

Í mófuglaúttekt sem fram fór árið 2018⁴ fundust í hverju sniði allt frá 2 tegundum upp í 7 tegundir. Hrossagaukur (*G. gallinago*), skógarþröstur (*T. iliacus*) og þúfutittlingur (*A. pratensis*) voru langalgengustu tegundirnar. Allar þessar tegundir kunna vel við sig í lúpínubreiðum, og skógarþrösturinn einnig í skóglendi. Lítið sást af spóa (*N. phaeopus*) og heiðlóu (*P. apricaria*) og eins og áður sagði er líklegt að þær tegundir séu að hörfa vegna aukinnar útbreiðslu skóga og lúpínu á svæðinu.


Þegar horft er á einstök svæði á Austurheiðum þá sker votlendið í Starmýri sig frá öðrum svæðum, en þar er meira um mó- og vaðfugla. Stærstu samfleyttu þurrlendisbersvæðissvæðin er að finna á Grafarheiði en þar ógnar lúpína víða upprunalegum gróðurlendum. Á Hádegishæð og Nónási og Reynisvatnsheiði eru einnig að finna mikilvæg bersvæðissvæði. Hrossagaukur (*G. gallinago*) og þúfutittlingur (*A. pratensis*) eru algengir á svæðinu og kunna ágætlega við sig í blönduðum skógi og mólendi. Hrossagaukur (*G. gallinago*) er einnig algengur í lúpínubreiðum. Skógarþröstur er síðan langalgengastur en með vaxandi skógrækt má reikna með enn meiri fjölgun hans á svæðinu sem og líklegri fjölgun annarra skógarfugla eins og auðnutittlings og sjaldgæfari tegunda eins og krossnef og glókkoll (sem ekki sást í talningunum núna en hafa sést á þessum slóðum).

Talsvert fuglalíf er við Rauðavatn þann tíma sem vatnið er autt en það er venjulega frá lokum apríl og fram eftir október. Andfuglar og máfar eru mest áberandi en síðsumars sækja einnig að vatninu hópar vaðfugla, t.d. lóur, spóar og

⁴ Mófuglatalning á Austurheiðum, 2018.

lóuprælar. Nokkrar tegundir fugla verpa við vatnið eða leita þangað með unga sína og til fæðuöflunar. Stokkendur, skúfendur, duggendur og toppendur sjást oftast nær á vatninu á sumrin. Duggendur verpa a.m.k. öðru hverju og hafa gert í áratugi. Flórgoði hefur nýlega hafið varp þar að nýju. Sérstaklega mikilvæg fuglasvæði eru við austur- og suðurströnd vatnsins.

Frá náttúrunnar hendi er Reynisvatn lífríkt vatn en umhverfi þess hefur tekið stakkaskiptum á síðustu árum. Áður var þar stunduð fiskrækt og mikil sportveiði með tilheyrandi truflunum fyrir fugla. Vegna þessa helst fátt fugla við vatnið og er fuglalíf þar nú einungis svipur hjá sjón miðað við það sem áður var. Endur sjást nú afar sjaldan og fuglavarp á bökkum vatnsins þrífst ekki vegna stöðugs ágangs. Það er helst að kríur sjást þar í ætisleit.



Mynd 5. Mófuglatalning á Austurheiðum.

Fuglalíf á Langavatni er lítið og fábrotið. Endur sjást þar stöku sinnum (stökkönd, toppönd og jafnvel æðarfugl) en virðast ekki verpa þar, a.m.k. ekki að staðaldri. Stöku kríur sjást í ætisleit og einstöku mófuglar meðfram bökkum. Miðsumars koma nokkur grágæsapör að vatninu ofan úr heiðinni og halda þar til með unga sína. Í Staramýri og á því svæði er talsvert fuglalíf. Álftarpar varp t.d. sumarið 1984 og sumarið 1995 sáust þar urtendur, toppendur og jaðrakan.

Reynisvatn

Fuglalíf og umhverfi

Á margan hátt er lífríkið hér við Reynisvatn sérstakt. Áhrif mannsins á umhverfið hér eru mikil, þar sem voru áður lyngheiðar og melar, er í dag ört vaxandi skógur sem innan tíðar mun verða hávaxinn og skjólsæll fyrir ýmsar fuglategundir sem ekki þrífust hér áður og eru okkur mönnum til gleði og yndisauka.

Vatnið er vinsælt af stangveiðimönnum og hafa margir veitt sinn fyrsta fisk í Reynisvatni og þar með verið kveiktur veiðihugi sem mörgum endist alla ævi.

Hér hafa numið land ýmsar fuglategundir sem voru næsta fáséðar á þessum slóðum áður en skóginum var plantað en á meðan aðrar tegundir sem áttu sér hér kjörlandi áður hafa þurft að hörfa fyrir breyttu gróðurferi. Jafnframt hefur fuglalíf á vatninu breyst. Áður urpu þar nokkrar æðarkollur en þær eru nú hornar, einnig tjaldur, spói og kría. Toppendur sækja nú í fiskinn og jafnvel himbrimar. Hér er mikið fuglalíf og staðurinn því tilvalinn til að njóta nærveru við þessa fjöruðu vini okkar.

Reynisvatn is a natural lake whose surroundings have been heavily influenced by people. The dominant habitats in the area used to be moorland and gravel flats but today tree plantations are spreading over the hills and small valleys around the lake. Species such as Redwing, Common Redpoll and Goldcrest are new colonists in these woodlands, while birds which prefer open country are becoming scarcer. The lake is a popular site for fishing and contains introduced rainbow trout which attract birds like Red-breasted Merganser and even Great Northern Diver. The birdlife on the lake has also changed as a result of increased traffic in the area. Former breeders such as Common Eider, European Oystercatcher, Whimbrel and Arctic Tern have now disappeared.

The birds and the environment are sensitive, so please take care not to disturb the wildlife when walking around the lake or in the woods.

Grágæs
Anser anser



Grágæs er stærst þeirra gæsa sem verpa eða hafa viðvöl á Íslandi. Nokkur pör verpa í grennd við Reynisvatn og leita þangað til að baða og hvílast, en þita grasbala í grenndinni.

- A few pairs of Greylag Geese breed close to Lake Reynisvatn and use it as a roost.

Heiðlóa
Pluvialis aprinaria



Heiðlóa er meðalstór vaðfugl, gulbrunnflíkrött að ofan en hvít og svart að neðan. Hún er algeng í opnu landi kringum Reynisvatn, velur þurr mólendi til varps og er hreiðrið opið. Hún forðast skóglendi.

- The European Golden Plover is a common upland bird, breeding in open nests in moorland around the lake.

Hrossagaukur
Gallinago gallinago



Hrossagaukur er algengur meðalstór vaðfugl, sem sést oftast þegar hann flýgur hringflug yfir óðali sínu og „hneggjar“ með stöðfjóðunum. Hann er algengur varpfugl í myrlendi og þurrlandi kringum Reynisvatn.

- The Common Snipe is a wide-spread breeder in wet and dry habitat around the lake.

Skógarpröstur
Turdus iliacus



Skógarpröstur er brútleitur að ofan, ljós og rákottur að neðan, með áberandi brúna rák og rauðbrúna síður og undirvængi. Hann er einkennisfugl íslenskra skóga og algengur varpfugl á skógræktar-svæðum kringum Reynisvatn og í húsgörðum í Grafarholti. Sést allt árið.

- The Redwing is a common breeder in all kinds of woodland, including the woods around Lake Reynisvatn.

Mynd 6. Mynd af skilti sem stendur við Reynisvatn.

2.7. Ár og vötn

Innan skipulagssvæðisins eru þrjú vötn, Rauðavatn, Reynisvatn og Langavatn. Þessi vötn hafa hvorki aðfall né útfall ofanjarðar.

Rauðavatn er ekki stórt vatn, aðeins 0,32 ferkílómetrar og víðast aðeins um einn metri á dýpt; um einn og hálfur metri þar sem það er dýpst. Hvergi rennur úr Rauðavatni og vatnasvið þess er afar lítið. Það er því að mestu leyti háð sveiflum í veðurfari hvað varðar stærð og vöxt. Líklegast tekur vatnið nafn sitt af vatnablöntunni síkjarnara en stöngull plöntunnar er rauðleitur og blóm þess á yfirborðinu eru einnig rauð. Vel má sjá þetta þegar lítið er í vatninu en þegar glittir í heilu breiðurnar af plöntunni. Gott stígakerfi liggur um skóginn og hringinn í kringum vatnið. Svæðið er mikið nýtt allan ársins hring til göngu og útreiða og á veturnar má oft sjá fólk á skautum og í skíðagöngu.

Reynisvatn er talsvert minna en Rauðavatn eða 0,08 km², með vatnasvið sem er 1,7 km². Reynisvatn er staðsett í dæld milli jökulsorfinna grágrýtisholta. Útfall hefur verið úr vatninu til norðurs en hlaðið hefur verið í það og vatnsborðið þannig hækkað.

Langavatn er 0,42 ferkílómetrar að stærð og er á mörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar. Náttúrfræðistofnun Íslands skilgreinir vatnið sem kransþörungavatn. Vatnsborð vatnsins sveiflast mjög og stafar það e.t.v. að hluta til af miklum sveiflum í vatnsborði.

2.8. Náttúruvernd

Rauðavatn, Reynisvatn og Langavatn njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Þar falla þau undir a. lið 1. mgr. 61. greinar en þar segir:

a. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, [20.000 m²] ¹⁾ að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfittjar og leirur.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er Rauðavatn hverfisverndað og nánasta umhverfi Reynisvatns. Eftirfarandi umfjöllun um svæðin er að finna í Aðalskipulagi Reykjavíkur:

- **Reynisvatn, Starmýri (h13)**, : Berggrunnur er nokkur hundruð þúsund ára gömul hraun og setja gömul misgengi og sprungur mikinn svip á svæðið. Fjölbreytt landslag er víða utan í holtunum, þurrlendi með lyngmóum, graslendi og mosapembu er ríkjandi. Starmýri á milli Reynisvatns og Langavatns er heillegt og gróskumikið votlendi. Fuglalífið einkennist af mófuglum og verpa sumar tegundir, eins og spói, óvenjulega þétt á svæðinu.
- **Rauðavatn (h14)** Nánasta umhverfi, gróðurfar og fuglalíf.



Mynd 7. Verndarsvæði innan Reykjavíkur.

2.9. Fornleifar

Fyrir liggur bráðabirgðaskráning fyrir skipulagssvæðið frá febrúar 2021 sem unnin var af Borgarsögusafni Reykjavíkur og einnig punktaskrá með staðsetningu á öllum minjum á Austurheiði sem gefur góða mynd af dreifingu minja innan svæðisins. Þéttleiki fornleifa er mestur við Rauðavatn og Reynisvatn. Nokkrar eru skráðar í landi Grafar við Rauðavatn. Innan athugunarsvæðisins er þéttleiki þeirra mestur við suð-austur enda Rauðavatns. Skráðar minjar og dreifing þeirra (punktaskrá) er sýnd á skýringaruppdrætti nr. 1.4.

Grafarheiði dregur nafn sitt af bænum Gröf sem stóð fyrir botni Grafarvogs. Grafarkot, sem var kotbýli frá Gröf, stóð þar sem golfvöllurinn er í dag. Ber völlurinn heitið Grafarkotsvöllur. Grafarsel var friðlýst árið 1987 en það stendur á fallegum stað undir Selbrekkum, norðaustan við austurenda Rauðvatns. Grónar og greinilegar tóftir og grasvænar brekkur umhverfis. Staðsetning selsins er sérstök þar sem selið er nánast komið inn í byggðina á höfuðborgarsvæðinu.⁵

Á móhól sunnan við Rauðavatn er fjárborg og sést vel móta fyrir henni á hólnum. Fjárborgin er 9x9 m og veggir hennar eru um hálf metra háir og um 2 metra breiðir. Í gólfi fjárborgarinnar er steinn með krossmarki yfir ártalinu 1818 og þar undir fangamarkið SG.⁶ Fleiri fornminjar eru í landi Grafar í nágrenni Rauðvatns. Ekki er æskilegt að planta trjám í næsta nágrenni þeirra og gott væri að grisja þar sem tré eru komin of nálægt í dag, svo ekki skyggi á minjarnar. Æskilegt er að í kring um minjar sé 15m verndarsvæði.

Á herforingjaráðskorti frá 1909⁷ eru ma. merktir inn bæirnir Grafarholt, Kálfakot (Úlfarsá) og Úlfarsfell. Skógræktarstöðin við Rauðavatn er einnig merkt inn og þar hjá nýbýlið Baldurshagi sem er þar sem bensínstöð er í dag⁸.


Á herforingjaráðskortinu er líka merkt inn forn leið sem er líklega elsti forveri Suðurlandsvegur og lá gatan til Þingvalla. Leiðin var reiðgata og vagnvegur.

⁵ Sjá <http://www.ferlir.is/?id=4420>

⁶ Sjá <http://gudjonfr.is/alfraedi-reykjavikur/>

⁷ Sjá kortablöðin 27NA Reykjavík og 37 NV Hengill Mosfellsheiði.


⁸ Sjá frásögn á vefsíðunni <http://www.ferlir.is/?id=14016> sem unnin er upp úr heimildum.



Mynd 8. Atlaskort af skipulagssvæðinu sem sýnir gömul býli og kóngsveginn.

2.10. Eignarhald, lagnir og efnistökusvæði

Nokkrar sumarbústaðarlóðir eru á svæðinu en ástand lóða og húsa er misjafnt. Sumarhúsabyggð er víkjandi samkvæmt aðalskipulagi. Allflestar lóðirnar eru í einkaeigu. Lóðir eru afmarkaðar í kring um tengivirki Landsnets á Geithálsi, nýtt fangelsi á Hólmsheiði, athafnasvæði fisflugfélagsins og tankana á heiðinni. En einnig er lóð í eigu Orkuveitunnar fyrir dælustöð.



Mynd 9. Afmörkun skipulagssvæðis og lóðamörk lóða innan rammaskipulagssvæðisins.

2.11. Landnotkun í aðalskipulagi

Eftirfarandi landnotkun er skilgreind á svæðinu í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Opið svæði. Stærsti hluti svæðisins er skilgreindur sem opið svæði í aðalskipulagi og er því skipt í nokkra hluta: Úlfarsárdalur austan Vesturlandsvegur (OP10),

Úlfarsfell (OP14), Austurheiðar (OP15) og Reynisvatn (OP18). Reiknað er með að þungamiðja þjónustu við útivistarsvæði Úlfarsárdals og Austurheiða verði í tengslum við uppbyggingu við Reynisvatn.

Íþróttasvæði. Athafnasvæði hestamanna er í Almannadal (Íþ5), sem áður hét Fjárborg og þjónar það hestamönnum í Hestamannafélaginu Fákí og Félagi hesthúsaeigenda í Almannadal. Starfsemi á svæðinu hófst 1965. Þar eru hesthús, félagsheimili, reiðskemma og dýraspítali og tilheyrandi mannvirki.

Efnistöku- og efnislosunarsvæði. Takmörkuð efnislosun er heimiluð á Hólmsheiði (E7) sbr. ákvæði aðalskipulags. Áætlanir ganga þó út frá því að svæðið verði þróað sem útivistarsvæði. Áætlað er að svæðið megi nota til 2020 og þá nái fyllingarsvæðið yfir 32 ha. Það er eingöngu leyfileg efnislosun ómengaðs jarðvegs á Hólmsheiði.


Iðnaðarsvæði. Á Geithálsi er afmarkað iðnaðarsvæði (I1a) fyrir tengivirki Landsnets. Ekki er gert ráð fyrir annarri starfsemi á svæðinu.

Veitur. Afmarkað er svæði utan um stofnkerfi veita á Hólmsheiði (VH) og þar eru heitavatnstankar Orkuveitunnar. Vatn er leitt þangað í pípum frá Nesjavallavirkjun og áfram í heitavatnstanka í Grafarholti. Hluti pípanna liggja ofanjarðar.

Flugvallarsvæði. Á Hólmsheiði er afmarkað flugvallarsvæði (FV) fyrir lendarstað fyrir fisflugvélar.

Samfélagsþjónusta. Á Hólmsheiði (S11) er afmarkað svæði fyrir samfélagsþjónustu og þar er unnið að uppbyggingu fangelsis.

Athafnasvæði. Á Hólmsheiði við Suðurlandsveg (AT14) er afmarkað athafnasvæði. Þar er einkum gert ráð fyrir landfrekri starfsemi með óverulega mengunarhættu s.s. léttan iðnað, gagnaver, vörugeymslu og þess háttar.




Mynd 10. Landnotkun skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

2.12. Græni trefillinn

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040, er umfjöllun um græna trefillinn. Trefillinn er samfelld skógræktar- og útivistarsvæði sem myndar umgjörð um þéttbýlið og skilgreinir mörk útmerkur og þéttbýlis. Ekki er gert ráð fyrir byggð innan græna trefilsins en þó má gera ráð fyrir mannvirkjum sem tengjast almennri frístundaiðju og útivistarnotkun ásamt gatnatengingum. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun sumarhúsa. Í jaðri græna trefilsins er heimilt að byggja upp þjónustu við ferðafólk, s.s. veitinga og gistiþjónustu, en slík þjónusta má ekki kalla á nýlagningu vega. Einnig er heimilt að reisa mannvirkri og byggingar sem tengjast skógrækt og öðrum ræktunarframkvæmdum. Hesthúsahverfi skulu samtengd með reiðstígum milli sveitarfélaga.

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir að grænn stígur, samfelldur göngu- og hjólastígur, liggja eftir treflinum endilöngum og áfram til norðurs og suðurs. Nákvæm lega hans hefur ekki verið ákvörðuð en ákvarðast í aðalskipulögum sveitarfélaganna.

Á meðfylgjandi korti er græni trefillinn og græni stígurinn sýndur eins og hann er er í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.



Mynd 11. Skýringarmynd úr Aðalskipulagi Reykjavíkur sem sýnir á skematískan hátt græna trefillinn.

3. Landgreining og samantekt

3.1. Landslagsheildir

Á grundvelli ítarlegra gagna um náttúrufar og söguminjar, var landið flokkað í mismunandi landslagsheildir og deilivæði þeirra. Hér er átt við greiningu lands á þann hátt að einsleit landsvæði eru afmörkuð út frá sameiginlegum einkennum í landslagi, jarðfræði, gróðurfari, skógrækt, fuglalíf, búsetuminjum og landnotkun. Hvert deilivæði var síðan metið í þrjú gildisflokkar m.t.t. mikilvægis og gildis á mismunandi sviðum, s.s. hvað varðar jarðfræði, gróðurfar, fuglalíf, landslag o.s.fv. Með þessu móti er lagður grundvöllur að ákveðnum skipulagseiningum sem auðvelda afmörkun svæða og ákvörðun um landnotkun.

Svæðinu er skipt upp í 5 landslagsheildir sem allar hafa sín séreinkenni.

1. Svæði A: Vötnin og nærumhverfi.
2. Svæði B: Hlíðarnar.
3. Svæði C: Grafarheiði.
4. Svæði D: Hólmsheiði.
5. Svæði E: Reynisvatnsheiði.

SVÆÐI A-VÖTNIN OG NÆRUMHVERFI

LYKILEINKENNI:

Svæðin einkennast af vötnunum þremur, Rauðavatni, Reynisvatni og Langavatni. Rauðavatn og Reynisvatn eru hverfisvernduð í aðalskipulagi.

AFSTAÐA OG AFMÖRKUN:

Um er að ræða þrjú svæði sem nær yfir vötnin þrjú innan skipulagssvæðisins og nær umhverfi þeirra, þ.e. strandsvæðin. Afmörkun Langavatns nær einungis yfir þann hluta sem er Reykavíkurmegin, þ.e. vesturhluta vatnsins.

LANDLAGSLÝSING:

Rauðavatn er 32 ha og liggur í 74 m hæð yfir sjávarmáli. Reynisvatn 8 ha og liggur í 82 m yfir sjávarmáli og Langavatn samtals 42 ha að stærð og liggur í 100 m hæð yfir sjávarmáli. Vötnin hafa öll svipuð landlagseinkenni en þessi vötn hafa hvorki aðfall né útfall ofanjarðar. Áberandi er hve vatnsborð í Rauðavatni og Langavatni hefur lækkað á undanförunum árum og tengist það sveiflukenndri grunnvatnsstöðu á þessu svæði. Fjöruborð Rauðavatns og Langavatns er lágt og strendur frekar grýttar og lítt grónar. Vatnsbakki Reynisvatns er aftur á móti vel gróinn.

NÁTTÚRUFAR:

Vötnin liggja öll í dældum á milli grágrýtisholta sem eru a.m.k. þrjú aðskilin grágrýtishraun og aldur þeirra líklega um nokkur hundruð þúsund ára.

Gróðurfar vatnanna og nærumhverfis þeirra er nokkuð mismunandi eftir vötnum en hafa vötnin tiltölulega mismunandi yfirbragð. Fjöruborð Rauðavatns er lágt og ströndin grýtt og lítt gróin. Í vatninu vex síkjamari og síðsumars myndar hann sumstaðar samfellda þekju í vatnsborðinu. Leirflög eru víða. Af tegundum sem skráðar voru í flögum má nefna skriðlingresi, naflagras, skurfu, mýrasef, klóelftingu, flagasóley, blómsef, skriðdeplu, mýradúnurt, flagahnoðra og síðast en ekki síst kattarjurt.⁹ Rauði liturinn á Rauðavatni sem er misáberandi, stafar af vatnaplöntunni síkjamara (*Myriophyllum alterniflorum*) sem vex upp af botni í miklum og þéttum breiðum og þekur vatnið að miklu leyti. Plantan blómstrar á yfirborði rauðleitum smáblómum og blómstönglarnir eru einnig rauðleitir. Austan við Rauðavatn undir Úlfhildarholti er gamall trjáræktarreitir sem stofnað var til árið 1901. Fjallafurur frá þeim tíma hafa flestar lokið hlutverki sínu og aðrar tegundir tekið við. Á þessu svæði er gróskumikill lyngmói ríkjandi þar sem opnur eru milli þéttra trjáreita.¹⁰

Minni upplýsingar eru um gróðurfar Reynisvatns og Langavatns. Vatnsbakki Reynisvatns er vel gróinn en á honum vaxa t.d. mýrastör, hálmgresi, engjarós, tágamura, grasvíðir, kornsúra, blávingull, skarífífill, hrafnaklukka, mýrfjóla,

⁹ Náttúrufar, Austurland Reykjavíkur.

¹⁰ <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=11776>

brennisóley, krossmaðra, loðvíðir, klóffá, krækilyng, kattartunga og mýrasef. Í vatninu sjálfu fundust þrjár tegundir vatnsnála, sýkjamari og álftalaukur. Við Langavatn hefur talsvert verið gróðursett af trjám, þar má helst nefna stafafuru, greni, birki og víði en einnig er þar að finna aðrar tegundir. Lúpínu hefur verið sáð á svæðinu.

Talsvert fuglalíf er við Rauðavatn þann tíma sem vatnið er autt en það er venjulega frá lokum apríl og fram eftir október. Andfuglar og máfar eru mest áberandi en síðsumars sækja einnig að vatninu hópar vaðfugla, t.d. lóur, spóar og lóuprælar og sandlóur. Nokkrar tegundir fugla verpa við vatnið eða leita þangað með unga sína og til fæðuöflunar. Aðrir fuglar sem hafa sést undanfarna áratugi og sumir jafnvel orpið eru grágæsir, stökkendur, skúfendur, duggendur og toppendur sjást oftast nær á vatninu á sumrin. Stökkendur og toppendur eru líkast til árvissir varpfuglar. Duggendur verpa a.m.k. öðru hverju og hafa gert í áratugi. Flórigoðar sjást öðru hverju á Rauðavatni og hafa orpið þar að nýju. Máfar og kríur nota Rauðavatn mikið til baða og hvíldar. Kríur veiða þar einnig mikið enda verpa þær skammt frá. Sílamáfar sjást yfirleitt í tugatali við Rauðavatn frá því í maí og fram í byrjun september en þeir verpa einnig lítills háttar í holtunum í grennd. Aðrir máfar sem sést hafa við vatnið eru svartbakur og silfur máfur.

Umhverfi Reynisvatns hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum. Þar var stunduð fiskirækt og mikil sportveiði með tilheyrandi truflunum fyrir fugla. Vegna þessa helst fátt fugla við vatnið og er fuglalíf þar nú einungis svipur hjá sjón miðað við það sem áður var. Endur sjást nú afar sjaldan og fuglavarp á bökkum vatnsins þrífst ekki vegna stöðugs ágangs. Það er helst að kríur sjáist þar í ætisleit. Áður fyrr og fram undir 1985 voru æðarfuglar árvissir á Reynisvatni og þar urpu að jafnaði nokkur pör. Duggendur sáust einnig, svo og toppendur. Þessara fugla varð ekki vart sumarið 1995. Aðrir fuglar sem sést hafa reglulega við vatnið eru grágæs, hrossagaukur, heiðlóa, skógarþröstur, toppönd og stelkur.

Langavatn virðist vera eitt lífsnauðasta vatnið í grennd við Reykjavík og stafar það e.t.v. að hluta til af miklum sveiflum í vatnsborði. Jafnframt er vatnið líkast til næst því að vera í upprunalegu ástandi samanborið við önnur stöðuvötn í landi Reykjavíkur og nágrannasveitarfélaganna. Athuganir á fyrri árum, svo og sumarið

1995, benda til þess að fuglalíf á Langavatni sé lítið og fábrotið. Endur sjást þar stöku sinnum (stökkönd, toppönd og jafnvel æðarfugl) en virðast ekki verpa þar, a.m.k. ekki að staðaldri. Stöku kríur sjást í ætisleit og einstöku mófuglar meðfram bökkum. Miðsumars koma nokkur grágæsapör að vatninu ofan úr heiðinni og halda þar til með unga sína.

LANDNOTKUN:

Rauðavatn er fjölsótt útivistarsvæði allan ársins hring enda býður svæðið upp á mikla möguleika til vetraríþrotta og leikja. Göngu- og reiðstígar liggja umhverfis og meðfram vatninu og þegar vatnið leggur er oft skautað á vatninu. Vatnið og nánasta umhverfi þess er skilgreint sem hverfisverndarsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur.

Umhverfis Reynisvatn liggur fallegur og greiðfær stígur sem eru um 1,3 km langur. Umhverfi og landslag vatnsins er margbrotið og er skilgreint sem hverfisverndarsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur.

Enginn stígur liggur meðfram Langavatni og landnotkun mestmegnis í tengslum við sumarbústaðalönd.

Vötnin og umhverfi þeirra eru vinsæl útivistarsvæði og þá sér í lagi Rauðvatn og Reynisvatn. Langavatn er undantekning þar sem aðgengi að því er erfið vegna sumarbústaðalanda og sumstaðar hindranir eins og girðingar og hlið sem hindra aðgengi að vatninu.

UPPLIFUN:

Svæðin við Reynisvatn og Rauðavatn eru svipuð að því leitinu til að um þau eru með nokkuð brattar hliðar að baki, hliðar sem vísa til suðurs frá Rauðavatni og svo hliðar sem vísa til norðurs og vesturs frá Reynisvatni og norðurs frá Langavatni. Suðurlandsvegur og umferðarniður frá honum setur sitt mark á upplifun við Rauðavatn.

DEILISVÆÐI

Deilissvæði	stærð í ha	Lýsing
A1	47	Rauðavatn og nærumhverfi þess, bakkar og strandsvæði. Skógrækt, lúpínubreiður.
A2	33	Skógurinn við Rauðavatn, sem gengur undir nafninu Rauðavatnsstöðin. Hann er í grunninn einn elsti ræktaði skógur Íslands og fyrsti skógurinn sem gerður er sem útivistarskógur. Gróðursett var í hann fyrst árið 1901. Talverður fjöldi af minjum er á svæðinu.
A3	15	Reynisvatn og nærumhverfi þess, bakkar og strandsvæði. Grösugir bakkar og skógrækt. Minjar frá Reynisvatnsbæ.
A4	16	Langavatn og nærumhverfi þess, bakkar og strandsvæði. Lúpínubreiður og misgrýtt strandsvæði.

SVÆÐI B-HLÍÐARNAR

LYKILEINKENNI:

Svæðin einkennast af hlíðum heiðanna, Grafar-, Reynis- og Hólmsheiði sem og Skálinni. Einkenni er brattlendi og skógrækt.

AFSTAÐA OG AFMÖRKUN:

Um er að ræða sex svæði sem ná yfir suðurhlíðar Grafarheiðar að Suðurlandsvegi og Rauðavatni. Hádegisbrekkur, brekkur upp af Leirdal og Reynisvatni og hlíðar eða brekkur Reynisvatnsás sem vísa að Úlfarsárdal og í vestur að nýju íbúðarhverfi undir Reynisvatnsási. Afmörkun svæðanna að heiðalöndunum afmarkast við 100 metra hæðarínuna.

LANDLAGSLÝSING:

Á svæðunum eru landslagseinkenni áþekkjanleg, þ.e. bröttum skógi vöxnum hlíðum þar sem við taka meira og minna berangursleg klapparholt með lúpínubreiðum.

NÁTTÚRUFAR:

Gróðurfar í hlíðunum er blanda af skógrækt þar sem plantað hefur verið barrtrjám (furu, lerki og greni), og lauftrjám, birki, ösp og reyni, sumstaðar með blöndun og líka hreinir barrskógar. Þar sem ekki hefur verið plantað í brekkurnar þá einkennist gróður af graslendi eða mólendi.

Fuglalíf er nokkurt en sumarið 2018 fór fram athugun á vegum Reykjavíkurborgar¹¹ á mófuglum á Austurheiðum. Fjölbreytileiki er frekar lítill og hefur dregist saman síðan við síðustu athugun sem gerð var árið 1996. Í athuginni sem gerð var 2018 fundust á Austurheiðum alls 13 tegundir mófugla og vaðfugla. Þar sem skógur er þéttur þá er tíðni fugla talsverð en fjölbreytileiki minni og skógarþrösturinn algengastur í skóglendinu en hrossagaukur og þúfutittlingur í lúpínubreiðum. Fjölbreytileiki á opnum svæðum þar sem mólendi og graslendi tók við af skógi er talsvert meiri og sáust þá fleiri tegundir.

LANDNOTKUN:

Landnotkun í hlíðunum tengist mestmegnis útivist. Hlíðarnar eru nokkuð brattar þannig að mikið hefur verið plantað í gegnum tíðina en stígar liggja víða í jaðrinum eða í brekkunum.

UPPLIFUN:

Skógi vaxnar hlíðar með blönduðum skógi eða hreinum barrskógi. Stígar liggja um skóginn og jaðarinn sem býður upp á mismunandi upplifanir. Útsýni oft gott yfir byggð og opin svæði s.s. Úlfarsárdal.

¹¹ Ólafur Arason, Snorri Sigurðsson, 2018, Mófuglar á Austurheiðum.

DEILISVÆÐI

Deilisvæði	stærð í ha	Lýsing
B1	12	Hlíðarnar austan Rauðavatns. Reiðleið og gönguleið liggur um svæðið. Um er að ræða að mestu leyti ræktaðan skóg, blandaðan af barr- og lauftrjám.
B2	17	Hlíðin ofan Rauðavatns. Stígar sem liggja frá Rauðavatni upp á heiðarnar, bílastæði rétt austan við Hádegismóa. Ræktaður skógur, blandaður. Minjar en ofan Rauðavatns en þar eru tóftir í hlíðinni sem kenndar eru við Grafarsel. Grafarsel var friðlýst árið 1987. Leifar af kartöflugórðum.
B3	26	Hlíðarnar á Hádegishæð. Blandaður skógur og mó- og graslendi. Um svæðið liggur vegur að bústað við Rauðavatn 29. Stofnstígur liggur meðfram svæðinu og golfvallarins.
B4	2	Skálin. Lægðardrag sem myndar nokkurs konar skál umlukin brekkum. Skjólríkt svæði. Áningarstaður er í Skálinn þar sem fyrir er borð og steipt grill sem ekki hefur verið notað lengi.
B5	33	Hlíðarnar ofan byggðar í Grafarholti og vísa þær til norðurs. Skógrækt með mestmegnis barrskógi en einnig blönduðum skógi. Stofnstígur sem liggur gegnum Leirdal upp að Völlum.
B6	41	Hlíðarnar í Reynisvatnsási ofan sem vísa að Úlfarsárdal. Ræktaður blandaður skógur ásamt mó- og moslendi. Stígar liggja um hluta svæðisins.

SVÆÐI C-GRAFARHEIÐI

LYKILEINKENNI:

Svæði C nær yfir Grafarheiðina og einkennist af klapparkollum og hlíðum og lægðardrögum þar sem skógrækt og lúpínubreiður eru einkennandi. Útsýni víða mjög gott af efstu hæðum.

AFSTAÐA OG AFMÖRKUN:

Um er að ræða 9 svæði sem ná yfir Grafarheiðina en Grafarheiðin nær frá Rauðvatni í suðri, Grafarholtsvelli í vestri, svokölluðum Völlum í norðri og svo

Almannadal í austri. Grafarheiði dregur nafn sitt af bænum Gröf, sem er vestan við Grafarholt og var afar landmikil jörð.

LANDLAGSLÝSING:

Á Grafarheiði skiptast á ávalir ásar með berum klapparholtum með lægðum á milli þar sem eru annað hvort skógi vaxnir eða með mó- eða graslendi. Skiptingin á milli hlíðanna og heiðanna miðast við 100 m línuna og ná hæstu kollarnir upp í um 140 m hæð yfir sjávarmál. Grafarheiðin er betur gróin en Hólmsheiði og þar hefur síðan 1990 verið unnið töluvert ræktunarstarf. Þar hefur verið plantað trjám, rofabörð stungin, dreift áburði, alaskalúpínu plantað eða sáð. Í kjölfar þessa hefur gróðurfar og ásynd breyst mjög mikið. Nokkur sumarhúsabyggð hefur verið á svæðinu í gegn um tíðina og einhverjir bústaðir standa enn á meðan aðrir eru horfnir. Sumarhúsareitirnir eru margir hverjir mjög vel gróinir.

NÁTTÚRUFAR:

Gróðurfar á Grafarheiði er fjölbreytt en hefur breyst mikið á síðustu árum vegna aukinnar skógræktar. Mest ber á stafafuru, birki og víði en einnig má finna blágreni, lerki og fleiri tegundir. Furan er mest áberandi, þar sem hún hefur náð 3–4 m hæð, þar sem best lætur. Helstu skógarsvæðin eru í lautum og bollum. Á opnum svæðum er víða að finna stóra fláka af lúpínu. Inn á milli eru síðan blanda af moslendi og mólendi.

Fuglalíf er nokkurt en sumarið 2018 fór fram athugun á vegum Reykjavíkurborgar¹² á mófuglum á Austurheiðum. Fjölbreytileiki er frekar lítill og hefur dregist saman síðan við síðustu athugun sem gerð var árið 1996. Í athuguninni sem gerð var 2018 fundust á Austurheiðum alls 13 tegundir mófugla og vaðfugla. Þar sem skógur er þéttur þá er tíðni fugla talsverð en fjölbreytileiki minni og skógarþrösturinn algengastur í skóglendinu en hrossagaukur og þúfutittlingur í lúpínubreiðum. Fjölbreytileiki á opnum svæðum þar sem mólendi og graslendi tók við af skógi er talsvert meiri og sáust þá fleiri tegundir.

¹² Ólafur Arason, Snorri Sigurðsson, 2018, Mófuglar á Austurheiðum.

LANDNOTKUN:

Stígakerfi á Grafarheiðinni er nokkuð gisið og miðast við lægðardrög sem liggja upp á heiðina, í lægðum á milli ása og svo tenging á milli austurs og vesturs frá Byrgisholti, undir Selhól og Álaskyggni að Lyngdal. Nýr reiðstígur liggur einnig um svæðið frá Rauðavatni að Mjóadalsvegi og tengist þar reiðstíg sem liggur í áttina að Langavatni.

UPPLIFUN:

Skógi vaxnar lægðir eða dældir, lúpínubreiður og klapparholt gera það að verkum að upplifun á heiðalandinu er mjög fjölbreytt og útsýni af hæstu hæðum eins og Hádegishæð, Skálahæð og Há múum mjög gott og þá sérstaklega frá Hádegis- og Skálahæðinni en þar er mjög gott útsýni yfir byggðina.

DEILISVÆÐI

Deilisvæði	stærð í ha	Lýsing
C1	93	Svæðið frá Almannadal sem fer hæst í 140 metra hæð á Mýrarskyggni. Blandaður skógur í lægðum og dældum ásamt graslendi, mólendi og moslendi. Melar og klapparholt víða og sumstaðar nokkurt rof í landi. Lúpínubreiður mjög víða. Göngu- og reiðstígur liggur um svæðið og heitavatnsleiðsla liggur í gegnum svæðið.
C2	20	Lægðardrögin á milli ásanna. Þar eru stígatengingar upp á háheiðina og skógrækt talsvert mikil en einnig nokkur grasi vaxin dalverpi. Heitavatnsleiðsla liggur um norðanvert svæðið.
C3	20	Hlíð neðan Álaskyggis. Svæðið er að mestu þakið lúpínubreiðum en einnig skógrækt og moslendi. Stígur liggur um mitt svæðið.
C4	2	Efri hluti Lyngdals þar sem stígar mætast með leiðum upp að Álaskyggni, niður í Skálina og yfir í Hádegismóa og Hádegishæð. Skógrækt ríkjandi.
C5	4	Hlíðar Lyndals og Hádegishæðar. Gróðurfar einkennist mest af lúpínubreiðum, skógrækt og moslendi. Áframhald af stígum í svæði C4.
C6	8	Hádegishæð. Útsýnisstaður með mjög gott útsýni yfir byggðina. Gróðurfar mestmegnis moslendi og klapparholt og melar.

C7	32	Skálahæð og Há múar. Að miklum hluta mó-eða moslendi og melar. Skógrækt í jöðrum. Stígur sem liggur frá Skálinni fer um svæðið. Heitavatnslögn liggur um svæði að norðanverðu og samliggjandi vinnuvegur.
C8	45	Álíka svæði og C7 en landinu hallar talsvert meira til norðurs og mynda hlíðar að Völlunum. Efstu punktar eru mos- eða mólendi og melar. Í lægðum skógrækt. Lítið um stíga. Lokuhús, vatnsbró og yfirfallsbrunnur Orkuveitunnar eru innan svæðisins. Misgengissprunga mjög greinileg á sem liggur frá norðri til suðurs.
C9	13	Svokölluð Tvísteinahæð og nærumhverfi sen nær hæst í 138 metra hæð. Melar ríkjandi ásamt mó- og moslendi. Skógrækt í jöðrum.

SVÆÐI D-HÓLMSHEIÐI

LYKILEINKENNI:

Svæði D nær yfir Hólmsheiði og einkennist af klapparkollum og hlíðum og lægðardrögum þar sem skógrækt og lúpínubreiður eru einkennandi. Útsýni víða mjög gott af efstu hæðum. Þarna er tengivirki Landsnets og frá því liggur háspennulína þvert í gegnum svæðið. Þarna má finna fisflugvöll með flugskýli og litlum grasflugbrautum. Allmikið er um vegslóða og stíga, sem sumir eru frá stríðsárunum, þegar hluti svæðisins var bækistöð setuliðsins. Sumir þessara slóða eru akfærir. Slóðarnir hafa verið mikið notaðir af hestamönnum.

AFSTAÐA OG AFMÖRKUN:

Um er að ræða 9 svæði sem ná yfir Hólmsheiðina. Heiðin er víða allblásin og þar eru melar, holt og bersvæðisgróður. Í suðri er Suðurlandsvegur og Hólmsá og borgarmörk Reykjavíkur í austri. Að norðan nær svæðið að spennivirki Landsnets og að vestan að hesthúsasvæði Fjársborga.

LANDLAGSLÝSING:

Svæðið er í nokkrum halla, sem nær frá Suðurlandsvegi í um 85 m.y.s. til norðurs upp í allt að 155 m.y.s. Austan- og suðaustanáttir eru ríkjandi á svæðinu. Útsýni er til suðurs yfir Rauðhóla, Heiðmörk, Elliðavatn og til Bláfjalla. Hengill sést í austri og frá efsta hluta svæðisins sést til Esju í norðri. Á Hólmsheiði er landslagið meira aflíðandi en á Grafarheiðinni og hæst fer hún í 155 m þar sem lengi var

jarðvegstíppur þar sem ekki er lengur losað efni. Víða eru melar en einnig skógrækt eða mó- eða graslendi.

NÁTTÚRUFAR:

Á háheiðinni og vesturhluta hennar eru stórir melar með bersvæðisgróðri sem virðast vera að gróa upp. Annars staðar eru lyngmóar með rofabörðum sem víða eru að lokast. Í heild er heiðin einsleit hvað gróðurfar varðar. Skógrækt er talsverð og þá annað hvort blandaður skógur eða hreinn barrskógur. Lúpínubreiður eru víða.

Á Hólmsheiði er lítið um stór samfleyt óröskuð búsvæði fugla. Vegir og byggingar brjóta svæðin upp í fleiri minni svæði. Lúpína og ræktaður skógur eru mjög útbreidd á Hólmsheiði. Tíðni fugla var hæst á Hólmsheiði en tegundafjölbreytni lítil.

LANDNOTKUN:

Nokkuð er um mannvirki á svæðinu og eru heitavatnstankar Orkuveitunnar áberandi kennileiti þar sem Hólmsheiði og Grafarheiði mætast. Þangað kemur heitt vatn frá Nesjavallavirkjun og er leitt áfram í heitavatnstanka í Grafarholti í pípu sem liggur að hluta ofanjarðar. Tengivirki Landsnets er rétt utan skipulagsmarkanna en hefur talsverð áhrif á landnotkun þar sem háspennulína liggur um svæðið. Innan svæðisins er einnig fisflugvöllur með sinni aðstöðu og því talsverð umferð þar um en einnig um Hólmsheiðarveg sem liggur frá Suðurlandsvegi að Úlfarsárdal. Rétt við jaðar skipulagsmarkanna er líka hesthúsabyggð í Almannadal.

UPPLIFUN:

Þar sem svæðið er talsvert skorið af vegum er umferð um svæðið talsvert meiri en á öðrum svæðum innan rammaskipulagssvæðisins. Þarna eru líka mannvirki Orkuveitunnar, fisflugvöllur og tengivirki Landsnet í næsta nágrenni þá er upplifun á þessu svæði talsvert önnur.

DEILISVÆÐI

Deilisvæði	stærð í ha	Lýsing
D1	128	Mjóadalshæð og Hestabrekkuhæð og brekkurnar að hesthúsahverfinu við Almannadal. Stór svæði eru þakin lúpínu en einnig talsverð skógrækt. Efst á svæðinu er talsvert af melum. Reiðleiðir frá hesthúsabyggðinni liggja um svæðið.
D2	40	Svæðið ofan tengivirkis Landsnets og svæði fisflugvallarins. Einsleitt svæði með ógrónum melum, moslendi og skógrækt á köflum. Reiðstígur liggur um svæðið. Svæðið einkennist af lúpínubreiðum og blönduðum skógi.
D3	13	Lægðardrag á milli svæðis D4 og D2. Reiðleið liggur í gegnum svæðið og Hólmsheiðarvegur. Skógrækt og lúpínubreiður ríkjandi.
D4	37	Mólendi, uppgrætt land með tjágróðri. Um er að ræða svæði þar sem hitaveitutankar OR eru staðsettir sem og fyrrum efnislosunarsvæði. Á þessu svæði rís svæðið hæst á Hólmsheiðinni en tippsvæðið fer í 155 metra hæð. Búið er að græða það land og er það graslendi í dag. Heitavatnspípa og vegir liggja á svæðinu.
D5	25	Svæðið þar sem Fisfélag Reykjavíkur er með aðstöðu. Tiltölulega flatt land. Ein malbikuð braut en annars grassbrautir. Flugskýli og aðstöðuhús. Svæðið einkennist af graslendi, lúpínubreiðum og skógrækt.
D6	3	Suðausturendi Miðmundardals. Dalverpi með graslendi ríkjandi. Reiðleið liggur í gegn.
D7	60	Skógi vaxnir ásar og lægðir og klapparkollar með ríkjandi mólendi. Svæðið liggur að vesturenda Langavatns og hlíðum þess. Hólmsheiðarvegur fer í gegnum svæðið og sumarbústaðalönd við Langavatn.
D8	1	Suðurendi dalverpis, graslendi ríkjandi.
D9	26	Mýrarver. Norður-, suður- og vesturendi Langavatns. Sumarbústaðalóðir með skógækt umhverfis bústaði annars moslendi og lúpínubreiður sem þekja stóran hluta svæðisins.

SVÆÐI E-REYNISVATNSHEIÐI

LYKILEINKENNI:

Svæði E nær yfir Reynisvatnsheiðina en ofan Reynisvatns einkennist það af ásum og lægðum, stóru votlendissvæði, og að norðanverðu er Reynisvatnsás sem liggur að Úlfarsárdal. Svæðið er skorið í tvennt af Hólmsheiðarvegi sem liggur þarna í gegn. Talsvert af skógrækt en stór svæði gróðurlítill.

AFSTAÐA OG AFMÖRKUN:

Um er að ræða 10 svæði sem ná yfir Reynisvatnsheiðina. Heiðin er víða allblásin, sér í lagi Reynisvatnsásinn, melar, holt og bersvæðisgróður í talsverðum mæli. Í suðri eru Vellir, í vestri hlíðar Reynisvatns og byggðin í Grafarholti og Reynisvatnsási, í norðri Úlfarsárdalur og í austri Hólmsheiðin.

LANDLAGSLÝSING:

Reynisvatnsheiði liggur upp af Reynisvatni í átt að Langavatni. Um er að ræða land sem er í u.þ.b. 70 –150 m.y.s. Heiðin einkennist af ávölum ásum og stærri lægðum s.s. Miðmundardal en einnig nokkrum klapparkollum þar sem útsýni er ágætt s.s. Nónás og Hádegishæð. Við Reynisvatn var útilífsmiðstöð og þar voru seld veiðileyfi í talsverðan tíma. Nafn vatnsins er dregið af þjóðsögunni um Reyni bónda og dóttur hans, sem drukknuðu bæði í vatninu og silungsveiði lagðist af. Fiski hefur verið sleppt í vatnið um árabil og er því bæði villtur stofn og ræktaður í vatninu. Vatnið er mjög grunnt og ekki sjáanlegt afrennsli af því en hlaðið hefur verið fyrir náttúrulegt afrennsli þess.

NÁTTÚRUFAR:

Hluti svæðisins við Reynisvatn er vel gróið en á Reynisvatnsheiði er nokkuð um lítt gróna eða ógróna mela. Á hluta heiðarinnar hefur verið plantað trjám og þá mest af stafafuru og ilmbjörk og hafa lundir víða náði yfir 2 metra hæð. Stærsta mýrlendið á Austurheiðum er Starmýri en hún liggur í kvos eða dalverpi milli Langavatns og Reynisvatns. Á Reynisvatnsási eru stórir melar með bersvæðisgróðri en þarna er að finna stærstu samfelldu ógrónu svæðis innan skipulagssvæðisins, þar sem melar eru ríkjandi. Annars staðar eru lyngmóar með rofabörðum sem víða eru að lokast. Skógrækt er talsverð og þá annað hvort

blandaður skógur eða hreinn barrskógur. Lúpinubreiður eru víða. Nónás og Hádegishæð einkennast af berum klapparholtum og þar eru víða stórar jökulsorfnar klappir. Vatnsborð Langavatns er lágt og fjaran stórgrýtt og ógróin. Þetta svæði virðist vera einhver harðbýlasti hluti Austurheiða.

Fuglalíf á þessu svæði er einna fjölbreyttast þá bæði hvað varðar fjölbreytni og tíðni. Mikil fjölbreytni er við Starmýri.

LANDNOTKUN:

Ekki er mikið um mannvirki á svæðinu. Háspennulína liggur um svæðið, sumarhús í austasta hluta svæðisins, Hólmsheiðarvegur sem liggur frá Suðurlandsvegi að Úlfarsárdal og reið- og gönguleiðir.

UPPLIFUN:

Svæðið er fjölbreytt og býður upp á margar upplifarnir. Miðmundardalur er nokkuð stórt dalverpi þar sem finna má áningarstað við tóft eina. Áður var þar skotæfingasvæði. Talsvert af stígum og fjölbreytt svæði vegna gróðurfars og fuglalífs. Útsýnisstaðir nokkrir og hvalbök með greinilegum jökulrákum sumstaðar greinileg.

DEILISVÆÐI

Deilissvæði	stærð í ha	Lýsing
E1	13	Vellir og Miðmundardalur og nálægar hlíðar. Um er að ræða dalverpi sem liggur upp af Leirdal. Dalverpið sjálft er að megninu til graslendi og var áður fyrr notað sem skotæfingasvæði. Í hlíðum Hádegishæðar og Nónáss er skógrækt að hluta. Melar og moslendi einnig algengt. Slóði liggur um svæði sem nær niður í Leirdal og í Grafarholtið. Tóft og áningarstaður
E2	7	Nónás, klapparás með miklu útsýni yfir Reynisvatn og byggðina í Grafarholti. Hæst liggur hæðin í rúmlega 120 m hæð. Melar og moseldni ríkjandi en skógrækt í jöðrum. Sums staðar eru greinileg hvalbök.
E3	3	Lægð á milli Nónáss og Hádegishæðar. Mestmegnis skógrækt.


E4	18	Hádegishæð og lægðardrög. Klapparásar eða hæðir sem fara hæst í 138 m en af hæðinni er gríðargott útsýni og einn besti útsýnisstaður Reykjavíkur. Svæðið einkennist af mest af mos- eða mólendi, melar einnig á stöku stað og skógrækt í jöðrum og lægðum. Lúpinubreiður einnig hér og þar. Raflína liggur um þvert svæðið sem og stígatenging frá Völlum yfir að Reynisvatni.
E5	30	Norðurhlíðar Hádegishæðar og svæðið umhverfis Starmýri. Talsverð skógrækt með blönduðum skógi. Moslendi, skógrækt og lúpinubreiður næst Hólmsheiðarvegi. Raflína liggur um svæðið og stígar sem liggja framhjá Starmýriog meðfram Hólmsheiðarvegi. Einkalóð við Starmýri.
E6	50	Reynisvatnsás. Ás á milli Hólmsheiðarvegur og Úlfarsárdals. Hæst fer hann í ríflega 130 m hæð. Stór melasvæði og moslendi. Lúpinubreiður. Raflína og vegir liggja þarna í gegn. Gönguleið niður í Úlfarsárdal og einkalóðir.
E7	11	Mýrarver. Gamalt tún, mólendi og skógrækt, einkalóð.
E8	10	Starmýri og nánasta umhverfi. Hverfisverndað svæði ásamt Reynisvatni. Votlendi með miklu fuglalífi. Tjörn er í vesturenda svæðisins. Slóði liggur um votlendi að austan- norðanverðu.
E9	4	Graslendis- eða mólendisblettur sunnan við Starmýri. Hólmsheiðarvegur liggur í jaðri svæðisins og gönguleið frá Miðmundardal að Starmýri.
E10	11	Ás á milli tveggja dalverpa. Að mestu skógrækt með blönduðum skógi en einnig lúpinubreiður og moslendi. Raflína stígar og reiðstígar liggja um svæðið.

3.2. Gildismat

Til að auðvelda mat á landslagsheildum skipulagstillögunnar hafa verið skilgreindir umhverfisþættir sem eru lýsandi og eiga við skipulag á svæðinu Austurheiðum. Undir þeim koma undirþættir og að síðustu eru settir fram umhverfisvísar fyrir hvern af undirþáttunum. Á grundvelli umhverfisþátta var lagt mat á náttúrfarseiginleika og sögulegt gildi svæðisins. Matið var síðan sett fram í töflum þar sem gefnar voru einkunnir fyrir hverja landslagsheild fyrir sig. Í greiningunni var horft til eftirfarandi umhverfisþátta:

- Náttúra og landslag, með undirþáttunum landslag, jarðmyndanir, vatnafar, yfirborðsvatn og grunnvatn.

- Líffræðilegur fjölbreytileiki, með undirþáttunum gróðurfar, fuglalíf, lífríki vatna og áa.
- Land, með undirþáttunum ósnortið og snortið land, núverandi landnotkun.
- Minjar, með undirþáttunum sögu- og búsetuminjar.



Mynd 12. Umhverfisþættir ásamt undirþáttum og umhverfisvísam.

Til þess að geta metið vægi einstakra landslagsheilda og þeirra deilivæða þá var umhverfisþáttunum gefið vægi eftir mikilvægi þeirra. Í viðauka í lok greinargerðar eru töflur sem sýna niðurstöður einkunnagjafar. Gefin voru I-III stig eftir því sem við átti og niðurröðun var í flokka A-C eftir stigafjölda.

3.3. Gildi söguminja

Helstu svæði þar sem samfelldar sögulegar minjar eru að finna eru við Rauðavatn en þéttleiki þeirra mestur við suð-austur enda Rauðavatns í landi Grafar.

Á herfingjaráðskorti frá 1909 eru ma. merktir inn bæirnir Grafarholt, Kálfakot (Úlfarsá) og Úlfarsfell. Skógræktarstöðin við Rauðavatn er einnig merkt inn og þar hjá nýbýlið Baldurshagi sem er þar sem bensinstöð er í dag.

Á herforingjaráðskortinu er líka merkt inn forn leið sem er líklega elsti forveri Suðurlandsvegur og lá gatan til Þingvalla. Leiðin var reiðgata og vagnvegur.

3.4. Náttúrverndargildi

Mikilvægustu gróðursvæðin á Austurheiðum samkvæmt landslagsgreiningu sem gerð var og byggir á gróðurfarslýsingu frá Náttúrufræðistofnun, vistgerðarkorti og lýsingu Skógræktarfélag Íslands er þar sem gróður er fjölbreyttastur í tegundasamsetningu en einnig þar sem fyrir má finna samfelldar breiður af mólendi. Með því er ekki verið að segja að önnur gróðursamfélög séu síður mikilvæg heldur er horft til fjölbreytileika í gróðurfari. Þau svæði sem fá hæst gildi eru votlendi meðfram vötnum og tjörnum í nágrenni Rauðavatns og Reynisvatns sem og við Starmýri. Skógræktarsvæðin þar sem finna má blandaðan skóg en þar er tegundasamsetning mjög fjölbreytt sem og botngróður.

Miðlungsgildi fá svæði þar sem skógræktarsvæðin eru einsleitari sem og einsleit graslendissvæði. Lítið gildi fá þau svæði sem einkennast af melum, einsleitu gróðurfari. (Sjá kort 2.3)

Mikilvægustu svæðin vegna fuglalífs eru svæðin við Rauðavatn, Reynisvatn, Starmýri. Á þessum svæðum eru fuglalíf fjölbreyttast og mikið af votlendisfuglum. Næst mikilvægustu svæðin eru skógræktarsvæðin og mólendisvæðin en þar er tegundafjölbreytni ekki eins mikil en ber að huga að þar sem þessi svæði eru á undanhaldi og það fuglalíf sem einkennir þessi svæði. Melar og klapparholt fá lægstu gildin þegar kemur að fuglalífi. (Sjá kort 2.6)

Mikilvægustu svæðin vegna jarðmyndana eru klapparholtin og sprungusvæðin. (Sjá kort 2.4)

3.5. Náttúru- og sögugildi

Til þess að draga saman upplýsingar voru mismunandi gildi náttúrufarsþátta og söguminja vegin saman. Svæðin sem fá hæstu gildin varðandi náttúru og sögu eru svæðin umhverfis vötnin en þar fer saman mikið af minjum ásamt fjölbreyttu gróðurfari og fuglalífi. Miðlungsgildi fá svæði þar sem gróðurfar og fuglalíf er mjög fjölbreytt. Svæðin sem fá lægstu gildin eru svæði þar sem einsleit skógræktarsvæði og melar er einkennandi. (Sjá kort 2.7)

3.6. Útivistargildi

Þegar kemur að útivistargildum landslagsheildanna þá fá þau svæði hæstu gildin þar sem fer saman gott aðgengi, aðstaða til útivistar, stígakerfi, fræðslugildi og verndargildi. Vötnin og nánasta umhverfi fá hæstu gildin en þar er aðgengi gott, fjölbreytt gróður- og dýralíf og núverandi aðstaða ágæt með mismunandi dvalarsvæðum. Miðlungsgildin fá þau svæði þar sem núverandi stígakerfi er sem þéttast og skógur ríkjandi. Skógræktarsvæðin gefa svæðinu mikið útivistargildi, þar kemur til skjól, fjölbreyttur trjágróður, lykt og ljós og öðruvísi búsvæði fugla en t.a.m. við vötnin. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu á þessum svæðum. Lægstu gildin eru svæðin þar sem stígakerfi er gisið og á hæstu hæðum svæðisins. Lágt gildi útskýrist einnig að verra aðgengi vegna eignarhalds, s.s. við Langavatn en einnig á Reynisvatnsheiðinni. (Sjá kort 2.8).


4. SKIPULAGSHUGMYND

Vegna nálægðar við borgarmörkin er rammaskipulagssvæðið mjög vinsælt útivistarsvæði. Skógrækt sl. áratuga hafa gert það að verkum að svæðið er orðið mjög fjölbreytt hvað varðar gróður- og dýralíf og skjólgott. Hinir ýmsu útivistarhópar sækja svæðið í talsverðum mæli s.s. gangandi, hjólandi, hundaeigendur, gönguskíðafólk, hestamenn og svo eru Fisflugfélag Reykjavíkur með aðstöðu austast á svæðinu. Nokkrar eignarlóðir eru líka innan svæðinis s.s. sumarbústaðir og Orkuveitan er með nokkrar byggingar. Hugmyndin er að bæta aðstöðu og aðgengi að svæðinu og auka fjölbreytni með nýjum stígum og áningarstöðum/svæðum. Ennfremur að auka útivistargildi austast á svæðinu sem er tiltölulega vannýtt í dag.

Ýmsir áhugaverðir staðir og leiðir eru innan svæðisins sem má gera hærra undir höfði og nýta betur undir útivist.

Í grófum dráttum er svæðinu skipt í þrjú mismunandi svæði eftir notkun.

- A. Svæðið er aðal útivistarsvæði fyrir gangandi, hlaupandi, hundaeigendur, gönguskíði, hópa sem fara rólega yfir. Áhersla á útsýni og fjölbreytileika í náttúrufari.
- B. Svæði, leið hestamanna, þeir fara aðeins hraðar yfir og umferð þeirra á ekki vel heima með öllum öðrum vegfarendahópum
- C. Svæðið, umferð þeirra sem fara hraðar yfir – hjól, jafnvel mótorkjól, í bland við landnotkun tengivirki, athafnasvæði, fangelsi o.s.v.fr. Gera mætti hjólabrautir. Skógur gæti skermað og rammað inn leiðir og mannvirki.



Mynd 13. Svæði á Austurheiðum er skipt niður eftir notkun.

4.1. Verndarsvæði

Innan skipulagssvæðisins eru einar friðlýstar fornminjar.

Gröf. Grafarsel, seljarústir frá jörðinni Gröf (Grafarholti), í svonefndun Selbrekkum, um 450 m norðaustur frá austurenda Rauðavatns. Skjal undirritað af ÞM 30.05.1987. Þinglýst 26.06.1987.

HVERFISVERNDARSVÆÐI

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er Rauðavatn hverfisverndað og nánasta umhverfi Reynisvatns. Eftirfarandi umfjöllun um svæðin er að finna í Aðalskipulagi Reykjavíkur:

- **Reynisvatn, Starmýri (h13)**, : Berggrunnur er nokkur hundruð þúsund ára gömul hraun og setja gömul misgengi og sprungur mikinn svip á svæðið. Fjölbreytt landslag er víða utan í holtunum, þurrlendi með lyngmóum, graslendi og mosabembu er ríkjandi. Starmýri á milli Reynisvatns og Langavatns er heillegt og gróskumikið votlendi. Fuglalífið einkennist af mófuglum og verpa sumar tegundir, eins og spói, óvenjulega þétt á svæðinu.
- **Rauðavatn (h14)** Nánasta umhverfi, gróðurfar og fuglalíf.

Til viðbótar er gerð tillaga um þrjú hverfisverndarsvæði vegna náttúru- og söguminja.

Tillaga um hverfisvernd vegna náttúruminja:

- Hádegishæð: Hverfisvernd vegna greinilegra hvalbaka og útsýnis.
- Nónás: Hverfisvernd vegna greinilegra hvalbaka og útsýnis.

Um þessi svæði gilda eftirfarandi ákvæði:

- öll mannvirkjagerð skal takmörkuð
- fyrst og fremst skal hugað að vernd náttúrufarslegra og sögulegra þátta sem m.a. nýtast til umhverfisfræðslu.
- Stígar sem liggja um verndarsvæðin verði með lágmarksuppbyggingu með malarefni eða trjákurli og henta því göngufólki til að njóta náttúrulegra svæða á aðgengilegan hátt.
- Ekki verði gróðursett innan svæðanna.

Einnig eru skilgreind tvö hverfisverndarsvæði sem mikilvæg mófuglabúsvæði. vegna mikilvægs mófuglalífs en ástæða þykir að vernda og viðhalda óbreyttu ástandi vegna mikilvægis þeirra fyrir fuglalíf.

- Opin mó- og moslendi á Grafarheiði.
- Opin mólendi norðan við Reynisvatnsás sunnan við Úlfarsá.

Um þessi svæði gilda eftirfarandi ákvæði:

- Fyrst og fremst skal hugað að vernd náttúrufarslegra þátta.
- Ekki verði farið í skógrækt á svæðinu til þess að vernda núverandi gróðurfar.

Sett er hverfisvernd á stakt Einitré sem er skv. Skógrækt Reykjavíkur stærsti Einir landsins.

4.2. Útivistarsvæði

Útivistarsvæði skiptast niður í áningarstaði, áningarsvæði og útsýnisstaði og fer skilgreiningin eftir stærð og umfangi útivistarsvæðanna.

4.2.1. Núverandi áningarstaðir og -svæði

Núverandi áningastaðir eru innan Austurheiða erum með mismiklu þjónustustigi en þeir eru:

Núverandi áningastaðir innan Austurheiða eru litlir og innihalda yfirleitt útiborð og ruslastamp en þeir eru:

1. **Áningarsvæði við Rauðavatn.** Við vatnið eru bekkir staðsettir á tveimur stöðum norðan við vatnið og ruslastampur og bílastæði við Lyngdal. Einnig við útilistarverk (Torfhlaðið laufabrauð eftir Málfríði Aðalsteinsdóttur). Skjólsgott svæði með góðu útsýni yfir Rauðavatn. Einnig áningarstaður með æfingatækjum og borði við suðausturenda Rauðavatns.

2. **Áningarstaður við Reynisvatn.** Núverandi aðstaða við Rauðavatn eru bílastæði, bekkir, ruslastampur og upplýsingaskilti.
3. **Áningarstaður í Miðmundardal/Vellir.** Í dag er þar útileguborð.
4. **Almannadalur efri.** Í dag er þar útileguborð.
5. **Áningarstaður í Skálinni** en þar er bekkur og ruslastampur.

4.2.2. Ný áningasvæði og -staðir

Gert er ráð fyrir nýjum áningarstöðum á nokkrum stöðum innan Austurheiðar og hafa þeir mismunandi vægi eftir uppbyggingu en einnig gert ráð fyrir uppbyggingu á núverandi áningarstöðum.

UPPBÝGGING Á NÚVERANDI ÁNINGARSTÖÐUM

- **Skálin.** Í Skálinni eða Paradísardal er gert ráð fyrir uppbyggingu. Svæðið er mikið notað af hundaeigendum og svæðið talsvert stórt þannig að innan svæðisins er leyfilegt að koma upp hundafimsvæði, þar sem hægt væri að nota efni sem fellur til af staðnum við grisjun. Komið verði upp fleiri borðum, bekkjum og upplýsingaskiltum um göngleiðir og almenna umgengisreglur.
- **Rauðavatn.** Eitt af þremur hliðum að svæðinu með bílastæðum verði við Rauðavatn bæði í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu Bandalags íslenskra skáta og í Lyngdal. Við Lyngdal verði komið fyrir upplýsingaskilti við aðkomu með korti þar sem fram koma helstu upplýsingar. Uppbygging gerir ráð fyrir borðum, bekkjum, grillaðstöðu, leiktækjum, fleiri og bættum bílastæðum og salerni. Við **norðvesturenda Rauðavatns** verði komið upp skipulagðri útivistaraðstöðu við norðurenda vatnsins í samnýtingu með uppbyggingu fyrirhugað skátasvæðis. Komið verði upp fræðsluskiltum um lífríki og sögu svæðisins og kortum af svæðinu. Þarna verði meginaðkoma að svæðinu á bíl. Gerð yrði bryggja eða pallur út í vatnið sem m.a. nýttist fyrir

skautaiðkun á veturna. Æskilegt væri að gera lága hljóðmön meðfram Suðurlandsveginum á móts við útivistarsvæðið til þess að bæta hljóðvist við Rauðavatn.

- **Áningarstaður við Reynisvatn.** Við Reynisvatn verði hin aðalaðkoman að Austurheiðum. Þar verði komið fyrir fleiri borðum og bekkjum, aðstöðu fyrir fuglaskoðun, útigrilli o.s.frv.

NÝ ÁNINGASVÆÐI

Uppbygging gerir ráð fyrir t.d. borðum, bekkjum, grillaðstöðu, leiktækjum, bílastæðum, salerni o.s.frv.

Ný áningasvæði verða á eftirtöldum svæðum:

- **Almannadalur.** Þar verði komið fyrir fleiri borðum og bekkjum, útigrilli, leiktækjum o.s.frv.
- **Vellir/Miðmundardalur.** Þar verði komið fyrir fleiri borðum og bekkjum, útigrilli, leiktækjum, strandblaki o.s.frv.

NÝIR ÁNINGASTAÐIR

Nýir áningastaðir verða á eftirtöldum stöðum þar sem komið verði upp minni aðstöðu eins og allt að 10 bílastæði, borð og bekkir og upplýsingaskilti:

1. **Við norðvesturenda Langavatns.** Býður upp á útsýni yfir Langavatn.
2. Við **fisflugvöll.**
3. Á þremur stöðum við **Mjóadalsveg** og **Pípuveg.**

4.2.3. Nýir útsýnisstaðir

Komið verði upp útsýnisskífum á völdum stöðum sem bjóða upp á mjög gott útsýni.

- **Hádegishæð**

- Steinaklöpp
- Skálahæð
- Nónhæð
- Álaskyggir

4.3. Ræktunarsvæði

Á Hólmsheiði hefur verið gróðursett talsvert af trjáplöntum. Mest ber á stafafuru, birki og víði en einnig má finna blágreni, lerki og fleiri tegundir. Furan er mest áberandi, þar sem hún hefur náð 3–4 m hæð, þar sem best lætur. Helstu skógarsvæðin eru í lautum og bollum í miðju svæðisins. á opnum svæðum er víða að finna stóra fláka af lúpínu.

Hluti svæðisins svæðisins við Reynisvatn og heiðin upp af vatninu eru vel gróin en talsvert er líka um lítt eða ógróna mela á Reynisvatnsheiði. Á hluta af svæðinu hefur trjám verið plantað. Þar ber einna mest á stafafuru og ilmbjörk, trjám og lundum sem víða hafa nú þegar vaxið yfir 2 metra hæð. Þar er einnig skógurinn við Rauðavatn, sem gengur undir nafninu Rauðavatnsstöðin. Hann er í grunninn einn elsti ræktaði skógur Íslands og fyrsti skógurinn sem gerður er sem útivistarskógur. Gróðursett var í hann fyrst árið 1901¹³.

NÝ RÆKTUNARSVÆÐI

Samkvæmt skýrslu sem Skógræktarfélag Reykjavíkur gerði í tengslum við vinnu við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 um borgarskógrækt þá er lagt til áframhaldandi skógrækt innan rammaskipulagssvæðisins (sjá mynd 11). Í rammaskipulaginu eru þó afmörkuð stærri mólendissvæði og klapparholt þar sem ekki þykir æskilegt að gróðursetja meira til þess að varðveita mófuglalíf á svæðinu. Enn eru þó nokkuð stór svæði sem hægt er að halda áfram með skógrækt.

¹³ Borgarskógrækt

Hólmsheiði

Svæðið er í dag uppvaxandi skógur að stórum hluta. Ef skógurinn verður látinn halda sér, mun hann smám saman verða ráðandi og ásýnd og náttúrufar verða svipað og í Heiðmörk. Gróðurinn mun binda koldíoxíð og draga úr svifryki. Úrkomuvatn mun halda áfram að finna sér náttúrulega leið niður í grunnvatn. Stríðsminjar munu standa óhreyfðar. Vistkerfið mun eflast með tilkomu stækkandi skógar. Skógur sem þessi er mikið nýttur af borgarbúum til útivistar. Verðmæti hans eykst eftir því sem umhirðan er markvissari. Því er mikilvægt að hefja grisjun á skóginum sem fyrst og halda áfram gróðursetningu, bæði innan svæða sem nú þegar hafa verið gróðursett sem og skóglausra svæða.


Reynisvatn og heiðin

Þörf er á áframhaldandi gróðursetningu og umhirðu á þeim skógi sem fyrir er. Þar eru ýmsir skógarlundir sem þarfnast umhirðu t.a.m. með því að grisja þá og gróðursetja fleiri tegundir trjáplantna sem myndi auka útivistargildi svæðisins.

Ennfremur er þörf á því að bæta aðgengi útivistargesta með viðhaldi og stækkun göngustíga á svæðinu auk uppsetningar áningarstaða.

GRISJUN

Grisjun og umhirða skógarins á Austurheiðum eru, ásamt aðstöðusköpun fyrir gesti og gangandi, ein brýnustu viðfangsefni innan ræktunarsvæðanna næstu áratugina. Að lokinni gerð nýrrar skógræktaráætlunar ætti að vera búið að framkvæma alla nauðsynlega grisjun fyrir uppfærslu áætlunarinnar 10 árum síðar.



Mynd 14. Skógræktarsvæði og möguleg skógræktarsvæði á heiðum í borgarlandinu. Heimild: Skógrækt Reykjavíkur.

4.4. Byggingarsvæði

Innan rammaskipulagsins eru nokkur svæði þar sem deiliskipulag er í gildi eða þar sem nauðsyn vegna mögulegrar uppbyggingar þarf að deiliskipuleggja. Þessi

svæði eru sýnd á skýringaruppdrætti. Ekki eru sýndir byggingarreitir umhverfis minni mannvirki eins og almenningsalerni eða minni þjónustuhús þar sem leyfilegt er að reisa þess konar mannvirki á útivistarsvæðum þar sem þau tengjast almennri útivist.

ALMENNINGSALERNI

Byggingareitir allt að 20 m² við núverandi og ný áningarsvæði eru sýndir með tákni á skýringaruppdráttum. Frágangur þeirra á að vera skv. reglugerðar nr.798/1999 um losun skólps, leyfisveitingar og fráveitur.

ROTÞRÆR

Rotþrær eru við öll stærri mannvirki á svæðinu og á frágangur þeirra að vera skv. reglugerð nr.798/1999 um losun skólps, leyfisveitingar og fráveitur. Gert er ráð fyrir að rotþrær verði settar niður innan byggingarreita þeirra skála sem fyrirhugaðir eru á svæðinu. Skulu þær vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar fyrir náðhúsum, salernum, fráveitum og rotþróum. Í leyfi nefndarinnar skal kveðið á um gerð, viðhald, hreinsun og eftirlit með búnaðinum. Þar sem rotþró með viðeigandi siturlögn er ekki nægjanleg mengunarvörn að dómi heilbrigðisnefndar skal koma fyrir safntanki á fráveitulögn eða hafa þurrsalerni. Förgun á seyru og úrgangi úr þurrsalernum eða náðhúsum er óheimil á svæðinu.

FYRIRKOMULAG SORPHIRÐU

Umsjónaraðili Austurheiða skal í samráði við heilbrigðisnefnd setja upp ruslastampar á ferðamannastöðum og öðrum stöðum þar sem reikna má með mannsöfnuði og sjá um viðhald og tæmingu þeirra sé það ekki falid öðrum rekstraraðila. Ruslálátum verður komið fyrir við öll áningarsvæði og minni ílát við áningarstaði. Að öðrum kosti er gerð krafa um að meðferð og frágangur sorpílata sé í samræmi við þær kröfur sem settar eru í reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og 738/2003 um urðun úrgangs.

SUMARHÚS-ÍBÚÐARHÚS

Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 eru engin frístundasvæði né íbúðabyggð innan Austurheiða. Núverandi íbúðar- og frístundahús eru inn á svæðum sem eru skilgreind sem opin svæði því ekki gert ráð fyrir íbúðarsvæðum eða frístundabyggð þar. Til umræðu er að fara í endurskoðun á ákvæðum aðalskipulagsins er varða Kjalarnes, verndar- og útivistarsvæði og útmörk borgarinnar innan Græna trefilsins. Áætlað er að undirbúningur hefjist á næsta ári. Lagt er til að endurskoðun á ákvæðum varðandi frístundahús verði skoðað heildstætt og öllum hagsmunaaðilum gefin tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri samhliða þeirri vinnu.

Á rammaskipulagsupprætti er sumarhúsareitir eða eignalönd afmarkað með punktalínu.

BYGGINGAR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Auk lagnamannvirkja þá eru mörg stærri og minni mannvirki á vegum Orkuveitu Reykjavíkur við Mjóadalsveg eru staðsettir tankar Orkuveitunnar, dælustöð og tengihús.

Í gildi eru deiliskipulagssáætlanir fyrir vatnsgeymi á Reynisvatnsheiði T4 og deiliskipulag hitaveitugeyma á Reynisvatnsheiði.

Svæði Fisfélags Reykjavíkur

Á sérlóð eru staðsett mannvirki á vegum Fisfélags Reykjavíkur. Um er að ræða vélageymslu og aðstöðuhús. Svæðið er ætlað fyrir íþrótt þá sem Fisfélag Reykjavíkur stundar nú við rætur Úlfarsfells.

Ferðapjónustusvæði við Langavatn

Í landi Langavatnsvegar 3 (Lnr. 113423) eru uppi hugmyndir um uppbyggingu ferðapjónustu s.s. þjónustu- og kaffihús en einnig svokallaðar náttúrukúlur til gistingar. Áform sem þessi kalla á sérstakt deiliskipulag.

Við Langavatnsveg á lóð nr. 2 (Lnr. 113417) eru uppi hugmyndir um að útfæra aðstöðu til að geta boðið útivistarfólki og almenningi aðgengi að aðstöðu þar sem hægt er að leggja bílum, njóta náttúrunnar og útsýnis í m.a. heitum potti ásamt því að geta fengið sér léttar veitingar fyrir eða eftir gönguferðir, hjólaferðir, gönguskíði o.fl. Til þess þarf þá m.a. gott svæði fyrir bílastæði, húsnæði fyrir salerni, skiptiklefa og sturtuáðstöðu, afgreiðslu veitinga, heitir og kaldir pottar með náttúrulegu útliti ásamt gufubaði eða sauna o.fl. Öll aðstaðan sem yrði innandyra væri undir sama þaki, eitt hús. Áform sem þessi kalla á sérstakt deiliskipulag.

4.5. Samgöngur

4.5.1. Vegir

Nokkrir akvegir liggja um svæðið. Meginleið og aðalvegur liggur um Hólmsheiðarveg sem liggur frá Úlfarsárdal suður að Suðurlandsvegi. Nauðsynlegt er að halda þeim vegi vel við og byggja hann frekar upp og jafnvel leggja á hann bundið slitlag til þess að minnka rykmengun á svæðinu. Nauðsynlegt er líka að byggja upp Pípuveginn og Mjóadalsveg og verða þessar leiðir helstu vegir um svæðið og uppbygging áningasvæða, -staða og bílastæða mun fara fram að mestu meðfram þessum vegum þar sem aðgengið er sem best.

Gerð er tillaga um lagfæringar á gatnamótum Mjóadalsvegar og Hólmsheiðarvegar við Fisflugvallarsvæðið. Gatnamót einfölduð.

Nokkrir minni vegir eru innan svæðisins sem liggja að einkalóðum við Mýrarskyggni sem og Langavatnsvegi og eru ekki ætlaðir fyrir almenna bílaumferð.

4.5.2. Stígar

Rammaskipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu stígakerfis sem munu tengja stígakerfi betur við jaðarsvæði, önnur útivistarsvæði sem liggja að Austurheiðum. Horft er til þess að skapa fjölbreyttar hringleiðir. Stofnstígar eða aðalstígar eru

þeir sömu og í gildandi aðalskipulagi og liggja frá aðliggjandi útivistarsvæðum og byggð sem tengja Austurheiðar við aðliggjandi svæði. Byggð. Gert er ráð fyrir að stofnstígar séu einnig reiðhjólástígar.

Stofnstígar eru sýndir með bláum lit en aðrir stígar eru sýndir með gulum lit á skipulagsupprætti.

Græni stígurinn

Græni stígurinn er samfelldur göngu- og hjólástígur sem tengir öll sveitarfélögin saman og á að liggja um græna trefilinn. Gert er ráð fyrir 3 metra breiðum malbikuðum stíg með aðgengi fyrir alla. Gert er ráð fyrir að hægt sé að nýta stíginn sem þjónustuveg ef á þarf að halda t.d. fyrir slökkvilið viðhald og rekstur á svæðinu. Gert er ráð fyrir að stígurinn liggji um svæðið frá Rauðavatni og að mestu leyti í vesturjaðri svæðisins, sem leið liggur að Reynisvatni en þaðan mun hann taka lykkju um Reynisvatnsásinn í áttina að Mosfellsbæ.

Stofnstígar

Eru skilgreindir með heilli blárrí línu á upprætti. Gert er ráð fyrir 3 metra breiðum malarstíg sem hægt væri að nýta sem þjónustuveg ef á þarf að halda t.d. fyrir slökkvilið og vegna umhirðu skógar. Sjá staðsetningu aðalstíga á upprætti.

Útivistarstígar

Útivistarstígar eru skilgreindi með gulrí línu á upprætti. Útivistarstígar eru 1-2 metra breiðir, ýmist malar- eða kurl- eða stíkaðir slóðar allt að 1 metri á breidd. Sjá staðsetningu útivistarstíga á upprætti.

4.5.3. Reiðleiðir

Þar sem reiðslóðar og gönguleiðir liggja saman er gert ráð fyrir aðgreiningu leiða þar sem því verður við komið þá annað hvort með grasbelti, runnum eða trjám (mynd 4-4). Reiðslóðar eru sýndir með brúnum lit á upprætti. Hestagerði er austan við Rauðavatn og á tveimur öðrum stöðum sem eru sýndir á upprætti. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu við gerðin.




Mynd 15. Dæmi um aðgreiningu göngu- og reiðleiðar með grænu beltí.

4.5.4. Gönguskíðaleið

Gönguskíðaleiðir eru skilgreindar með ljósbrúnum línum á upprætti og eru sýndar leiðir frá Leirdal um Leirdalsklauf um Velli og hringleið um það svæði. Einnig er sýnd tenging frá Völlum niður að Rauðavatni þar sem hægt er að útbúa sömuleiðis hringleið um Rauðavatn.

4.5.5. Fjallahjólaleiðir


Morgunblaðshringurinn, fjallahjólaleið Reynisvatnsás. Gert er ráð fyrir sérstakri fjallahjólabraut í Reynisvatnsási sem er um 2,2 km langur. Einnig er leyfilegt að vera með keppni einu sinni á ári á svokölluðum Morgunblaðshring. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir sérstökum hjólástígum þar sem stígakervið er almennt fyrir bæði gangandi og hjólandi.



Mynd 16. Morgunblaðshringurinn. Heimild: Hjólreiðasamband Íslands


4.5.6. Hundasvæði

Rammaskipulagssvæðið er eitt vinsælasta svæði til lausagöngu hunda á Rammaskipulagssvæðið er eitt vinsælasta útivistarsvæði í Reykjavík bæði vegna stærðar og er fallið til fjölbreytilegar notkunar. Svæðið er jafnframt skilgreint í hundasamþykkt Reykjavíkur sem svæði fjarri íbúðabyggð og þar með heimilt að vera með lausa hunda, sjá mynd 6. Lausaganga er þó ekki heimil á skipulögðum göngu- og reiðleiðum sem og á göngustíg meðfram Rauðavatni. Gert er ráð fyrir að í Paradísarlaut megi koma fyrir þrautabraut fyrir hunda en nýta má það efni sem fellur til við grisjun s.s. trjádrumba og fleira til uppbyggingar á hundafimsvæði.



Mynd 17. Hugmyndir um uppbyggingu á hundafimsvæði.

Á áningarstöðum sem skilgreindir eru í rammaskipulaginu er því samkvæmt þessu heimilt að vera með hunda og geta þessir staðir nýst sem hvíldar- eða nestisstopp fyrir hundafjölskyldur. Á þeim stöðum yrði komið upp ruslatunnum og mögulega vatnspóstum þar sem því verður við komið. Komið verði upp skiltum og upplýsingum á skilgreindum bílastæðum reglur varðandi lausagöngu hunda á svæðinu og um almenna umgengni.



Mynd 18. Svæði þar sem lausaganga hunda er heimil skv. samþykkt um hundahald í Reykjavík 478/2012.

4.5.7. Frisbígolf

Afmarkað er svæði inn af Leirdal. Í dag er að finna 9 holu völl í jaðri deiliskipulagssvæðisins. Heimilt er að stækka svæðið þannig að úr verði 18 holu völlur. Völlurinn verði stækkaður inn í skóginn með grisjun.



Mynd 19. Mögulegt stækkunarsvæði fyrir núverandi frisbígolfvöll, núverandi svæði sýnt með gulri útlínu og stækkunarmöguleikar með blárrí.

4.5.8. Bílastæði og reiðhjólstæði

Bílastæði verða á nokkrum stöðum en um er að ræða stærri bílastæði við helstu áningasvæði með 10 stæðum eða fleirum. Þar skal jafnframt gert ráð fyrir hjólstæðum. Minni bílastæði fyrir færri en 10 bíla eru dreifð um svæðið við upphaf mismunandi gönguleiða.

4.6. Veitur

Afmarkað er svæði utan um stofnkerfi veita á Hólmsheiði (VH) og þar eru heitavatnstankar Veitna. Vatn er leitt þangað í pípum frá Nesjavallavirkjun og áfram í heitavatnstanka í Grafarholti. Hluti pípanna liggja ofanjarðar.

Hitaveita

Núverandi lagnir

Flutningslagnir Veitna liggja frá Nesjavöllum (800 mm) og Hellisheiðarvirkjun (900 mm) að svæði á Reynisvatnsheiði þar sem Veitur reka 3 hitaveitutanka, stýri- og lokahús, auk ca. 10 þús. m² geymslusvæðis. Þaðan liggja flutninglagnir að Grafarholti, að Suðursvæðum (Árbæ, Breiðholti, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði) frá dælustöð á Reynisvatnsheiði. Auk þessa liggur dreifilögn þaðan sem skiptist annars vegar að hesthúsabyggðinni í Almannadal og hins vegar að spennivirki LN, ásamt áætlaðu athafnasvæði á Hólmsheiði.

Áform hitaveitu Veitna nær í tíma

- Byggja nýjan hitaveitugeymi nr. 4, á Reynisvatnsheiði innan mjög fárra ára.
- Reisa geymsluskemmu í tengslum við geymslusvæðið.
- Leggja dreifilagnir að nýrri byggð á Hólmsheiði.

Áform hitaveitu Veitna fjær í tíma

- Tvöfalda Suðuræð (DN900 pípa), frá dælustöð á Reynisvatnsheiði að lokahúsi við Rauðavatn.
- Reisa uppblöndunarstöð f. bakvatn.
- Reisa nýja hitaveitugeyma nr. 5 og nr. 6.
- Möguleg tvöföldun Hellisheiðaræðar (e. 2030)

Kalt vatn

Núverandi lagnir

900 mm stofnlögn liggur frá Gvendarbrunnum að Grafarholti yfir Austurheiðar auk þess er vatnsveitutankur staðsettur við Reynisvatnsheiði.

Áform Veitna

Austurheiðar eru nálægt vatnsverndarsvæðum Veitna og leggja Veitur áherslu á að tryggja sé að uppbygging á svæðinu hafi ekki áhrif á vatnsverndarsvæðin

Rafmagn

Núverandi háspennulagnir og dreifistöðvar

Háspennulínur og háspennustrengir Landsnets og Veitna (132 kV og 11 kV) liggja í vestur, norðvestur og í austurátt út frá tengivirkjum sem staðsett eru á skipulagssvæðinu (tengivirki LN á Geithálsi og aðveitustöð Veita við Rauðavatn – A12). Fjöldi 11 kV háspennustrengja liggja út frá aðveitustöð A12 við Rauðavatn annars vegar í vestur- og hins vegar í austurátt. Nokkur fjöldi dreifistöðva er á skipulagssvæðinu.

Áform Veitna

Áformað er að leggja núverandi 132 kV og 11 kV háspennuloftlínur Landsnets og Veitna í jörðu. Nýir háspennustrengir verða lagðir norðan Rauðavatns í átt að Hádegismóum og einnig í austur út frá A12.

5. UMHVERFISÁHRIF

Rammaskipulag Austurheiða fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Aftur á móti er gerð grein fyrir áhrifum þess á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010. Í rammaskipulaginu er lögð áhersla á að varðveita og vernda náttúrufar skapa betri aðstæður til fjölbreyttrar útivistar og auka fjölbreytileika í útivist og áningarstöðum. Í rammaskipulagi er einnig horft og lögð áhersla á verndun sögulegra minja á svæðinu og þá arfleifð sem þær geyma. Helstu framkvæmdir eru viðbætur við núverandi stígakerfi, fjölgun áningarstaða eða -svæða og samgöngubætur á ákveðnum leiðum til að tryggja skynsamlegt flæði umferðar um svæðið.

Umhverfisáhrif Rammaskipulagsins eru talin hafa jákvæð áhrif á umhverfi skipulagssvæðisins. Auknir útivistarmöguleikar og aukin fjölbreytni í útivist hefur jákvæð áhrif á lýðheilsu og dreifir álaginu betur um svæðið.

Bættir vegir og aðgengi með vel skilgreindum bílastæðum munu auka öryggi á vegum og aukin upplýsingagjöf og fræðsla um svæðið eykur einnig útivistar- og verndargildi svæðisins.

Skógrækt og grisjun getur haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á gróður- og dýralíf en hefur einnig jákvæð áhrif á skjólmyndun og á loftslag. Ekki er gert ráð fyrir neinum framkvæmdum í næsta nágrenni við fornminjar en fara þarf varlega við alla uppbyggingu við Reynisvatn þar sem þéttleiki minja er talsverður. Gert er ráð fyrir að komið verði upp upplýsingaskiltum til fróðleiks um þær minjar sem eru á svæðinu og eru því áhrifin á fornminjar talin vera jákvæð.

6. AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU

Rammaskipulagið var auglýst með athugasemdafresti til 7. júlí 2020. Umsagnir og athugasemdir eru í fylgiskjali. Þær breytingar sem gerðar voru á skipulagsgögnum voru eftirfarandi:

- Græni stígurinn lagfærður við norðanvert Rauðavatn.
- Lega fjallahjólastígs lagfærð örlítið.
- Reiðleiðum bætt við á nokkrum stöðum og lega þeirra lagfærð t.d. við Almannadal.
- Áningarstaður við fisflugvöll tekinn út.
- Litlar lagfæringar á greinargerð.
- Deiliskipulagsmörk lagfærð m.t.t. framkvæmdamarka Suðurlandsvegar.
- Þemauppdrættir lagfærðir m.t.t. ofangreinda breytinga.
- Kafli 4.5.6 um hundasvæði uppfærður m.t.t. til athugasemda.

- Kafli 2.9 um fornleifar uppfærður og skýringaruppdráttur 1.4 uppfærður mt.t. nýrrar punktaskráningar frá Borgarsögusafni Reykjavíkur.

7. HEIMILDIR

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Byggingarreglugerð nr. 112/2012

Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið, 2014. Ritstjórn: Björn Axelsson og fleiri. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Reykjavík: Crymogea. Reykjavíkurborg, 2016.

Reykjavíkurborg, Skipulags- og byggingarsvið 2002/2008. Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024.

Reykjavíkurborg, Umhverfissvið 2005. Viðhorfskönnun. IMG Gallup.

Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar. Stj.tíð. B nr. 555/2015

Skipulagslög nr. 123/2010

Skógræktarfélag Reykjavíkur 2020. Heimasíða.

Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2030.

Ólafur Arason, Snorri Sigurðsson, 2018, Mófuglar á Austurheiðum.

Náttúrufar , Austurland Reykjavíkur.

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=11776>

Sjá <http://www.ferlir.is/?id=4420>

Sjá <http://gudjonfr.is/alfraedi-reykjavikur/>

Sjá kortablöðin 27NA Reykjavík og 37 NV Hengill Mosfellsheiði.

Sjá frásögn á vefsíðunni <http://www.ferlir.is/?id=14016> sem unnin er upp úr heimildum.

Veðurstofa Íslands 2004, Veðurfar á fyrirhuguðum byggingareit fangelsis á Hólmsheiði.

Kristbjörn Egilsson, Haukur Jóhannesson, Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn

Haukur Skarphéðinsson, 1996. Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur og Skógræktarfélag

Reykjavíkur, 2013.

Veðurathuganir og mat á veðurfari á höfuðborgarsvæðinu með tilliti til flugvallarkosta, Veðurstofa Íslands 2014.

Austurheiðar og Úlfarsárdalur, Alta 2016

Borgarskógrækt, skógrækt í Reykjavík, SAMANTEKT STARFSHÓPS Á VEGUM SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR FYRIR GREINARGERÐ MEÐ AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2013.

Tillögur um uppbyggingu útivistaraðstöðu við Rauðavatn Skýrsla starfshóps Desember 2016

8. VIÐAUKI GILDISTÖFLUR

at n tt ru og s gugil um

UMHVERFISÞÁTTUR	NÁTTÚRU- OG GRÓÐURFARSEINKENNI, SÖGU- OG BÚSETUMINJAR	FLOKKUR III	FLOKKUR II	FLOKKUR I
LANDSLAG	LANDSLAG	<ul style="list-style-type: none"> Mjög fjölbreytt landslag 	<ul style="list-style-type: none"> Frekar fjölbreytt landslag 	<ul style="list-style-type: none"> Einsleitt landslag
	JARÐMYNDANIR	<ul style="list-style-type: none"> Mikil fjölbreytni í jarðmyndunum Mikill jarðhiti 	<ul style="list-style-type: none"> Nokkur fjölbreytni í jarðmyndunum Lítill jarðhiti 	<ul style="list-style-type: none"> Fábreytni í jarðmyndunum Enginn jarðhiti
	ÁR OG VÖTN	<ul style="list-style-type: none"> Fjölbreytt vatnafar 	<ul style="list-style-type: none"> Nokkuð fjölbreytt vatnafar 	<ul style="list-style-type: none"> Fábreytt vatnafar
LÍFFRÆÐILEGUR FJÖLBREYTILEIKI	GRÓÐURFAR	<ul style="list-style-type: none"> Mjög fjölbreytt gróðurfar Stór votlendissvæði Plöntur á válista 	<ul style="list-style-type: none"> Nokkur fjölbreytni í gróðurfari Fá votlendissvæði 	<ul style="list-style-type: none"> Einsleitt gróðurfar Engin votlendissvæði
	FUGLALÍF	<ul style="list-style-type: none"> Mikil fjölbreytni í fuglalíf Margir varpfuglar 	<ul style="list-style-type: none"> Lítill fjölbreytni í fuglalífi Fáir varpfuglar 	<ul style="list-style-type: none"> Ekkert fuglalíf Engir varpfuglar
	LÍFRÍKI VATNA OG ÁA	<ul style="list-style-type: none"> Mikil fiskigegnd Fjölbreytt botndýralíf og mikill botngróður 	<ul style="list-style-type: none"> Nokkur fiskigegnd Nokkuð botndýralíf og botngróður 	<ul style="list-style-type: none"> Lítill eða engin fiskigegnd Lítið botndýralíf og -gróður
LAND	LAND	<ul style="list-style-type: none"> Lítill sem engin röskun Lítið eða ekkert notað undir byggð og samgöngumannvirki 	<ul style="list-style-type: none"> Nokkur röskun Nokkuð mikið notað undir byggð og samgöngumannvirki 	<ul style="list-style-type: none"> Mikil röskun Mikið undir byggð og samgöngumannvirki
SÖGU- OG BÚSETUMINJAR	SÖGUMINJAR	<ul style="list-style-type: none"> Mikið af fornleifum 	<ul style="list-style-type: none"> Nokkuð af fornleifum 	<ul style="list-style-type: none"> Lítið eða ekkert af fornleifum
	MENNINGARLANDSLAG	<ul style="list-style-type: none"> Samfellt óraskað menningarlandslag 	<ul style="list-style-type: none"> Slitrótt menningarlandslag 	<ul style="list-style-type: none"> Ekkert menningarlandslag

ÚTIVISTARÞÁTTUR	FLOKKUR III	FLOKKUR II	FLOKKUR I
VERNDARGILDI	Mikið verndargildi	Nokkuð verndargildi	Lítið verndargildi
NÚVERANDI AÐSTAÐA	<ul style="list-style-type: none"> Aðstaða góð 	<ul style="list-style-type: none"> Aðstaða nokkuð góð 	<ul style="list-style-type: none"> Fábreytt aðstaða
FRÆDSLUGILDI	<ul style="list-style-type: none"> Svæði býður upp á mikið fræðslugildi 	<ul style="list-style-type: none"> Svæði býður upp á nokkuð fræðslugildi 	<ul style="list-style-type: none"> Svæði býður upp á lítið fræðslugildi
AÐGENGI	<ul style="list-style-type: none"> Mjög gott aðgengi 	<ul style="list-style-type: none"> Nokkuð gott aðgengi 	<ul style="list-style-type: none"> Slæmt aðgengi

U VER V R: E U

: - stig

: - stig

: - stig

9. UPPDRÆTTIR



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Skipulagsfulltrúi

Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Umhverfis- og skipulagssvið
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 22. febrúar 2021
MÍ202006-0050/ 6.09 / 6162

Efni: Austurheiðar - umsögn vegna rammaskipulags

Með tölvupósti dags. 10. júní óskar Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar umsagnar Minjastofnunar Íslands um tillögu að rammaskipulagi fyrir Austurheiðar í Reykjavík. Fylgigögn með tillögunni voru sótt á vef Reykjavíkurborgar, reykjavis.is/skipulag í kynningu.

Minjastofnun Íslands hefur áður veitt umsögn vegna skipulagssvæðisins þar sem gert var ráð fyrir að um rammahlutaskipulag væri að ræða sbr. 17. lið, 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað er í þessa fyrri umsögn Minjastofnunar sem send var með tölvupósti 23. júlí 2020, þar sem fram kom að Minjastofnun fór fram á skráningu menningarminja innan skipulagssvæðisins.

Í svari Reykjavíkurborgar frá 10. febrúar síðastliðnum er bent á að ekki sé um að ræða rammahluta aðalskipulags, heldur er um að ræða rammaskipulag „sem er í raun ekki staðfest skipulagsáætlun heldur leiðbeinandi fyrir frekari skipulagsgerð og/eða útgáfu framkvæmdaleyfa“ og er svo gert ráð fyrir að frekari deiliskipulagsáætlanir verði unnið innan svæðisins ef þörf krefur. Sú spurning liggur því fyrir hversu umfangsmikil skráningin þurfi að vera fyrir þetta rammaskipulag.

Minjastofnun barst bráðabirgðaskráning húsa og mannvirkja fyrir svæðið 10. febrúar 2021, sem unnin var af Borgarsögusafni Reykjavíkur og gefin út í skýrslu: Austurheiðar Bráðabirgðaskráning húsa og mannvirkja (BSS2018050005). Einnig hefur stofnuninni borist fornleifaskráning (punktaskrá) með staðsetningu á öllum minjum á Austurheiði með verkefnanúmer 2024. Skráningin var unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
henny@minjastofnun.is

Í því formi sem báðar þessar skrár eru nú uppfylla þær ekki staðla Minjastofnunar um skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja en gefa þó góða mynd af dreifingu minja innan skipulagssvæðisins.

Minjastofnun hefur fjallað sérstaklega um málið með tilliti til að ekki sé um að ræða rammahluta aðalskipulags eða deiliskipulag.

Minjastofnun Íslands getur fallist á beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur um að afgreiða þennan hluta af skipulagsverkefninu fyrir Austurheiðar, á grundvelli ofangreindra skráninga. Telur stofnunin þær nægja sem leiðbeinandi gögn fyrir frekari skipulagsgerð á svæðinu. Tekið skal fram að stofnunin fer fram á fullnaðarskráningu fornleifa, húsa og mannvirkja áður en gengið er frá breytingu á aðalskipulagi eða gerð nýs deiliskipulags og/eða vegna leyfa til framkvæmda eða rannsókna sem gefin verða út á svæðinu sbr. reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019. Þurfa slík mál að berast stofnuninni til umsagnar sbr. 16. og 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Afrit sent:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Björn Ingi Edvardsson (bjorn.ingi.edvardsson@reykjavik.is)



Reykjavík 24. febrúar 2021

Varðar: Austurheiðar, rammaskipulag.

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju tillaga Landmótunar dags., 20. apríl 2020, f.h. umhverfis- og skipulagssviðs að rammaskipulagi fyrir Austurheiðar. Megin markmið skipulagsins felst í því að skapa fjölbreytt og aðgengilegt útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa og ólíka notendahópa. Tillagan var kynnt til og með 5. ágúst 2020.

Eftirtaldir sendu athugasemdir/ábendingar/umsögn:

1. Karl Bernburg dags. 22. júní 2020,
2. Gylfi Sigurðsson dags. 23. júní 2020,
3. Kristín Harðardóttir dags. 24. júní 2020,
4. Reiðveganefnd Fáks dags. 25. júní 2020,
5. Vegagerðin dags. 25. júní 2020,
6. Umhverfisstofnun dags. 22. júní 2020,
7. Brynja Margrét Kjærnested dags. 5. júlí 2020,
8. Úlfur Ómarsson dags. 5. júlí 2020,
9. Félag ábyrga hundaeigenda dags. 6. júlí 2020,
10. Grímur Enard dags. 6. júlí 2020,
11. Mosfellsbær dags. 6. júlí 2020,
12. Guðmundur S Johnsen f.h. stjórnar Græðis dags. 6. júlí 2020,
13. Helena Bergsdóttir dags. 7. júlí 2020,
14. Bjarki Pálsson dags. 7. júlí 2020,
15. Sveinn Atli Gunnarsson dags. 7. júlí 2020,
16. Dagný Bjarnadóttir f.h. hestamannafélagsins Fáks dags. 7. júlí 2020,
17. Bergljót Rist dags. 7. júlí 2020,
18. Ingi Erlingsson dags. 7. júlí 2020,
19. Þórdís Gísladóttir og Snæbjörn Pálsson dags. 7. júlí 2020,
20. Landsamband hestamannafélaga dags. 7. júlí 2020,
21. Skipulagsstofnun dags. 10. júlí 2020,
22. Veitur dags. 10. júlí 2020,
23. Minjastofnun Íslands dags. 23. júlí 2020 og 22. febrúar 2021,
24. Karl Bernburg dags. 31. júlí 2020,
25. Þórir J. Einarsson dags. 3. ágúst 2020,
26. Harpa Sigmarsdóttir dags. 10. ágúst 2020,
27. Ásgeir Sæmundsson dags. 10. ágúst 2020,
28. Þórður Heimir Sveinsson lögmaður f.h. Græðis félags landeigenda við Langavatn, Almannadal og Vegafélagsins dags. 24. ágúst 2020,
29. Hope Millington dags. 26. ágúst 2020,

Athugasemdir og svör:

1. Karl Bernburg dags. 22. júní 2020. Mótmælt er tillögu að reiðvegi í gegnum Langavatnsveg sem liggur niður að enda vatnsins. Karl finnst óeðlilegt að breyta veg sem ætlaður er fyrir eigendur lóða í reiðveg án frekari útskýringar og áætlun um breikkun, viðhald o.fl.

Svar: Núverandi reiðleið sem liggur í áttina að Mosfellsbæ liggur um eignalóð og er verið að svara ósk lóðarhafa að færa reiðleiðina. Auðveldast er að færa reiðleiðina á um 50 metra kafla meðfram vegi. 15 metrar eru á milli lóðamarka sem á að gefa nægt pláss fyrir veg og reiðleið á þessum kafla. Þar sem verið er að leggja líka til að fella út reiðleið meðfram Hólmsheiðarvegi í áttina að Reynisvatni þá er talið að þessi leið sé ákjósanlegust.

2. Gylfi Sigurðsson dags. 23. júní 2020. Athugasemdir varða nálægð stíga ætlaða hestamönnum við stíga fyrir gangandi og hjólandi og öryggi hestamanna í þeim aðstæðum, og skv. tillögunni þá virðist bil milli reiðstíga og annarra stíga ekki vera sett fram nægilega afgerandi með rílegu millibili og ekki þannig tekið tillit til þeirra aðstæðna sem upp geta komið. Bent er á nokkur dæmi í þeim efnum. Einnig er bent á umfangsmikla svæði fyrir lausagöngu hunda sem hefur verið viðloðandi í nokkurn tíma.

Svar: Mælikvarði uppdráttu gera það að verkum að leiðir virðast liggja nánast samsíða. Þar sem reiðleiðir og gönguleiðir liggja saman þá mun þess verða gætt við framkvæmd og útfærslu að nægjanlegt bil verði á milli stíga (3-5 m). Miðað við umfang kerfisins í heild sinni þá gerist þetta ekki á mörgum stöðum. Hvað lausagöngu hunda varðar þá er farið eftir núverandi samþykkt um hundahald í Reykjavík frá árinu 2012 en samkvæmt henni þá er lausaganga leyfð á öllu rammaskipulagssvæðinu. Rammaskipulagið gerir þó ráð fyrir því að á stígum sem skilgreindir verða sem aðalstígar sem liggja meðfram Rauða- og Reynisvatni og svo á ákveðnum stígum utan þess verði hundaeigendur að hafa hund í taumi.

3. Kristín Harðardóttir dags. 24. júní 2020. Um er að ræða landeigenda í Mosfellsbæ sem liggur nærri núverandi fisflugvelli og mótmælti honum á sínum tíma. Finnst undirritaðri mikil hljóðmengun frá vellinum og eru ítrekuð eldri mótmæli um að þessu völlum ætti að víkja.

Svar: Svifflugvöllurinn á heiðunum er samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið, dags. samþ. 9. desember 2010 m.s.br. Auk þess hefur svæðið skilgreiningu flugvallarsvæðis í aðalskipulagi, þar sem um er að ræða tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri. Tillaga að rammaskipulagi fyrir Austurheiðar hefur ekki áhrif á það. Í greinargerð með deiliskipulaginu þá kemur fram að svæðið er ætlað tímundið fyrir starfsemi fisfélags Reykjavíkur.

4. Reiðveganefnd Fáks dags. 25. júní 2020. Nefndin er ekki sátt við ferlið í vinnunni og þá fáu fundir sem hafa verið boðaðir. Nefndinni finnst vanta nýjar reiðleiðir eða nýja áningarstaði fyrir hestamenn, auk þess að leiksvæði fyrir börn eru staðsett of nálægt reiðleiðum. Óskað er eftir að tillagan verði endurskoðuð í samráði við hestamenn.

Svar: Skipulagslýsing var send til umsagnar til hagsmunaaðila á svæðinu, þar á meðal hestamanna. Haldnir voru upphafsfundir með velflestum hagsmunaaðilum á svæðinu þar sem verkefnið var kynnt og kallað eftir hugmyndum eða póstur sendur þar sem óskað var eftir hugmyndum. Fundir hafa síðan verið haldnir með formanni reiðveganeftndar ásamt öðrum þar sem bætt hefur verið við talsvert af reiðleiðum, þá sérstaklega innan Grafar- og Hólmsheiðar, tveimur áningarstöðum og þar sem mögulegt fækkað þeim stöðum þar sem reiðleiðir og gönguleiðir liggja saman. Á þemauppdrætti má glögglega sjá hvaða reiðleiðum hefur verið bætt við og hvaða leiðir hafa verið felldar niður.

5. Vegagerðin dags. 25. júní 2020. Vegagerðin bendir á yfirstandandi vinnu vegna mats á umhverfisáhrifum breytinga á Suðurlandsvegi og að standi til að hefja deiliskipulag fyrir vegsvæðið og umhverfi þess í haust. Mikilvægt er að samræmi sé í skipulagsgerð Austurheiðar við það skipulag, sérstaklega er bent á afmörkun skipulagsreita og reiðleiðir.

Svar: Gögn voru fengin frá Vegagerðinni að loknu kynningarferli til að gæta samræmis við fyrirhugaða afmörkun á skipulagi fyrir tvöföldun Suðurlandsvegar. Afmörkun fyrir skipulag Austurheiða hefur verið breytt til samræmis við það, þannig að engin skörun eigi sér stað. Rétt er þó að benda á að skipulagið fyrir heiðarnar er rammaskipulag og þ.a.l. ekki eins lögbundin skipulagsafmörkun og fyrir hefðbundið deiliskipulag.

6. Umhverfisstofnun dags. 22. júní 2020. Umhverfisstofnun (UST) finnst tillagan ítarleg og greinargóð. UST bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um ákvæði náttúruverandarlaga í tillögunni, og bendir á 61. gr. laganna þar sem kveðið er á um sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja og að það beri að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem falla undir ákveðin lög, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir sé ekki fyrir hendi o.fl.

Svar: Varðandi ábendingu um stöðuvötn og tjarnir þá verður því bætt við í greinargerð. Varðandi vegaskrá þá verður það skoðað í framhaldinu og tryggt að áformaðir vegir séu í samræmi við skrána þegar hún verður tilbúin. Þakkað er fyrir ábendingu um hverfisvernd og umfjöllun um vistgerðakort verður bætt við greinargerð.

7. Brynja Margrét Kjærnested dags. 5. júlí 2020. Býr í Reynisvatnsáshverfinu og finnst að gera mætti ráð fyrir veitinga- eða kaffishúsi við Reynisvatn.

Svar: Um er að ræða rammaskipulag og því ekki um bindandi skipulagsáætlun að ræða heldur leiðbeinandi. Komi upp tillaga að setja upp veitinga- eða kaffihús við Reynisvatn þá er ekkert sem rammaskipulag mælir gegn, en vinna þyrfti sérstakt deiliskipulag tengt því.

8. Úlfur Ómarsson dags. 5. júlí 2020. Er ósáttur við að umturna eigi hundasvæði fyrir ofan Rauðavatn.

Svar: Ekki er verið að umbreyta neinu hundasvæði á heiðinni, frekar að styrkja svæðið.

9. Félag ábyrggra hundaeigenda (FÁH) dags. 6. júlí 2020. FÁH ítrekar eldri umsögn og minnir á að svæðið er mikið notað til útivistar af hundaeigendum til að leyfa hundum að ganga lausum og og njóta sín. Nefna að heiðarnar eru langvinsælasta svæðið til lausagöngu hunda, bæði vegna stærðar þess og fjölbreytileika gönguleiða. FÁH bendir að gera eigi hundaeigendum á svæðinu sem og útivistarfólki, íþróttaiðkendum og göngufólki jafnt undir höfði á svæðinu. Að það sé bætt úr skiltum og merkingum á svæðinu. Að hafa hundasvæði sem gera ráð fyrir atferli hunda og bjóði upp á afþreyingu til að bæta hundamenningu í borginni. Að óska eftir samstarfi við borgina þegar kemur að útfærslum á svæðinu sem varða hundaeigendur. FÁH þakkar að lokum fyrir samráð við gerð skipulagsins en lýsir yfir vonbrigðum varðandi hversu lítið er minnst á hunda og hundaeigendur í tillögunni.

Svar: Lausaganga hunda er enn leyfð á öllu svæðinu. Verið er að gera ráð fyrir aukinni þjónustu við Paradísarlaus þar sem gert er ráð fyrir hundafimisvæði. Á uppdrætti verða skilgreindir svokallaðir aðalstígar þar sem hundaeigendur ber að hafa hund í taumi en þetta er umhverfis Rauða- og Reynisvatn og svo á ákveðnum stígum upp á heiðunum. Við uppbygginu svæðisins verður komið fyrir upplýsingaskiltum sem eiga að vera leiðbeinandi fyrir útivistarhópa svæðinu. Texti í greinargerð um hundasvæði hefur verið gerður ítarlegri.

10. Grímur Enard dags. 6. júlí 2020. Um er að ræða eigenda fasteignar við Langavatn og finnst honum mikilvægt að tryggður sé réttur til að byggja bústað á sínu landi, í það minnsta að tryggður sé réttur til að byggja viðbyggingar við núverandi mannvirki.

Svar: Umrætt svæði skv. rammaskipulagi er innan græna trefilsins svokallaða í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Ekki er gert ráð fyrir byggð innan græna trefilsins eða fjölgun sumarhúsa en viðhalda má og endurnýja nýverandi sumarhús á svæðinu. Með því er átt við að lagfæra má hús eða endurbyggja ný af sambærilegri stærð og eldri hús.

Í ljósi athugasemda Græðis félags landeigenda við Langavatn og Almannadal, þá er til umræðu að fara í endurskoðun á ákvæðum aðalskipulagsins er varða Kjalarnes, verndar- og útivistarsvæði og útmörk borgarinnar innan Græna trefilsins. Áætlað er að undirbúningur hefjist á næsta ári. Lagt er til að endurskoðun á ákvæðum varðandi frístundahús verði skoðað heildstætt og öllum hagsmunaaðilum gefin tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri samhliða þeirri vinnu.

11. Mosfellsbær dags. 6. júlí 2020. Í umsögn Mofsellsbæjar kemur fram að skipulagsnefndin óskar eftir að haft verði samráð um frekari áform um uppbyggingu við sveitarfélagsmörk Mosfellsbæjar og Reykjavíkur þegar þau liggja fyrir, til að mynda við Langavatn.

Svar: Þakkað er fyrir ábendinguna. Um er að ræða rammaskipulag og engin uppbyggingaráform liggja um slíkt við Langavatn. Verði slíkt hins vegar ákveðið og snertir sveitarfélagsmörkin þá mun Mosfellsbæ verða slíkt erindi til umsagnar sem hagsmunaaðili.

12. Guðmundur S. Johnsen f.h. stjórnar Græðis dags. 6. júlí 2020. Finnst miður að þekking landeigenda á svæðinu hafi ekki verið nýtt við skipulagsvinnuna. Félagið gerir athugasemd við að sumarhúsabyggð á eignarlóðum sé víkjandi í skipulaginu og finnst óeðlilegt að ekki sé hægt að nýta land sitt með eðlilegum hætti og finnst að núverandi sumarhúsalönd ættu að skilgreinast sem frístundabyggð, en ekki sem útivistarsvæði. Ítrekuð er ósk landeigenda að eignarlönd fái stöðu frístundabyggðar sbr. hefur verið gert í sveitarfélaginu við Langavatn, í Mosfellsbæ, og finnst frístundabyggð alveg geta farið hönd í hönd með útivistarsvæði. Græði finnst einnig að ekki sé í skipulaginu tekið á óleyfisframkvæmdum jarðvegstips á Hólmsheiði. Græðir óskar einnig eftir að nýjum áningarstöðum sé ekki komið of nálægt lóðarmörkum eignarlóða vegna mögulegs ónæðis af þeim fyrir landeigendur. Græðir gerir jafnframt athugasemdir við að ekki er verið að fjölga vegum á svæðinu og þeir vegir sem eru á svæðinu verði notaði, en flestir þeirra hafa verið gerðir af Græði skv. vegalögum eru því í raun eign Græðis. Vantar samráð um afnot af þeim vegum sem Græðis skilgreinir sína að mati félagsins. Einnig gerir félagið athugasemdir við að aðstaða fisflugvallar sé fest í sessi. Reynsla félagsmanna af félaginu er erfið að þeirra mati þar sem þeim finnst litlar sem engar reglur gilda um flug fisvéla á svæðinu. Græðir gerir einnig athugasemdir við að reiðleiðir eru teiknaðar eftir akvegum félagsins og óskar eftir samráði við félagið þar sem reiðleiðir hafa verið lagðir í óleyfi um lönd félagsmanna.

Svar: Umrætt svæði skv. rammaskipulagi er innan græna trefilsins svokallaða í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Ekki er gert ráð fyrir byggð innan græna trefilsins eða fjölgun sumarhúsa en viðhalda má og endurnýja núverandi sumarhús á svæðinu. Með því er átt við að lagfæra má hús eða endurbyggja ný af sambærilegri stærð og eldri hús.

Í ljósi athugasemda Græðis félags landeigenda við Langavatn og Almannadal, þá er til umræðu að fara í endurskoðun á ákvæðum aðalskipulagsins er varða Kjalarnes, verndar- og útivistarsvæði og útmörk borgarinnar innan Græna trefilsins. Áætlað er að undirbúningur hefjist á næsta ári. Lagt er til að endurskoðun á ákvæðum varðandi frístundahús verði skoðað heildstætt og öllum hagsmunaaðilum gefin tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri samhliða þeirri vinnu.

Varðandi jarðvegstippinn á Hólmsheiði þá er ekki tekið á því í rammaskipulaginu enda svæðið ekki notað sem slíkt lengur. Um áningarstaðina þá eru þeir leiðbeinandi og gætu hníkast til eitthvað innan svæðis þegar/ ef þeir verða settir upp. Um er að ræða skilgreint svæði til útivistar innan græna trefilsins, þannig að öll þjónusta og mannvirki tengjast almennri frístundaiðju og útivistarnotkun. Ekki er talið að þeir áningarstaðir sem hafa verið skilgreindir í rammaskipulaginu verði til ama fyrir landeigendur á svæðinu og/ eða of nálægt þeirra löndum. Varðandi vegi á svæðinu þá eru þeir langflestir á landi sem er skilgreint sem eign Reykjavíkurborgar og þar af leiðandi er borgin í fullum rétti að nýta þá sem vegteningar innan svæðisins og er m.a. lagt til að

styrkja vegtengingar innan svæðisins þar sem búast má við að með tímanum þá styrkist útvístarnotkun á svæðinu sem þ.a.l. kallar á betri innviði. Varðandi svifflugvöllinn þá er hann samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið, dags. samþ. 9. desember 2010 m.s.br. Auk þess hefur svæðið skilgreiningu flugvallarsvæðis í aðalskipulagi, þar sem um er að ræða tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri. Tillaga að rammaskipulagi fyrir Austurheiðar hefur ekki áhrif á það. Í greinargerð með deiliskipulaginu þá kemur fram að svæðið er ætlað tímundið fyrir starfsemi fisfélags Reykjavíkur. Reiðleiðir á svæðinu eru flestar skilgreindir sem núverandi reiðleiðir en nokkrar nýjar reiðleiðir hafa verið uppfærðar á uppdráttum.

13. Helena Bergsdóttir dags. 7. júlí 2020. Undirrituð notar stígana mikið á heiðunum fyrir hlaup og hjól og vill mótmæla þeirri tillögu að leyfa mótörhjul og hraða umferð um svæðið, þar sem það myndi valda miklum hávaða á svæðinu og dregur úr notkunargildi fyrir gangandi og hjólandi um svæðið.

Svar: Ekkert slíkt stendur til og kemur hvergi fram í gögnum málsins að leyfa slíkt.

14. Bjarki Pálsson dags. 7. júlí 2020. Undirritaður mótmælir þeirri tillögu að leyfa motor/torfæruhjól á svæðinu. Einnig er mótmælt miklum hávaða tengt fisflugvellinum sérstaklega um helgar og lagt til að íhuga flutning á vellinum til framtíðar þar sem hann dregur úr sjarma heiðanna til útvistar.

Svar: Ekkert stendur til að leyfa motorhjól um svæðið og kemur hvergi fram í gögnum málsins að leyfa slíkt. Samanber kemur fram hér að framan þá er völlurinn skv. gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið, auk þess sem svæðið hefur skilgreiningu flugvallarsvæðis í aðalskipulagi. Tillaga að rammaskipulagi fyrir Austurheiðar hefur ekki áhrif á það. Í greinargerð með deiliskipulaginu þá kemur fram að svæðið er ætlað tímundið fyrir starfsemi fisfélags Reykjavíkur

15. Sveinn Atli Gunnarsson dags. 7. júlí 2020. Finnst vöntun í skipulaginu á reiðstígum og útvíst fyrir hestamenn samhliða öðru. Skipulagið virðist vera að mati Sveins unnið út frá sjónarhóli flestra annarra en hestafólks. Einnig er gerð athugasemd við svæði nærri Almannadal þar sem á að koma leiksvæði og finnst það eigi ekki að liggja nærri reiðleið þar sem er skilgreind, finnst það bjóða hættunni heim á slysum. Leggur til að umrætt svæði verði fært nær Hádegismóum. Óskar jafnframt eftir betri samtali við hestamenn um svæðið þar sem það liggur nærri þeirra athafnasvæðum, það á að vera nægjanlegt pláss á heiðunum í upplandinu fyrir alla notendahópa.

Svar: Eftir kynningartíma hefur verið fundað með formanni reiðveganefndar ásamt öðrum þar sem bætt hefur verið við talsvert af reiðleiðum, tveimur áningarstöðum og þar sem mögulegt fækkað þeim stöðum þar sem reiðleiðir og gönguleiðir liggja saman.

16. Dagný Bjarnadóttir f.h. hestamannafélagsins Fáks dags. 7. júlí 2020. Reiðveganefnd Fáks er óánægt með ferlið í vinnunni og að ekki hafi verið boðað til fleiri funda áður en vinnan hófst og tillagan varð til. Að ekki hafi verið óskað eftir tillögum frá Fáki inn í vinnuna. Það vantar nýjar reiðleiðir inn í tillöguna. Finnst tillagan gölluð og illa unnin, vantar reiðleiðir og slóðar eru sýndir sem gönguleiðir og ekki ein einasta ný tillag að reiðleiðum eða áningum fyrir hestafólk. Óskað er eftir því að skipulagið verði lagfært í samráði við reiðveganefnd Fáks.

Svar: Eftir kynningartíma hefur verið fundað með formanni reiðveganefndar ásamt öðrum þar sem bætt hefur verið við talsvert af reiðleiðum, tveimur áningarstöðum og þar sem mögulegt fækkað þeim stöðum þar sem reiðleiðir og gönguleiðir liggja saman.

17. Bergljót Rist dags. 7. júlí 2020. Finnst vanta innsýn og þekkingu í hestamennsku varðandi tillöguna. Skilur vel að aðrir útivistarhópar hafi áhuga á að nota svæðið, en finnst brýnt að hennar hópur (hestafólk) verði settur í hættu. Óskar eftir samtali varðandi tillöguna og fundi til að ræða reiðleiðir, áningar o.fl. Finnst hestamennskan hafa þurft að víkja víða úr borginni eða hafi ekki aðgengi lengur á marga staði, en finnst miklævgt að hesthúsahverfin bæði í Fjárborg og Almannadal hafi sem mest aðgengi á þessu svæði. Gerir athugasemdir við öryggi og ánægju ríðandi umferðar innan skipulagssvæðisins og að þrengt sé að hestafólki á svæðinu.

Svar: Eftir kynningartíma hefur verið fundað með formanni reiðveganefndar ásamt öðrum þar sem bætt hefur verið við talsvert af reiðleiðum, tveimur áningarstöðum og þar sem mögulegt fækkað þeim stöðum þar sem reiðleiðir og gönguleiðir liggja saman.

18. Ingi Erlingsson dags. 7. júlí 2020. Vísar til þess að hundasamþykkt Reykjavíkur sem fjallað er um í greinargerðinni skilgreini ekki nákvæmlega svæði fyrir lausagöngu hunda, og er gerð athugasemd við þessa röngu fullyrðingu í skipulagstillögunni og óskað eftir að hún sé leiðrétt og þannig að það sé til samræmis við gildandi samþykktu um hundahald í Reykjavík að mati Inga.

Svar: Samkvæmt samþykkt um hundahald þá er lausaganga hunda leyfð á öllu svæðinu fyrir utan skipulagðra göngu-, reið- og akstursvega á svæðinu, ásamt einkalóðum. Þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu þá eru það stígar í aðalskipulaginu sem flokkast undir skipulagðar leiðir. Rammaskipulagið er ætlað að skilgreina þetta frekar og er áfram leyfð lausaganga hunda á svæðinu nema á skilgreindum aðalstígum á uppdrætti sem liggja umhverfis Rauða- og Reynisvatn, meðfram Pípuveginum, upp í Miðmundardal og svo á tveimur leiðum sem tengja saman vötnin frá norðri til suðurs.

19. Þórdís Gísladóttir og Snæbjörn Pálsson dags. 7. júlí 2020. Um er að ræða eigendur lóðar við Langavatnsveg 9 sem finnst margt jákvætt við tillöguna, en gera athugasemdir við eftirfarandi. Athugasemd við mögulegt skógræktarsvæði innan sinnar lóðar og visa í ákveðnar myndir í greinargerð þess efnis. Gera athugasemd við oraðlag í greinargerð um að fuglalíf teljist lítið og fábrotið, fannst það þvert á móti. Gera athugasemd við orðalag í greinargerð um vatnsborð Langavatns. Benda á atriði í greinargerð sem eru úrelt og finnst vanta uppfærslu í texta t.a.m. er varðar svæði fyrir samfélagsþjónustu, einnig að það séu ekki girðingar við vatnið og benda á

það sé meiri lúpínan sé vatndamálið varðandi aðgengi að vatninu. Gera athugasemd varðandi orðalag í texta um aðalskipulag Reykjavíkur og skilgreiningu þess um frístundabyggð á svæðinu.

Svar: Orðalag verður leiðrétt hvað varðar Langavatn. Verið er að vísa í skýrslu sem unnin var af Náttúrufræðistofnun Íslands árið 1996 og er því komin til ára sinna en er samt aftur á móti eina skýrslan sem hægt er að styðjast við.

20. Landsamband hestamannafélaga (LH) dags. 7. júlí 2020. LH gerir athugasemdir við nokkrar reiðleiðir sem vantar, eru ekki sýndar á skipulaginu og breytingar sem eru gerðar á reiðleið á einum stað. Gerð eru athugasemd við staðsetningu á leiksvæði við fjölmenna reiðleið á svæðinu.

Svar: Eftir kynningartíma hefur verið fundað með formanni reiðveganefndar ásamt öðrum þar sem bætt hefur verið við talsvert af reiðleiðum, tveimur áningarstöðum og þar sem mögulegt fækkað þeim stöðum þar sem reiðleiðir og gönguleiðir liggja saman.

21. Skipulagsstofnun dags. 10. júlí 2020. Skipulagsstofnun metur sem svo að það sé ekki lögbundið hlutverk Skipulagsstofnunar að yfirfara tillögur rammaskipulags þar sem þær hafa ekki lögformlegt gildi nema um sé að ræða rammahluta aðalskipulags sbr. gr. 4.9 í skipulagsreglugerð.

Svar: Ekki er um að ræða rammahluta aðalskipulags.

22. Veitur dags. 10. júlí 2020. Veitur tilgreina það samráð sem hefur átt sér stað við fyrirtækið og að þau hafi rýnt skipulagið og óska eftir að ákveðinn texti verði uppfærður í samræmi við innsendar athugasemdir frá þeim varðandi rafmagn, hitaveitu, fráveitu og vatnsveitu. Benda jafnframt á að háspennustrengir Landsnets liggja innan svæðisins og æskilegt að fjallað yrði um þær í greinargerð og á uppdraetti.

Svar: Tekið er undir ábendingar Veitna í innsendu minnisblaði og texta bætt við og uppfærður á þeim stöðum sem Veitur benda á. Greinargerð og uppdraettir uppfærðir í samræmi. Jafnframt er bætt við texta í greinargerð um strengi Landsnets.

23. Minjastofnun Íslands dags. 23. júlí 2020 og 22. febrúar 2021. Minjastofnun hefur fengið staðfest að skráningu menningarminja innan svæðis er í vinnslu en ekki lokið. Minjastofnun mun að því loknu meta hvort og hver áhrif rammaskipulagsins hefur á menningarminjar þegar skráning hefur borist stofnunni til staðfestingar skv. lögum. Í seinni umsögn MÍ sem barst í febrúar 2021 þá staðfestir stofnunin að henni hafi borist bráðabirgðakráning húsa og mannvirkja fyrir svæðið dags. 10. febrúar 2021, sem unnin var af Borgarsögusafni Reykjavíkur og gefin út í skýrslu, auk punktaskrá með staðsetningu á öllum minjum/ fornleifum á svæðinu. Reykjavíkuborg jafnframt benti MÍ á að rammaskipulagið fyrir Austurheiðar væri ekki rammahluti aðalskipulags sem væri staðfest skipulagsáætlun, heldur leiðbeinandi skipulag fyrir frekari skipulagsgerð og/ eða útgáfu framkvæmdaleyfa. MÍ bendir á að í því formi sem skrár og

skráning Borgarsögusafns þá uppfylla þær ekki staðla MÍ um skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja en gefa þó góða mynd af dreifingu minja innan svæðis. Með tilliti til framangreinds þá fellst MÍ á beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs á að afgreiða þennan hluta af skipulagsverkefni fyrir Austurheiðar á grundvelli ofangreindra skráninga og telur stofnunin þær nægja sem leiðbeinandi gögn fyrir frekari skipulagsvinnu innan svæðis. Tekið skal fram að MÍ fer fram á fullnaðarskráningu áður en gengið er frá breytingu á aðalskipulagi eða gerð nýs deiliskipulags, og/ eða vegna leyfa til framkvæmda eða rannsókna sem gefin verða út á svæðinu.

Svar: Með tilliti til svara og umsagnar MÍ dags. 22. febrúar 2021 þá hefur kafli 2.9 í greinargerð um fornleifar verið uppfærður og skýringaruppráttur einnig og ný punktaskráning frá Borgarsögusafni sett inn á upprátt. Fram kemur að þéttleiki fornleifa er mestur við Rauðavatn og Reynisvatn.

24. Karl Bernburg dags. 31. júlí 2020. Gerir athugasemd við starfsemi Fisfélags Reykjavíkur á svæði sínu á Hólmsheiði og að nýleg skipulagsbreyting þar hafi verið samþykkt án auglýsingar. Finnst honum flugvöllurinn valda töluverðu ónæði þó hann sé vissulega aðeins í burtu frá öðrum lóðum á svæðinu. Flugmenn sýna ekki öðrum á svæðinu tillit, fljúga of lágt, of seint á kvöldin og einnig nefnir Karl að margir hestamenn hafi lýst áhyggjum sínum vegna hávaða frá vélum sem getur valdið slysum ef hestar fælast. Aðrir notendahópar hafi jafnframt lýst yfir óánægju með starfseminum og þann hávaða sem þar kemur. Mótmælt er þeim áformum um að starfsemin verði áfram til framtíðar á svæðinu og leggur til að framlenging fái ekki umfram 2025, óskar eftir að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur framkvæmi hávaðamælingar og umhverfismat svo starfsemin vegi ekki að öðrum hópum sem nýta heiðarnar til útivistar. Fylgir með innsendu bréfi listi yfir 11 aðra aðila sem taka undir athugasemdir Karls í bréfinu.

Svar: Svifflugvöllurinn á heiðunum er samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið, dags. samþ. 9. desember 2010 m.s.br. Auk þess hefur svæðið skilgreiningu flugvallarsvæðis í aðalskipulagi, þar sem um er að ræða tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri. Tillaga að rammaskipulagi fyrir Austurheiðar hefur ekki áhrif á það. Í greinargerð með deiliskipulaginu þá kemur fram að svæðið er ætlað tímundið fyrir starfsemi fisfélags Reykjavíkur.

25. Þórir J. Einarsson dags. 3. ágúst 2020. Undirritaður lýsir yfir stuðningi við þær tvær innsendu athugasemdir Græðis sem má sjá hér í listanum. Þórir gerir athugasemd við að ekki var haldin hugmyndasamkeppni um Austurheiðarnar. Lítur Þórir á að borgin sé að leita að e-h konar syndaaflausn um svæðið varðandi afneitun á tilvist og réttindum landeigenda, einnig að gera svæðið enn aðgengilegra fyrir hundaeigendur þar sem þrengja á annars staðar.

Svar: Umrætt svæði skv. rammaskipulagi er innan græna trefilsins svokallaða í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Ekki er gert ráð fyrir byggð innan græna trefilsins eða fjölgun sumarhúsa en viðhalda má og endurnýja nýverandi sumarhús á svæðinu. Með því er átt við að lagfæra má hús eða endurbyggja ný af sambærilegri stærð og eldri hús.

Í ljósi athugasemda Græðis félags landeigenda við Langavatn og Almannadal, þá er til umræðu að fara í endurskoðun á ákvæðum aðalskipulagsins er varða Kjalarnes, verndar- og útivistarsvæði og

útmörk borgarinnar innan Græna trefilsins. Áætlað er að undirbúningur hefjist á næsta ári. Lagt er til að endurskoðun á ákvæðum varðandi frístundahús verði skoðað heildstætt og öllum hagsmunaaðilum gefin tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri samhliða þeirri vinnu.

26. Harpa Sigmarsdóttir dags. 10. ágúst 2020. Um er að ræða mótmæli vegna framkvæmda við Korpulínu sem Landsnet er að leggja í sumar/ haust. Óskin var að færa jarðstrenginn hinum megin við Hólmsheiðarveg og hefur viðkomandi verið í samskiptum við framkvæmdaraðila vegna þessa.

Svar: Komið var til móts við umræddar óskir upp að ákveðnu marki og strengurinn færður norðan megin vegar. Framkvæmdarleyfi var gefið út í sumar og breytt síðar meir vegna þess að því skipulagsfulltrúa skilst í sátt við athugasemdaraðila (Harpa S). Afgreiðslu framkvæmdaleyfis er lokið og framkvæmd á að ljúka fyrir árslok.

27. Ásgeir Sæmundsson dags. 10. ágúst 2020. Óskað er eftir upplýsingum um hvenær hafist verður handa við gerð svæðis og bygginga, hvort núverandi vegur verður breikkaður, mögulega vetrarþjónustu og hvort vatni verði veitt inn á svæðið til salerna.

Svar: Rammaskipulagið tiltekur ekki nákvæmar tímasetningar varðandi framkvæmdir eða slíkt,

28. Þórður Heimir Sveinsson lögmaður f.h. Græðis félags landeigenda við Langavatn, Almannadal og Vegafélagsins dags. 24. ágúst 2020. Óskað er eftir að Reykjavíkurborg breyti aðalskipulagi á svæðinu til að koma til móts við kröfur félagsins um að landeigendur fái að byggja hæfileg sumarhús og að þeir sem eiga þegar byggð hús fái að stækka sumarhúsin ásamt því að fá afnot af vatni, hita og rafmagni. Landeigendur hafa hug á að húsin falli vel að umhverfinu, séu lágreist og ekki til ama eða mikill sýnileiki þeirra fyrir útivistarfólk á svæðinu. Í þessu sambandi er bent á frístundabyggð sem er samþykkt í landi Mosfellsbæjar. Að öðru leyti er vísað til athugasemda frá Guðmundi S. Johnsen f.h. stjórnar Græðis sem barst Reykjavíkur dags. 6. júlí 2020 (sjá aths. nr. 12 hér að framan), sem eru sambærilegar og þeim sem koma frá Þórði varðandi jarðvegstípp, vegamál, svæði fisflugvallar o.fl.

Svar: Umrætt svæði skv. rammaskipulagi er innan græna trefilsins svokallaða í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Ekki er gert ráð fyrir byggð innan græna trefilsins eða fjölgun sumarhúsa en viðhalda má og endurnýja nýverandi sumarhús á svæðinu. Með því er átt við að lagfæra má hús eða endurbyggja ný af sambærilegri stærð og eldri hús.

Í ljósi athugasemda Græðis félags landeigenda við Langavatn og Almannadal, þá er til umræðu að fara í endurskoðun á ákvæðum aðalskipulagsins er varða Kjalarnes, verndar- og útivistarsvæði og útmörk borgarinnar innan Græna trefilsins. Áætlað er að undirbúningur hefjist á næsta ári. Lagt er til að endurskoðun á ákvæðum varðandi frístundahús verði skoðað heildstætt og öllum hagsmunaaðilum gefin tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri samhliða þeirri vinnu.

Varðandi jarðvegstíppinn á Hólmsheiði þá er ekki tekið á því í rammaskipulaginu enda svæðið ekki notað sem slíkt lengur. Um áningarstaðina þá eru þeir leiðbeinandi og gætu hníkast til eitthvað

innan svæðis þegar/ ef þeir verða settir upp. Um er að ræða skilgreint svæði til útivistar innan græna trefilsins, þannig að öll þjónusta og mannvirki tengjast almennri frístundiðju og útivistarnotkun. Ekki er talið að þeir áningarstaðir sem hafa verið skilgreindir í rammaskipulaginu verði til ama fyrir landeigendur á svæðinu og/ eða of nálægt þeirra löndum. Varðandi vegi á svæðinu þá eru þeir langflestir á landi sem er skilgreint sem eign Reykjavíkurborgar og þar af leiðandi er borgin í fullum rétti að nýta þá sem vegteningar innan svæðisins og er m.a. lagt til að styrkja vegtengingar innan svæðisins þar sem búast má við að með tímanum þá styrkist útivistarnotkun á svæðinu sem þ.a.l. kallar á betri innviði. Varðandi svifflugvöllinn þá er hann samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið, dags. samþ. 9. desember 2010 m.s.br. Auk þess hefur svæðið skilgreiningu flugvallarsvæðis í aðalskipulagi, þar sem um er að ræða tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri. Tillaga að rammaskipulagi fyrir Austurheiðar hefur ekki áhrif á það. Í greinargerð með deiliskipulaginu þá kemur fram að svæðið er ætlað tímundið fyrir starfsemi fisfélags Reykjavíkur. Reiðleiðir á svæðinu eru flestar skilgreindir sem núverandi reiðleiðir en nokkrar nýjar reiðleiðir hafa verið uppfærðar á uppdráttum.

29. Hope Millington dags. 26. ágúst 2020. Óskar eftir upplýsingum um hvernig tillögurnar gætu haft áhrif á hestamennsku í kringum Rauðavatn, Heiðmörk og Reynisvatn. Biður um að leiðin frá Víðidal að Rauðavatni verði vernduð fyrir hesta en ekki t.a.m. fjórhjól og annað sem getur hrætt og fælt hestana.

Svar: Tillögurnar hafa takmörkuð áhrif á reiðleiðir í kringum Rauðavatn fyrir utan litlar tilfærslur og hliðranir. Áfram verður gert ráð fyrir tengingu yfir í Heiðmörk og Rauðhóla en reiðleið frá Rauðavatni meðfram Hólmsheiðarvegi breytist og lagt til að hún færist norður fyrir Reynisvatnsás. Er þetta gert til að færa hana fjær bílaumferð, þröngt er á svæðinu fyrir reiðleið og leiðin norður fyrir skapar möguleika á mun þægilegri leið.

Niðurstaða

Tillaga að rammaskipulagi var auglýst með athugasemdafresti til 7. júlí 2020 og frestur til að gera athugasemdir var framlengdur til 5. ágúst 2020. Þær breytingar sem gerðar voru á skipulagsgögnum voru eftirfarandi að lokinni auglýsingu:

- Græni stígurinn lagfærður við norðanvert Rauðavatn.
- Lega fjallahjólástígs lagfærð örlítið.
- Reiðleiðum bætt við á nokkrum stöðum og lega þeirra lagfærð t.d. við Almannadal.
- Áningarstaður við fisflugvöll tekinn út.
- Lagfæringar í greinargerð sbr. kemur fram hér í umsögn er varðar nokkur atriði.
- Deiliskipulagsmörk lagfærð m.t.t. framkvæmdamarka Suðurlandsvegur.
- Þemauppdrættir lagfærðir m.t.t. ofangreinda breytinga.
- Kafli um hundasvæði uppfærður m.t.t. athugasemda.
- Kafli um fornleifar uppfærður og skýringaruppdráttur uppfærður m.t.t. nýrrar punktaskráningar frá Borgarsögusafni.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /**Björn I. Edvardsson**